

Ævisaga William Marrion Branham



4. Hefti

**Trúboðinn og hylli hans
(1951 – 1954)**

Höfundur: Owen Jorgensen

Þýðandi: Birna Einarsdóttir

Þessi ævisaga er ólík öllum öðrum bókum, sem þú hefur lesið áður...

Það myndaðist ljós í herberginu, sem sveif upp í loft og engill Drottins steig fram undan gulgrænum loga þess. Bill skalf af ótta. En jafnvel þótt hann titraði allur, þá var hann samt þakklátur fyrir það, að engillinn var kominn. Ef til vill, var nú hægt að leysa þessa sjálfheldu.

Engillinn stóð með krosslagða handleggi. Þótt Bill hefði aldrei séð engilinn brosa, þá var hið stingandi augnaráð hans nú alvarlegt. *“Farðu með þeim,” sagði engillinn ákveðið. “Þar sem þú ert þegar farinn af stað með þeim, þá verður þú að gera það. En mundu þetta, farir þú suður með þeim, þá munt þú þurfa að þjást vegna þess.”*

Þú ert um það bil að líta inn í hið yfirnáttúrulega...

Höfundarréttur © 2001

Owen Jorgensen

Allur réttur áskilinn.

Formáli höfundar.

Trúboðinn og hylli hans, fjallar um þau fjögur ár í lífi William Branham þegar vinsældir hans voru hvað mestar um allan heim. Þúsundir guðsþjóna vildu fá hann til að halda lækningasamkomur í sinni heimabyggð. Þegar hann fór til stórborga unnu mörg hundruð forstöðumenn á svæðinu með honum, svo hægt væri að halda stórar samkirkjulegar samkomur. Á árunum 1952-1954 hélt hann stærstu kristilegu samkomur sem þekkt höfðu fram að þeim tíma. Fimmtíu þúsund manns komu á eina samkomu í Durban í Suður-Afríku og þrjú hundruð þúsund manns komu á samkomu í Bombay á Indlandi.

Það er eftirtektarvert að mannfjöldinn á samkomunum hreif William Branham ekki neitt sérstaklega. Hann var alveg eins viljugur að prédika yfir 25 manns eins og yfir 25.000. Árið 1953 sagði hann: “Í kvöld þekki ég staði, þar sem 15.000 manns gætu komið fyrsta kvöldið. Ég veit um marga staði þar sem að minnsta kosti 150.000 myndu safnast saman fyrsta kvöldið. En það er ekki fjöldinn sem ég er að hugsa um. Það verður að prédika fagnaðarerindið öllum borgum og öllum þjóðum til vitnisburðar, þá mun Drottinn koma. Það á ekki að prédika guðfræði heldur verður að prédika kraft og sannfæringu Heilags anda, öllum heiminum til vitnisburðar og þá mun stundin koma. Guð blessi ykkur. Takið við honum. Þetta er ykkar tími.”

Öll þjónusta William Branham var vitnisburður um sönnun anda og kraftar Heilags anda. Jafnvel þótt þessi bók greini frá mörgum kraftaverkum, þá eru þau aðeins örfá af mörg þúsund atburðum, sem áttu sér stað í þjónustu hans á þessum fjórum árum. Eftir að hann hafði greint frá kraftaverkalækningu hjá Upshaw, fyrrverandi öldungadeildarþingmanni, sagði William Branham: “Varðandi svona vitnisburði, þá trúi ég að ég gæti staðið hérna næstu fimm hundruð klukkutímana (ef það væri mögulegt) og gefið vitnisburði um hluti sem ég hef séð Drottin okkar gera og samt myndi ég ekki komast yfir að segja frá því öllu. Mörg þúsund bækur myndu ekki nægja til að segja í smáatriðum frá öllu því, sem ég hef séð Drottin Jesú gera. Vinir það hafa verið mörg hundruð sinnum mörg hundruð.” Þú segir: “Hvers vegna heyrði ég ekki af þessu?” Það er það sama og mörgum Gyðingum fannst eftir að Jesús var krossfestur. Margir þeirra sögðu: “Af hverju heyrðum við ekki fyrr um kraftaverkin?” Það eru forréttindi þín að heyra um þau núna og taka við þeim. Þetta er þinn dagur.

Þar sem ég hef rannsakað líf bróður Branham til botns, þá er ég sammála fullyrðingu hans. Það myndi þurfa mörg þúsund hefti til að fjalla í smáatriðum um allar sýnirnar, kraftaverkin, lækningarnar og önnur yfirnáttúruleg fyrirbæri sem áttu sér stað í þjónustu hans.

Í þessu fjórða hefti ævisögunnar, hef ég aðeins reynt að fjalla um stærstu atburðina í lífi hans. Ég fjalla einnig dálítið um þær fjölmörgu sýnir og kraftaverk sem sí og æ áttu sér stað. Allar þessar yfirnáttúrulegu birtingar voru samtengdar. Guð var að leiða William Branham í vissa átt og í ákveðnum tilgangi. Gildra djöfulsins í Suður-Afríku orsakaði fleira en að gera næstum út af við hann. Lexíurnar sem hann lærði höfðu áhrif á margar af síðari ákvörðunum hans. Á sama hátt fékk fyrirhuguð ferð hans til Ísrael, hann til að skoða þjónustu sína í ljósi spádóma Biblíunnar. Eftir þá skoðun, breytti hann þjónustu sinni á dramatískan hátt. Hann fór að leggja minni áherslu á lækningu og meiri áherslu á biblíulegar kenningar. Afleiðingarnar komu á óvart.

Owen Jorgensen, 2001

Kafli 53

Kraftaverk í svörtu og hvítu

1951

William Upshaw hafði beðið í 66 ár eftir þessu kvöldi. “Það er núna eða aldrei,” hugsaði hann upptrekkur með sjálfum sér. “Ef ég bara kemst tímanlega á staðinn.” Hann óskaði þess að leigubíllinn æki hraðar, en hin mikla umferð á háannatímanum leyfði það ekki. Willie varð litið á úrið sitt. Samkoma William Branham myndi brátt byrja. Ef hann kæmi ekki nógu snemma til að fá bænakort, þá yrði ferð hans til einskis. Hann gæti ekki komist í fyrirbænaröðina án bænakorts og ef hann kæmist ekki í bænaröðina, hvernig gæti þá draumur hans gengið í uppfyllingu?

Í meira en hálfa öld hafði fjarstæðukenndur draumur fyllt hjarta hans. Það var örlítið skin af þrá, sem hann vildi ekki láta deyja út. William Upshaw langaði til að geta gengið einn og óstuddur. Svo einfalt var nú það og samt svo flókið. Hann hafði síðast gengið óstuddur þegar hann var 18 ára, áður en hann braut bak sitt í slysi við vinnu á bóndabýli. Þrátt fyrir öll erfðu árin sem fylgt höfðu á eftir, hafði hann barist við að lifa samkvæmt einkunnarorðum sínum: “*Láttu ekkert draga úr þér kjarkinn og gefstu aldrei upp.*” Willie trúði á Guð sem hefur takmarkalausán mátt og hafði í allri einlægni beðið Guð þess að hann gæti gengið á ný. Guð hafði læknað hann af ýmsum sjúkleika, þar á meðal ólæknandi krabbameini í andliti. Þrátt fyrir þau mörgu ár sem hann hafði beðið um næga trú, hafði hann aldrei náð að eignast þá trú sem þurfti til að ganga á ný, þar til ef til vill einmitt núna...

Daginn áður voru Willie Upshaw og kona hans Lily á ráðstefnu prédikara í baptistakirkjunni nærri heimili hans í Santa Monica í Kaliforníu. Þar höfðu þau hitt Dr. Ray Davis, prestinn sem hafði vígt William Branham til þjónustu árið 1932. Willie Upshaw spurði Dr. Davis hvort allar hinar ótrúlegu sögur sem hann heyrði um William Branham væru sannar. Dr. Davis sagði honum frá kraftaverki, sem hann hafði sjálfur orðið vitni að. Djákni í kirkjunni, sem hét Frank Shoemaker, hafði misst máttinn í fótunum þegar hann hryggbrotnaði tíu árum áður. Hann var bundinn í hjólastól, en gat samt orðið að liði með því að vinna á skrifstofu kirkjunnar. Árið áður fór Shoemaker á lækningasamkomu hjá bróður Branham. William Branham sagðist sjá Frank Shoemaker ganga í sýn. Shoemaker stóð samstundis á fætur og gekk burt frá hjólastólnum. Davis sagði að Shoemaker hefði gengið alveg eðlilega frá þeirri stundu.

Sagan blés í glæðurnar á draumi Willy, þar til það logaði glatt í honum. Ef hann gæti fengið William Branham til að biðja fyrir sér, gæti hann ef til vill gengið á ný. Síðan komst hann að því, að William Branham ætlaði að halda lækningasamkomur í Los Angeles. Skyndilega byrjaði aftur að loga í hinum gamla draumi Willie. Hann fór beina leið heim, pakkaði niður í töskur og bókaði sig í næsta flug til Los Angeles. Þetta var tækifærið! Líklega var það eina tækifæri hans! Þess vegna varð hann að koma nógu snemma á samkomuna með Branham, til að fá bænaspjald.

Því miður, var umferðin enn að þyngjast, sem olli því að leigubíllinn hans varð enn að hægja á sér. Hann nuddaði órólegur spelkuna á baki sér.

“Willie,” sagði konan hans. “Beindu sjónum þínum til Drottins. Guð hefur þegar leitt þig sigursælan í gegnum margar eldraunir. Hugsaðu þér hve miklu fremur það gerði hann dýrðlegan ef þú vitnaðir um alla álfuna og lýstir Hann, ekki bara Frelsara sálar þinnar, heldur líka hinn mikla Græðara sem læknað hefði líkama þinn.”

Willie vissi að hún hafði rétt fyrir sér, en vantrúin reyndi að kæfa eldmód hans. Hann hugsaði um það hve mörg ár væru liðin síðan hann gekk síðast án hækja. Slysið,

sem hann varð fyrir, átti sér stað árið 1884. Núna var árið 1951, sextíu og átta árum síðar.

Svo mikið hafði gerst síðan þennan örlagaríka sumardag árið 1884. Árin sjö sem hann eyddi í rúminu, höfðu verið sem martröð. Samt höfðu þessi sömu kvalafullu ár dregið hann nær Guði. Í rúminu, þar sem hann þjáðist, hafði hann skrifað innblásna bók, *Einlægi Willie, eða bergmál úr einsetunni*. Þessi bók var upphafið að hinum langa frama hans í opinberri þjónustu. Sala bókarinnar *Einlægi Willie* gaf honum nóg í aðra hönd, til að hann gæti farið í háskóla. Seinna stofnaði hann tímaritið „*Gullöldina*,” sem hann ritstýrði í 13 ár.

Eftir það fleygði hann sér út í stjórnmál. Árið 1919 vann hann sæti í öldungadeild Bandaríkjaþings. Það voru íbúar Georgíu sem kusu hann. Willie var sérlega hreykinn af þeim átta árum sem hann sat í öldungadeild Bandaríkjaþings. Margir vana hans, töluðu enn um hann sem Upshaw öldungardeildarþingmann. Árið 1932 tók hann þátt í baráttunni um forsetaembættið, sem fulltrúi Bannflokksins.

Eftir að hann tapaði þeirri baráttu, vann hann kauplaust að málefnum kristilegrar menntunar. Hann hjálpaði börnum sem stóðu illa að vígi, að komast í framhaldsskóla. Hann ferðaðist til skóla í 42 borgum og hélt fyrirlestra fyrir tugi þúsunda nemenda og hvatti þá til að gefa lífi sínu guðlegan tilgang. Árið 1938, við sjötíu og tveggja ára aldur, var hann settur baptistaprédikari og sat seinna tvö ár sem varaformaður hreyfingar Suður-Baptista. Hann starfaði meira að segja í tvö ár, sem varaforseti *Linda Vista* baptistaháskólans í San Diego í Kaliforníu.

Nú, við áttatíu og fjögurra ára aldur, var Willie Upshaw stoltur af hinum framúrskarandi frama sínum, sérstaklega með tilliti til fötlunarinnar. Gegnum öll þessi erfiðu ár missti hann aldrei sjónar á þeim draumi sínum, að einhvern daginn myndi hann geta gengið eins frjálst um og aðrir menn. Hann trúði því alltaf að ef hann aðeins gæti náð að öðlast næga trú, þá væri allt mögulegt.

Meðan leigubílstjórinn barðist við að komast áfram í hinni þungu umferð, tók Willie blaðaurklippu upp úr vasa sínum og las hana enn á ný sér til uppörvunar. Blaðgreinin sagði frá kraftaverki sem hafði gerst hjá Florence Nightingale Shirlaw árið áður. Hún var ættingi Florence Nightingale, hinnar þekktu 19. aldar hjúkrunarkonu. Florence Shirlaw átti heima í Suður-Afríku. Þótt hún væri aðeins á tvítugsaldri, þá var líf hennar í hættu vegna illkynja æxlis, sem óx yfir skeifugörnina og varnaði henni að melta fæðu. Vegna þess að ekki var hægt að skera upp við krabbameininu, leit úr fyrir að ástand hennar væri vonlaust. Læknir hennar gaf henni næringu í gegnum æð í nokkra mánuði. Vöðvar hennar rýrnuðu svo mikið, að hún varð aðallega skinn og bein. Að lokum var hún aðeins 25 kíló og leit út eins og beinagrind. Þeir sem í kringum hana voru, héldu að hún væri komin að leiðarlokum, en Florence Nightingale Shirlaw var enn ekki búin að gefast upp.

Hún hafði lesið um William Branham og stórkostlega velgengni hans við að biðja fyrir sjúkum. William Branham sagði árið 1946, að engill hefði fært honum tilskipun frá Guði um að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Engillinn sagði honum, að ef hann yrði einlægur og gæti fengið fólkið til að trúa sér þegar hann bæði, þá myndi ekkert standast bænir hans, ekki einu sinni krabbamein. Ungfrú Shirlaw sendi William Branham flugmiða og grátbað hann að fljúga til Suður-Afríku, til að biðja fyrir sér. Því miður var þegar búið að bóka trúboðann í ferð til Svíþjóðar, Finnlands og Noregs. Þegar Florence Shirlaw komst að því, að bróðir Branham myndi koma við í Englandi til að biðja fyrir Georg konungi sjötta, þá leigði hún flugvél og flaug til London. Flugvél hennar lenti aðeins örfáum mínútum á undan vél bandaríska trúboðans. Þegar hér var komið sögu, var Florence nær dauða en lífi. Æðar hennar höfðu fallið saman, sem þýddi að hjúkrunarkonan gat ekki lengur komið nál í æð til

að gefa henni næringarvökva. Hún gat bara hvíslað. Andardráttur hennar var grunnur, púls hennar var hægur og veikur. William Branham bað Guð að lækna hana í nafni Jesú Krists og síðan spáði hann: “Svo segir Drottinn: ‘Þú munt lifa og ekki deyja.’” Jafn ótrúlega og þessi spádómur hljómaði, þá rættist hann samt sem áður. Greinin sýndi nýlega mynd af Florence Nightingale Shirlaw, sem vó 77 kíló og brosti full af lífi og þrótti.

Willie Upshaw stakk blaðaúrklippunni í vasann á bláa jakkanum sínum. Trú hans brann eins og skógareldur, sem hinn hvassi vindur Kaliforníu blæs í glæðurnar á. Nú þyrfti hann bara koma sér í bænaröðina...

Leigubíllinn hans, sem var fastur í umferðinni, nam staðar. Það fékk bænaröðina til að virðast í mikilli fjarlægð. Willie muldraði við sjálfan sig: “Láttu ekkert halda aftur af þér og aldrei gefast upp.”

Howard Branham bankaði létt á dyrnar á hótélherbergi bróður síns. “Bill,” sagði hann mjúklega. “Samkoman fer að hefjast. Ef við förum ekki að leggja af stað verðum við of seinir.”

Hann beið eftir að heyra svar, en ekkert svar kom. Howard lyfti upp hendi sinni til að banka fastar á dyrnar, en hætti síðan við. Þetta var fjórði dagur þeirra í Los Angeles og hann tók eftir því að bróðir hans fann fyrir álaginu við að biðja fyrir sjúkum. Samt hafði Howard aldrei vitað til þess, að bróðir hans sofnaði rétt áður en samkoma átti að hefjast. Að öllum líkindum var hann djúpt sokkinn í bæn. Howard fór niður og inn á veitingastað og pantaði sér mjólkurhristing og saug hann rólega í gegnum strá. Þegar hann hafði lokið við hann, fór hann upp til að banka aftur á dyrnar. Í þetta skipti var hurðin í hálfa gátt.

William Branham talaði ekki við bróður sinn á leiðinni að Calvary Temple. Hugsanir hans snerust um Heilagan anda. Engill Drottins hafði vitjað hans í hótélherberginu. Jafnvel þegar Bill gat ekki séð engilinn, vissi hann alltaf þegar hann var nærri. Þrýstingur snerti þá húð hans, eins og rafmagnaður andvari. Í nærveru þessarar yfirnáttúrulegu veru varð Bill ávallt sem lamaður af óttablandinni virðingu. Þótt hann hefði hitt engilinn mörg hundruð sinnum, stóð Bill ávallt beygur af komu hans. Samt sem áður hvarf þessi ótti, þegar engillinn hóf mál sitt. Oft fylgdu sýnir í kjölfarið. Bill hafði enga stjórn á þessum sýnum. Á slíkum stundum gat hann ekki einu sinni stjórnað rödd sinni. Þess vegna sagði hann ekkert við bróður sinn á leiðinni í kirkjuna. Hann vildi ekki trufla smurningu Heilags anda sem var yfir honum, vegna þess að hann vissi að gjöfin myndi starfa ósjálfrátt undir þessari smurningu og það myndi draga úr honum kraft. Og hann þurfti að varðveita alla orku sína fyrir samkomuna um kvöldið.

Þar sem þeir komu til Calvary Temple seinna en áætlað hafði verið, kom það Bill ekki á óvart að finna framkvæmdastjóra sinn, W.J. Ern Baxter, bak við púltið að prédika. Þegar hann sá Bill, lauk Baxter samstundis við hinn stutta ræðustúf og leiddi fólkið í þemalagi Bill:

*Trú, aðeins trú.
trú aðeins trú.
Allt er hér mögulegt.
Trú, aðeins trú.*

Eftir að hafa heilsað áheyrendum, spurði Bill hvort þeir sem sátu aftast gætu heyrt í sér. Það voru ekki nægar hendur á lofti til að hann væri ánægður, þannig að hann bað hljóðmanninn að hækka í hátalarakerfinu. Þetta þurfti hann oft að gera, vegna þess að

Bill var lægri í loftinu en framkvæmdastjórinn. Þótt mennirnir tveir væru á líkum aldri, var útlit þeirra og hegðun ólík. Ern Baxter var íturvaxinn maður með stóran brjóstkassa, sem átti þátt í hinum þrumandi barítónræðum hans. Hár Baxters var þykkt og höfuð hans var ferkantað og hann var með gleraugu. William Branham var hins vegar lágvaxinn og aðeins 77 kíló að þyngd. Hár hans var tekið að þynnast við 42 ára aldur og enni hans var hátt og aflíðandi. Augu hans voru djúp og menn fengu á tilfinninguna að hann væri mjög einbeittur, eins og örn sem situr uppi á hárrí hæð og rannsakar dalinn fyrir neðan sig og lætur enga hreyfingu framhjá sér fara.

Alveg frá því hin alþjóðlega þjónusta hans hófst, árið 1946 og allt fram að þessari samkomu í Los Angeles árið 1954, hafði hann beint mest af kröftum sínum í að biðja fyrir sjúkum. Ef hann prédikaði áður en hann kallaði fram til fyrirbæna, þá var það venjulega stutt ræða um biblíuleg grundvallaratriði í sambandi við guðlega lækningu. Jafnvel þegar hann prédikaði ekki, þá eyddi hann alltaf nokkrum mínútum í að útskýra hina óvenjulega þjónustu sína. Hann sagði þá oft eitthvað á þessa leið:

“Kæru kristnu vinir, áður en við hefjum fyrirbænirnar langar mig til að það sé öllum augljóst mál, að ég segist ekki vera neinn guðlegur græðari. Það eina sem ég get gert fyrir ykkur er að biðja fyrir ykkur. Enginn maður getur læknað. Aðeins Guð er Græðarinn.”

“Ég er bara maður, bróðir ykkar, með þjónustu sem er staðfest af yfirnáttúrulegri veru, engli Drottins, sem er út genginn frá Guði til að þjóna til ykkar blessunum Guðs. Segir rafmagnssnúran við lampann: “Sjáðu hvað ég er mikil snúra?” Nei, snúran hefur ekkert með myndun ljóssins að gera. Það er straumurinn í snúrunni sem býr til ljósið. Ég er eins og þessi rafmagnssnúra. Ég á ekkert ljós í sjálfum mér fyrir en búið er að kveikja á því annars staðar frá. Sjáið þið að ég gef Jesú Kristi alla dýrðina? Þetta er ekki frá mér komið, heldur frá honum.”

“Sumir halda að englar séu ekki í Nýja testamentinu og frumkirkjan hafi eingöngu verið leidd af Heilögum anda. Það er rétt að Heilagur andi leiddi kirkjuna, en englar eru þjónustubundnir andar á hverjum tíma. Munið þið að í Postulasögunni 8. kafla, birtist engill Drottins Filippusi og sagði honum að fara út í Gazaeyðimörkina og vitna fyrir hirðmanninum frá Eþíópíu? Og þegar Pétur var í fangelsinu, skein engill Drottins fyrir ofan hann eins og ljós, snerti hann, braut sundur hlekkina og leiddi hann út.”¹ Og gleymið ekki Páli postula. Eftir 14 daga og nætur á hafi úti í storminum og öll von úti um björgun, þá sagði Páll: “Því að á þessari nóttu stóð hjá mér engill þess Guðs sem ég heyri til og þjóna og hann sagði mér að enginn muni týna lífi. Ég treysti Guði, að svo muni fara, sem við mig hefur verið mælt.”² Jóhannes opinberunarmaður segir í síðasta kafla Biblíunnar: “Ég, Jesús, hef sent engil minn til að votta fyrir yður þessa hluti í söfnuðunum.”³ Sjáið þið til, það var engill Drottins sem sýndi Jóhannesi Opinberunarbókina. Og Jóhannes féll niður við fætur þessa engils til að tilbiðja hann, en engilinn stöðvaði hann og sagði: ‘Varastu þetta! Ég er samþjónn þinn og bræðra þinna spámannanna.’⁴ Hinn spámannlegi andi, sem hafði verið yfir spámönnunum í gegnum aldirnar, var hér að spá í gegnum Jóhannes og að sýna honum atburði í framtíðinni í gegnum engil. Sami Andi er kominn í þetta hús í kvöld. Hann er hinn sami í gær og í dag og um aldir. Ekki reyna að skilgreina þetta. Takið bara við því.”

Á þessu kvöldi í febrúar árið 1951, meðan Bill var að útskýra þjónustu sína fyrir áheyrendum í Los Angeles, fann hann að engill Drottins vék frá honum og færði sig yfir til áheyrenda. Það var í sjálfu sér ekki óalgengt á samkomum hans, en engillinn


¹ Postulasagan 12. kafli.

² Postulasagan 27. kafli.

³ Opinberunarbókin 22:16.

⁴ Opinberunarbókin 22:9

gerði þetta venjulega ekki fyrr en fyrirbæinir voru hafnar og trúin var þá venjulega risin hærra. Bill veitti mannfjöldanum athygli meðan hann talaði. Síðan sá hann eldstólpann lýsa eins og blossa frá myndavél. Hann sveif yfir grannvöxnum eldri manni, sem sat nálægt dyrum kirkjunnar næst ganginum.



William David Upshaw

Bill fylgdist með hinu yfirnáttúrulega ljósi þar til það varð að sýn. Enda þótt augu hans væru galopin, sá hann ekki lengur hinn yfirfyllta sal Calvary Temple kirkjunnar. Þess í stað sá hann dreng vera að draga vagn að heystæðu á sumardegi. Drengurinn klifraði upp á heystæðuna og fór að kasta heyi niður í vagninn. Einn hluti af huga Bill var ógreinilega var við, að hann var ennþá í Calvary Temple í Los Angeles talandi til mörg þúsund manna, en hinn virki hluti huga hans var hjá heystæðunni og fylgdist með atburði eiga sér stað. Þetta var eins og að vera á tveimur stöðum í einu.

Hann hélt áfram að tala í hljóðnemann meðan hann fylgdist með. “Ég sé dreng uppi á heystæðu. Hann er mjög skringilega klæddur. Ó! Hann datt niður af heystæðunni og rak bakið í vagninn. Ég sé mann taka hann upp og fara með hann til læknis. Læknirinn er með hvítt yfirvaraskegg og gleraugu sem renna fram á nefbroddinn. Ég sé lækninn vinna með drenginn, en það er tilgangslaust. Það er ekkert hægt að gera fyrir hann. Læknirinn sendir hann heim í rúmið. Drengurinn verður svo slæmur að hann þolir ekki einu sinni titringinn, þegar einhver gengur yfir svefnherbergisgólfið hans. Ég sé menn bora göt í viðargólfið til að koma í veg fyrir titringinn. Núna er drengurinn eitthvað að vinna. Ó, hann er að skrifa. Núna verður hann mikill maður. Ég sé að honum er ekið um í hjólastól og hann getur jafnvel gengið ef hann notar spelku við bakið og hækjur. Ég sé hann sitja á bekk og fólkið klappar fyrir ræðunum hans. Og gott fólk, ég veit ekki hvers vegna, en ég sé Hvítahúsið í Washington. Nú er sýnin horfin frá mér.”

Hin hraða rás atburða hvarf í fjarskann og Bill horfði aftur á fólkið í Calvary Temple. Hann sá ekki lengur ljós engilsins baka til í kirkjunni, þannig að hann rannsakaði andlit þeirra sem sátu nálægt staðnum þar sem það hafði verið. “Þarna er hann,” sagði Bill og benti. “Það er aldraður maður sem situr þarna aftast og það liggja hækjur á ganginum við hliðina á sætinu hans.”

Meðan allir sneru sér við til að athuga málið, spurði Bill Howard bróður sinn, hve mörgum bænaspjöldum hann hefði dreift. Venjulega dreifði Howard eitt hundrað bænaspjöldum á hverju kvöldi herferðanna. Sérhvert spjald var áprentað með bókstaf og númeri. Bill valdi síðan númer af handahófi, eins og 83 og síðan bað hann alla sem höfðu spjöld frá 83 til hundrað að koma í bænaröðina. Vegna þess að mismunandi bókstafur var notaður á hverju kvöldi, þá var aðeins hægt að nota hvert spjald á einni samkomu.

Meðan Howard leiddi fólkið fram ganginn, kom Ern Baxter til Bill og sagði: “Bróðir Branham, veistu hver maðurinn er sem þú sást í sýninni?”

“Nei, það veit ég ekki.”

“Það er William Upshaw, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður. Hann langar til að ná tali af þér, þannig að ég rétti honum hljóðnema.”

Samkomuþjónn tengdi hljóðnemann við hátalarakerfið. Rödd herra Upshaw heyrðist í hátalaranum: “Vinur minn, hvernig vissir þú að ég datt og slasaði mig þegar ég var drengur?”

“Herra minn,” svaraði Bill. “Ég hef aldrei séð þig áður. Það eina sem ég get sagt er það sem ég sé í sýn.”

“Nú, þetta er nákvæmlega það sem gerðist. Ég heiti William Upshaw og ég var öldungadeildarþingmaður fyrir Georgíufylki í átta ár. Ég bauð mig fram til forseta Bandaríkjanna árið 1932, en tapaði vegna þess að ég var á móti því að Viskí yrði lögleitt. Ég er á móti því enn þann dag í dag. Ég var 18 ára þegar ég slasaðist. Ég hef verið öryrki í 66 ár. Í sjö ár lá ég í rúminu og í 59 ár hef ég stuðst við hækjur og notað hjólastól. Það hefur mörgum sinnum verið beðið fyrir mér án árangurs. Fyrir nokkrum dögum, ráðlagði dr. Roy Davis mér að koma hingað og láta þig biðja til Guðs mín vegna. Vinur minn, fæ ég einhvern tíma lækningu?”

“Ég get ekki sagt um það, bróðir minn. Það eina sem ég get sagt þér er það sem ég sé í sýn og nú er hún horfin sjónum mínum.”

Bill leit í hina áttina. Howard kinkaði kolli að bænaröðin væri nú reiðubúin.

Jafnvel þótt helgidómurinn væri troðinn, var fáum leyft að sitja bak við Bill uppi á pallinum. Hann hafði lært það af reynslunni að það væri fyrir bestu. Undir smurningunni, varð hann ákaflega næmur á andana. Ef pallurinn var fullur af fólki, fann hann fyrir sérhverjum sem efaðist, og efasemdir þeirra gerðu honum erfiðara um vik að einbeita sér að þörfum fólksins í bænaröðinni. Þetta var ekki bara hans eigin hugdetta. Það á sér fordæmi í Ritningunni. Áður en Jesús reisti upp dóttur Jaírusar, lét hann alla sem efuðust yfirgefa herbergið. Pétur gerði það sama áður en hann bað fyrir Dorkas.⁵ En það var önnur ástæða fyrir því að Bill vildi ekki hafa efasemdamenn á bak við sig. Þegar einstaklingur með flogaveiki kom í nærveru engils Drottins, fékk flogaveikiandinn æðiskast. Ef efasemdamenn voru nærri, nærðu þeir illa andann og það gerði Bill erfiðara fyrir að ná tökum á honum. Stundum lét Bill guðsþjóna sitja fyrir aftan sig á pallinum, ef hann var viss um að þeir tryðu á gjöf hans. Hann fann trú þeirra og það hjálpaði honum.

Þegar fyrsti einstaklingurinn í bænaröðinni kom fram fyrir hann, talaði Bill við hann eða hana um stund til að ná sambandi við anda þessa einstaklings, alveg eins og Jesús gerði þegar hann talaði við samversku konuna við Jakobsbrunn.⁶ Væri einstaklingurinn kristinn fann Bill fyrir hlýjum anda, sem bauð hann velkominn. Oft sá hann ljós skína kringum höfuð kristins einstaklings. Það þurfti ekki langar samræður þar til Bill fann smurninguna koma yfir sig. Það var þá sem sýnirnar byrjuðu venjulega að birtast fyrir hugskotssjónum hans. Hann sá sjúklinginn svífa upp í loftið og minnka, næstum eins og hann fjarlægðist hann á gífurlegum hraða. Síðan birtist honum svið. Venjulega var verið að afhjúpa eitthvað sérstakt úr fortíð einstaklingsins og það var alltaf sýnt eitthvað ákveðið atriði í sambandi við vandamál einstaklingsins. Þessar sýnir líktust draumi, nema hvað Bill var glaðvakandi og atburðirnir birtust honum skýrt og greinilega. Ef til vill sá hann heimilisfang einhvers á húshlið eða nafn á póstkassa. Oft vissi hann hvað var að einstaklingnum með því að hlusta á sjúkdómsgreiningu læknisins. Meðan hann fylgdist með hverri sýn sagði hann áheyrendum frá því sem hann sá, en hann talaði ekki þau orð af sjálfum sér. Þegar honum var horfin sýnin, mundi hann ef til vill dálítið af því sem hann hafði séð en ekkert af því sem hann hafði sagt. En þeir sem stóðu fyrir framan hann til fyrirbæna staðfestu alltaf, að það sem hann hafði sagt þeim undir smurningunni væri satt. Sæi Bill skært ljós umhverfis höfuð sjúklingsins, þá vissi hann að kraftaverk hafði átt sér stað. Stundum sá hann í sýn að einstaklingurinn læknaðist. Það brást aldrei að það væri sannleikur.

Það var greinanlegur munur á smurningunni til að prédika og smurningunni til að sjá sýnir. Það fyrrnefnda veitti Bill styrk en það síðarnefnda dró úr honum allan mátt. Bill var ekki veikburða maður. Þegar hann fór til skotveiða, gekk hann oft 20

⁵ Markús 5:35-48, Postulasagan 9:36-42.

⁶ Jóhannes 4:6-19.

kílómetra á dag um fjallendi og endurtók það daginn eftir, en það að sjá eina sýn þreytti hann meira en að sveifla sleggju í klukkutíma. Meðan á fyrirbænum stóð, komu sýnirnar hver á fætur annarri. Þegar sýninni var lokið vék smurningin tímabundið frá honum og hringsólaði fyrir ofan hann eins og dúfa og beið eftir að næsti sjúklingur stigi fram. Ef þetta hefði ekki verið svo, hefði Bill fallið saman eftir örfáar mínútur. Líkami hans hefði ekki þolað álagið. Með þessu fyrirkomulagi gat hann haldið út í 20 til 30 mínútur, áður enn hann varð það uppgefinn að hann varð dofinn.

Þetta kvöld í Calvary Temple komu þeir fimmtán einstaklingar, sem höfðu valist í fyrirbænaröðina fram hver á fætur öðrum. Hver og einn hafði sitt einstaka vandamál, sem sýnirnar greindu af mikilli nákvæmni. Þegar komið var að síðasta einstaklingnum að koma fram fyrir hann, riðaði Bill eins og hann væri um það bil að detta um koll. Ern Baxter steig fram til að grípa hann, en Bill náði að halda jafnvægi. Hann nuddaði andlit sitt. Honum fannst varir sínar vera bólgnar og hann var með stingi í húðinni eins og blóðrásin væri orðin léleg.

Skyndilega kom ein sýnin í viðbót. Bill horfði á ungan lækni í hvítum slopp. Læknirinn var með þykk gleraugu og á höfði hans var spegill í kringlóttri umgjörð. Læknirinn varð niðurlútur og hann hristi vonsvikinn höfuðið. Bill fylgdist með lækninum og sagði: “Ég sé ungan lækni, háan og grannvaxinn. Hann er með gleraugu í appelsínugulri umgjörð. Hann er að skera litla þeldökka stúlku upp. Hann tók úr henni hálskirtlana, en eitthvað fór úrskeiðis og núna er hún lömuð frá herðum og niðurúr.”

Á sama augnabliki hvarf honum sýnin. Bill heyrði konu hrópa upp yfir sig. Hávaxin þeldökk kona hafði tekið að feta sig fram ganginn. Hún dró börur á hjólum á eftir sér og hún hrópaði í sífellu: “Drottinn, vertu mér miskunnsamur! Þetta er barnið mitt!” Nokkrir samkomuþjónar reyndu að stöðva hana. Eins og leikmaður í amerískum fótbolta, sem hrindir frá sér þeim sem sækja að, ýtti hún samkomuþjónum til hliðar og hélt áfram ferð sinni fram ganginn. Að lokum mynduðu nógu margir menn röð fyrir framan hana, þannig að hún varð að nema staðar, en hún hélt áfram að hrópa: “Forstöðumaður góður, þetta er barnið mitt! Og læknirinn var einmitt svona útlits. Þetta gerðist fyrir tveimur árum og hún hefur ekki getað gengið síðan. Er hún orðin heil?”

“Ég veit það ekki, frænka góð. Eins og ég sagði við öldungadeildarþingmanninn áðan, þá get ég bara sagt það sem ég sé í sýn. Er þetta stúlkan þín þarna á börunum?”

“Já, og ég hef beðið og beðið um lækningu hennar.”

“Nú, frænka góð, ég get beðið fyrir henni og ef til vill lækna Drottinn Jesús hana. En ég get ekki sagt það af sjálfum mér hvort svo muni verða.” Hann leit á bróður sinn. “Howard, er þetta síðasti einstaklingurinn í bænaröðinni?”

Howard kinkaði kolli og benti þeim síðasta að koma fram. Bill tók eftir einhverju sem líktist svörtu striki hreyfast fyrir ofan höfuð fólksins. Meðan hann fylgdist með þessu varð strikið að götu í borg. Síðan sá hann litlu stúlkuna valhoppa niður götuna með brúðu í fanginu.

Bill sagði við móðurina: “Frænka góð, Jesús Kristur hefur launað þér fyrir trú þína. Litla stúlkan þín er orðin heil.”

Skjálfandi af geðshræringu beygði móðirin sig yfir börurnar og kyssti dóttur sína. Síðan leit hún upp og sagði: “Forstöðumaður, hvenær verður litla stúlkan mín heilbrigð.”

“Hún er þegar orðin heil, frænka.”

Meðan móðirin horfði á trúboðann, hafði dóttir hennar risið hljóðlega upp af börunum. Um leið og hún var viss um að fæturnir myndu bera sig öskraði hún.

Móðirin sneri sér við og síðan leið yfir hana í höndum samkomuþjónanna. Stuttu seinna, gengu móðir og dóttir fram ganginn hönd í hönd og vegsömuðu Guð. Mannfjöldinn tók einróma undir.

Bill fylgdist með þeim þar til þær voru farnar út um dyrnar. “Sjáið hvers Drottinn Jesús er megnugur,” sagði hann. Rödd hans drafaði vegna þess að hann var svo máttlaus. Hann var um það bil að fara að tala við síðustu konuna í bænaröðinni, þegar hann sá eitthvað hreyfast út undan sér. Þegar hann gaf betur gætur að, sá hann fyrrverandi öldungadeildarþingmanninn ganga eftir sömu götu fyrir ofan áheyrendur. Upshaw öldungadeildarþingmaður var klæddur í súkkulaðiþrún jakkaföt með hvítum röndum og hann var með suðurríkjahatt af tegundinni Stetson. Hann brosti alúðlega og veifaði með hattinum til fólksins, þegar hann gekk framhjá.

Bill leit þangað sem Upshaw sat. Þarna í kirkjunni var hann í bláum jakkafötum og með rautt bindi.

“Öldungadeildarþingmaður, átt þú súkkulaðiþrún jakkaföt með hvítum röndum?”

Öldungadeildarþingmaðurinn fyrrverandi var ennþá með hljóðnemann í hendinni. “Já, vinur, ég keypti þau í fyrradag.”

Nú vissi Bill hvað myndi gerast. “Bróðir minn, þú hefur verið auðmjúkur og lofað Guð allan þennan tíma. Guð er að verðlauna þig, til að síðustu ævidagar þínir verði þér gleðiríkir. Þú getur gengið núna, öldungadeildarþingmaður. Drottinn Jesús Kristur er búinn að lækna þig.”

Herra Upshaw vissi ekki hvað hann átti að gera. Hann sagði: “Lofaður sé Guð. Vinur, ef Jesús Kristur lætur mig geta gegnið án hækja, þá mun ég eyða því sem ég á eftir ólifað honum til dýrðar.”

“Öldungadeildarþingmaður.” Bill gerði hlé á máli sínu og riðaði við. Honum fannst styrkur sinna fjara hratt út. Ern Baxter og Leroy Kopp studdu hann og tóku að leiða hann burt. Bill hvíslaði: “Öldungadeildarþingmaður, í nafni Jesú Krists, stalt á fætur og gakk. Guð er búinn að lækna þig. Það er: ‘Svo segir Drottinn.’”

Leroy Kopp forstöðumaður fór aftur að hljóðnemanum og sagði: “Bróðir Branham, er öldungadeildarþingamaðurinn orðinn heill?”

Willie Upsahaw fann hjarta sitt taka kipp. Hann sagði við sjálfan sig: “Bróðir Branham þekkir huga Guðs, svo að ég verð bara að stíga fram í trú og taka við Jesú Kristi sem Græðara mínum.”

Hann fann svalan andvara fara um líkama sinn. Hann sparkaði frá sér hækjum sínum, stóð upp og gekk fram ganginn. Taugarnar í fótum hans, sem voru löngu dauðar, iðuðu nú af lífi. Blóðið flæddi um samanskroppna vöðva hans. Eins og fyrir kraftaverk báru fætur hans hann. Hann steig annað skref og síðan eitt enn. Hann var að því! Hann gekk án aðstoðar!

Meðan áheyrendur lofuðu Guð hástöfum gekk Willie Upshaw alla leið niður ganginn og tók í höndina á Leroy Kopp, sem var alveg forviða. Síðan beygði hann sig niður þar sem hann stóð í allra auglýn og tók um hné sín.

Kafli 54

Horft til baka frá árinu 1951

Á sólheitum júnímorgni árið 1951 kom William Branham heim til Jeffersonville í Indianafylki. Hann vonaðist til að geta fengið smávegis hvíld áður en hann tækist á við næstu samkomuherferð. Í júlí var áætlað að hann héldi samkomur á hverju kvöldi í heilar tvær vikur. Fyrri vikuna í Toledo í Ohíofylki, síðan tvö kvöld í borginni Zion í Illinoisfylki og að lokum fjögur kvöld í borginni Erie í Pennsylvaníufylki. Hann vissi að þetta myndi verða erfitt. Þar sem hann var þegar úrvinda eftir síðustu samkomuherferð, þá var mikilvægt fyrir hann að fá hvíld svo hann gæti haldið heilsu.

Það var ekki auðvelt fyrir hann að finna sér tíma til að slaka á og hvílast, ekki einu sinni heima hjá sér. Um leið og menn komust að því að hann var kominn í bæinn, tóku gestir að hringja dyrabjöllunni og við hádegisbil var dagstofan orðin full af gestum, sem biðu þess að fá persónulegt viðtal og fyrirbænir. Svona hafði þetta verið síðan Guð hafði gefið honum tilskipunina árið 1946. Venjulega stóð Bill á sama um þennan stöðuga yfirgang á einkalíf hans. Hann elskaði fólk og langaði til að hjálpa því. En eins og sakir stóðu var hann allt of preyttur, til að hann megnaði að hjálpa. Ef hann tæki fólk í einkaviðtöl þann daginn, myndu sýrnir og þær komu alltaf, alveg gera út af við hann af þreytu.

Meda sagði: “Bill, ég ætla að fara eitthvað burt með þig áður en fólk þú tekur að streyma að.”

Þau óku til *Tunnel Mill* svæðisins, suðaustur af Jeffersonville. Hann hafði oft leitað hælís í þessu skóglendi á erfiðleikatímum. Hann fann frið í þessum hljóðlátu, grænu óbyggðum. Húlinn á milli fjallanna, var hellir sem hann fór stundum í, til að hvílast og biðja. En í dag var hann ekki ákvörðunarstaður hans. Það var erfitt að ganga að hellinum. Bill hafði einu sinni farið með Medu þangað eftir að þau giftu sig árið 1941. Eitt skipti hafði verið alveg nóg fyrir hana. Á leiðinn aftur heim til Jeffersonville fann Bill fyrir löngun til að nema staðar við staðinn þar sem hann hafði gengið í skóla sem drengur. Hann beygði inn á engi og nam staðar. Rebekka hljóp burtu til að tína blóm. Meda rölti á eftir henni. Bill gekk yfir að gamla brunninum og hann þrýsti stönginni upp og niður og fékk sér vatnssopa. Einsherbergisskólabyggingin var áður fyrr ekki langt frá brunninum. Nú var ekkert eftir af húsinu, ekki einu sinni einn steinn til merkis um húsgrunninn. Bill hallaði sér upp að grindverki og starði niður í dalinn, þar sem hann hafði alist upp. Þá hafði verið mjög dreifbýlt þar. Nú voru velbyggð húsnæði um alla fjallshlíðina. Hve frábrugðin voru þau ekki tveggja herbergja bjálkakofanum, sem hann hafði búið í sem drengur. Hve mikið hafði ekki heimurinn breyst á 30 árum.

Bill mundi hvernig bjálkarnir í kofanum höfðu litið út í hans augum, þegar hann var lítill drengur. Á bak við kofann stóð risastórt eplatré, sem hann hélt einu sinni að myndi standa að eilífu. Nú var það horfið á braut. Hann mundi eftir þvottabekknunum sem faðir hans hafði byggt undir eplatrénu og brotna speglinum sem var negldur á tréð. Hve oft hafði hann horft á pabba sinn raka sig undir þessu tré? Charles Branham hafði verið lágvaxinn og þéttvaxinn og vöðvamikill. Þegar hann fór úr skyrtni sinni til að þvo sér og raka sig virtust vöðvarnir hnyklast undir húð hans. Bill minntist þess að hafa hugsað með sér: “Voðalega er pabbi minn sterkur. Hann verður áreiðanlega hundrað ára.” En það varð hann ekki. Hann dó árið 1936 aðeins 52 ára, eftir að hafa eyðilagt sig á að drekka of mikið Viskí.

Það var lækjarspræna fyrir framan kofann. Bill hugsaði um það hve oft hann hafði borið þunga fötu niður að þeim læk til þess að ná í vatn. Það hafði verið þrautin þyngri að vera elstur af tíu börnum. Foreldrar hans höfðu búist við miklu af honum. Hann fékk stundum bróður sinn Edward til að vinna verkin sín í staðinn fyrir sælgætismola. Nú var lækurinn horfinn. Án efa hafði vinnuvél fyllt upp í hann. Edward var líka horfinn á braut.

Bill þurfti að halda aftur af tárunum við tilhugsunina um Edward. Þótt Edward væri ári yngri en hann, höfðu þeir byrjað saman í skóla. Þetta voru erfið ár. Fjölskylda hans var svo fátæk að hvorki hann né Edward áttu nægilegan fatnað. Árið 1917, um haustið hafði Bill farið í skólann skýrtulaus. Þegar það fór að snjóa vorkenndi nágrannakona honum og gaf honum úlpu. Bill var í þessari úlpu allan tímann meðan hann var í skólanum, til þess að hin börnin kæmust ekki að því, að hann var ekki í neinni skyrtu. Í frímínútunum fóru hin börnin að renna sér á sleðum, sem höfðu verið keyptir í búð. Bill og Edward náðu sér í gamla pönnu á ruslahaugnum heima hjá sér og notuðu hana til að renna sér á, þar til botninn datt úr henni. Í hádeginu fóru Edward og Bill niður að Ohioánni til að snæða hinn rýra hádegisverð sinn. Þeir áttu bara eitt nestisbox. Þeir settu það á milli sín og deildu baununum sínum og maísbrauðinu nákvæmlega á milli sín. Bill minntist þess að einu sinn hafði móðir þeirra gefið þeim poppkorn í nesti. Bill hafði laumast út úr bekknum, til að hann gæti borðað í felum meira en sinn hluta. Ó, hve hann sá eftir að hafa svikið bróður sinn!

Þetta gerðist árið 1917, meðan fyrri heimsstyrjöldin stóð yfir. Stundaskrá morgunsins brást aldrei. Eftir að hún hafði hringt skólabjöllunni, lét frú Temple börnin safnast saman á skólalóðinni og mynda einfalda röð. Hún notaði keyri til að halda röð og reglu. Eftir að þau höfðu haldið fánahyllingu, sneru þau sér að skólabyggingunni og lögðu aðra höndina á öxl nemandans fyrir framan sig og gengu þannig inn í húsið. Hver nemandi hafði sinn fasta stað í þeirri röð. Bill mundi enn hver röðin var. Fyrstur gekk Roland Hollaway, rauðhærður og skapmikill. Rolland skaut mann við fjárhættuspil og dó í fangelsi. Næstur kom Wilmer. Hann lenti í hnífabardaga og var skorinn á háls og dó. Og Willis Paul? Hann dó úr hrörnunarsjúkdómi. Howard Higgins dó þegar Colgateverksmiðjan sprakk. Ralph Fields og Willie Hinkle? — þeir voru líka horfnir héðan. Eftir Willie kom Edward, yngri bróðir Bill. Edward stóð alltaf fyrir aftan Bill í röðinni með hönd sína á öxl Bill, er þeir þrömmuðu inn í skólann. (Skyndilega varð minningin sem verið hafði súr-sæt, meira súr en sæt. Árið 1928 hafði Edward dáið í Jeffersonville, meðan Bill var að annast nautgripi í Arizona. Þetta var áður en Bill varð kristinn. Samt sem áður sagði Edward þegar hann var að deyja: “Segið Bill að ég muni hitta hann einhvern daginn í himnaríki.”)

“Ó, Guð,” hugsaði Bill, “hér stend ég og er einn eftir af þeim. Hver er ég að vera enn á lífi? Hve satt er Orð þitt: *‘Því að hér höfum vér ekki borg er stendur, heldur leitum vér hinnar komandi.*’⁷ Ó, Drottinn, ég gef þér það sem eftir er af hinu dauðlega lífi mínu, ef þú aðeins myndir gefa mér dálítið poppkorn og ég gæti gengið upp að hliðinu og sagt: ‘Edward, félagi, hér er poppkornið sem ég plataði af þér þegar við vorum strákar.’” Allt í einu hrópaði Bill: “Ó Guð, láttu engla þína koma og ná í hina vesalings þreyttu sál mína og koma mér burt héðan. Þessi heimur er ekki heimili mitt lengur.”

Þetta ákall færði Medu aftur upp að hlið hans. Hún faðmaði hann að sér og sagði: “Elskan, þú komst hingað til að hvílast og nú græturðu eins og barn. Ekki gera þetta.”

⁷ Hebreabréfið 13:7.

“Ástin mín,” sagði Bill, “ef þú aðeins vissir hvað ég var að fara í gegnum í huga mínum. Ég man eftir að hafa staðið þarna hjá þessu húsi þegar Sharon Rose varð veik. Hope veiktist stuttu seinna.⁸ Ég skil hvers vegna Guð tók Hope, en ég hef aldrei skilið hvers vegna hann tók Sharon. Hún var aðeins níu mánaða gömul.”

Meda sussaði á hann. “Þú ættir ekki að hugsa um þessa hluti, Bill, ekki núna.” En áminning hennar kom of seint. Hann var þegar niðursokkinn í minningarnar.

William Branham fæddist í einsherbergis bjálkakofa skammt frá Burkesville í Kentuckyfylki. Móðir hans Ella var sjálf á barnsaldri aðeins fimmtán ára gömul. Faðir hans, Charlie, var átján ára. Bill kom í þennan heim rétt fyrir dagrenningu þann 6. apríl árið 1909. Samkvæmt því sem nærstaddir sögðu, ljósmóðir, nágranni, amman, Ella og Charles, þá kom yfirnáttúrulegt ljós inn í herbergið í gegnum opinn gluggann. Það sveif yfir rúmi hans eitt andartak og hvarf síðan í gegnum þakið. Þetta var fyrsta tákn þess, að það yrði hlutskipti hans um ævina, að líf hans yrði frábrugðið lífi annarra.

Árið 1912 flutti Charles með fjölskyldu sína á býli nærri Jeffersonville í Indiana. Árið 1917, stuttu eftir að Bill byrjaði í skóla, gerðist dálítið sem gerði hann óttasleginn. Sú reynsla varð honum ein af þeim minningum sem voru mest lifandi úr bernsku hans. Þetta var á bannárunum og faðir hans lét hann bera vatnsfötur upp hæðina í eimingartæki, sem var falið í kofa á bak við húsið. Þegar hann var hálfnaður upp hæðina settist hinn sjö ára gamli Bill niður undir aspartré til að hvíla sig. Fljótlega tók hann eftir undarlegum þrylvi sem hvein í efstu greinunum. Þetta fannst honum undarlegt vegna þess að hann hélt sig á sama stað. Skyndilega barst honum rödd sem hljómaði eins og hún kæmi úr þrylvindinum. Röddin sagði: “*Aldrei drekka eða reykja eða saurga líkama þinn á nokkurn hátt. Það verður verk fyrir þig að vinna þegar þú verður eldri.*” Bill slepti vatnsfötunum sínum og hljóp heim að bænum kallandi á móður sína. Hann gleymdi aldrei röddinni og ef hann reyndi að óhlýðnast þessari skipun, þá hindraði hann ávallt eitthvað sem var ofar hans skilningi.

Þrátt fyrir þessar upplifanir ólst Bill upp í mikilli fjarlægð frá Guði. Þegar hann var 23 ára og var að vinna fyrir gasfélagið í New Albany, varð hann fyrir gaseitrun. Þetta óhapp hafði alvarleg áhrif á heilsu hans. Hann var með stöðugan verk í maga og höfði og hann fór að finna fyrir alvarlegum meltingartruflunum. Læknirinn, sem reyndi að greina vandann, vissi ekki hvað gera skyldi. Að lokum ákvað hann að botnlangi Bill væri sýktur og það yrði að fjarlægja hann.

Þar sem Bill lá á sjúkrastofu eftir aðgerðina fann hann líf sitt vera að fjara út. Hann reyndi að kalla á hjúkrunarkonu, en hann gat bara hvíslað. Meðan hann varð æ angistarfullri breytti herbergið um svip. Honum fannst hann vera á gangi í köldum og dimmum frumskógi. Dauðinn elti hann. Í fjarlægð heyrði hann vind nálgast. Óttasleginn hélt hann að dauðinn væri að koma að ná í hann. Skyndilega stóð hann aftur undir aspartré bernsku sinnar. Hann horfði upp og sá sama þrylvindinn sem geisaði í greinum þess. Aftur heyrði hann þessa djúpu rödd tala til sín, nú endaði setningin aðeins öðruvísi. Röddin sagði: “*Aldrei reykja eða drekka eða saurga líkama þinn á nokkurn hátt...Ég kallaði þig og þú vildir ekki fara.*”

Bill hrópaði: “Jesús, ef þetta ert þú, þá leyfðu mér að fara aftur til jarðarinnar og ég skal prédika fagnaðarerindið þitt ofan af húspökum og á götuhornum. Ég skal segja öllum frá þér.”

Samstundis var sýnin á enda og Bill var aftur á sjúkrastofu sinni. Hægt og hægt varð heilsa hans betri.

⁸ Hope var fyrri kona Bill. Þau áttu tvö börn, Billy Paul og Sharon Rose. Hope dó úr berklum árið 1937 þegar hún var aðeins 24 ára gömul. Sharon dó nokkrum dögum seinna úr heilahimnubólgu.

Hann gerðist prédikari í trúboðskirkju Baptista, en fljótlega stofnaði hann sjálfstæða kirkju. Sunnudagskvöldið 11. júní, árið 1933 var hann að ljúka tveggja vikna vakningasamkomum með því að skíra þá sem snúist höfðu til trúar í Ohioánni. Meira en þúsund manns fylgdust með af árbakkanum. Eftir að Bill hafði skírt 16 manns til nafns Jesú Krists, birtist skyndilega eldhnöttur á himni beint yfir höfði hans og rödd sagði: *“Eins og Jóhannes skírari var fyrirrennari fyrri komu Krists, eins verður þú fyrirrennari seinni komu hans.”*

Á þeim tíma skildi Bill ekki hvað þetta þýddi. Þetta virtist bara enn einn atburður í röð ótrúlegra fyrirbæra, sem höfðu fylgt honum allt hans líf. Slíkum atburðum fjölgaði nú, þegar hann var orðinn kristinn. Eitt sinn sá hann Drottin Jesú Krist í sýn, þar sem hann stóð í loftinu nokkrum sentimetrum fyrir ofan jörðina. Hann var furðulostinn yfir þessum atburðum og leitaði ráða hjá öðrum guðsþjónum, sem bjuggu á svæðinu. Þeir vörðu hann við og sögðu honum að láta slíka hluti alveg eiga sig og gáfu það í skyn, að djöfullinn væri að leika sér að huga hans. Þetta hræddi Bill og í mörg ár barðist hann gegn þessari óvenjulegu köllun Guðs á lífi sínu. Óvissan í lífi Bill, náði hámarki sínu í maí árið 1946. Hann einangraði sig í afskekktum helli og sór þess dýran eið að fara ekki úr óbyggðinni, fyrr en Guð mætti honum og útskýrði fyrir honum þýðingu hins undarlega lífs hans.

Í marga klukkutíma úthellti hann hinum óttablöndnu tilfinningum sínum í bæn. Síðan varð hann hljóður. Þótt það væri komið fram yfir miðnætti, var svefninn honum fjarlægur. Bill sat í niðamyrkri, bað, hugsaði og hlustaði. Allt í einu sá hann ljós sem stækkaði þar til það fyllti hinn þrönga helli. Síðan heyrði hann fótatak. Út úr ljósinu steig berfættur maður klæddur í hvítan kyrtil. Hann var nálægt 1,80 á hæð og hlýtur að hafa vegið um 100 kíló. Þykkt svart hár hans, féll niður á herðar. Andlit hans var skegglaust og hann var með stingandi augnaráð og alvarlegan svip.

Skelfing fór um Bill og hann néri saman höndum. Síðan sagði maðurinn við hann: *“Óttast þú ekki,”* og við það hvarf Bill óttinn. Þetta var sama djúpa röddin og hafði talað til hans úr aspartrénu þegar hann var drengur. Maðurinn hélt áfram: *“Ég er sendur úr nærveru almáttugs Guðs til að segja þér að hin einstaka fæðing þín og þitt misskilda líf hefur allt orðið til að benda á það, að þú átt að fara með gjöf guðlegrar lækningar til þjóða heimsins. Ef þú verður einlægur og getur fengið fólkið til að trúa þér þá mun ekkert standast frammi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein. Þú munt fara til margra heimshluta og biðja fyrir konungum og ráðamönnum og háttsettum mönnum. Þú munt prédika yfir miklum mannfjölda út um allan heim og þúsundir munu koma til þín til að fá ráðgjöf. Þú verður að segja þeim, að hugsanir þeirra skipti meira máli á himnum heldur en orð þeirra.”*

Bill andmælti og sagði að hann væri of fátækur og ómenntaður til þess að framkvæma þetta boð og hann leiddi að því rök að enginn myndi trúa sér. Engillinn sagði: *“Eins og spámanninum Móse voru gefin tvö tákn til að sanna að hann væri frá Guði, eins munu þér verða gefin tvö tákn. Fyrri táknið er það, að þegar þú tekur í hægri hönd einhvers með vinstri hönd þinni, munt þú geta greint af bylgjunum í hönd þinni nærveru sérhvers sjúkdóms sem orsakast af örveru. Síðan verður þú að biðja fyrir einstaklingnum. Ef hönd þín verður aftur eðlileg, getur þú lýst einstaklinginn heilbrigðan, ef ekki þá segðu bara blessunarorð og gakktu burt. Reyndu ekki að hugsa þínar eigin hugsanir undir smurningu Guðs, þér mun verða gefið hvað þú átt að segja. Ef þú verður stöðugt auðmjúkur og einlægur þá mun það verða, að þú getir sagt fyrir sýn leyndardóma hjartna fólksins. Þá verður það að trúa þér. Þetta mun innleiða fagnaðarerindi í krafti, sem mun leiða fram seinni komu Krists.”*

Þegar Bill sneri aftur til Jeffersonville sagði hann söfnuði sínum frá vitjun engilsins. Einn meðlimurinn sagði frá þessu í vinnunni. Það vakti athygli William

Morgan, en kona hans var að deyja úr krabbameini. Þar sem lækarnir höfðu gefið konu hans upp á bátinn leist herra Morgan svo á, að hann hefði engu að tapa við það að fara með hana til fyrirbæna hjá William Branham.

William Morgan kom með meðvitundarlausu konu sína á börum í kirkjuna. Þegar Bill hélt í hægri hönd hennar með vinstri hönd sinni, fann hann fyrir undarlegustu tilfinningu. Úlnliður hans og framhandleggur skalf kröftuglega eins og hann hefði snert vægan rafmagnsstraum. Bylgjurnar bárust til hjarta hans. Úrið hans stoppaði. Húðin á handarbaki hans varð rauð og þar birtist mynstur myndað af hvítum deplum. Þegar hann bað Jesú Krist að lækna hina deyjandi konu hættu bylgjurnar. Samstundis varð hönd Bill aftur eins og hún átti að sér að vera. Það var þá sem hann áttaði sig á því, að bylgjurnar höfðu komið frá lífi krabbameinsins, illa andanum sem var að ráðast á líkama konunnar. Nú var illi andinn farinn. Án nokkurra efasemda lýsti Bill yfir: “Herra, ekki hafa neinar áhyggjur, því að ‘Svo segir Drottinn: Konan þín mun lifa.’”

Margie Morgan náði sér svo fljótt að eftir nokkra daga útskrifaði hinn steini lostni lækni hennar hana af sjúkrahúsinu. Hún gekk þaðan út fullkomlega heilbrigð.

Fréttirnar af þessu kraftaverki breiddust út meðal hinna kristnu og það ýtti við guðsþjónum í St. Louis í Missouri og Shreveport í Louisiana að skrifa Bill og biðja hann að koma og halda vakningasamkomur í þeirra heimabyggð. Bill hætti í vinnunni fyrir hið opinbera hjá Indianafylki og lagði starf sitt sem forstöðumaður Branham tjaldbúðarinnar til hliðar, svo hann gæti verið í fullu starfi sem trúboði.

Hann ferðaðist mikið og hélt lækningasamkomur á mörgum stöðum í Bandaríkjunum og Kanada. Táknið í hönd hans og kraftaverkin sem fylgdu í kjölfarið hjálpuðust að, við að draga að æ stærri mannfjölda. Hvenær sem Bill tók í hægri hönd einhvers með vinstri hönd sinni, bólgnði vinstri hönd hans upp ef einstaklingurinn var haldinn örveru- eða vírussjúkdómi. Hann gat greint sjúkdóminn af mynstrinu sem hvítu deplarnir mynduðu á bólginni hönd hans. Fólkið þurfti ekki einu sinni að segja honum hvaða sjúkdóm það var með, hann sagði því frá því og hann hafði alltaf rétt fyrir sér. Ef bólgan í vinstri hönd Bill hafði hjaðnað eftir að hann hafði beðið fyrir sjúklingnum, vissi Bill að illi andinn hafði verið rekinn út. Einstaklingurinn var læknaður.

Á hverri samkomu flyktust að mörg þúsund manns, til að sjá þetta stórbrotna tákni frá Guði og mörg hundruð manns vildu fá fyrirbæn. Þegar Bill sá þessa miklu þörf kepptist hann við án þess að una sér hvíldar. Stundum bað hann fyrir röð af sjúku fólki í tvo, þrjá, fjóra eða fimm og stundum sex tíma í einni lotu, kvöld eftir kvöld, mánuð eftir mánuð með örfáum hléum. Eftir tvö ár af þessari þjónustu sem gerði hann örþreytan, fékk hann taugaáfall og það neyddi hann til að yfirgefa þjónustu sína í sex mánuði. Þegar hann gekk aftur inn í þjónustu sína frammi fyrir Drottni, var hann vitrari og varkárari maður en áður.

Árið 1949 kom seinna táknið fram í þjónustu hans, alveg eins og engillinn hafði sagt að myndi verða. Bill var með fyrirbænaþjónustu í bænum Regina í Saskatchewan. Miðaldra kona kom fram til fyrirbæna. Áður en Bill gat tekið í hönd hennar til að greina vandann, sá hann hana í sýn sem unga stúlku. Hann sá vanda hennar og vissi hvers vegna hún hafði komið fram til fyrirbæna. Síðan sá hann framtíð hennar, framtíð þar sem hún var heilbrigð. Eftir þetta kvöld hafði það tákni, að greina í gegnum sýn, yfirburði yfir hitt táknið á hverri einustu samkomu.

Það var ekki svo, að táknið í höndinni hefði yfirgefið hann. Hann gat notað það þegar það átti við. Bill gleymdi aldrei atviki sem átti sér stað árið 1949, þegar hann var að halda samkomur í Kaliforníu. Hann og Meda voru í hótélherbergi sínu þegar vinur hans, Paul Malicki, hringdi til að biðja hann að gera sér greiða. “Bróðir

Branham, konan mín var að fæða barn og nú er hún mikið veik. Læknarnir geta ekki komist að því hvað er að henni. Má ég koma með hana til þín?”

“Auðvitað, bróðir Malicki,” sagði Bill, “en þú verður að koma með hana í dag, því að ég fer til Catalina á morgun.”

Paul Malicki fór samstundis heim til hans með konuna sína með sér. Bill sá undireins að hún var mjög veik. Hann sagði: “Systir Malicki, réttu mér hönd þína. Við skulum sjá hvort Drottinn segir okkur hvað þetta sé.” Um leið og hægri hönd hennar snerti vinstri hönd hans, sagði Bill: “Ó, það er blóðtappi í fæti.”

“Það er furðulegt,” sagði hún, “ég er ekki með nein einkenni blóðtappa í fætinum.”

“Bíddu bara og sjáðu, þetta er vissulega blóðtappi í fæti. Gjöfin gefur aldrei rangt fyrir sér.”

Frú Malicki leit á bólgið handarbak Bill, sem var þakið litlum, hvítum deplum. “Þetta er merkileg sjón, bróðir Branham,” sagði hún. “Kemur þetta fram við hverja einustu hönd sem þú snertir?” “Nei,” svaraði Bill, “aðeins ef eitthvað er að einstaklingnum. Sjáið hvað gerist þegar ég tek í hönd konu minnar. Það er ekkert að henni.”

Handarbak Bill varð aftur eðlilegt um leið og hann sleppti hönd frú Malicki. Meda rétti fram hönd sína og smeygði henni í hönd eiginmanns síns. Bill varð furðu lostinn: “Meda, þú ert með kvensjúkdóm. Þú ert með þykkildi á hægri eggjastokki þínum.”

“Ég finn ekki fyrir því,” sagði Meda.

“En það er þarna samt sem áður,” sagði Bill.

Tveimur dögum síðar fór frú Malicki í lækni meðferð vegna blóðtappa í fæti.

Síðan þá hafði Bill haft áhyggjur af þessu þykkildi í hægri eggjastokki konu sinnar. Nýlega hafði hann haft tækifæri til að láta athuga það. 19. mars fór hann með Medu á spítala vegna fæðingar yngri dóttur þeirra, Söru. Alveg eins og í tilfelli eldra barnsins, varð einnig að taka þetta barn með keisaraskurði. Meðan verið var að undirbúa hana undir aðgerðina, sagði Bill við Dillman lækni: “Þegar þú ert búinn að opna hana viltu þá líta á vinstra eggjastokk hennar og fjarlægja þetta þykkildi ef þú skyldir finna það.”

Seinna gaf Dillman lækni þessa skýrslu: “Ég sá ekki að neitt væri að eggjastokk hennar.”

Í eftirvæntingu tók Bill hægri hendi konu sinnar í vinstri hendi sína. Til allrar óhamingju varð hún rauðbrútin. Hann vissi að þykkildið var enn til staðar.

Ský birtist á himni og varpaði skugga á engið. Nú var golan sem barst yfir ána orðin svöl. Meda stakk upp á, að það væri kominn tími til að fara heim.

Bill starði framan í konu sína og dáðist að mjúkum kinnum hennar og vingjarnlegu augnaráði. Hún var aðeins 32 ára gömul, en þegar voru komnir gráir tónar í dökkt hár hennar. Bill sagði það vera vegna fyrirhafnar hennar við að vernda einkalíf hans, þegar hann var heima. Hve hann elskaði hana mikið. Hversu hræðilegt myndi ekki verða að missa hana eins og hann missti fyrri konu sína, Hope. Vissulega myndi Drottinn aldrei láta það verða. Eða hvað?

Bill tók Rebekku litlu í fangið með blómvöndinn sinn og hélt á henni heim að bílnum.

Kaflí 55

Þversögnin með bróður Hall 1951

Sakir þess að þjónusta hans olli því að hann var á ferðalögum vikum saman, voru alltaf margar fréttir að færa þegar William Branham sneri heim af akrinum. Meda var spennt að heyra að loks var búið að fastsetja dagsetningar fyrir samkomur Bill í Suður-Afríku. Hann myndi fljúga frá New York hinn 1. október árið 1951.

Bill var á báðum áttum í sambandi við ferðina. Hluti af honum fann fyrir sama spenningi og Meda. Þetta yrði í annað skipti sem hann ferðaðist fyrir utan Norður-Ameríku. Haustið 1950 höfðu lækningasamkomur hans á Norðurlöndunum dregið að sér mikinn mannfjölda og ótrúleg kraftaverk höfðu átt sér stað, þar á meðal þegar finnskur drengur sem hafði verið dáiinn í hálf tíma, sneri aftur til lífsins fyrir kraft Jesú Krists. Bill bjóst við svipuðum árangri í Suður-Afríku, vegna þess að Guð hafði á sérstakan hátt sagt honum að fara þangað.

Í janúar árið 1950, þegar Bill var að halda samkomur í Houston í Texas, fékk hann bréf frá Florence Nightingale Shirlaw. Hún grátbað hann í bréfinu að koma til Durban í Suður-Afríku og biðja fyrir sér. Magakrabbamein hafði hertekið hana með þeim afleiðingum, að hún var smám saman að svelta til bana. Ásamt bréfinu innihélt umslagið flugmiða og mynd af henni sjálfri, þar sem hún líktist egypskri múmíu. Bill þótti leitt að geta ekki flogið til hennar. Það var ómögulegt, vegna þess að brátt myndi hann halda af stað til að halda samkomuherferðir á Norðurlöndunum. Ljósmyndin af henni fyllti Bill af því líkri samúð með henni að hann bað: “Guð, viljir þú að ég fari til Suður-Afríku, viltu þá vera svo vænn að lækna þessa konu.” Bill til mikillar undrunar leigði Florence Shirlaw einkaflugvél og flaug til Englands til að hitta hann. Þar læknaði Guð hana yfirnáttúrulegum hætti á þokufullum aprílmorgni. Þar af leiðandi vissi Bill, að Guð vildi að hann færi til Durban í Suður-Afríku og hann bjóst við því, að Guð myndi gera mikla hluti í því landi.

Á sama tíma var hann áhyggjufullur. Síðastliðið haust þegar hann var í Shreveport í Louisiana kom Heilagur andi yfir hann og spáði því, að Satan væri að leggja fyrir hann gildru í Suður-Afríku. Bill velti fyrir sér hvernig gildra það gæti verið. Ímyndunarafl hans bjó til hugsanir um seiðkarla sem skoruðu kraft Jesú Krists á hólmi. Það leit ekki fyrir að verða mikil gildra. Var það annars konar gildra sem beið hans í Suður-Afríku, eitthvað sem honum kom ekki í hugarlund? Sú hugsun kom róti á hugsanir hans.

Ásamt góðu fréttunum, hafði Meda einnig slæmar fréttir að færa. Vinur Bill, William Hall, var að deyja.

“Vissulega ekki bróðir Hall,” var svar Bill. William Hall hafði verið sá fyrsti sem snerist til trúar á vakningarsamkomum, sem hann hafði haldið í bænum Milltown í Indianafylki ellefu árum áður. Hann varð seinna forstöðumaður Milltown baptistakirkjunnar.

“Jú,” sagði Meda. “Hann er með krabbamein í lifur. Dillman læknir segir að hann geti ekki lifað mikið lengur. Þau fluttu hann til New Albany og hann liggur heima hjá systur sinni. Hann hefur verið að biðja um að þú kæmir.”

“Nú, förum bara strax af stað til að heimsækja hann.”

Þegar þau komu heim til hans, brá Bill við að sjá hve magur og fögur vinur hans var. Húð mannsins var orðin appelsínugul eins og grasker. Bill sagði: “Hvað er um að vera, bróðir Hall?”

William Hall sagði með erfiðismunum: “Bróðir Branham, lækarnir hafa gert það sem þeir geta. Ég býst við að það sé komið að leiðarlokum fyrir mig, nema Guð geri kraftaverk.”

Bill bað fyrir þessum gamla vini sínum. Þegar Bill og Meda voru að fara, fylgdi frú Hall þeim út úr húsinu. Hún spurði: “Bróðir Branham, getur þú ekki gert eitthvað?”

“Mér þykir það leitt, systir Hall, en það eina sem ég get gert er að biðja.”

Hún starði fram fyrir sig og muldraði: “Ef til vill getum við fengið annan lækni.”

“Læknar líkjast guðsþjónum að einu leyti,” sagði Bill. “Það verður að treysta þeim, annars geta þeir ekki hjálpað manni. Auðvitað er minn góði félagi, Sam Adair, læknir. Hvað læknavísindin varðar held ég að hann sé sá besti.”

Frú Hall beindi aftur sjónum sínum að Bill. “Ætli vinur þinn, Sam Adair, læknir, myndi fást til að skoða manninn minn?”

Bill sagði: “Ég skal spyrja hann.”

Þegar Bill hringdi í hann sagði Adair læknir: “Bill, ég fer bara á spítalann og les skýrslurnar frá rannsóknunum. Þær munu segja mér það sem ég þarf að vita.” Seinna um morguninn hringdi Adair læknir í Bill. “Ég las rannsóknarskýrslurnar. Maðurinn er með krabbamein í lifur. Það er ekki hægt að skera upp við þessari tegund af krabbameini og það er ólæknanlegt. Hann kemur til með að deyja.”

“Er enginn sérfræðingur sem þú gætir sent hann til?,” spurði Bill.

“Nú, við gætum sent hann til Able læknis í Louisville. Hann er besti krabbameinssérfræðingurinn í öllu landinu.”

Frú Hall greip þetta tækifæri fegins hendi og leigði sjúkrabíl til að flytja manninn sinn til stofu Dr. Able hinumegin við Ohioána.

Um kvöldið þennan sama dag, hringdi annar vinur í Bill til þess að biðja hann að gera sér greiða. Það var Johnson forstöðumaður *Main Street* meþódistakirkjunnar við Main Street í Albany. “Bróðir Branham, gætir þú gert mér einn eða tvo greiða. Það myndi gleðja mig svo mikið ef þú gerðir það.”

“Ég vil ekki biðja fyrir sjúkum, bróðir Johnson. Þegar ég er heima reyni ég að slaka á og halda mér frá slíku, vegna þess að þegar greiningin kemur, gerir það mig örþreytan.”

“Komdu þá og prédikaðu fyrir mig. Gefðu mér þó ekki sé nema eitt kvöld. Ég lofa að biðja þig ekki um að biðja fyrir sjúkum.”

“Allt í lagi, bróðir Johnson. Hvaða kvöld myndir þú vilja fá mig?”

“Miðvikudagskvöldið væri frábært.”

Vegna þess að séra Johnson auglýsti samkomuna í útvarpsþætti sínum á miðvikudagsmorgninum, þá þjöppuðu meira en fimm hundruð manns sér saman inn í helgidóm Main Street meþódistakirkjunnar og álíka margir stóðu fyrir utan og óskuðu þess að þeir hefðu komist inn. Vegna þess að kirkjugluggarnir voru of hátt uppi til að fólkið á gangstéttinni gæti séð inn, þá setti djákni hátalara í gluggana til að fólkið gæti að minnsta kosti notið þess að hlýða á ræðuna. Þegar Bill kom til kirkjunnar, var mannfjöldinn á gangstéttinni svo mikill, að hann komst ekki að dyrunum. Djákni leiðbeindi honum inn í hliðarsund bak við húsið, þar sem annar maður teygði sig út um opinn glugga og greip um úlnliði Bill og lyfti honum inn um gluggann. Í prédikun sinni það kvöld sagði Bill: “Þið farið ekki til helvítis fyrir að drekka ykkur full. Þið farið ekki til helvítis fyrir að reykja sígarettur eða tryggja munntóbak. Þið farið ekki til helvítis fyrir að ljúga, svíkja eða stela. Þið farið ekki til helvítis fyrir að drýgja hór...”

Skyndilega reis móðir í söfnuði meþódista á fætur og greip fram í fyrir honum. “Séra Branham, ég er á móti þessu. Þetta eru syndir. Ef maður fer ekki til helvítis fyrir að gera þessa hluti, fyrir hvað fer maður þá til helvítis?”

“Þið farið til helvítis fyrir að trúa ekki Orði Guðs. Eina syndin sem Guð fyrirdæmir, er synd vantrúarinnar. Allt hitt eru aðeins eiginleikar syndarinnar. Þið gerið þetta af því að þið trúið ekki. Það merkilega er, að þið getið setið í kirkju alla ævi og samt ekki trúað Orði Guðs. Biblían segir að sá sem trúir á Jesú Krist og láti skírast muni frelsast, en sá sem trúir ekki mun fyrirdæmdur verða.”⁹ Jesús sagði: “*Sá sem heyrir orð mitt og trúir þeim, sem sendi mig, hefur eilíft líf og kemur ekki til dóms.*”¹⁰ Ef þú trúir því sannarlega að Jesús Kristur sé sonur Guðs, þá munt þú ekki lifa lengur sama synduga lífernir og áður en þú mættir honum.”

Þegar samkomunni var lokið sagði séra Johnson: “Bróðir Branham, ég veit að ég lofaði að ég myndi ekki biðja þig, að biðja fyrir neinum sem væri sjúkur, en það er sunnudagaskólakennari hérna sem þarfnast hjálpar. Hún heitir frú Shane. Hún er yndisleg kona, einn af mínum trúföstudustu meðlimum, en hún er slæm á taugum. Hún hefur gengið til sálfræðings í Louisville í tíu ár, en það hefur ekki gert nokkurt gagn. Hún er ennþá í alveg ægilegu ástandi. Taugar hennar eru í einum hnút. Myndir þú leggja hendur yfir hana og biðja Guð að blessa hana?”

“Allt í lagi. Hvar finnst þér hana?”

“Ég sagði henni að biðja eftir okkur fyrir neðan kjallaratröppurnar.” Eftir því sem séra Johnson hafði lýst henni fyrir Bill, þá bjóst hann við að finna konu sem þyrfti að hafa hemil á með því að setja hana í spennitreyju, en hann hitti fyrir fallega konu á fertugsaldri, sem við fyrstu sýn leit út fyrir að vera fullkomlega eðlileg.

“Komdu sæll, bróðir Branham,” sagði hún.

“Sæl frú. Ert þú sjúklingurinn sem ég á að biðja fyrir?”

“Já, ég er frú Shane.”

“Þú lítur ekki út fyrir að vera veik.”

“Ég er ekki sjúk í raun og veru. Ég veit eiginlega ekki hvað að mér er. Ég get með erfiðismunum haldið jafnvægi. Stundum velti ég því fyrir mér hvort ég sé búin að tapa mér.”

Nú tók Bill eftir merkjum taugaveiklunar í hegðun konunnar, hvernig hún fitlaði með fingrunum og það voru vipprur í munnvikum hennar. Bill sagði: “Ég held að þetta sé ekki hugur þinn, systir. Við skulum fara með vandamál þitt fram fyrir Drottin Jesú.” Hann lagði hendur yfir hana og bað fyrir henni, en þegar bæninni var lokið, hafði hann ekki fengið neina fullvissu um lækningu hennar.

Tveimur dögum seinna voru Bill og Meda að versla í New Albany, þegar þau hittu frú Shane úti á götu. “Líður þér eitthvað betur, systir?” spurði Bill.

“Nei, mér er að versna,” stundi hún upp. Hönd hennar kipptist lítilliga til og augu hennar hvörfluðu fram og til baka. Hún leit úr fyrir að vera alveg dauðskelkuð, eins og hún byggist við því að einhver gæti ráðist á sig á næsta augnabliki. “Bróðir Branham, ég get ekki yfirgefið New Albany, vegna þess að ég veit að geri ég það mun eitthvað ná í mig. Ég held í allri einlægni að ég sé að fara yfir um.”

“Það held ég ekki, systir. Ert þú kristin kona sem lifir ofar synd?”

“Já, ég er helgaður meþódisti og endurfædd. Ég er með hóp af ungum konum í biblíufræðslu hvert einasta sunnudagssíðdegi.”

“Nú, við skulum biðja fyrir þér á ný.” Bill laut höfði og bað: “Guð, vertu þessari veslings, litlu konu miskunnsamur, við biðjum þess í nafni Jesú Krists.” En þegar þau skildu fann Bill að málið var enn ekki útkljáð.

⁹ Markús 16:16.

¹⁰ Jóhannes 5:24.

Næsta dag komu vinir Shane hjónanna með hana heim til Bill. Hún barðist á móti og öskraði: “Farið með mig heim. Ég get ekki farið frá New Albany, því þá dey ég.” Þegar Bill reyndi að tala við hana, hélt hún bara áfram að blaðra um það, að hún mætti ekki fara frá New Albany, því þá myndi jörðin opnast og gleypa hana. Bill bað aftur fyrir henni og hún varð rólegri, en hann lét ekki ginnast til að halda að hún væri orðin heil. Eitthvað sem var hulið djúpt innra með henni, var að trufla hana.

Frú Shane vissi það líka. “Bróðir Branham, ég held að ef þú bæðir fyrir mér þegar smurningin er yfir þér, þá myndi ég lækna.” Síðan sagði hún við vini sína: “Næst þegar bróðir Branham heldur lækningasamkomu í nágrenni New Albany, þá segi ég ykkur núna að ég vil fara á hana, jafnvel þótt þið þyrftuð að setja mig í spennitreyju og draga mig þangað æpandi og sparkandi.”

Seinna þann dag fékk Bill símtal frá Sam Adair lækni. “Bill, Able læknir lét mig fá niðurstöðurnar í sambandi við vin þinn. Það væri ef til vill best ef þú segðir konunni hans, að Herra Hall mun kveðja þetta líf innan örfárra daga.”

“Er ekkert hægt að gera?”

“Bill, krabbameinið er í lifrinni! Það er ekki hægt að fjarlægja lifrina og halda honum á lífi. Hann er að deyja. Ég býst við að hann ætti að vera reiðubúinn til að fara, þar sem hann er prédikari.”

“Ó, hann er réttlættur frammi fyrir Guði, en mér þætti leitt að sjá hann fara á þessum tíma. Hann er aðeins 55 ára gamall. Hann getur enn unnið mikið verk fyrir Drottin. Ég veit ekki hvers vegna Drottinn er að taka hann.”

“Já, það er erfitt fyrir hvern sem er að skilja það. Stundum verðum við bara að taka við því.”

Bill og Meda óku heim til hjónanna til að segja frú Hall frá þessu. Hún varð ákaflega sorgmædd þegar síðasti vonarneistinn hvarf í auglýn hins harða raunveruleika. Bill reyndi að hugga hana. “Systir Hall, mundu að hann er kristinn. Hann er reiðubúinn að fara. Postulinn Páll sagði við hina kristnu: ‘Þótt vor jarðneska tjaldbúð verði rifin niður þá bíður okkar önnur.’¹¹ Bróður Hall mun vegna miklu betur á þeim stað sem hann fer til. Auðvitað verður þú einmana þar sem þú ert enn ung og átt engin börn. En þú verður að muna að Guð veit hvað er fyrir bestu og hann lætur allt samverka til góðs.”

“Ég veit bara ekki hvað ég á að gera án hans,” kveinaði hún.

“Við skulum fara og biðja fyrir honum einu sinni enn,” stakk Bill upp á.

William Hall hafði verið meðvitundarlítill síðustu vikuna. Nú var hann meðvitundarlaus. Appelsínugul húð hans leit út eins og vax. Bill, Meda og frú Hall báðu enn á ný og báðu Guð að vera miskunnsaman og þyrma lífi hans.

Áður en Bill fór spurði frú Hall og hún næstum grátbað hann: “Bróðir Branham, hefur Guð talað nokkuð til þín í sýn, í sambandi við þetta?”

“Mér þykir það leitt, systir Hall, en hann hefur ekkert sagt við mig. Ég hef beðið af öllu hjarta. Ef til vill ætlar Guð bara að láta bróður Hall deyja.”

“Heldur þú að hann muni deyja?”

“Já, ég held að hann muni gera það, vegna þess að allt sem fram hefur komið er á móti honum. Það hlýtur að vera vilji Drottins, en ég get ekki sagt það með fullvissu.”

Bill og Meda óku heim. Eins og venjulega, var mörgum bílum lagt meðfram götunni að húsinu. Sex ókunnugir menn biðu eftir að hitta hann. Hann bað fyrir þeim hverjum og einum. Síðasti einstaklingurinn fór skömmu eftir miðnætti. Bill lagði ríffilinn, sem hann notaði við íkornaveiðar, upp við svefnherbergisdyrnar. Hann settist

¹¹ 2. Korintubréf 5:1.

á rúmstokkinn og stillti vekjaraklukkuna á 4. Þar sem hann átti erfitt með að fá hvíld heima hjá sér, þá ætlaði hann að fara snemma morguns út í skóglendið, veiða í nokkra klukkutíma, en leggja sig síðan undir tré og blunda. Það næði enginn að trufla svefn hans úti í skóginum.

Klukkan fjögur hringdi klukkan. Bill velti sér svefndrúkkinn fram úr rúminu og fálmaði eftir fötunum sínum. Hann kíkti á milli rimlanna í rimlagluggatjöldunum. Stundum kom fólk um miðja nótt og svaf í bílum sínum til morguns, svo að hann gæti beðið fyrir því. Í dag var innkeyrslan auð, sem þýddi að hann gat farið að veiða, án þess að verða fyrir seinkun.

Hann tók 22 kaliber riffilinn sinn, kveikti á ljósinu í ganginum og dró aðeins fæturna á leiðinni inn á baðherbergið. Þegar hann var hálfnaður inn ganginn, sá hann grænt epli sem virtist hanga á veggnum. Bill hugsaði með sér: “Hvers vegna skyldi konan mín hengja þurrt ormétið epli upp á vegg?” Hann gekk nær til að sjá þetta betur. Skyndilega gerði hann sér grein fyrir mistökum sínum. Eplið var ekki fest á vegginn, það hékk í lausu lofti.

Hann féll á kné og lagði riffilinn til hliðar. Síðan tók hann af sér hattinn og sagði: “Hvað vill minn himneski faðir tala til þjóns síns?”

Annað grænt epli, alpakið hrúðri birtist við hliðina á hinu, síðan annað og enn eitt, þar til fimm græn epli voru þarna í einum hóp. Meðan Bill horfði á þetta í forundran, datt stórt og óskaddað gult epli ofan á eplahrúguna. Bill heyrði brakandi hljóð eins og þegar einhver bitur í stökkkan ávöxt. Gula eplið gleypti grænu eplin fimm í fimm munnbitum.

Sýnin hvarf, en ljósið yfirnáttúrulega var um kyrrt og það sveif uppi undir þaki, með hljóði eins og í þyrilvindi. Ljósið var ekki sýn. Bill sagði aftur: “Hvað vill Herra minn tala til þjóns síns?”

“*Stattu á fætur,*” skipaði engillinn. “*Farðu og segðu William Hall: ‘Svo segir Drottinn, þú munt lifa og ekki deyja.’*”

Síðan hvarf ljósið.

Allar hugmyndir um að fara á íkornaveiðar hurfu á braut. Hann hljóp til baka inn í svefnherbergið og vakti konu sína til að segja henni góðu fréttirnar. Hún sagði: “Ó, má ég fara með þér?”

Þau óku saman upp að húsinu, þar sem William Hall lá deyjandi. Sólin var að gægjast yfir trén, þegar þau komu þangað. Maggie Hall sat við rúm mannsins síns. Hún var þreytuleg og leið, og þrýsti hönd manns síns.

“Hvernig líður honum?” spurði Bill.

“Hann er enn á lífi, bróðir Branham, en hann er alveg að fara frá okkur. Af hverju ert þú svona glaður og upplitsdjarfur?”

“Systir Hall, ég hef ‘Svo segir Drottinn’ fyrir manninn þinn.”

Hún tók andann á lofti. “Er það eitthvað gott?”

“Já, systir Hall.” Síðan sneri Bill sér við og sagði: “Bróðir Hall, heyrir þú í mér?”

Hann bærði augnalok sín og röddin muldraði: “Er ég ekki ennþá farinn héðan?”

“Nei, og þú ert ekki á förum, ekki enn. Fyrir um það bil tveimur klukkutímum sá ég sýn. Bróðir Hall, hve lengi hefur þú verið veikur?”

Hann var of máttvana til að rifja það upp og hvíslaði: “Maggie, seg þú honum það.”

“Það eru nú orðnir fimm mánuðir.”

Bill kinkaði kolli. “Það er einmitt það sem ég hélt. Fyrr um morguninn sá ég sýn þar sem stórt gult epli gleypti fimm lítill græn ormétin epli. Grænu eplin táknuðu mánuðina fimm, sem bróðir Hall hefur verið veikur. Héðan í frá mun honum fara að batna. Það er: ‘Svo segir Drottinn.’”

Þegar Bill kom heim hringdi hann í vin sinn Sam Adair lækni. “Læknir, þú manst, þessi maður sem þú sagðir að myndi yfirgefa okkur innan fjögurra daga. Drottinn var að enda við að segja mér að hann muni ekki deyja.”

Sam Adair rumdi: “Það er ómögulegt. Hvernig mun hann lifa með þetta krabbamein í lifrinni?”

“Ég veit það ekki, en hann mun lifa, vegna þess að Drottinn hefur talað það.”

“Bill, ég vil ekki efast um það sem þú segir. Ég hef séð svo marga ótrúlega hluti gerast í kringum þig, að ég ætti að trúa hverju sem þú segir mér. En þessi gamli læknir verður að fá að sjá þetta gerast, áður en hann trúir þessu.”

“Nú, þú deyrð ekki úr elli áður en þú sérð þetta gerast, vegna þess að það mun verða.”

Kafli 56

Lífið á sóðalegu kaffihúsi

1951

Laugardagskvöldið 21. júlí árið 1951, var áheyrendasalurinn í bænum Toledo í Ohio heitur eins og bakaraofn. William Branham svitnaði undir björtum ljósunum, þar sem hann stóð á palli fyrir framan áheyrendur sína. Hann hafði nýlokið ræðu sinni og nú var Howard Branham að skipuleggja bænaröðina. Fyrsti maðurinn í röðinni steig fram. Segulbandsspólur snerust og geymdu þessa samkomu sem hljóðupptöku, um alla framtíð.

“Mér finnst dálítið erfitt að tala,” jataði Bill. “Ætli það séu ekki bara mannlegar taugar. Nú verð ég að róa mig niður til að taka við smurningu engils Drottins. Ég býst við að við séum ókunnugir?”

“Já.”

Um leið og maðurinn sleppti orðinu, sá Bill hann minnka þar til hann varð eins og hnefi í loftinu. Síðan upplýsti röddin um vandamál hans. Bill sagði: “Það lítur út fyrir að þú hafir verið með höfuðverk í enni. Ég sé þig sitja svona, og halda um höfuðið. Það kemur einnig máttleysi yfir þig. Halló! Þú ert þjónn fagnaðarerindisins og þú ert með vandamál fyrir hjarta. Er það ekki rétt?”

“Það er rétt.”

Bill bað: “Okkar himneski faðir, ég bið um miskunn fyrir minn kæra bróður. Og ég bið þess að Andi þinn, sem er hérna núna, mætti blessa hann og lækna í Jesú nafni, Amen. Guð blessi þig, bróðir. Farðu nú leiðar þinnar. Þú munt verða heill.”

Næst í röðinni var mögur eldri kona, sem leit út fyrir að vera mjög máttfarin. Bill sagði: “Þú fóst í uppskurð. Það voru nokkrir einstaklingar í kringum þig. Ég sé ljóshærða hjúkrunarkonu stíga til annarrar hliðar. Ég sé skurðlækninn er hann snýr sér við. Hann er hávaxinn maður með hvíta grímu fyrir andliti. Hann fjarlægði sjö rifbein úr líkama þínum. Þú hefur verið veikburða og taugatrekkt síðan þá, ekki satt, systir? Þú fóst til dvalar á heilsuhæli, en ekkert virðist gera neitt gagn.”

Sýnin fjarlægðist og Bill hristi höfuðið lítilega til að ná áttum. “Var þetta rétt?” spurði hann?

“Hvert einasta orð,” var svarið.

Bill lagði hendur yfir hana og sagði: “Satan, sem einstaklingur sem trúir á Jesú Krist og sem fulltrúi þess að Jesús þjáðist á Golgatakrossi í okkar stað, skipa ég þér fyrir Jesú Krist að fara úr þessari konu.” Bill hvatti konuna til að fara heim til sín, borða það sem hana langaði í, vigta sig svo eftir nokkra daga og senda sér síðan vitnisburð sinn.

Með næsta sjúklingi sýndi Bill, að táknið í hendinni virkaði enn. Það opinberaði að það væri æxli í hálsi konunnar. Hún fékk einnig bata í nafni Jesú Krists.

Síðan gekk stúlka fram. Bill spurði: “Hvaðan ert þú?”

“Frá Ontario.”

“Ontario í Kanada. Svo við höfum fæðst í mikilli fjarlægð bæði hvað varðar tíma og stað. Væri eitthvað sem ég vissi um þig, þá hlyti sú þekking að koma frá einhverju yfirnáttúrulegu afli. Er það ekki rétt?”

“Jú.”

Sýnin kom. “Ég sé að þú ert með astma. Þú hefur farið í rannsókn á sjúkrahúsi vegna þessa. Ég sé lækni standa hjá þér. Núna sé ég dálítið annað. Þú lentir líka í

bílslysi.” Þegar sýninni lauk hurfu þessir atburðir líka úr minni hans. En hann vissi af reynslunni að það sem hann hafði sagt undir smurningunni var rétt. Hann sagði í öruggu trúartrausti: “Systir, trúir þú að ég sé spámaður Guðs og að ég hafi sagt þér sannleikann? Þú gerir það? Gott. Ég ætla að leggja hendur yfir þig. Þegar Jesús dó á Golgata læknaði hann þig. Þú ert þér meðvituð um að yfirnáttúruleg vera er hér stödd, sem þú trúir að sé nærvera Guðs. Er það ekki rétt? Ég blessa þig systir, í nafni Drottins Jesú Krists, að hann mætti taka astmann frá þér. Mættir þú snúa heil aftur heim til Ontario og vitna um náð Guðs við þig alla ævidaga þína.”

Bill sneri sér aftur að áheyrendum og spurði: “Eruð þið ástafangin af Jesú?”

Loftið titraði þegar fólkið hrópaði: “Amen!”

“Ef Jesús stæði hér í kvöld og væri í jakkafötunum mínum, þá gæti hann ekki gert meira fyrir ykkur, en hann er að gera á þessari stundu. Jesús sagði: *“Ekkert getur sonurinn gjört af sjálfum sér, nema það sem hann sér föðurinn gjöra.”*¹² Hann sá þessa hluti í sýn frá föðurnum. Jesús gaf sjálfum sér ekki dýrdina fyrir það sem hann gerði. Síðan fór Andinn sem var yfir honum, burt. Hann sagði: *“Innan skamms sér heimurinn mig ekki framar, þér munuð sjá mig, því ég verð með yður og í yður allt til enda veraldarinnar.”*¹³ Er það ekki satt? Jesús Kristur, er hinn sami í gær og í dag og um aldir.”¹⁴

“Ef ég segði að ég gerði alla þessa hluti þá væri ég lygari. Ég geri þá ekki. Jesús Kristur sýnir mér þá fyrir sína almáttugu náð og visku. Ekki mín vegna, það er til að þið mættuð lækna. Eftir að Guð hefur sent Orð sitt og þjóna sína, sendir hann nú einnig spámannlega gjöf svo að trú fólksins mætti verða meiri, til að fá fólkið til að trúa á sig. Ef það er ekki náð og miskunn, þá veit ég ekki hvað það er.”

“Guð tekur ekki Anda sinn frá jörðinni. Hann tekur þjón sinn, en ekki Anda sinn. Þegar hann tók Elía, þá kom tvöföld smurning af anda Elía yfir Elísa, ekki satt?¹⁵ Og nokkur hundruð árum seinna kom hann yfir Jóhannes skírara.¹⁶ Og því er spáð að á síðustu tímum muni hann stíga niður á ný.¹⁷ Guð tekur þjón sinn en ekki Anda sinn. Andi hans dvelur hér um kyrrt. Þegar Andinn fer burt, fer kirkjan líka. Þá verður ekkert hjálpræði lengur. Þegar Andinn er farinn, er náðinni lokið.”

Þegar hann vaknaði næsta morgun, sunnudaginn 22. júlí árið 1951, var Bill ennþá þreyttur. Eftir að hafa prédikað fimm kvöld í röð í rökum júlíhitunum, var honum næstum öllum lokið. Ern Baxter bauðst til að prédika á morgunsamkomunni, til að Bill gæti hvílst á hótélherbergi sínu. Bill tók boðinu fegins hendi, og notaði frítíma sinn til að biðja og undirbúa sig fyrir sunnudagssíðdegisdag og kvöldsamkomurnar. Um hádegi varð hann svangur og fór niður til að ná sér í samloku.

Hann bjó á hóteli nokkrum kílómetrum fyrir utan Toledo. Alla þá viku hafði hann borðað á góðum og hreinlegum veitingastað í nágrenni hótelsins, en þessi veitingastaður var lokaður á sunnudögum. Annar veitingastaður var opinn hinum megin við veginn, svo að Bill gekk þangað og fór inn.

Hurðin skelltist á eftir honum. Hann horfði í kringum sig á subbulegu kaffihúsi, þar sem rokktonlist úr glymskratta fyllti loftið. Vinstra megin við sig, sá hann lögreglumann með annan handlegginn utan um konu og hinn notaði hann til að spila peningaspil. Bill brá við þá sjón. Fjárhættuspil voru ólögleg í Ohio og þarna stóð

¹² Jóhannes 5:19.

¹³ Matteus 28:20 og Jóhannes 14:16-20.

¹⁴ Hebreabréfið 13:8.

¹⁵ 2. Konungabók 2:1-15.

¹⁶ Lúkas 1:11-17.

¹⁷ Malakí 4:5-6, Matteus 17:10-11.

laganna vörður og var opinberlega að brjóta þau lög, sem hann hafði svarið að halda í heiðri. Hvernig fordæmi var það fyrir unga fólkið þarna inni? Bill tók eftir stúlku um það bil 18 ára að aldri, sem sat við borð með bjór í hendi. Hún var ósiðlega klædd í allt of stutt pils og tveir piltar grúfðu sig yfir hana. Bill fann til óbeitar. Síðan leit hann til hægri. Þar sat fullorðin kona ásamt tveimur eldri karlmönnum. Öll þrjú voru að drekka bjór. Konan var hræðilega illa útlítandi. Stuttklippt hár hennar var litað með bláum strípum, hún var með bláa augnskugga og bláan varalit á vörunum og blátt naglalakk á nöglunum. Hún var í ermalausum bol þannig að það sást í beran handarkrika hennar og hún var klædd í stuttbuxur svo að sást í berar mjaðmir hennar. Hún var að reyna að kveikja í sígarettu, en gat ekki kveikt á eldspítunni.

Bill varð ómótt. Í huga sínum bar hann hinn tignarlega heilagleika Guðs, sem hann hafði upplifað á hverju kvöldi á samkomunum, saman við þetta sóðalega kaffihús. Hann hugsaði með sér: “Guð, hvernig getur þú horft á þetta? Verða Rebekka mín litla og Sara að alast upp mitt á meðal slíkrar spillingar? Af hverju eyðir þú ekki þessum heimi og lýkur þessu af? Líttu bara á þessa táningsstúlku, sem hegðar sér svona, þegar hún ætti að vera í kirkju. Og þessi kona með lögreglumanninum, að spila fjárhættuspil og síðan er það þessi amma, sem situr þarna við drykkju. Það er eins og allt sé orðið spillt, æska þessa lands, móðurhlutverkið, lögin og jafnvel hinir öldruðu. Það er allt saman farið.”

Þar sem hann stóð þarna og var að gagnrýna þau öll í hjarta sínu, kom undarleg tilfinning yfir hann. Hann gekk inn í dimmt horn og settist í auðan bás. Skyndilega sá hann heiminn hringsnúast úti í geimnum. Umhverfis jörðina var blóðrauður hjúpur sem líktist þunnu skýi. Bill heyri rödd útskýra fyrir sér: *“Blóðrauða skýlan, er blóð Jesú Krists, sem dó til að frelsa syndara. Það er ástæða þess að Guð getur ekki eytt þessu fólki. Það hefur ennþá tækifæri. Sérhver dauðleg vera hefur rétt á að taka við frelsun sinni allt til dauðadags, þegar þau fara út fyrir þetta blóð. Ef þau deyja án þess að taka við því, eru þau þegar dæmd. En meðan þau eru á lífi, hafa þau rétt á lífsins tré, ef þau taka við því.”*

Bill neri augun og hugsaði: “Hvað er um að vera? Ég veit að ég sofnaði ekki. Þetta hlýtur að vera sýn. Ég er sannfærður um að þetta er sýn.”

Hann sá Jesú Krist standa fyrir ofan heiminn og mæna niður á sköpun sína. Jesús leit út fyrir að vera sorgmæddur og leiður. Bill gat séð þyrnikórónuna á höfði hans, blóðið sem rann niður gagnauga hans og hráka hermannsins á skeggi hans. Sundum kippti Jesús höfðinu til eins og eitthvað hefði lent á andliti hans. Bill velti þessum kippum fyrir sér, þar til Jesús sagði: *“Þetta eru högginn frá syndum þínum.”*

Bill varð steini lostinn og fylgdist með sjálfum sér í sýn, gera hluti sem hann hefði ekki átt að gera og segja hluti sem hann hefði ekki átt að segja. Í hvert skipti sem hann syndgaði, sá hann svartan blett stíga upp yfir sjóndeildarhring í áttina að hásæti Guðs. Hann vissi það gegnum innsæi að kæmist þessi blettur alla leið að hásæti Guðs, þá væri lífi hans lokið. Guð myndi drepa hann á sömu stundu. En eitthvað var í veginum, rauða skýið umhverfis jörðina var eins og stuðari og hindraði syndir Bill frá að komast í nærveru heilags Guðs.

Nú tók Bill eftir að blóðrauða hulan umhverfis heiminn stafaði af blóðinu sem flæddi úr síðu Jesú. Annar syndablettur flaug upp á við. Jesús kipptist til þegar hann lenti á honum og blóðdropi rann niður enni hans. Hann lyfti höndum og sagði: *“Faðir, fyrirgefðu þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gera.”*

Bill fannst sem verið væri að slíta úr sér hjartað. Hann hugsaði: “Ó, góði Guð, gerði ég þetta? Þetta var þó ekki af mínum völdum?”

En það var hann. Það lá opin bók nærri hásæti Guðs. Bill sá nafni sitt ritað á fyrstu blaðsíðunni með stórum stöfum. Fyrir neðan nafnið var annað orð, sem hann gat ekki

greint hvað var. Blaðsíður bókarinnar voru þéttskrifaðar og í hvert skipti sem syndablettur steig upp frá jörðinni, var bætt við einni setningu í viðbót. Bill gekk titrandi nær til að lesa bókina. Hann gapti fylltur hryllingi. Fyrir neðan nafn hans stóðu þessi hroðalegu orð: “Fundinn sekur.”

Í sýninni þvarr Bill allur máttur og hann féll niður. Máttvana og skjálfandi skreið hann að fótum Jesú og grátbað hann: “Drottinn Jesús, ég vissi ekki að syndir mínar særðu þig svona mikið. Viltu vera svo vænn að fyrirgefa mér?”

Jesús dýfði fingrinum í særða síðu sína. Hann notaði eigið blóð sem blek og ritaði með fingrinum yfir kápu bókarinnar: “Náðaður.” Síðan lagði hann bókina á bak við sig og úr sjónmáli.

Aldrei áður hafði Bill séð neitt jafn indælt í sýn, né fundið fyrir slíkum létti og fögnuði. En áður en hann gæti tjáð þakklæti sitt sagði Jesús: “*Ég fyrirgaf þér og þú vilt dæma þetta fólk.*”

Bill stífnaði upp þegar hann fékk opinberun. Fyrir augnabliki síðan hafði hann viljað að Guð sprengdi staðinn í loft upp. Nú sá hann fólkið í þessu kaffihúsi frá öðru sjónarhorni.

Meðan sýnin var að dofna sagði röddin við Bill: “*Þér er fyrirgefið, en hvað með hana? Hún þarfnast líka fagnaðarerindisins.*”

Hann leit í kringum sig á kaffihúsinu með nýrri samúð. Bill hugsaði: “Ó, Guð, hvernig veit ég hvern þú hefur kallað og hvern þú hefur ekki kallað? Mitt hlutverk er að tala við alla.”

Eldri mennirnir tveir og subbulega konan hlógu hátt. Meðan Bill fylgdist með þeim, stóðu mennirnir upp og gengu að salerni karla og konan sat ein eftir. Bill gekk að borðinu og sagði: “Góðan daginn, frú mín góð. Má ég fá mér sæti, mig langar að tala við þig?”

Konan flissaði og leit upp, hikstaði, lagði frá sér bjórinn og sagði með drafandi röddu: “Ég hef þegar félagsskap.”

“Ég meinti þetta ekki þannig, systir. Ég er þjónn Guðs og mig langar til að tala við þig um sál þína.”

Þegar hann kallaði hana systur breyttist afstaða hennar. Hún sagði: “Fáðu þér sæti.”

Bill ýtti stólnum upp á boðinu og kynnti sig. Síðan sagði hann henni frá sýninni sem hann hafði séð rétt í þessu. “Ég stóð þarna og var að gagnrýna þig í hjarta mínu. Mér fannst að Guð ætti að stíga niður og sundurmola þennan stað. En nú er ég búinn að breyta um skoðun. Viltu fyrirgefa mér fyrir að dæma þig á þennan hátt? Guð fyrirgaf mér syndir mínar og ég vil að hann fyrirgefi þér líka.”

“Branham,” muldraði hún. “Branham. Ert þú maðurinn sem hefur verið að halda vakningarsamkomur þarna niðurfrá í samkomuhöllinni?”

“Já, frú, það er ég.”

“Mig hefur langað til að fara þarna niður eftir, en hef ekki getað komið mér af stað. Herra Branham, ég var alin upp í kristinni fjölskyldu. Ég á tvær dætur sem eru kristnar. Ég veit hvenær ég fór út af rétta veginum og fór að ganga hinn ranga.” Hún sagði sögu sína í stuttu máli, og drap á þeim röngu ákvörðunum sem höfðu leitt hana yfir á hina myrkari hlið lífsins, ásamt öllum vonbrigðum þess og sársauka.”

Þegar hún hafði lokið máli sínu sagði Bill: “Systir, mér er sama hvað þú hefur gert, blóð Jesús Krists umvefur þig samt sem áður. Heimurinn er hulinn af blóði hans og það varðveitir þig frá reiði Guðs. Svo framarlega sem þú dregur enn andann, hylur blóðið þig. Einhvern daginn, þegar öndin yfirgefur þennan líkama þá fer sál þín út úr honum og þú ferð á stað handan þessa heims, þar sem blóðið gagnar þér ekkert. Þar bíður ekkert nema dómur. Meðan þú hefur enn tækifæri á fyrirgefningu skaltu taka við henni. Biddu Jesú að fyrirgefa þér og láttu frelsast.”

Henni varð litið á bjórinn sinn. “Herra Branham, ég hef verið að drekka.”

Bill tók í hönd hennar og sagði: “Það skiptir engu máli. Heilagur andi sagði mér að fara og segja þér þetta. Guð kallaði þig fyrir grundvöllun heimsins, systir. Þú ert að gera rangt og hér ert þú að gera vont verra.”

“Heldur þú að Guð vilji taka við mér?”

“Vissulega vill hann taka við þér.”

Hún þrýsti hendi Bill og sagði í einlægni: “Viltu biðja fyrir mér að ég mætti frelsast?”

Þau krupu á gólfi kaffihússins og báðu saman þar til konan tók við frelsun sinni í Jesú Kristi. Þegar Bill stóð upp tók hann eftir því að lögreglumaðurinn hafði tekið ofan hattinn og kropið í virðingarskyni niður á annað hnéð.

Þegar Bill gekk út úr veitingastaðnum hugsaði hann með sér: “Það er rétt. Ekki fyrirdæma þau, færum þeim fagnaðarerindið.”

26. ágúst árið 1951, eftir sex vikna ferðalag, sneri Bill aftur heim til Jeffersonville í Indiana, þakklátur fyrir að fá að eyða nokkrum vikum heima áður en hann flygi til Suður-Afríku. Sama kvöldið flutti hann sína síðustu ræðu í heimabæ sínum það árið. Þar sem hann vissi að hans eigin kirkjubýgging myndi ekki rúma allan mannfjöldann, þá leigði hann samkomusal menntaskólans á staðnum, sem rúmaði 4.000 manns. Því miður var það samt ekki nóg pláss. Öll sæti voru setin og fólk stóð upp við alla veggi og samt voru mörg þúsund manns, sem ekki komust inn.

Meðan áheyrendur sungu blíðlega: “*Trú, aðeins trú, trú, aðeins trú, allt er hér mögulegt, trú, aðeins trú,*” gekk Bill upp á sviðið. Hann horfði á mannfjöldann og tók þá eftir Dillman lækni. “Góða kvöldið Dillman læknir,” sagði hann í hljóðnemann. Dillman svaraði kveðju hans með því að kinka kolli. Bill renndi augunum yfir áheyrendur meðan hann talaði. Hann sá vin sinn Sam Adair standa við innganginn. “Góða kvöldið, Adair læknir. Það er leiðinlegt að við skulum ekki hafa sæti fyrir þig. Mætti Drottinn blessa þig.” Því næst veitti Bill athygli William Hall sem brosti hraustlegu brosi. Bill sagði: “Dillman læknir, manstu eftir sjúklingi sem þú hafðir til meðferðar ekki alls fyrir löngu, William Hall að nafni. Fyrir um það bil sex vikum var hann næstum því dáiinn úr krabbameini í lifur.”

Dillman læknir kinkaði kolli.

“Adair læknir, manstu eftir að hafa sagt mér að William Hall myndi yfirgefa þennan heim eftir fjóra daga?”

Sam Adair kinkaði líka kolli.

Bill leit á William Hall og sagði: “Bróðir Hall, langar þig til að vitna?”

William Hall spratt á fætur. “Hvort mig langar til að vitna. Já, lofaður sé Drottinn.”

Þegar samkomunni lauk, fóru Adair læknir og Dillman læknir með William Hall á sjúkrahúsið í ítarlega rannsókn. Þeir fundu ekki minnstu merki um krabbamein.

26. september árið 1951 hóf William Branham lækningasamkomur í New York borg. Næstu fimm kvöld myndu vera síðasta herferð hans í Ameríku, áður en hann færi til Suður-Afríku. Á föstudeginum var fyrsti einstaklingurinn í bænaröðinni miðaldra kona. Bill þurfti ekki annað en líta á hana, til að sjá að hún var þjáð.

Hann sagði: “Þú ert sjúk. Jesús er auðvitað búinn að lækna þig fyrir níttján hundrað árum. Það er Orð Drottins, ekki satt?”¹⁸ Og við verðum að trúa því. Nú, hann ritaði það ekki persónulega til þín í þínu nafni, hann ritaði það fyrir allan fjöldann. En það er alveg eins og hann hefði ritað það beint til þín. Síðan sendi Guð spámannlegar gjafir í

¹⁸ Jesaja 53:5. 1. Pétursbréf 2:24.

kirkjuna á þessum síðustu tímum til að örva trú síns fólks. Þannig að ef hann myndi tala í gegnum mig, þá væri það óbeint, en það myndi samt vera Orð Hans. Að efast um hið ritaða Orð væri synd og að efast um hið talaða Orð Hans væri synd.”

“Allir þarna í bænaröðinni verða að vera tilbúnir til að trúa. Ef þið trúðið ekki, skuluð þig fara úr röðinni, vegna þess að þið gætuð endað með því að ykkur hendi eitthvað enn verra. Jesús sagði við mann nokkurn: ‘*Syndga ekki frammar svo að ekki hendi þig annað verra.*’¹⁹ Þegar hann sagði syndga átti hann ekki við einhverja ósiðsama athöfn. Syndin er að trúa ekki Orði Guðs. *Sá sem trúir ekki, er þegar dæmdur.*’²⁰ Sjáðu til, það er vantrú þín sem mun dæma þig. Guð sendir þig ekki til helvítis vegna einhvers ákveðins verknaðar sem þú hefur gert. Hann sendir þig til helvítis, ef þú hafnar þeirri forsjá sem hann gaf hvað varðar hjálpræði þitt. Ef þú hafnar Jesú eða þig skortir trú á Orð hans, þá nægir það til að dæma þig til vistar í helvíti. Satan setur alltaf spurningamerki við það, en það er: ‘*Svo segir Drottinn.*’”

“Ég geri ráð fyrir að þið séuð að velta fyrir ykkur, hvers vegna ég hinkra við. Ég er að bíða eftir engli Drottins og nú finn ég að hann stígur niður.” Bill sagði við konuna við hlið sér: “Þú ert meðvituð um að eitthvað er að gerast. Það er bara smurningin. Þú finnur hana sem hlýjan og blíðan anda. Ef það er rétt, réttu þá upp hönd þína.” Hönd hennar flaug á loft. “Engill Drottins er hérna á pallinum og trú þín er farin að draga hann til þín. Þú ert ókunnug hérna í New York borg. Þú kemur frá Pennsylvaníufylki. Ég sé að þú þjáist í neðra kviðarholi. Það er krabbamein í blöðrunni. Þú ert með aðra sjúkdóma, m.a. hjartavandamál. Ég sé þig í köflóttum kjól og þú átt erfitt með andardrátt.”

Hann bað: “Himneski faðir, vertu þessari systur miskunnsamur og læknaðu hana af þessum hryllilega illa anda sem er að reyna að taka líf hennar. Satan, sem kristið og trúað fólk höstum við á þig í nafni Drottins Jesú. Við skipum þér að fara frá þessari konu og fara út í ystu myrkur og kvelja hana aldrei frammar.”

“Nú, kæra móðir, þetta er vikið frá þér. Farðu fagnandi heim til Pennsylvaníu.”

Þannig gekk kvöldið fyrir sig, með nákvæmri greiningu hverri á fætur annarri. Frá einni lækningu til næsta kraftaverks. Krabbamein, hjartasjúkdómar, sykursýki, heyrnarleysi, flogaveiki, allir þessir sjúkdómar beygðu sig undir hinn læknandi kraft Jesú Krists. Eftir dágóða stund, færði engillinn sig af pallinum og sveif yfir áheyrendum.

Bill sagði: “Ég sé Anda Guðs svífa yfir konunni þarna í rauða kjólnum. Ég veit ekki hvers vegna. Hún hefur meðtekið blessun, lækningu eða eitthvað annað. Kona ert þú kristin?”

Ern Baxter sagði: “Bróðir Branham, hún fékk lækningu á samkomunni í fyrrakvöld.”

“Ó, svo það er þess vegna. Ég man ekki þessa hluti. Þeir verða að segja mér hvað gerist á samkomunum. Mér finnst eins og mig hafi dreymt þetta. Ef þessi áheyrendahópur vissi bara hvernig mér líður á þessari stundu. Mér finnast hendur mínar vera örlítið stærri, varir mínar eru dofnaðar. Þegar Andinn stígur niður er það eins og ég sé að hlusta á mig tala. Hann tekur bara vald yfir þjóni sínum. Það er hann sem talar og ekki ég. Ég hef ekkert með það að gera. Allt í lagi, verið öll í auðmjúkum anda. Trúðið af öllu hjarta. Guð mun koma því til leiðar.”

Samkomunni lauk um ellefu og það var næstum komið miðnætti, þegar Bill og Meda voru komin á hótelið sitt. Þegar þau gengu inn í anddyrið á hótelinu, rétti næturvörðurinn þeim bréf að heiman. Í bréfinu stóð að hin sex mánaða gamla Sara væri fjarveik. Meda varð strax áhyggjufull og taugatrekkt og vildi hringja heim

¹⁹ Jóhannes 5:14.

²⁰ Jóhannes 3:18.

samstundis og komast að því hvernig Söru liði núna. Bill vildi bíða með það. Sara var hjá ömmu sinni, Ellu, sem var ekki með neinn síma. Það þýddi að Meda myndi verða að hringja í nágranna, sem yrði að ganga yfir engi til að komast heim að húsi Ellu Branham, til að færa þeim fréttirnar. Þar sem það var orðið svo áliðið sannfærði Bill Medu um að símtal hennar gæti beðið til morguns.

Bill lá lengi í rúminu, án þess að geta sofði. Hann átti oft við það vandamál að etja eftir samkomur. Jafnvel þótt hann væri yfir sig þreyttur, héldu trektar taugar hans honum vakandi. En í kvöld hafði hann við nokkuð að glíma fyrir utan það. Áhyggjur af veikri dóttur sinni. Hann lá kyrr þar til andardráttur konu hans var hægur og djúpur og hún var í fastasvefni. Þá smeygði hann sér fram úr rúminu, fór inn í næsta herbergi, kraup niður á kné og bað fyrir Söru.

Um klukkan þrjú um nóttina sá hann móður sína ganga í áttina til sín og hún hélt á litlu stúlkunni hans. Sara átti erfitt með að anda, litla andlitið hennar var eldraut og hún tók andköf. Amma Ella rétti Bill barnið, sem þrýsti því upp á brjósti sér og bað: “Ó Guð, ekki láta barnið mitt deyja. Þyrndu lífi hennar, viltu gera það, Drottinn Jesús?”

Sara dró djúpt andann og fór síðan að anda eðlilega. Bill rétti ömmu hennar hana.

Engill Drottins sagði: *“Í fyrramálið munt þú fá þær fréttir að barnið hafi verið nær dauða en lífi, en nú er allt í lagi með hana.”*

Þar sem hann hafði nú öðlast hugarró, fór Bill aftur í rúmið og sofnaði. Hann vaknaði klukkan níu við það að Billy Paul barði á dyrnar. Meda var þegar komin á fætur. Þegar Billy Paul var kominn inn fyrir sagði Meda: “Ég ætla að hringja núna og fá fréttir af barninu.”

“Elskan, þú þarft ekki að hringja, en ef þú gerir það eru þetta þær fréttir sem þú munt fá. Þegar nágrannakonan fer heim til Ellu til að fá fréttir, mun hún koma aftur og segja: ‘Já, barnið hefur verið mikið veikt, en nú er allt í lagi með hana.’” Meda varð undrandi, þannig að Bill bætti við: “Guð læknaði Söru síðastliðna nótt og sýndi mér það síðan í sýn.”

Jafn oft og Meda hafði orðið vitni að því að sýnir eiginmanns hennar voru sannleikur, þá varð móðirin í henni samt sem áður að hringja. Meðan þau biðu eftir að nágrannakonan hringdi til baka sagði Bill: “Taktu eftir orðalaginu, vegna þess að það verður orð fyrir orð nákvæmlega það sem engillinn sagði mér.” Síminn hringdi. Meda hélt símtólinu örlítið frá eyranu til að maður hennar gæti heyrt nágrannakonuna segja: “Barnið hefur verið mikið veikt, en nú er allt í lagi með hana. Guð læknaði hana síðastliðna nótt.”

Bill kinkaði kolli. Þegar hér var komið sögu, eftir fimm ára reynslu, vissi hann að engill Drottins sagði honum alltaf sannleikann. Hann gerði sér enn ekki grein fyrir því að það réð úrslitum, að gera nákvæmlega það sem engillinn sagði. Hann átti brátt eftir að læra það í Suður-Afríku.

Kafli 57

Væringar í Afríku 1951

Sidney Jackson tók af sér stráhattinn sinn og þurrkaði svitann af enninu. Það var meiri hiti í loftinu í gær en í dag. Það var kominn september árið 1951. Þá er sumarið að byrja í Suður-Afríku og Jackson var að lagfæra áveiturör í sítrónutrjálundinum sínum. Hann skildi skófluna eftir í moldinni og hallaði sér upp á tré. Þarna á hæðinni gat hann séð yfir Highveld, en það er gresja með gisnum trjágróðri sem teygir sig norður á bóginn til Botswana og yfir til Rhodesíu. Til austurs, milli búgarðs hans og Indlandshafs, var Transvaal Drakensberg, stærsti fjallgarður Suður-Afríku. Þótt Sidney Jackson hefði búið í þessu landi alla sína ævi, þreyttist hann aldrei á hinni hrjúfu og villtu fegurð þess.

Hann þreifaði letilega á hattborðanum sínum, sem var úr hlébarðaskinni og minntist safaríferðarinnar, þegar hann hafði skotið þetta ákveðna kattardýr. Sú ferð hafði verið umfangsmeiri en flestar aðrar safaríferðir hans. Þar sem hann hafði ætlað að ná í konung dýranna, hafði hann ráðið heilt þorp innfæddra til að fara inn í runnana og hræða ljón úr felum í háu grasinu.



Sidney og Johanna Jackson með hlébarða, sem skotinn var á búgarði þeirra í Suður-Afríku.

Skyndilega varð honum hugsað til hinna þeldökku innfæddu, en margir þeirra voru góðvinir hans. Árum saman hafði hann ferðast um landsvæðið sem kallast Transvaal, í hlutastarfi sem trúboði. Þegar hér var komið sögu, talaði hann nokkrar mállýskur innfæddra ásamt Ensku, Hollensku og Afrikaans.

Hann elskaði kjarlendin og

hjá honum hafði myndast djúp virðing fyrir hinum innfæddu sem þar bjuggu.

Sidney Jackson lokaði augunum í bæn fyrir eigin trúboðsstarfi meðal hinna innfæddu. Brátt innihélt bænin alla trúboða í Suður-Afríku. Þegar hann komst dýpra í Anda Drottins, heyrði hann sjálfan sig skyndilega segja: "*William Marrion Branham.*" Það vakti furðu hans. Þótt hann hefði lesið um William Branham, þá hafði þessi erlendi trúboði ekki verið í huga hans. Og hver var Marrion Branham? Hann velti fyrir sér hvort Marrion væri eiginkona William. Ef svo væri, hvað höfðu þá William og Marrion Branham með trúboðsstarf í Suður-Afríku að gera? Jackson vissi að Guð var að reyna að segja honum eitthvað, en á því augnabliki vissi hann ekki hvað það var.

Í draumi nóttina á eftir, sá hann William Branham sitja í sæti á áheyrendasvæði að reykja sígarettu. Það olli Jackson óróleika. William Branham var þekktur um allan heim fyrir að vera guðsmaður. Af hverju hafði hann dreymt að svo guðhræddur maður, væri að gera nokkuð jafn óhollt og vanheilagt og að reykja? Hvað var Guð að reyna að segja honum?

Nokkrum vikum eftir að hann dreymdi þennan draum, brá Sidney Jackson við að lesa í dagblaðinu, að William Branham myndi heimsækja Suður-Afríku í október. Þjóðarnefndin sem samanstóð af leiðtogum þriggja stærstu kirkjudeilda Suður-Afríku, það er Hollensku siðbótarkirkjunni (*Dutch Reformed Church*), Ensku kirkjunni og Postullegu trúboðskirkjunni (*Apostolic Faith Mission*), sá um að fjármagna tveggja mánaða ferð, sem myndi leiða William Branham til ellefu borga í Afríku. Ferðin átti að hefjast í Jóhannesarborg 3. október árið 1951. Sidney Jackson vissi ekki hvað Guð var að reyna að segja honum, en hann vissi að hann varð að vera í Jóhannesarborg, þegar hinn frægi ameríski trúboði kæmi þangað.

Vandræðin byrjuðu hjá Bill áður en hann yfirgaf New York borg. Þegar hann kom á alþjóðaflugvöllinn, komst hann að því, að hann og Billy Paul gátu ekki farið um borð í áætluðflugvélinu, vegna þess að dvalarleyfin þeirra voru ekki nógu vel frágengin. Þá vantaði báða bólusetningu gegn gulu, sem var krafist. Þannig að hinir í hópnum, framkvæmdarstjórnir tveir, Ern Baxter og Fred Bosworth ásamt Julius Stadsklev, sem var herprestur á eftirlaunum, fóru um borð í flugvélinu og flugu til Suður-Afríku á undan þeim. Bill og sonur hans fengu sprauturnar sínar á læknastöð nálægt flugvöllinum, en þeir urðu að bíða þrjá daga í viðbót í New York, áður en þeir gátu fylgt hinum eftir.

Flogið var yfir Atlantshafið. Það var óróleiki í lofti og þeir fengu litla hvíld. Vél Bill tók að búa sig undir lendingu í Jóhannesarborg klukkan 6:30 að kvöldi 6. október árið 1951, en þoka og tækjabúnaður í flugvélinni sem virkaði ekki sem skyldi, seinkaði lendingunni til klukkan 9. Ern Baxter beið eftir Bill við komuhliðið. Við hlið Baxters stóð A. J. Schoeman formaður nefndarinnar, sem hafði samþykkt ferð Bill til Suður-Afríku. Samkvæmt samkomulagi við ríkisstjórnina, var strax farið með Bill fremst í röðina við tollskoðunina. Því miður var dvalarleyfið hans enn ekki gilt, vegna þess að bóluefnið við gulu þurfti 12 daga til að virka, áður en hann gæti komið til landsins. Séra Schoeman sárþænti yfirvöldin um að gera undantekningu, og hann útskýrði að mörg þúsund manns biðu á því augnabliki eftir að heyra manninn tala. Að lokum samþykktu heilbrigðisyfirvöld Suður-Afríku, að leyfa Bill að koma inn í borgina, en þeir neituðu að leyfa honum að ferðast innan Suður-Afríku næstu 10 daga.

Um leið og þeir yfirgáfu flugvöllinn, sagði Ern Baxter Bill frá því sem hafði gerst síðastliðna þrjá daga. Þegar hann lenti í Suður-Afríku biðu mörg hundruð manns eftir að hitta Bill. Auðvitað varð fólkið fyrir vonbrigðum þegar það komst að því að Bill hefði seinkað og hann væri enn í New York. Það var ekkert annað að gera en halda sínu striki án hans, þannig að Baxter og Bosworth héldu samkomu í einni af stærstu kirkjubýggingum borgarinnar. Hún gat aðeins rúmað lítinn hluta af öllum þeim mannfjölda sem kom, þannig að næsta dag færðu þeir samkomurnar yfir á Maranthasamkomusvæðið um 32 kílómetrum fyrir utan borgarmörkin. Ern Baxter sagði: “Mannfjöldinn hefur talið um 10.000 á hverju kvöldi. Bróðir Bosworth og ég höfum prédikað til skiptis og lagt grunninn að því að fólkið eignaðist trú á fyrirheit Guðs um að lækna. Fólkið hefur tekið mjög vel við og ég held að trú þeirra sé orðin fullþroskuð. Þegar við komum þangað í kvöld verður samkomunni næstum lokið, en þú getur að minnsta kosti heilsað upp á fólkið og sagt nokkur orð til að undirbúa það fyrir morgundaginn.”

“Það hljómar vel,” sagði Bill þreytulega. Hann var að horfa á byggingarnar við vel upplýst strætinn. “Ég gerði mér ekki grein fyrir að Durban væri svona nútímaleg borg. Ég hélt hún myndi vera frumstæðari.”

“Ó, bróðir Branham, þú hefur rangt fyrir þér,” sagði séra Schoeman. “Þetta er ekki Durban, þetta er Jóhannesarborg.”

“Erum við ekki í Suður-Rhodesíu?” spurði Bill?

“Nei, þetta er Suður-Afríka,” svaraði séra Schoeman.

“Nú, í hvaða hluta Suður-Afríku er þá Suður-Rhodesía?”

“Bróðir Branham, það er engin Suður-Rhodesía í Suður-Afríku.”

Séra Schoeman hló góðlátlega. “Bróðir Branham, það væri eins og að skrifa bréf til New York borgar í Kanada. Það er engin New York borg í Kanada. Rhodesía er annað ríki en Suður-Afríka.”


“Hvar er Durban þá?”

“Hún er á austurströndinni um það bil 450 kílómetra í suðausturátt.”

“Hvað eru það margar mílur?”

“Um það bil 300 mílur.”

“Nú, Durban er staðurinn sem Drottinn vill að ég fari til. Hvenær förum við þangað?”



Fylgdarlið William Branham með þjóðarnefndinni sem bar ábyrgð á skipulagningu herferðarinnar í Suður-Afríku. Fremri röð: A.W. Preller, F.F. Bosworth, A.J. Schoeman, William Branham, W.F. Mullan og W. J. Ern Baxter. Aftari röð: H. C. Phillips, E. D. Pettenger, D. Freeman, E. King, G. Vermeulen, J. W. Gillingham, J. H. Saayman, Julius Stadskev, Billy Paul Branham

Schoeman leit út fyrir að líða óþægilega. “Ó, þú munt komast þangað,” sagði hann loðið.

“Hafðu ekki neinar áhyggjur af því.” Síðan breytti hann um umræðuefni.

Maranathasamkomusvæðið var í raun ekki áheyrendasalur. Þetta var risastór opin bygging með galvaníseruðu járnþaki og hafði eitt sinn verið aðaljárnbrautarstöð Jóhannesarborgar. Postullega trúboðskirkjan, sem var stærsta hvítasunnukirkjudeildin í landinu, hafði keypt garðinn til að nota hann til ráðstefnuhalds. Nú skýldi byggingin hluta af mannfjöldanum sem taldi um

15.000 manns.

Bill velti fyrir sér þjóðerni þessa fólks, því að flestir voru evrópskir að útliti. “Eru þetta allt Afríkubúar,” spurði hann? “Ég hélt að Afríkubúar væru svartir á hörund.”

“Jú, þetta eru Afríkubúar,” útskýrði Schoeman. “Alveg eins og ég er Afríkubúi. Hollendingar, Frakkar og Englendingar gerðu Suður-Afríku að nýlendu. Í Suður-Afríku eru alls um þrjár milljónir manna af evrópskum uppruna og um tíu milljónir eru ekki evrópskir að uppruna, ekki bara innfæddir, heldur er hér líka fjöldi indverskra innflytjenda. Í landi okkar ríkir aðskilnaðarstefna, þannig að á flestum samkomum þínum munu hóparnir tveir ekki blandast saman. En við höfum skipulagt fyrir þig samkomur með innfæddum, þannig að þú færð einnig að prédika fyrir þá.”

Fólkið bærði spennu á sér þegar það heyrði að ameríski trúboðinn væri mættur á staðinn. Bill steig upp á pallinn og horfði yfir hinn miklu mannfyrirspingu. “Gott kvöld, vinir,” sagði hann í hljóðnemann. Séra Schoeman þýddi hverja setningu á Afrikaans, hið opinbera tungumál lýðveldisins Suður-Afríku.

Bill hafði aðeins talaði í fimm mínútur, þegar hann sá bláa rútu koma út úr skugga og svífa í loftinu fyrir ofan áheyrendur. Strætisvagninn ók upp að pallinum, nógu nálægt til að hann gæti lesið nafnið DURBAN sem áætlunarstað hennar í hægra horni framgluggans. Síðan hvarf hún úr sjónmáli. Hann hélt áfram að tala og sagði áheyrendum frá ferð sinni. “Þannig að þig sjáið vinir, að ég er mjög þreyttur í kvöld,

útkeyrður eftir flugið.” Nokkrum mínútum síðar sá hann aftur bláu rútuna sem keyrði í loftinu og nam staðar við bakhlið byggingarinnar. Þegar hún kom að miðju áheyrendasvæðisins nam hún staðar. Unglingsdrengur á hækjum steig inn í rútuna. Bill sá að annar fótur drengsins var nokkrum sentímetrum styttri en hinn. Rútan hélt áfram ferð sinni og hjól hennar snerust aðeins örfáum sentímetrum fyrir ofan mannþröngina. Hún staðnæmdist aftur við pallinn, þar sem Bill var að tala. Hurðin opnaðist og sami drengur steig út, en í þetta skipti var hann ekki með neinar hækjur. Hann gekk að fólkinu þar til hann var kominn að miðju svæðinu, síðan hvarf hann í ljósglampa. Rétt undir því ljósi sat þessi sami drengur í raunveruleikanum.

Bill benti á unga manninn og sagði: “Þú þarna baka til, drengurinn í hvítu skyrtunni og með svörtu axlaböndin. Kemur þú ekki frá Durban?”

Bill var ekki viss hvort drengurinn skildi ensku, en hann gerði það, því hann hrópaði: “Já, ég kem frá Durban.”

“Þú ert bæklaður, ekki satt? Annar fótur þinn er styttri en hinn og þú hefur orðið að ganga við hækjur.”

“Það er alveg rétt,” hrópaði drengurinn.

“Ekki lengur,” sagði Bill. “Þú ert læknaður. Jesús Kristur hefur læknað þig.”

Undrunarkliður steig upp frá mannfjöldanum, en ekkert gerðist undireins.

Drengurinn var svo innikróaður, að hann gat ekki reynt á sér fætuna. Nokkrir menn hófu hann á loft og báru hann í gegnum mannfjöldann að pallinum og skildu hann eftir standandi á upphækkuðum pallinum, þar sem allir gátu séð hann. Þegar mennirnir slepptu honum spratt kaldur sviti fram á drengnum. Varfærnislega tók hann eitt skref og reyndi visinn fót sinn, hann stóð undir honum. Næsta skref hans var tekið af meira öryggi og brátt valhoppaði hann um pallinn án þess að haltra.

Meðan áheyrendur lofuðu Drottin, fékk Julius Stadskev að heyra sögu drengsins. Hann hét Ernest Blom, yngstur af tíu systkinum. Hann hafði fæðst fatlaður og verið undir umsjón sérfræðings frá því hann var fjögurra ára gamall. Í tvö ár hafði hann gengið með járnspelku, án þess að nokkur sjáanleg framför ætti sér stað. Seinna stakk sérfræðingurinn upp á aðgerð, en þar sem ekki var víst að hún myndi bera árangur hafnaði fjölskyldan því. Þegar Ernest heyrði að William Branham væri staddur í Suður-Afríku, gat hann ekki beðið eftir að trúboðinn kæmi til Durban. Hann sannfærði fjölskylduna sína um að fara með sig til Jóhannesarborgar. Ernest sagði að þegar Willam Branham talaði til hans, hafi hann fundið fyrir undarlegri tilfinningu, eins og kalt vatn rynni gegnum líkama hans. Þá vissi hann að hann var læknaður. Meðan á þessu stóð hvatti Bill áheyrendur til að trúa. “Sjáið þið hvað trú á Jesú Krist getur gert? Nú, ég er ekki á móti læknum. Ég er með læknum. Guð blessi þá. Læknar eru til staðar til þess að hjálpa manni. En læknar segjast ekki geta læknað. Þeir segjast bara hjálpa náttúrunni. Guð er græðarinn. Ef þú brýtur á þér handlegg, þá getur læknirinn komið honum í réttar skorður, en hver er það sem fær beinin til að gróa saman á ný? Ef þú skerð þig í höndina getur læknir saumað hana saman, en aðeins Guð getur látið húðina gróa. Og þegar læknir er búinn að gera það sem hann getur fyrir þig, þá er kominn tími til að horfa til Drottins Jesú Krists í trú.”

Meðan hann var að tala sá hann grænan bíl aka hratt í loftinu fyrir ofan fólkið. Hann fór of hratt í beygju og bílstjórinn missti vald á bílnum og hann hringsnerist og kastaðist afturábak á tré. Sjúkrabíll kom á staðinn og björgunarmenn björguðu ljóshærðri unglingsstúlku út úr bílflakinu. Bill heyrði einn björgunarmanninn segja, að bak hennar væri brotið á mörgum stöðum.

Þegar sýninni lauk rannsakaði hann mannfjöldann í leit að þessari stúlku, en hann fann hana ekki. Þá blossaði eldstólpinn upp beint fyrir framan hann og sveif yfir alveg rétt hjá honum. Bill gekk að brún pallsins og leit niður. Þarna var hún. Börurnar

hennar voru rétt fyrir neðan pallinn og hann hefði ekki séð hana, ef hann hefði ekki gengið fram. Hún leit út fyrir að vera fjórtán ára gömul. Bill benti á hana og sagði: “Unga stúlka, lentir þú ekki í slysi nýverið?”

“Jú,” másaði hún, og varð rauð í kinnum af spenningi.

“Þú varst í grænum bíl sem hringsnerist og lenti afturábak á tré og bak þitt brotnaði á þremur stöðum.”

Síðan sá Bill hana í sýn ganga fyrir ofan áheyrendur með uppréttar hendur og hún hoppaði og stökk og lofaði Guð. Án nokkurra efasemda sagði hann: “Í nafni Jesú Krists statt upp, því að svo segir Drottinn: ‘Þú ert læknuð.’”

Móðir stúlkunnar, sem sat við hlið dóttur sinnar, stökk á fætur og mótmælti: “Nei, hún getur ekki orðið heil. Hún hefur ekki hreyft sig eftir slysið. Læknirinn segir að ef hún hreyfi sig þá verði það hennar bani.” En sá sama tíma og móðirin var að mótmæla, hafði dóttir hennar þegar risið upp og smeygt sér út á gólf, þar sem hún hrópaði hátt af gleði. Það fékk móðurina til að líta við. Þegar hún sá dóttur sína standa við hlið sér, leið yfir móðurina og hún féll niður á sömu börur og dóttir hennar var að rísa upp af.

Samstundis brast á lofgjörð til Guðs frá áheyrendum. Bill fann að það var viðeigandi að ljúka samkomunni með almennri bæn fyrir sjúkum. Hann sagði fólkinu að leggja hendur yfir hvert annað og biðja fyrir þeim sem voru í kringum þá. Meðan áheyrendur báðu heitra bæna, sá Bill sýn af konu að lækna af gigt. Meðan sýnin leið framhjá kom hann auga á hana meðal mannfjöldans og benti á hana. Hún veifaði til hans að þetta væri rétt. Bill var vankaður og var næstum dottinn um koll af álaginu. Hann fann óljóst fyrir sterkum handleggjum styðja sig út af Maranathasamkomusvæðinu og inn í bíl.

Eftir samkomuna fór séra Schoeman með Ern Baxter og Bill heim til sín, svo að þeir gætu hvílst vel um nóttina. Á leiðinni talaði Schoeman um það, hve dásamlegt það væri að sjá öll þessi kraftaverk og hve spenntur hann var vegna samkomanna. Bill lét ekki blekkjast. Hann fann fyrir efasemdum mannsins eins greinilega og fil á bersvæði. Hann var hvorki undrandi yfir þessum efasemdum, né lét það neitt á sig fá. Hann hafði svo oft rekið sig á þetta sama viðhorf hjá menntuðum kristnum einstaklingum, sem veltu því fyrir sér hvort greining hans væri ef til vill brögð, hugsanalestur eða fjöldadáleiðsla og með því höfð áhrif á mannfjöldann og honum stjórnað vísvitandi með ábendingum. Venjulega skipti hann sér ekkert af slíkum gagnrýnendum, en þessi maður fór fyrir nefndinni, sem sá um allar samkomur Bill í Suður-Afríku. Ef séra Schoeman héldi áfram að efast, gæti það orsakað vandamál.

Enda þótt fjórar kirkjudeildir væru aðalstuðningsaðilar Willam Branham á samkomuherferðunum í Afríku, þ.e. Postullega trúboðskirkjan (*Apostolic Faith Mission*), Söfnuðir Guðs (*Assemblies of God*), Hvítasunnheilagleikakirkjan (*Pentecostal Holiness*) og Fullgospelkirkjan (*Full Gospel Church of God*), þá voru margar aðrar kirkjudeildir með í samstarfinu. Undantekning var Hollenska siðbótarkirkjan, sem trúði ekki á guðlega lækningu. Öldungur í þeirri kirkju, tók þá áhættu að verða fyrir aðkasti félaga sinna og sat á meðal áheyrenda þetta fyrsta kvöld í Jóhannesarborg, þar sem hann rannsakaði ameríska trúboðann með gagnrýnum augum. Þegar hann sá greininguna opinbera vandamál bláókunnugs fólks, sannfærðist hann um að þetta væri Guðs verk. Á leiðinni heim kom hann við hjá vini sínum, sem var prédikari í Hollensku siðbótarkirkjunni, til að deila með honum áhuga sínum og uppörvun.

Guðsþjóninn skammaði hann fyrir að vera svona barnalegan og sagði: “Branham er innblásinn af djöflinum. Hann er ekkert nema upppússaður kuklari. Haltu þig frá honum.”

Öldungurinn yfirgaf hús vinar síns í uppnámi. Skammt frá húsinu, kraup hann undir ferskjutré og bað: “Guð, ég trúi að það sem ég sá í kvöld sé raunverulegt og ég trúi að bróðir Branham segi sannleikann, vegna þess að enginn nema þú gætir gert slík kraftaverk. Ég trúi því, en vinur minn trúir því ekki. Hversu mikilvægt er það að hann komi líka auga á þetta?”

Skyndilega fann hann hönd grípa um öxl sína með taki sem var brennandi eins og heitt straujárn. Hann stökk á fætur, til að sjá hver hefði snert sig. Þar var enginn, að minnsta kosti var þarna enginn líkur þeim sem hann hefði búist við að sjá. Í loftinu sveif lárétt ljós um það bil eitt fet á lengd. Ljósið stækkaði fyrir augum hans og skipti sér síðan í tvennt og maður í stórum, síðum kyrtli með dökkt hár niður á herðar, steig út á milli helminganna tveggja. Öldungurinn hélt niðri í sér andanum þar til maðurinn tók til máls.

“Far þú,” sagði maðurinn í hvíta kyrtlinum. “Segðu vini þínum að hann megji ekki fordæma þennan mann, því þetta er vitjunartími.” Síðan hvarf veran í hvíta kyrtlinum honum sjónum.

Öldungurinn hljóp til baka til húss vinar síns, hentist inn um dyrnar og hrópaði: “Ég sá engil! Hann mætti mér fyrir utan og sagði mér að segja þér, að stund vitjunar okkar væri komin. Hann lagði hönd sína á bak mér og brenndi mig.”

Auðvitað efaðist prédikarinn. En þegar hann leit á bak vinar síns, þá brá honum við að sjá handarfar manns brennt inn í hvítt léreftið. Það sannfærði hann.

Morguninn eftir hittu bandaríkjamennirnir þrír, gestgjafa sinn í borðstofunni. “Góðan daginn, bróðir Schoeman,” sagði Bill glaðlega þegar hann settist við morgunverðarborðið. “Veðrið sem við fáum er sannarlega fallett.”

Herra Schoeman var hávaxinn, grannur maður sem var kominn með skalla á framanverðu höfði, svart yfirvaraskegg og þykk gleraugu. Hann hagræddi servíettunni í kjöltu sér og sagði: “Já, veðrið er fallett. Mundu að sumarið er að byrja. Árstíðir okkar eru alveg öfugar við ykkar árstíðir.”

Bill fann efann, sem enn truflaði hugsanir Schoeman og bað í hljóði: “Drottinn, ef þú vildir nú bara hjálpa mér að hrista örlítið upp í honum og sannfæra hann, myndi það vera mér mikil hjálp, vegna þess að hann er formaður nefndarinnar sem fjármagnar veru mína hér.”

Þeir héldu áfram að borða morgunverðinn þar til Bill fann smurningu Heilags anda. Brátt birtist honum sýnin. Hann sá, eins og hann væri að horfa á lítinn leikþátt, herra Schoeman sitja ásamt lítilli stúlku á læknastofu. Læknirinn var að tala við þau. Á veggnum á bak við þau hékk dagatal sem sýndi apríl árið 1951.

“Bróðir Schoeman, litla stúlkan þín heitir Andrea, er ekki svo?”

Herra Schoeman missti gaffalinn sinn af undrun. Hann rann niður af disknum og lenti á gólfinu. “Já, bróðir Branham, hvernig vissir þú það?”

“Fyrir um það bil sex mánuðum misstir þú hana næstum því, er það ekki rétt hjá mér? Það var eitthvað að hálsi hennar. Þeir skáru hana og tóku hálskirtlana, en það tókst ekki vel. Hún hefur átt í erfiðleikum með að kyngja síðan þá, ekki satt?”

“Bróðir Branham, þetta er alveg rétt. Hefur Drottinn sýnt þér eitthvað um framtíð hennar?”

“Já, hafðu engar áhyggjur af henni. Það verður allt í lagi með hana.”

Stóll Schoemans skrapaði gólfið þegar hann beygði sig undir borð til að ná í gaffalinn sinn. Síðan sagði hann: “Bróðir Branham, ég þarf að gera játningu. Þar til nú

var ég dálítið efablandinn í sambandi við þig. En núna veit ég að það sem ég hef heyrt er satt.”

Þegar morgunblaðið kom, var Schoeman hissa á að lesa söguna um öldunginn í hollensku kirkjunni, sem sagði að engill hefði snert bak sitt kvöldið áður. Dagblaðið birti meira að segja mynd af hvíttri skyrtunni með fari eftir mannshönd á bakhlutunum. “Bróðir Branham, þú verður að lesa þetta.”

“Ég veit þegar af þessu, bróðir Schoeman. Drottinn sýndi mér þetta allt saman í sýn. Ef þið kæmuð hingað með skyrtuna kæmust þið að því, að vinstri hönd mín mun passa nákvæmlega við farið í skyrtunni.”

Séra Schoeman hafði samband við dagblaðið og fljótlega kom blaðamaður með hvítu skyrtuna heim til hans. Hið brennda far eftir hönd, sást greinilega aftan á skyrtunni. Bill lagði eigin vinstri hönd ofan á farið og hagræddi fingrum sínum þannig að þeir pössuðu við útlínurnar. Eins og hann hafði sagt, þá passaði hönd hans nákvæmlega í farið.

Kafli 58

Satan eignir gildru sína

1951

Jóhannesarborg nötraði vegna þjónustu William Branham og það fóru andlegar bylgjur alla leið að suðurodda Afríku. Þeir sem tóku þátt í fyrstu samkomum hans hringdu í ættingja sína og vini, til að segja þeim hvað þeir höfðu séð. Mannfjöldinn varð meiri með hverju kvöldinu sem leið. Þegar komið var þriðjudagskvöld hinn 8. október árið 1951 (þriðja kvöld Bill í borginni), þjöppuðu 17.000 manns sér inn á Maranathasamkomusvæðið til að sjá greininguna. Margir sem komu þangað sjúkir, fóru þaðan heilbrigðir. Næstum allir fóru þaðan uppörvaðir og breiddu út þær fréttir að spámaður væri kominn í heimsókn til Afríku og að Jesús Kristur byggði í spámanni sínum og gerði sömu verk og þegar hann gekk um götur Palestínu og læknaði sjúka, halta, dauða, blinda og opinberaði leyndarmál hjartnanna. Ekkert virtist ómögulegt.

Á miðvikudagsmorgninum buðu læknasamtök Suður-Afríku, Bill til morgunverðar. Talsmaður þeirra sagði: “Séra Branham, margir lækna í Suður-Afríku eru kristnir. Við urðum lækna vegna þess að okkur langaði til að hjálpa fólki. Í fyrstunni vorum við tortryggir og við höldum að þú værir ef til vill að prédika kenningu Kristilegu vísindakirkjunnar (*Christian science*), að lækna og lyf séu eitthvað slæmt og að fólk ætti að forðast það. En nú er orðið augljóst að þú styður lækna. Við trúum á guðlega lækningu eins og þú prédikar hana, séra Branham. Þótt enn sé ekki liðinn nægur tími fyrir bólusetningu þína gegn gulu til að virka, þá gefum við þér samt sem áður leyfi til að ferðast um þetta land. Ekki bara það, við opnum líka dyr sjúkrahúsa okkar og við munum sjá til þess að þeir sjúklingar, sem vilja taka þátt í samkomum þínum, komist á þær.”

Eftir morgunverðinn kom Ern Baxter til Bill og sagði: “Bróðir Branham, ég hef fréttir að færa þér. Ég veit að þú vilt fara til Durban, en í stað þess að fara beint þangað frá Jóhannesarborg er nefndin búin að gera ferðaáætlun, sem fer með okkur 1.500 kílómetra í suður til Höfðaborgar. Síðan förum við meðfram austurströndinni til Durban. Hvernig hljómar þetta?”

“Það skiptir mig engu máli,” sagði Bill, “svo framarlega sem við komumst til Durban, því þangað finnst mér Guð vera að leiða mig. Hvenær förum við af stað?”

“Eftir tvo daga.”

Það fannst Bill dálítið skrítið, þar sem þeir voru rétt að byrja í Jóhannesarborg. Þeir höfðu ekki aðeins stuðning læknasamtakanna, heldur höfðu þeir líka jákvæðan frétttaflutning dagblaðanna, sem var nokkuð sem Bill fékk ekki alltaf. Samkomurnar gengu yfirmáta vel og á hverju kvöldi jókst mannfjöldinn, sem og lækningarnar og kraftaverkin. Af hverju ættu þeir að halda svo fljótt á brott? Bill fannst ekkert vit í því, en hann sagði ekkert. Hann var eftir allt saman gestur samtaka prédikara í Suður-Afríku, þannig að það virtist rétt að hann léti þá sjá um allt skipulag fyrir sig.

Eftir samkomuna þetta kvöld sofnaði Bill órólegum svefni. Um klukkan tvö um nóttina vakti hann skrítið garg. Hann fór út að glugganum til að aðgæta hvaða fugl gæfi frá sér svona óvenjulegt hljóð. Hann sá ekkert nema reyrinn, sem bærðist í mildum andvaranum. Hann fór aftur í rúmið og reyndi að sofna, en hann gat það ekki. Hann hélt að lestur gæti ef til vill gert sig syfjaðan, svo hann kveikti á lampa og opnaði Biblíuna sína.

Skyndilega byrjaði hann að fá gæsahúð og hárið fór að rísa á höfði hans. Hann leit upp úr Biblíunni og sá engil Drottins standa í miðju herberginu. Það lýsti af hvítum kyrtlinum í ljósinu frá lampanum. Andvarinn frá opnum glugganum lék um sítt, dökkt hár engilsins. Jafnvel í hinu náttúrulega var hann mikilfengleg vera, hann var um 1,80 á hæð og vó væntanlega um 100 kíló. Í hinu yfirnáttúrulega fyllti hann mann óttablandinni virðingu og Bill fékk þyngsli fyrir hjartað af ótta.

Engillinn krosslagði hendurnar, horfði alvarlega á Bill og sagði: *“Ekki fara með þessum mönnum til Höfðaborgar. Vertu um kyrrt í Jóhannesarborg í tvær vikur og hafðu þar samkomur. Á morgun munt þú hitta mann...”*

Meðan engillinn talaði var herbergið í þokuskýi, eins og ný vatnslitamálning sem er búið að hella hreinu vatni á. Þegar litirnir urðu skýrir á ný, sá Bill mann af hvítum kynþætti, hann var sólþrenndur og stæðilegur og leit út fyrir að vera um það bil fimmtugur. Á höfði hans var safaríhattur með hattborða úr hlébarðaskinni. Sýnin sýndi þennan mann vera að dreyma draum — alveg afleitan draum.

Engillinn sagði: *“Þessi maður heitir Sidney Jackson og hann rekur búgarð fyrir norðan. Hann er mikill veiðimaður og hann getur farið með þig á safarí. Eftir þessar tvær vikur í Jóhannesarborg, skalt þú að fara í tíu daga veiðiferð með Sidney Jackson. Farðu síðan beint til Durban og vertu þar þangað til ég kalla á þig. Gerir þú þetta, mun ég gefa þér landið.”*

“En hvernig á ég að sannfæra hina mennina? Þeir eru þegar búnir að setja upp ferðaáætlun fyrir mig?”

“Til að þeir mættu vita að þetta er vilji Drottins, þá mun séra Schoeman fara með þig á morgun inn í Jóhannesarborg...”

Sviðsetningin breyttist og Bill sá götuhorn hjá lystigarði. Litrík blóm skreyttu bakkana á skurði. Innfædd kona klædd fjólubláum fatnaði stóð á horninu. Engillinn sagði: *“Vektu athygli séra Schoeman á þessu. Eftir þetta munu þeir fara með þig til Pretoríu...”* Sviðið breyttist og nú sást ung, innfædd stúlka vera að selja hálsfestar við vegkantinn. Hana vantaði hárið öðru megin á ofanverðu höfðinu og þar sást í ljótt ör. Meðan hann var að horfa á hana, heyrði Bill garg í fugli og sá skrýttinn fugl fljúga yfir veginn. Nú sagði engillinn: *“Minntu Ern Baxter á að þú sagðir að þetta myndi gerast til að hann mætti vita að þetta er: ‘Svo segir Drottinn’ Þegar þið komið til Pretoríu munu þeir fara með þig á stað til að biðja fyrir manni, sem heldur að hann sé með krabbamein í mjöðminni, en hann hefur rangt fyrir sér. Hann þjáist vegna mistaka í uppskurði. Þegar hann var nýverið í uppskurði rann hnífur skurðlæknisins til og skar á eitthvað. Ekki biðja fyrir þessum manni, því að hann kemur til með að deyja.”*

Sýnin gufaði upp og Bill var aftur kominn á sama stað og hann hóf ferðina frá. Hann sat í rúminu með bakið upp við höfðagaflinn og Biblían var í fangi hans. Svitinn rann niður enni hans. Engill Drottins var farinn.

Bill hljóp inn í næsta herbergi til að segja framkvæmdastjóranum sínum frá þessu. “Bróðir Baxter vaknaðu. Engill Drottins er nýbúinn að mæta mér og hann sagði mér að við gætum ekki farið í þessa ferð, sem nefndin er búin að skipuleggja.”

Ern Baxter kinkaði svefnþrúkkinn kolli og muldraði: “Nú, þú verður að segja bróður Schoeman frá þessu á morgun.”

Um morguninn leitaði Bill að manninum. Hann fann hann í þann mund sem hann var að fara út til að sinna útréttingum. Bill bað um að mega fara með. Þegar þeir höfðu lokið útréttingunum og voru á heimleið, sagði Bill gestgjafa sínum frá heimsókn engilsins kvöldið áður. “Þannig að þú sérð, bróðir Schoeman, að þú verður að hætta við ferðaáætlunina.” Schoeman renndi annari hendi yfir sköllótt höfuð sitt. “Bróðir Branham, ég get ekki gert það. Það er búið að setja niður allar dagsetningar

og gera allar ráðstafanir. Við förum áleiðis til Klerksdorp í fyrramálið. Við getum ekki bara afboðað samkomur, án þess að fyrir því sé gild ástæða.”

“En það er ástæða, góð ástæða. Drottinn er búinn að segja mér að ég ætti ekki að fara.”

“Mér þykir það leitt, bróðir Branham, en við verðum að halda okkur við þessa áætlun. Við erum þegar búnir að eyða tugum þúsunda dollara í auglýsingar og fólkið væntir þess að þú komir.”

Bill krafðist þess að hætt yrði við ferðaáætlunina, en Schoeman vildi ekki gefa sig. Þeir rökræddu fram og til baka, með og á móti. Að lokum varð Bill hljóður vegna þess að þetta var honum skapraun. Í augnablikinu komst hann ekkert áfram, en hann hafði ekki enn nýtt sér sönnunargagnið sitt. Hann ætlaði að geyma það til morgunverðarborðsins. Þegar Schoeman kom að landareign sinni, beygði inn um hliðið og ók inn langa heimkeyrsluna. Áður en hann kom að húsi sínu ók hann framhjá miðaldra manni og konu sem gengu í hina áttina. Um leið og Schoeman keyrði framhjá hinu fótgangandi pari, bar Bill kennsl á manninn. “Bróðir Schoeman, stöðvaðu bílinn.”

Schoeman brá og steig fast á bremsurnar. Bill stökk út úr bílnum og kynnti sig fyrir parinu. “Halló, ég er bróðir Branham.”

“Bróðir Branham, ég kom hingað til að hitta þig. Ég heiti...”

“Ég veit,” greip Bill fram í fyrir honum. “Þú heitir Sidney Jackson. Engill Drottins sagði mér að ég ætti að fara á búgarðinn þinn til að hvíla mig. Hann sagði mér líka, að þú hefðir séð mig reykja sígarettu í draumi, en ég vil segja þér að ég reykti enga sígarettu. Drottinn var að sýna þér, að ég myndi óhlýðnast honum, ef ég geri það sem nefndin vill að ég geri. Ég skal segja þér meira um það á eftir. Af hverju snýrð þú ekki við og borðar morgunverð með okkur?”

“Það væri gaman,” sagði Jackson, sem var furðu lostinn á svipinn.

“Gott. Meðal annarra orða, Marrion er millinafnið mitt.”

Sidney Jackson opnaði munninn eins og hann ætlaði að fara að segja eitthvað, en hann var svo undrandi að hann kom ekki upp einu orði.

Eftir morgunverðinn gaf Bill þessa yfirlýsingu: “Ég þarf að koma með tilkynningu. Við megum ekki fylgja ferðaáætluninni um að fara til Klerksdorp og svo áfram. Drottinn sagði mér að vera um kyrrt héra í Jóhannesarborg í tvær vikur í viðbót, fara síðan á búgarð Jackson til að hvíla mig og fara með honum að veiða, til að ég geti hvílt mig í tíu daga. Síðan á ég að fara beint til Durban og vera þar, þangað til hann kallar á mig. Ég býst við að vera í Durban í um það bil mánuð.”

Þetta var óþægilegt augnablik fyrir alla. Ern Baxter sagði: “Bróðir Branham, þetta er allt í lagi mín vegna, en nefndin verður að samþykkja þetta.”

“Nú, ég er búinn að tala við bróður Schoeman og hann er yfir nefndinni. Þannig að þeir vita þetta núna.” Bill sneri sér að séra Schoeman og bætti við: “Til að þú mættir vita að þetta er sannleikur, þá munum við sjá innfædda stúlku í fjólublárri skyrtu, þegar við förum niður í bæinn í dag.”

Vantrúarsvipur spratt fram á andliti Schoemans. “Bróðir Branham, ég hef búið hér alla ævi og ég hef aldrei séð innfædda stúlku klædda í fjólublátt.”

“Nú, þú munt sjá eina þannig í dag. Hún mun standa hjá lystigarði þar sem er fullt af fólki að selja blöð.”

Schoeman lyfti upp augnabrún: “Ég veit hvar þessi lystigarður er.”

“Við munum fara framhjá honum í dag,” sagði Bill. Seinna munu bróðir Baxter og ég aka til Pretoríu og þá munum við stoppa til að horfa á innfædda konu, sem selur hálsfestar. Það er búið að raka helminginn af hári hennar og hún er með stórt ör á þeim stað. Meðan við erum að kaupa af henni hálsfestar, mun skringilegur fugl fljúga

yfir veginn. Af þessum táknum munt þú merkja, að það sem ég hef sagt þér er sannleikur. Drottinn vill ekki að við fylgjum þessari ferðaáætlun til suðurs...”

Séra Schoeman fór undan í flæmingi. “Ég skal tala um það við hina nefndarmeðlimina og athuga hvað þeir segja.”

Þeir urðu uppteknir af öðrum hlutum. Um klukkan tíu bauð séra Schoeman Bill að fara í ökutúr með sér niður í bæ. Þeir komu við á skrifstofu Schoeman. Á leiðinni aftur heim á landareignina, tók Bill eftir lystigarðinum sem hann hafði séð í sýninni kvöldið áður. Bill klappaði á öxlina á séra Schoeman og benti á innfæddu konuna í fjólubláu. Allt sem séra Schoeman sagði var þetta: “Nú, það er aldeilis...”

Þegar þeir komu aftur heim á landareignina, hitti Bill Justus Du Plessis, manninn sem átti að vera túlkur hans það sem eftir var dvalarinnar í Suður-Afríku. Du Plessis var klæddur eins og kaupsýslumaður í jakkafötum og vesti. Hann var líkur Schoeman í útliti með skalla og mjóa vanga, en vantaði gleraugun og skeggið. Du Plessis og Schoeman ætluðu að aka til Pretoríu (sem er um 46 kílómetra frá Jóhannesborg) til að biðja fyrir deyjandi manni. Þeir spurðu Bill hvort hann langaði til að koma með. Auðvitað vildi hann það. Ern Baxter slóst í för með þeim. Á leiðinni útskýrði Justus Du Plessis fyrir amerísku farþegunum ýmislegt um háttu innfæddra Suður-Afríkubúa. “Venjulega eru heilu raðirnar af innfæddu sölufólki meðfram þjóðvegum. Þeir setja upp sölubúðir meðfram veginum og vonast til að selja bílstjórum smávarninginn sem þeir hafa búið til. Við munum nema staðar og tala við suma þeirra til að þið getið séð hverslags handunnar vörur þeir eru að selja. Ef til vill langar ykkur að kaupa eitthvað sem minjagrip.”

Bill ýtti glettilega í síðu framkvæmdastjóra síns, en hann sagði ekkert við Justus Du Plessis í sambandi við sýn sína frá kvöldinu áður. Þeir óku kílómetra eftir kílómetra, en sáu enga sölumenn. “Þetta er skrítið,” sagði Du Plessis. “Venjulega er hér fullt af sölumönnum.” Samtalið beindist í aðra átt. Eftir nokkra kílómetra til viðbótar fóru þeir framhjá stúlku, sem sat alein í sölubúð á brún þjóðvegarins. Du Plessis var svo upptekinn af samræðunum, að hann ók framhjá henni. Einum kílómetra seinna hætti hann að tala í nógu langan tíma, til að Bill gæti sagt honum frá sölukonunni, sem þeir höfðu ekið framhjá. Du Plessis minntist loforðs síns og sneri bílnum við og ók til baka.

Innfædda stúlkann var að selja handunnar hálsfestar. Andlit hennar var minnisstætt út af örinu á höfði hennar. Ern Baxter tók mynd af henni. Hann heyrði garg, sneri sér við og sá stóran, marglitan fugl fljúga yfir veginn. Hann sagði: “Sjáðu, bróðir Branham, er þetta ekki skringilegur fugl?”

“Þetta er villtur páfugl,” sagði Schoeman.

Bill vakti athygli þeirra aftur á innfæddu stúlkunni með örið á höfðinu og sagði: “Manstu eftir sýninni sem ég sagði þér frá í morgun?”

Baxter tók af sér gleraugun. Augu hans voru nú galopin af undrun. “Bróðir Branham, þetta er nákvæmlega eins og þú sagðir að það myndi verða.”

Bill leit beint á formann nefndarinnar og gaf aftur yfirlýsingu: “Bróðir Schoeman, ég get ekki farið í þessa ferð á morgun. Mér þykir leitt ef það truflar eitthvað starf og áætlanir samtaka þinna, en Drottinn sagði mér að fara ekki.”

Herra Schoeman hreytti út úr sér og var búinn að fá alveg nóg: “Bróðir Branham, við verðum að fara í þessa ferð.”

“Ó, ef til vill verðið þið að fara í hana, en ekki ég.” Bill sneri sér við og gekk aftur að bílnum.

Ern Baxter náði honum og hvíslaði: “Bróðir Branham, ef þetta væri Ameríka þá hefði ég vald til að segja sem framkvæmdastjóri þinn, nei við förum ekki í þessa ferð suður. En hér erum við komnir upp á miskunn þessara manna. Þeir skilja ekki hvernig

Drottinn talar til þín í sýn. Ég er með þér heilshugar, en að fá þessa menn til að skilja þetta, það er annað mál.”

Morguninn eftir, föstudaginn 12. október árið 1951 vaknaði Bill við hávaða frá bílum í innkeyrslunni. Bill, sem var enn í náttfötunum, gekk út að anddyrinu til að athuga hvað um væri að vera. Hann varð undrandi þegar hann komast að því, að þetta voru fylgdarmenn hans komnir til að aka honum suður.

Justus Du Plessis var einnig undrandi. “Ertu ekki tilbúinn að leggja af stað, bróðir Branham?”

“Nei, vissulega ekki, ég er ekki einu sinni búinn að pakka niður. Ég ætla mér ekki að fara neitt.”

“Það er best að þú farir að pakka niður,” sagði séra Schoeman. “Við förum af stað áleiðis til Klerksdorp um leið og þú ert tilbúinn.”

Bill var staðfastur í ákvörðun sinni. “Ég mun ekki þurfa að pakka næstu tvær vikurnar og eftir það pakka ég niður til að fara á búgarð Jackson til að veiða ljón. Þangað til held ég samkomur hérna í Jóhannesarborg.”

Schoeman hristi höfuðið: “Við höfum þegar sagt þeim samkomum lokið.”

“Eruð þið búnir að segja samkomunum lokið?” Þetta gerði Bill alveg forviða. Hann hafði ekki búist við þessu kænskubragði og hann var óviðbúinn. “Það er fáránlegt. Guð hefur gefið okkur náð hér og það er hér sem við ættum að vera.”

“Það er of seint að gera neitt við því núna,” sagði Du Plessis. “Allt fólkið er farið heim. En það býður okkar annar hópur í Klerksdorp.”

“Hversu stór borg er Klerksdorp?” spurði Bill.

“Þetta er lítill bær þar sem búa um 30.000 manns,” svaraði Schoeman.

Bill gapti af forundran. Hversu skammsýnir gátu þessir menn verið? “Það eru 500.000 manns í Jóhannesarborg,” benti hann á. “Af hverju förum við þá í svona smábæ eins og Klerksdorp?”

“Við lofuðum bróður Fourie að við myndum koma með þig í heimabæ hans,” útskýrði séra Schoeman. Síðan bætti hann við með hraði: “En við búumst við því að um 10-15.000 manns komi á samkomurnar, flestir úr sveitinni í kring.”

Bill varð jafnvel enn meira forviða við þessar fréttir. “Hvar ætlið þið að koma þeim öllum fyrir? Hvar á fólkið að borða?”

Fætur tvístigu og guðsþjónarnir sendu hvor öðrum augnagotur. Síðan viðurkenndi séra Schoeman: “Við vitum það ekki, en við lofuðum bróður Fourier að við myndum vera komnir þangað 12. október, svo að við verðum að fara af stað í dag. Og þar sem samkomunum hérna er opinberlega lokið, þá getur þú alveg eins komið með okkur.”

Bill vissi ekki hvað annað hann gæti tekið bragðs. Til hvers að vera í Jóhannesarborg núna, þegar búið var að ljúka samkomunum? Með tregðu fór hann inn í herbergi sitt og pakkaði.

Það voru þrír bílar í þessari 160 kílómetra ferð suður til Klerksdorp. Ern Baxter, Julius Stadsklev og Billy Paul Branham voru í bílnum í miðjunni. Bill var í fremsta bílnum ásamt Justus du Plessis, séra Schoeman og tveimur öðrum meðlimum Þjóðarnefndarinnar. Þetta var fallegur og sólríkur dagur. Séra Schoeman, Justus du Plessis og hinir nefndarmeðlimirnir ræddu af innlifun um allt það stórfenglega, sem þeir höfðu séð Guð gera í Jóhannesarborg. Bill var á hinn bóginn hljóður og velti fyrir sér óhlýðni sinni við vilja Drottins. Hann bað í hljóði: “Himneski faðir, ég vil fara til Durban eins og þú sagðir mér, en ég er upp á náð og miskunn þessara manna kominn. Viltu fyrirgefa mér óhlýðnina?”

Honum fannst ekki að sér hefði verið fyrirgefið. Eftir því sem lengra var ekið fann hann til meiri fyrirdæmingar, þar til hann þoldi ekki lengur við: “Stöðvið bílinn!” skipaði hann.

Bílstjórinn sveigði til hliðar og nam staðar. “Hvað er að, bróðir Branham?”

“Ég get ekki farið lengra. Bróðir Schoeman, þú verður að fara með mig til baka til Jóhannesborgar. Drottinn segir mér að fara ekki lengra.”

Hinir tveir bílarnir höfðu ekið að fremsta bílnum og numið staðar. Séra Schoeman gekk að næsta bíl og og sagði við Baxter og Bosworth: “Hann neitar að fara lengra. Þið tveir verðið að tala við hann.”

Ern Baxter og Fred Bosworth fóru út úr bílnum og gengu þangað sem Bill stóð. Hinir guðsmennirnir stóðu í hóp umhverfis þá. Baxter spurði: “Bróðir Branham, hvað er að?”

“Bróðir Baxter, ég á að halda samkomur í Jóhannesborg í tvær vikur í viðbót. Síðan á ég að fara að veiða með bróður Jackson í tíu daga og fara síðan beint til Durban. Fari ég til Klerksdorp þá óhlýðnast ég Drottni.”

Enginn í hópnum trúði sterkar á þjónustu Bill, en Fred Bosworth. Hann var 74 ára gamall prédikari sem hafði sjálfur haldið stórar lækningaherferðir á þriðja og fjórða áratug tuttugustu aldar. Eftir að hann hafði heimsótt eina af samkomum Bill árið 1948, hafði Bosworth orðið svo hugfanginn að hann hætti við taka það rólega sem eftir væri, og gerðist einn af framkvæmdastjórum Bill. Núna gerði hann það, sem var fjarri því að vera honum eðlislægt og tók málstað hinna. “Bróðir Branham, þú hefur rangt fyrir þér. Ef þú ferð með þessum mönnum þá trúi ég að þú munir fá að sjá langt fram yfir allt það sem þú getur beðið eða skynjað.” Og hann vitnaði með þessu í Efesusbréfið 3:20.

Bill fannst eins og hann hefði með þessu verið stunginn í bakið með svikum. “Pabbi Bosworth, ég er alveg steinhissa á þér. Hversu oft þú hefur staðið á pallinum og heyrt mig segja: ‘Svo segir Drottinn’? Hef ég þá einhvern tíma haft rangt fyrir mér?”

Bosworth muldraði og leit undan ásakandi augnaráði Bill: “Nú, ég held að þú hafir rangt fyrir þér í þetta skipti.” Suður-Afrísku guðspjónarnir urðu pirraðir. Maður nokkur sagði: “Heldur þú ekki að Guð tali til neinna nema þín?”

Bill svaraði óblíðum rómi: “Kóra datt það sama í hug einn daginn og hann sagði það sama við Móse, en jörðin opnaðist og gleypiti Kóra.²¹ Ég veit ekki hvað Guð hefur sagt við ykkur, herrar mínir, ég get ekki dæmt um það. Ég veit bara hvað hann hefur sagt við mig.”

“Guð sagði okkur að fara í þessa ferð,” hreytti einn prédikarinn út úr sér.

“Og Guð sagði mér að fara ekki í hana,” sagði Bill á móti.

Deilurnar héldu áfram. Að loku dró Ern Baxter Bill til hliðar og hvíslaði: “Bróðir Branham, við erum í frekar slæmum aðstæðum hér. Við höfum enga peninga eða tekjumöguleika, þannig að við verðum að taka á þessu með diplómatískum hætti. Ég vildi óska þess að þú segðir ekkert meira um veiðiferð, vegna þess að þeir fara að halda að þú hafir komið til Afríku til að fara á safarí. Helmingurinn af þessum prédikurum trúir hvort eð er ekki, að það sé rétt fyrir kristinn mann að fara á veiðar. Þegar þú minnst á veiðiferð, þá verður þeim hugsað til allra þeirra sem bíða eftir að fá fyrirbæn og þá finnst þeim þú hafa rangt fyrir þér.”

Bill svaraði með röddu sem hljómaði nógu hátt til að hinir gætu heyrt það: “Mér er alveg sama þótt ég fari aldrei aftur í veiðiferð á ævi minni. Það eina sem ég vil er að gera það sem Guð vill að ég geri. Bróðir Baxter, þú hefur verið með mér nógu lengi til að þú veist að þegar ég sé sýn og segi eitthvað í nafni Drottins...”

Ern Baxter greip frammí fyrir honum: “Bróðir Branham, sért þú að fylgja sýn eftir þá skal ég ekki blanda mér meira í það. Ég stend með þér alveg sama hvað þú ákveður

²¹ 4. Mósebók 16. kafli.

að gera.” Hann leit taugatrekktur á guðsþjónana, sem stóðu í hóp við hlið fremsta bílsins. “En þar sem þú ert enn háður þjóðarnefndinni og það er orðið áliðið dags, gætir þú þá ekki farið til Klerksdorp og beðið fyrir fólkinu þar? Síðan gætum við farið aftur til Jóhannesarborgar, sé það, það sem þú vilt.”

Þyrping af fuglatrjám varpaði skugga á staðinn, þar sem þjóðvegurinn beygði. Bill teygði sig upp og hristi öll laufblöðin af grein sem var neðarlega. Hann tók þau í hönd sína og henti þeim við fætur guðsþjónanna. “Allt í lagi,” sagði hann tárvotur, “við höldum áfram inn í Klerksdorp til að halda samkomuna í kvöld. En munið þetta: Svo segir Drottinn, *‘Héðan í frá erum við allir komnir út úr vilja Guðs og það verða ekkert nema vandræði þar til við snúum aftur til Jóhannesarborgar.’*”

Um leið og þeir komu til Klerksdorp, sáu þeir af hve miklum mætti samkomur Bill í Jóhannesarborg höfðu snert við Suður-Afríku. Meira en tíu þúsund manns (af evrópskum uppruna) höfðu hópast inn í þennan litla bæ úti á landsbyggðinni. Það voru miklu fleiri, en bærinn gat með góðu móti tekið við. Bílstjóri Bill sagði spenntur, þegar hann sá öll litlu tjöldin og búðirnar uppi í fjallshlíðum og niðri á sléttlendinu: “Það lítur út fyrir að þetta verði góð samkoma í kvöld.” Bill hristi höfuðið og vorkenndi vesalings fólkinu, sem margt var sjúkt og þurfti að dvelja undir opnum himni, án skjóls fyrir veðri eða vindum.

Þeir óku að heimili P.F. Fourie forstöðumanns, þar sem þeir áttu að gista. Um kvöldið opnaði séra Bosworth samkomuherferðina í Klerksdorp. Samt var það svo, að það skall á hitabeltisstormur áður en Bill gat farið frá húsi Fourier til að komast á samkomuna. Þrumurnar öskruðu eins og skotið væri úr fallbyssu og regnið féll í stríðum straumum og bældi grasið. Samkomunni var aflýst í skyndi, en það var samt komið miðnætti áður en Baxter, Bosworth, Schoeman og hinir prédikararnir komust aftur heim til Fourier.

“Jæja, við gerðum okkar besta í kvöld,” sagði Fred Bosworth, og fór úr rennvotum frakka sínum og tók af sér hattinn.

“Sagði ég ykkur ekki að þetta myndi gerast,” sagði Bill. “Drottinn sagði mér að fara ekki hingað og ég er ekki í vilja hans. Ég verð að fara aftur til Jóhannesarborgar.”

Suður-afrísku guðsþjónarnir voru ósammála. Einn þeirra sagði: “Við getum ekki snúið við. Við erum búnir að gefa loforð og við verðum að halda þau.”

“Þar að auki,” bætti annar við, “þessir fárviðri koma svo oft og á morgun verður allt í lagi.”

Þrumuveðrið gekk yfir um nóttina og laugardagsmorguninn rann upp heiðskír og hlýr og lofaði góðu. En þegar þeir voru að gera sig tilbúna, að fara með Bill á samkomuna, brast allt í einu á óvenju kaldur stormur miðað við þennan árstíma. Hitinn fór niður undir frostmark og vindurinn var hrollkaldur. Enn á ný var samkomunni aflýst.

“Sagði ég ykkur ekki,” sagði Bill. “Á morgun verður svo jarðskjálfti.”

Meðlimir þjóðarnefndarinnar litu taugatrekktir hver á annan. Loksins veittu þeir orðum þessa óvenjulega manns, sem sagði að engill talaði til sín, fulla athygli. Justus du Plessis spurði: “Áttu í raun og veru við að það verði jarðskjálfti á morgun?”

“Ég veit ekki hvort það verður eða ekki,” Bill útskýrði mál sitt. “En eitthvað hlýtur að gerast, því að við erum ekki í vilja Guðs.”

Frú Fourier bar hressingu á borð og settist síðan niður til að hlusta á samræðurnar. Bill hallaði sér fram í stólnum og sagði frá því að fyrr um eftirmiðdaginn hefði hann séð frú Fourier í sýn, en hann gat ekki sagt frá því fyrr en allir sætu við borðið nákvæmlega eins og hann hafði séð í sýninni. Hann sagði frú Fourier frá atburðum sem höfðu gerst þegar hún var barn. Síðan sagði hann henni að hún væri með

hjartasjúkdóm og magaveiki sem orsakaðist af taugaspennu, en hún þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur, því Jesús Kristur væri búinn að lækna hana.

Undrunarkliður barst frá munni suður-afrísku guðsmannanna. Bill spurði: “Trúið þið mér núna? Guð hefur sagt mér að fara til Jóhannesarborgar, vera þar í tvær vikur, og fara síðan á bugarð bróður Jackson til að hvíla mig og fara þaðan beint til Durban. Eftir það fer ég heim.”

Fred Bosworth sagði: “Bróðir Branham, ef þú ferð eftir þessari áætlun munt þú ekki geta þjónað til jafn margra innfæddra Afríkubúa og þú gætir gert með því að fara á þessa litlu staði.” (Þegar hann kom með þessa staðhæfingu þöggðu suður-afrísku prédikararnir, sem vissu sem var að flestar þær samkomur sem búið var að tímasetja, voru fyrir evrópska hluta íbúanna. Bill komst ekki að því fyrr en síðar, að Durban var eini staðurinn í Suður-Afríku, þar sem innfæddum Afríkubúum var leyft að taka þátt í sömu samkomum og hvítum.) Bosworth hélt áfram: “Bróðir Branham, ef þú fylgir ferðaáætluninni til suðurs, þá trúi ég samt að þú munir sjá Guð gera langt fram yfir það sem við biðjum eða skynjum.”

Bill lagði hönd sína þreytulega á öxl vinar síns og sagði: “Bróðir Bosworth, við höfum tekið þátt í svo mörgum bardögum saman, og nú efast þú um mig? Ég segi þér í Jesú nafni að við erum ekki í vilja hans og það eru ekkert nema vandræði framundan.”

“Samt sem áður,” sagði séra Schoeman, “erum við þegar búnir að skuldbinda okkur frammi fyrir vissum bræðrum og við verðum að halda okkur við þessa ferðaáætlun.”

Þar sem þeir vildu ekki taka við þeim rökum að láta leiðast af hinu yfirnáttúrulega, þá reyndi Bill heilbrigða skynsemi: “Lítið nú á þetta út frá rökrænu sjónarmiði eitt augnablik. Í Jóhannesarborg eru öll dagblöðin jákvæð gagnvart okkur og heilbrigðisyrifvöldin og þar eru mörg hundruð þúsund manns og þar er nóg pláss fyrir fólkið til að borða og sofa. En hérna sefur fólkið undir berum himni og hefur engan stað til að borða á. Í gærkvöldi var það næstum drukknað og í kvöld þá er það þarna úti og skelfur úr kulda. Ef þið vilduð bara líta á þetta út frá hinu jarðneska, er þá ekki vit í því að fara aftur til Jóhannesarborgar?”

Guðsþjónarnir muldruðu örlítið og hóstuðu í barminn til skiptis áður en Schoeman svaraði: “Bróðir Branham, við erum búnir að eyða mörg þúsund dollurum í að auglýsa þessa ferð. Við erum þegar búnir að leigja salina. Það er búið að setja niður dagsetningar og tíma. Fólkið er búið að gera sínar ráðstafanir og sumt af því er þegar komið á staðinn. Við höfum gefið okkar loforð og við getum ekki gengið á bak orða okkar.”

Bill sagði: “Nú, ég hef ekki lofað neinum neinu og á morgun fer ég aftur til Jóhannesarborgar.”

Justus du Plessis sagði: “Hvað ætlar þú að gera þegar þú kemur þangað?”

Þarna höfðu þeir náð taki á honum. Bill átti enga peninga og hann gat ekkert gert sjálfur. Þannig að jafnvel þótt hann færi aftur til Jóhannesarborgar, þá varð hann að vera í samstarfi við þessa sömu menn og settu sig nú upp á móti því að stíga slíkt skref. Hann var kominn í alveg feiknarlega klemmu. Þar sem hann sat þarna og velti fyrir sér þeirri klípu sem hann var kominn í, minntist hann skyndilega spádómsins sem hafði komið til hans í Shreveport í Louisiana, þegar Drottinn hafði varað hann við því, að Satan væri að eigna fyrir hann gildru í Suður-Afríku. Bill hafði gert ráð fyrir því að þessi gildra hefði eitthvað að gera með töfralækna og illa anda. En það hafði alls ekki verið þannig. Hérna var gildran komin! Mitt á meðal kristinna bræðra hans! Hinar pólitísku heljargreipar kirkjudeildasamtaka þeirra, höfðu lokist um hann. Honum var haldið blýfast og hann gat alls ekki komist undan, til að gera það sem Drottinn vildi að hann gerði. Aðstaða hans virtist vonlaus.

Bill varaði kostunaraðila sína við: “Eins og Páll sagði endur fyrir löngu: ‘*Góðir menn, þér hefðuð átt að hlíta mínu ráði og leggja ekki út frá Krít. Þá hefðuð þér komist hjá hrakningum þessum og tjóni.*’”²² Nú, bræður, Guð getur leyft eitthvað, án þess að það sé í hans fullkomna vilja, en mér líkar ekki að vinna í þeim vilja, ég vil vera í hinum fullkomna vilja Guðs.”

Nefndarmönnunum líkaði vel við þá hugmynd að Guð hefði eftirlátinn vilja. Einn þeirra sagði: “Ég held að þetta sé þannig tilfelli, að það sé gott að vera í hinum eftirlátna vilja Guðs, bróðir Branham. Af hverju spyrðu ekki Guð hvort þú megir það?”

Nú var klukkan orðin tvö um nóttina. Þeir höfðu verið að deila um þetta síðan klukkan tíu. Bill sagði dauðuppgefinn og vonsvikinn: “Allt í lagi, ég skal biðja fyrir þessu einu sinni enn.”

Billy Paul Branham, sem hafði hlustað þögull meðan á þessari fjögurra klukkustunda löngu deilu stóð, fór á eftir föður sínum inn í svefnherbergið og lokaði hurðinni. Hann fylgdist með föður sínum ganga yfir í hinn enda herbergisins og horfa út um gluggann á storminn sem enn geisaði. Faðir hans stóð þarna niðurlútur eins og niðurbrotinn maður. Billy Paul gekk til föður síns, lagði aðra höndina á öxl hans og sagði: “Pabbi, ekki hlusta á þessa prédikara. Gerðu það sem Guð segir þér að gera.”

Billy, ég er niðurbrotinn maður. Ég veit ekki hvernig ég á að fara að því að framkvæma það sem Guð vill að ég geri. Ég hef enga peninga. Jafnvel þótt ég fari strax aftur til Jóhannesarborgar, þá sé ég ekki hvernig ég get haldið samkomur án samstarfs við þessa menn. Og þú sérð að þeir eru ekki samvinnuþýðir. Ef ég hef einhvern tíma verið á milli steins og sleggju, þá er það núna.”

“Pabbi, þótt enginn annar í öllu landinu standi með þér, þá stend ég með þér.”

Bill faðmaði son sinn að sér. “Biddu með mér, Billy.”

Þeir krupu niður á milli rúmma tveggja og báðu saman. En bráðlega gafst Billy Paul upp, sakir þess hve áliðið var orðið og skreið upp í rúmið sitt og sofnaði. Bill var á hinn bóginn of órólegur til að geta sofið. Hugur hans flakkaði á milli þess steins og sleggju, sem hann var fastur á milli. Einhvern veginn varð hann að standa gegn því sama fólki og hafði boðið honum til Suður-Afríku. Hvernig gat hann talið þá á að hlusta á sig? Hvað nú ef honum tækist ekki að sannfæra þá? Hvernig gat hann gert vilja Guðs bæði í Jóhannesarborg og í Durban án samvinnu við þessa menn? Klípan virtist óyfírstíganleg. Honum leið eins og verið væri að þurrvinda höfuð hans með tusku og fjarlægja allan vökva og saltur vökvinn læki úr augum hans.

Um klukkan þrjú um morguninn fann Bill fyrir nærveru engils Drottins. Það myndaðist ljós í herberginu, sem sveif upp í loft og engill Drottins steig fram undan gulgrænum loga þess. Fyrir utan hvein í vindinum, sem kom í hviðum og reif í gluggahlerana. Bill titraði af ótta. Í hvert skipti sem hann hitti engil Drottins augliti til auglitis, fann hann fyrir þessum sama lamandi ótta. Hið yfirnáttúrulega varð honum aldrei eðlilegt. Það var vídd sem var ómögulegt að skilja og erfitt fyrir mannleg skilningarvit að þola. En jafnvel þótt hann titraði allur, þá var hann samt þakklátur fyrir það, að engillinn var kominn. Ef til vill var nú hægt að leysa þessa sjálfheldu.

Engillinn stóð með krosslagða handleggi. Þótt Bill hefði aldrei séð engilinn brosa, þá var hið stingandi augnaráð hans nú alvarlegt. “*Farðu með þeim,*” sagði engillinn ákveðið. “*Þar sem þú ert þegar farinn af stað með þeim, þá verður þú að gera það. En mundu þetta, farir þú suður með þeim þá munt þú þurfa að þjást vegna þess. Vektu Billy Paul og segðu honum: Svo segir Drottinn. Morgundagurinn verður hlýr og fagur þeir munu fara snemma af stað og fara með Billy Paul í sunnudagaskóla.*”

²² Postulasagan 27:21.

Vegna þess að samkomunum hefur seinkað mun Ern Baxter senda Billy Paul til að ná í þig, til að biðja fyrir sjúkum. Vertu tilbúinn að fara. Sonur þinn mun koma með ungum manni í svörtum bíl. Á leiðinni mun hann stoppa og ná í annan ungan mann. Eftir það...

Nú sá Bill tvo innfædda menn standa hjá Eucalyptustré við brú. Annar hinna innfæddu, sem var klæddur í hvít safaríföt, lyfti hendi til að slá hinn innfædda manninn með priki.

Bill spurði: “Hverjir eru þessir menn og hvað tákna þeir?”

Engillinn sagði: “*Billy Paul mun vekja athygli þína á þessu. Af þessum táknum munt þú geta ráðið að ég gef þér leyfi til að fara. En mundu: Þú munt þjást vegna þess.*”

Þegar hann kom út úr sýninni, var engillinn farinn. Bill vakti son sinn og sagði: “Billy, engill Drottins var að vitja mín.” Hann sagði Billy Paul hvað engillinn hafði sagt. Síðan flýtti hann sér að fara inn í herbergið þar sem Baxter, Bosworth og Stadskev sváfu. “Bræður, vaknið, ég hef: ‘Svo segir Drottinn.’ Hann hefur gefið mér leyfi til að fara með ykkur, en ég mun þjást vegna þess, því að það er ekki hinn fullkomni vilji Drottins. Í raun munu samkomurnar ekki takast eins vel og þær hefðu getað gert, því að við ættum ekki að fara. Í fyrramálið mun óveðrið vera gengið yfir...” Og síðan sagði hann þeim smáatriðin í sýninni.

Sunnudagsmorguninn rann upp heiðskír og veðrið var milt og hlýtt alveg eins og engillinn hafði sagt. Billy Paul fór í sunnudagaskólann ásamt Ern Baxter og meðlimum nefndarinnar. Bráðlega kom ungur maður í svörtum bíl með Billy Paul til að ná í föður hans. Bill var tilbúinn. Á leiðinni á mótstaðinn, fóru þeir yfir mjóa brú. Þar stóðu tveir menn undir tröllatré (*Eucalyptus*) og annar þeirra var í hvítum safarífötum.

Billy Paul benti: “Sjáðu pabbi, þessi maður er með prik og hann ætlar að lemja hinn manninn.”

Bill kinkaði kolli. “Manstu hvað ég sagði þér í gærkvöldi, Paul? Ég get farið suður, en ég mun þjást vegna þess.”

Kafli 59

Loks komnir til Durban

1951

Um það bil 320 kílómetra suðvestur af Klerksdorp breiðir Kimberley úr sér, borg með um 60.000 íbúa. William Branham kom til Kimberley miðvikudaginn 17. október árið 1951. Orðstír hans var kominn þangað á undan honum. Fyrsta kvöld hans í Kimberley, bað hann fyrir sjúkum í kirkju sem tók 500 manns. Það var miður að tíu sinnum fleira fólk beið fyrir utan.

Næsta morgun talaði Fred Bosworth við nefndina um að fá stærri stað til að halda lækningaherferðina. Honum til mikillar undrunar sagði nefndin nei. Þeir höfðu lofað ákveðnum forstöðumanni í Kimberley að samkomurnar yrðu haldnar í kirkjunni hans og nú fannst þeim þeir ekki geta gengið á bak orða sinna.

Svo Fred Bosworth reyndi að rökræða við sjálfan forstöðumanninn: “Sjáðu, bróðir, göturnar og engin eru full af sjúku fólki sem vill fá fyrirbæn. Ætlaðu að segja mér að þú viljir ennþá hafa samkomurnar í litlu kirkjubyggingunni þinni?”

“Þeir lofuðu mér að ég gæti haft samkomurnar í kirkjunni minni,” sagði forstöðumaðurinn þrjóskur, “þannig að við munum halda þær í kirkjunni minni.”

“Fáránlegt,” þrugaði Bosworth. Hann fór aftur heim að húsinu þar sem Bill dvaldi. “Bróðir Branham, hefur þú einhvern tíma vitað prédikara hegða sér á jafn eigingjarnan máta?”

Bill svaraði þurr á manninn: “Þetta er ‘langt umfram það sem við biðjum eða skynjum,’ sem þú talaðir um áður, bróðir Bosworth. Sérð þú ekki að við erum út úr vilja Drottins?”

Ótrauður ákvað Bosworth að sjá hvað hann gæti gert sjálfur í málinu. Hann spurðist fyrir í Kimberley og tryggði sér að lokum íþróttavöll í borginni, þar sem nokkur þúsund manns gátu komið saman og þar héldu þeir samkomurnar næstu daga.

Þegar Bill hafði verið að ráðgera ferðina til Suður-Afríku, hafði hann séð sjálfan sig fyrir sér að prédika yfir svörtum innfæddum íbúum landsins. Þessi í stað, var hann nú að prédika yfir hvítum Afríkubúum af evrópskum uppruna. Það olli honum jafn miklu hugarangri og hin ‘heilaga ferðaáætlun’ nefndarinnar. Hann þráði að sjá hvernig innfæddir myndu taka við yfirnáttúrulegu fagnaðarerindi, en honum var neitað um það, þar til hann hafði verið í Suður-Afríku í 21 dag. Það var fyrst við lok vikunnar í bænum Bloemfontein (um 160 kílómetra suður af Kimberley), að nefndin skipulagði eina samkomu fyrir innfædda á sunnudagsmorgni.

Hinir innfæddu tóku að safnast saman á fótboltavellinum í Bloemfontein rétt fyrir dagrenningu. Þegar Bill kom þangað klukkan 10 sátu meira en 12.000 manns á sjálfum leikvellinum, hafsjór svartra andlita, margar af konunum voru með hvíta eða rauða skýluklúta. Ern Baxter útskýrði áætlun Guðs um hjálpræði fyrir trú á Jesú Krist. Þegar Bill kom að hljóðnemanum útskýrði hann tengslin á milli trúar og lækningar. Síðan var kominn tími til að láta reyna á trúna. Hvert á fætur öðru kom fólkið fram fyrir ameríska trúboðann og hann sagði því hvert á fætur öðru hvert það væri og hvað vandamál þess væri. Þegar sex manns höfðu komið fram til fyrirbæna, var þetta innfædda fólk þegar sannfært um að Jesús Kristur væri vissulega á staðnum. Eftir eina almenna bæn læknuðust mörg hundruð Afríkubúar. Á næstu vikum söfnuðu forstöðumenn á staðnum og trúboðar saman upplýsingum og vitnisburðum um það sem gerst hafði á samkomunum. Árangurinn var ótrúlegur. Blind augu höfðu opnast, krabbamein læknað, alls kyns sjúkdómar höfðu læknað og fatlaðir höfðu fengið bót

meina sinna. Rútbílstjóri einn sagði: “Ég hélt á lömuðum manni inn í rútuna mína, en þegar hann kom til baka gat hann gengið sjálfur.” Allt í allt gerðu guðsþjónarnir ráð fyrir að um eitt þúsund manns hefðu fengið lækningu á þessari einu fyrirbænasamkomu hjá bróður Branham.

Þetta var einmitt það sem Bill hafði vonast til að sjá í Afríku: Óspilltir hugir fólks, sem tóku við Jesú, þegar þeir sáu Krist opinberast yfirnáttúrulega beint fyrir framan augun á sér. Bill grátbað nefndina að skipuleggja fleiri samkomur með innfædda fólkinu, en hún neitaði og nýtti sér aftur rökin um það, að þegar væri búið að gefa loforð og fyrirheit um dagsetningar. Bill trúði varla hve þrjóskir og skammsýnir þessir kirkjudeildarmenn gátu verið. Þeir létu eins og tímataflan væri ellefta boðorðið.

Branhamhópurinn yfirgaf Bloemfontain og nú var ekið um 1.500 kílómetra í suðvestur til Höfðaborgar. Þar gengu samkomurnar á svipaðan hátt fyrir sig og í Bloemfontain, fimm dagar af ótrúlegum kraftaverkum. Einn sunnudagsmorguninn var frátekinn fyrir hina innfæddu.

Bill var hryggur vegna þeirrar meðferðar, sem svarta innfædda fólkið sætti. Samkomurnar fyrir hvítu Afrikubúana voru haldnar í risavöxnu flugskýli á Wingfield flugvælinum. Þar sem dyr flugskýlisins voru opnar, gátu yfir 10.000 manns tekið þátt í samkomunni. Svörtu Afrikubúarnir urðu á hinn bóginn að láta sér nægja að nota *Drill Hall*, sem var miklu minna húsnæði innan borgarmarkanna. Svo hugfangið var innfædda fólkið af því að fá að heyra William Branham tala, að það var byrjað að mynda röð fyrir utan samkomuhúsið klukkan hálf tvö um nóttina. Þegar klukkan var orðin sex taldi mannþröngin átta þúsund manns. Því miður var það svo, að þegar dyrnar opnuðust klukkan tíu um morguninn, gátu aðeins þrjú þúsund innfæddir þjappað sér saman inni fyrir. Það hafði ekki einu sinni verið hugsað fyrir því að setja upp hátalara fyrir utan salinn, þannig að fólkið sem var skilið eftir úti á götu gat ekki fylgst með boðskapnum.

Bill fann pirring sinn aukast eins og kvikasilfur í hitamæli á sólríkum degi. Vissulega varð Þjóðarnefndin að taka á sig mikið af þessari ringulreið vegna slæmrar skipulagningar. En Bill fannst að hann ætti líka að hluta til sök á þessu. Hann hafði samþykkt að lúta vilja nefndarinnar, jafnvel þótt hann vissi að þetta var ekki vilji Drottins. Engillinn hafði varað hann við því, að hann myndi þjást fyrir þetta. Hann velti því fyrir sér, hvort það væri þetta sem engillinn hafði átt við. Ekki var það nú svo.

Samkomunum í Höfðaborg lauk á mánudagskvöldinu. Á þriðjudagsmorgninum óku þeir um 450 kílómetra meðfram ströndinni í austurátt og komu til Port Elizabeth fyrir myrkur. Fyrsta samkoman í Port Elizabeth var haldin um kvöldið, þann 7. nóvember, í stórum áheyrendasal sem var kallaður *Feather Market* salurinn. Aftur höfðu skipuleggjendurnir vanmetið plássþörfina og mörg þúsund manns komust ekki inn. Þar af leiðandi voru samkomurnar það sem eftir lifði vikunnar í Port Elizabeth haldnar í *Davis Stadium*, íþróttahöll þar sem var nægilegt pláss.

Morgun einn vaknaði Bill með sársaukafullan sting í kviðarholi. Í fyrstunni bandaði hann þessi frá sér, sem einhverju lítilvægu. Þegar sársaukinn hafði varað allan daginn, fór hann að hafa áhyggjur. Hvað ef þessi dularfulli magasjúkdómur væri nú kominn til að kvelja hann á ný? Hann hafði fundið fyrir álaginu af stífri tímaáætlun undanfarnar vikur hrúgast upp. Árið 1947 hafði ofþreyta ýtt undir það að magavandamál hans hafði farið af stað. Á þeim tíma hafði hann beitt sig hörðu og beðið stanslaust fyrir sjúkum og þjáðum mánuð eftir mánuð, frá því snemma á kvöldin og allt til dagrenningar, þar til hann hafði að lokum fallið saman uppi á pallinum. Þá höfðu veikindin neytt hann til að afboða samkomuherferðir sínar. Magi hans hafði orðið súr eins og sítróna og hann var næstum dáinn úr fylgikvillunum. Myndi þetta gerast aftur?

Nefndin beitti hann miklum þrýstingi og veitti honum engan tíma til hvíldar. Þeir skildu ekki að þessar yfirnáttúrulegu sýnir drógu úr honum allan mátt.

En verri en þreytan, var hinn aukni verkur í kviðarholinu. Þegar hann kom til East London, sem er bær um 240 kílómetra upp með ströndinni frá Port Elizabeth, var hann orðinn sannfærður um að þessi verkur væri ekki gamli óvinurinn hans, magaveikin. Hann fann fyrir krömpunum á stað, sem var neðar en maginn og stingirnir voru verri en þegar maður er með ógleði. Þegar ferðafélagar hans veiktust líka, vissi Bill að ástæðan var eitthvað staðbundið, ef til vill eitthvað sem þeir höfðu borðað eða drukkið.

Eftir fimm kvöld í East London, var áætlað að fara til Durban sem var 480 kílómetrum lengra upp með austurströnd Afríku. Á leiðinni þangað sá Bill sýn um innfædda konu sem lá á börum. Brátt lá þjóðbrautin í gegnum dæmigert þorp innfæddra. Bill bað bílstjórann að nema staðar. Hann og félagar hans stigu út úr bílnum og gengu inn í þorpið, þar sem Bill benti á kofa sem leit alveg eins út og allir hinir í kringum hann. “Þarna inni munum við finna konu sem liggur á börum. Hún er mjög veik af berklum. Hún er kristin kona og hún talar ensku.”

Þegar þeir komu inn í kofann, þá lá hún þar, nákvæmlega eins og Bill hafði lýst. Konan sagði þeim á ensku: “Ég hef verið að biðja lengi um lækningu. Jesús lofaði mér að hann myndi senda spámann frá öðru landi til að biðja fyrir mér og að þá myndi ég lækna.”

Drottinn Jesús stóð við loforð sitt.

Þeir komu til Durban þriðjudaginn 20. nóvember. Bill var hrifinn af hinu asíska yfirbragði þessarar miklu heimsborgar. Léttivagnar dregnir af mönnum óku um strætin, indverskar konur klæddar í sína hefðbundnu saríkjóla, deildu sölubásum markaðanna með svartklæddum múslimakonum, sem sumar voru með látúnshringi á úlnliðum og um hálsinn. Svartskeggjaðir sikhar með hvíta túrbana á höfði og langa hnífa við belti, blönduðust saman við næstum nakta afríska menn af ýmsum ættflokkum, sem voru málaðir með mold og lítil bein voru fest í hár þeirra. Þeir voru með stóra eyrnasnepla, sem höfðu verið teygðir niður. Þegar Bill spurði út í þessa fjölbreytni, útskýrði séra Schoeman að í Durban byggju 440.000 manns og af þeim væru 130.000 innfæddir Afrikubúar, 130.000 væru af evrópskum uppruna og 200.000 kæmu frá Indlandi. Upphaflega höfðu Indverjarnir verið þrælur, fluttir inn til að vinna í námunum. Þeir héldu enn í asískan uppruna sinn, þar á meðal trúarbrögð sín, sem eru: Hindúismi, Búddismi, og Íslam.

Fyrsta samkoman í Durban var haldin á miðvikudagskvöldinu í City Hall og hún var aðeins fyrir hvíta Suður-Afrikubúa. Þeir sem komust ekki inn hlustuðu á hátalara, sem voru staðsettir í næstu gördum. Væntingarnar risu hátt og margir þeirra sem komu í hjólastólum eða studdust við hækjur yfirgáfu húsið án þeirra.

Á fimmtudagskvöldinu var samkoman flutt yfir á risastóran skeiðvöll, sem kallaðist Greyville skeiðvöllurinn. Meira en 20.000 manns sátu á hinum yfirbyggðu áheyrendabekkjum og enn var pláss fyrir fleiri. Þegar Bill steig upp á pallinn til að tala, var hann undrandi að sjá hóp sem samanstóð af svörtum innfæddum, brúnum Indverjum og hvítum Evrópubúum. Hann sagði við Sidney Smith, sem var borgarstjóri í Durban: “Ég hélt að í Suður-Afríku giltu lög um aðskilnaðarstefnu, sem meinuðu okkur að hafa hvíta og svarta saman á samkomunum.”

“Það eru lög um aðskilnaðarstefnu,” útskýrði borgarstjórinn “og ef þú lítur betur á hópinn þá sérðu að kynþættirnir eru aðskildir. Sérðu allar girðingarnar?”

Nú tók Bill eftir röðum að hvítum girðingum, sem skein í mitt á meðal mannfjöldans. “En hvers vegna aðskilja þessar girðingar líka svarta frá svörtum?”

“Þær aðskilja hina mismunandi ættflokka t.d. Bantu, Swazi, Xhosa, og Zuluættflokkana. Hér er fólk af meira en tylft ættflokka og sumir þeirra eru óvinir.”

“Hvers vegna gátum við ekki gert þetta í hinum borgunum?” spurði Bill. “Þá hefðum við getað náð til fleiri með fagnaðarerindið.”

“Durban er eini staðurinn, þar sem ríkisstjórnin hefur gefið leyfi fyrir þessu.”

Nú skildi Bill hvers vegna engill Drottins hafði sagt honum að fara beint til Durban og vera þar, þangað til hann segði honum að fara annað. Ó, hefði hann bara fylgt fyrirmælum engilsins. Hversu mikið þjáðist hann ekki vegna þessara mistaka. Þegar hér var komið fann hann stöðugt til í kviðarholinu. Honum fannst eins og rotta væri laus í innnyflunum og væri að naga garnir hans. Hann varð að grípa í pútið, til að varna því að hann færi í keng af sársauka. Einnig meðan bænaröðin fór framhjá og sýnirnar komu og hann greindi leyndarmál í hjarta ókunnugs fólks, jafnvel meðan þetta sama fólk hlaut lækningu.

“Bill bað í hljóði: ‘Himneski faðir, fyrirgefðu mér,’ meðan hann beið eftir því að allir túlkarnir þýddu síðustu setningu hans yfir á 13 ólík tungumál. “Ég iðrast mistaka minna, elsku Jesús, lækna þú mig líka, þegar þú læknað alla hina.”

En hann fékk enga sýn sem boðaði honum lausn sinna mála. Það var eins og Guð hefði snúið baki við spámanni sínum, meðan hann sinnti smæstu þörfum annarra af sínum lýð. Bill var fullur iðrunar og fannst að hann ætti þessa höfnun skilið.

Áhorfendur titruðu af spenningsþegar vandamál fólksins í bænaröðinni voru greind hvert á fætur öðru án nokkurra mistaka og sjúklingarnir læknuðust. Þegar daufdumbur drengur af indverskum uppruna fékk heyrnina og málið í fyrsta skipti á ævi sinni, jókst trú manna þar til yfir flæddi. Bill bað upphátt og hvatti hina bækluðu, sjúku, heyrnarlausu og blindu til að taka við lækningu sinni núna, úr höndum hins upprisna frelsara okkar, Jesú Krists. En löngu áður en síðasti túlkurinn lauk við að þýða þessa bæn, stóðu menn og konur, ungir sem gamlir upp úr hjólastólum eða hentu hækjum til hliðar. Börn leystu af sér spelkur eða hentu frá sér öðrum útbúnaði. Þegar sigurópunum fjölgaði, varð því miður að leiða Bill burt stynjandi af kvölum og það þurfti tvo menn til þess að styðja hann.

Gestir héldu áfram að streyma inn í Durban og umferðin varð jafn hæg og flóðhestur, sem reynir að komast áfram í leðju upp á miðjar síður. Þegar kom að föstudagseftirmiðdeginum hafði mannfjöldinn á Greyville vellinum tvöfaldast og taldi nú 40.000 manns. Bill ók með Sidney Smith á samkomuna. Á leiðinni sá hann marga innfædda, sem héldu á litlum handunnum stytum. Hann hafði lesið í Biblíunni um þess konar skurðgoðadýrkun, en þetta var í fyrsta skipti sem hann varð persónulega vitni að slíku. “Sjáðu þessa náunga þarna með skurðgoðin sín,” sagði hann.

Borgarstjórinn sagði: “Sumir þeirra eru kristnir.”

“Kristnir?” stundi Bill upp alveg undrandi. “Kristnir með skurðgoð?”

“Já, herna eru margir innfæddir sem halda í skurðgoð forfeðra sinna.”

“Það er skrítið. Mig langar til að tala við einhvern þeirra. Getur þú talað mál þessa náunga þarna?”

Bílinn beygði að vegkantinum og borgarstjórinn og gestur hans fóru út úr bílnum og gengu í áttina að hávöxnum þeldökkum manni, sem var nærri 1,90 á hæð og hlýtur að hafa vegið um 100 kíló. Þegar Bill nálgadist hann sá hann að skurðgoðið var þakið þurru blóði. Bill spurði hinn innfædda í gegnum borgarstjóran: “Ert þú kristinn maður?”

“Ó, já,” svaraði hinn innfæddi. “Ég hef verið kristinn í mörg ár.”

“Af hverju heldur þú á þessu skurðgoði?”

“Á undan mér bar pabbi minn þetta skurðgoð hvert sem hann fór. Dag einn var hann aleinn að veiðum inni í frumskóginum þegar ljón varð á vegi hans. Pabbi minn

kveikti eld og notaði særingar töfralæknisins okkar og ljónið fór burt. Nú ber ég líka þennan guð með mér, hvert sem ég fer. Ef Guð trúboðanna bregst mér, þá mun þessi guð ekki bregðast.”

“Ég held að þú sért að leggja traust þitt á rangan hlut,” ávitaði Bill hann. “Ég er sjálfur veiðimaður og þekki hegðun villidýra. Það var ekki skurðgoðið sem rak ljónið í burtu, það var eldurinn.” Hinn innfæddi virtist efablandinn. Bill spurði: “Kemur þú á samkomuna í dag á skeiðvellingum?”

“Á morgun,” rumdi hinn.

“Gott, þá munt þú sjá á morgun, að Jesús bregst aldrei.”

Samkomurnar sem haldnar voru sunnudaginn, 25. nóvember 1951, slógu öll met hvað aðsókn að Greyville skeiðvellingum áhrærir. Það voru ekki aðeins áhorfendabekkirnir sem voru þéttsetnir, heldur var völlurinn einnig fullsetinn, þar sem hinir innfæddu sátu á jörðinni aðskildir með girðingum eins og nautgripahjörð. Séra Bosworth stjórnaði morgunsamkomunni og séra Baxter prédikaði um eftirmiðdaginn. Kvöldsamkoman var frátekin fyrir Bill, til að prédika og biðja fyrir sjúkum.

Bill var nú orðinn vanur því að tala í gegnum 15 túlka. Það var hægfara ferli og það tók hann einn og hálfan tíma að prédika það, sem hefði venjulega verið fimmtán mínútna ræða. Bill sagði: “Jesús Kristur er sonur Guðs.” Fyrsti túlkurinn gaf frá sér hljóð eins og þegar kjúklingar tista, sá næsti hljómaði eins sjakalar væru að ýlfra. Mál þriðja túlksins hljómaði algerlega frábrugðið hinum tveimur og þannig hélt það áfram alla röðina. (Á undanförnum árum, hafði Bill oft velt fyrir sér versinu í 1. Korintubréfi 14:10, þar sem Páll segir að ekkert tungumál í heiminum sé málleysa. Eftir að hann hafði nú heyrt öll þessi mismunandi tungumál, skildi hann hvað trúboðinn Páll hafði átt við.) Loks luku allir túlkarnir við að þýða setninguna og Bill hélt áfram: “Jesús kom til jarðarinnar til að frelsa synduga menn.” Og ferlið fór aftur í gang. Meðan túlkarnir skiptust á að þýða þessa setningu, gekk Bill til þeirra sem sátu aftast á pallinum og spurði Sidney Smith: “Hvað er um að vera þarna niðri á grasvellingum? Eru einhverjir að fljúgast á?”

Borgarstjórinn hafði líka verið að fylgjast með uppþötinu. Ég get ekki sagt til um það. Ég ætla að senda lögregluþjón til að komast að því. Brátt kom lögreglumaðurinn til baka og gaf þessa skýrslu: “Bróðir Branham, innfædd kona var að fæða barn þarna í mannfjöldanum. Það lítur út fyrir að allt sé í lagi með hana.”

“Ætlar þú ekki að hjálpa henni að komast út?”

“Við buðum henni einmitt að gera það, en hún þerraði bara barnið og byrjaði að gefa því brjóst og hún sagði að sig langaði til að vera við fyrirbænaþjónustuna.”

Bill fannst slík staðfesta undraverð. Ef væntingar þessarar nýbökuðu móður líktust væntingum annarra í áhorfendahópnum, þá myndi þetta sannarlega verða alveg dýrðleg lækningasamkoma.

Engum bænaspjöldum hafði verið dreift. Þess í stað höfðu nokkrir trúboðar einfaldlega náð í sex manns og látið þá mynda röð til fyrirbæna. Fyrsti einstaklingurinn, sem kom fram til fyrirbæna, var kona upprunnin frá Austur-Indlandi. Líkami hennar var vafinn í litríkan sarí og á miðju enni hennar, milli augnanna var depill með hinu rauða *kumkum* tákni. Það er álitnið fegurðarmerki í hindúamenningu.

Alveg eins og Jesús gerði við samversku konuna, þá talaði Bill einnig við þessa konu til að ná sambandi við anda hennar. “Kona, hvers vegna ættir þú, sem ert Hindúi, að koma til mín, sem er kristinn, til þess að fá hjálp? Af hverju ferð þú ekki til þinna eigin presta?”

“Þeir geta ekki hjálpað mér,” útskýrði konan.

Fyrir ofan hana tók að myndast sýn, sem sýndi hana á skrifstofu læknis að hlusta á sjúkdómsgreiningu læknisins. Bill sagði: “Kona, þú ert með berkla. Ég trúi því að ef þú tekur við Jesú Kristi sem þínum persónulega frelsara, þá muni hann lækna þig líka.”

Samstundis kraup konan niður á annað hnéð, tók í síðan kjólinn og þerraði rauða blettinn af enni sínu. Bill sá ljós ljóma í kringum hana. “Systir,” sagði hann, “Jesús Kristur var að lækna þig. Farðu leiðar þinnar og þjónaðu honum það sem eftir er lífs þíns.”

Hávært muldur barst frá mannfjöldanum og Bill sá aðrar hindúakonur spýta í lófa sína, og þerra burt sína eigin rauðu bletti. Einhver í mannfjöldanum hrópaði: “Krishna!” Aðrir hindúar tóku undir þuluna: “Krishna! Krishna!” hrópuðu þeir og héldu að ameríski trúboðinn hefði nefnt nafn eins af guðum þeirra. (Krishna er jarðnesk mynd hindúaguðsins Visnú.)

Bill bandaði hendi til að biðja um þögn og útskýrði: “Nei, ég sagði ekki Krishna, ég sagði Kristur. Og hann bar nafnið nákvæmt fram og lagði áherslu á téið. Ég er ekki Krishna, ég er þjónn Jesú Krists.”



Bróðir Branham biður fyrir manni í Suður-Afríku

þú værir með blöðru á eggjastokk. Það er ekki lífshættulegt, en lækurinn vill samt fjarlægja það.” Konan kinkaði játandi kolli. Hann ætlaði að fara að segja: “Drottinn blessi þig og lækni, systir mín,” og láta hana stíga niður af pallinum með einhverja von, en áður en hann gæti sagt þetta breyttist sýnin og hann sá jarðarför. Hann sá menn bera kistu hennar að grófinni. Þá vissi Bill að lífi hennar var brátt lokið, og hann ákvað að hann gæti eins sagt henni það berum orðum. “Kona, þú ert sterk og heilbrigð kona. Það er ekki mikið að hjá þér fyrir utan þessa blöðru á eggjastokknum. En undirbúðu þig fyrir að deyja, vegna þess að svo segir Drottinn: *‘Þú átt aðeins stuttan tíma eftir ólifað.’*”

Konan varð stóreygð og sagði: “Herra minn?”

“Það er rétt, systir. Vertu þess bara fullviss að hjarta þitt sé rétt frammi fyrir Guði.”

Næsti einstaklingur í bænaröðinni var ung kona af evrópskum uppruna. Hún leit út fyrir að vera við góða heilsu og þegar hún kom nær fann Bill vingjarnlegan anda stafa frá henni. Hann sagði: “Ég sé að þú ert kristin.” Hún svaraði að það væri rétt. “Systir, ég sé þig fara inn í kirkju. Þú tilheyrir Hollensku siðbótarkirkjunni.” Síðan gerði hann hlé og varð undrandi. Það var eitthvað frábrugðið við þessa konu. Oft sá hann í sýn skært ljós í kringum sjúklinginn, sem gaf til kynna að hann hefði læknað. En í þessu tilfelli var allt að verða dekkra, eins og skuggar sem safnast saman að kvöldi. “Systir, fyrir nokkrum dögum fórst þú til læknis. Maðurinn þinn beið frammi í biðstofunni meðan lækurinn skoðaði þig. Maðurinn þinn er með dökkt hár og yfirvaraskegg og hann var í gráum jakkafötum. Lækurinn er gráhærður maður sem gengur með gleraugu. Lækurinn sagði að

Þegar konan yfirgaf pallinn, leiddi vel klæddur, hvítur maður innfæddan dreng upp þrepin og upp á pallinn. Maðurinn nam staðar stutt frá ameríska prédikaranum og drengurinn gekk einn fram. Bill leit eitt augnablik á drenginn og sagði: “Allir geta séð að þessi drengur er rangeygður. Ég get ekki læknað hann, en Jesús Kristur getur gert það. Ef til vill sýnir Guð mér eitthvað, sem ýtir undir trú þessa drengs.” Hann gerði hlé á máli sínu og fylgdist með fortíð drengsins birtast. “Ég sé hávaxna, granna Zulukonu halda á ungbarni í örmum sér. Hún sýnir manni sínum drenginn og hann tekur eftir því að hann er rangeygður. Ég veit að fjölskyldan er kristin, vegna þess að í sýninni sé ég þau biðja fyrir framan kross.” Þegar Zulu túlkurinn var búinn að þýða þetta stóðu móðir og faðir drengsins upp meðal áheyrenda og veifuðu og hrópuðu að þetta væri rétt.

Á meðan hafði drengurinn lotið höfði.

Bill sagði: “Ég þarf ekki að biðja fyrir drengnum, vegna þess að hann er þegar læknaður. Nú getur þú sýnt þig.”

Ungi Zulumaðurinn lyfti höfði og brosti. Það var satt, augu hans voru nú eðlileg. Drengurinn yfirgaf pallinn, en maðurinn sem hafði komið með hann fór ekki. Hann gekk nær og sagði: “Bróðir Branham, mig langar að tala við þig eitt augnablik.”

Ern Baxter gekk í veg fyrir manninn. “Við getum ekki leyft neinum að tala við bróður Branham meðan hann er undir smurningunni.”

“Mig langar bara að spyrja hann spurningar.”

Bill sneri sér að mönnunum tveimur og sagði: “Þetta er allt í lagi, bróðir Baxter. Leyfum læknum að tala.”

“Hvernig vissir þú að ég væri læknir?”

Bill hunsaði spurninguna. “Hvað get ég gert fyrir þig, læknir.”

“Það er satt að ég er breskur læknir. Ég skoðaði drenginn áður en hann kom upp á pallinn og ég skoðaði hann aftur fyrir augnabliki síðan. Hann var áður rangeygður, en nú er hann það ekki. Hvernig gerðir þú þetta? Dáleiddir þú hann?”

“Ef dáleiðsla læknar rangeygð augu þá ættuð þið læknarnir að stunda hana. En þetta var ekki dáleiðsla, þetta var kraftur Guðs.”

“Herra Branham, ég er bara meðlimur í kirkju. En nú þegar ég hef séð Guð svo

áþreifanlegan að hann getur læknað rangeygð augu, þá vil ég taka við Jesú Kristi sem frelsara mínum og ég vil gjarnan segja það fyrir framan alla þessa áheyrendur.

Um það bil tíu mínútur höfðu liðið frá því að konan með blöðruna á eggjastokknum hafði yfirgefið pallinn. Meðan breski læknirinn talaði við mannfjöldann, kom sendiboði upp á sviðið og talaði hratt við einn af túlkunum



Frá samkomu í Durban

sem síðan sagði við Bill: “Veistu, að þessi kona, sem þú sagðir að ætti að undirbúa sig fyrir dauðann, hún var að deyja. Þessi maður þekkti eiginmann hennar og hann sat við hliðina á þeim. Þegar konan kom aftur í sætið sitt sagði hún við manninn sinn: ‘Hvað með þetta allt saman?’ og áður en hann gæti svarað henni datt hún dauð niður á staðnum.” (Seinna komust þau að því að hún dó úr hjartaslagi.) Síðastur kom þeldökkur maður fram til fyrirbæna. Hann var svo boginn í baki að hann gekk bæði á fótum og höndum. Hann var augljóslega þroskaheftur. Umsjónarmaður hans varnaði

því að maðurinn ráfaði um, með því að halda í keðju sem var fest við hundsól, sem var bundin um háls mannsins.

“Líttu á þessa veslings mannveru,” sagði Bill fullur meðaumkunar. Ef ég gæti hjálpað honum þá myndi ég gera það. Sannleikurinn er að ég get ekki hjálpað honum. En Jesús Kristur getur það. Það er ekki hægt að fela líf þessa manns, vegna þess að engill Drottins er hér nálægur. Þegar sýnin kom þá opinberaði hún nokkuð óviðbúið. Bill sagði: “Ég veit að þessi drengur ólst upp á kristnu heimili, því ég sé mynd af Jesú hanga á vegg í kofanum hans. Hann fæddist í þessu afmyndaða ásigkomulagi. En einmitt nú er honum ekki umhugað um sjálfan sig, heldur bróður sinn. Fyrir fjórum árum slasaðist yngri bróðir hans þegar hann féll af gulum hundi eða gulri geit. Nú er bróðir hans bæklaður og verður að ganga við hækjur. Svo segir Drottinn: ‘Bróðir hans er læknaður.’”

Á því augnabliki barst hávært hróp upp í loftið. Aftast í áhorfendaskaranum stóð hávaxinn þeldökkur maður upp og veifaði hækjum fyrir ofan höfuð sér. Hann hrópaði á sínu máli, að hann væri bróðirinn og nú væri hann læknaður.

Spennigur fólksins komst að suðupunkti, vegna þessa kraftaverks og það leið á löngu áður en fólkið varð nægilega hljótt til að það gæti hlustað. Bill fylgdist þolinmóður með þessu uppnámi. Síðan beindi hann athygli sinni að hinnu átakanlega ástandi mannsins fyrir framan sig, sem var svo illa krepptur. Blár skuggi myndaðist í loftinu, sem opinberaði sýn af þessum manni þar sem hann var uppréttur og gekk eðlilega. Bill sagði við áheyrendur sína: “Þið sjáið að Jesús Kristur læknaði bróður þessa manns. Ef Guð læknar nú þennan afmyndaða og þroskahefta mann, hve mörg ykkar viljið þá þjóna Drottni Jesú?”

Svartar, brúnar og hvítar hendur fóru á loft út um allan völl. Bill sagði umsjónarmanninum að leysa keðjuna úr ólinni um háls mannsins. Umsjónarmaðurinn hristi höfuðið, áhyggjufullur og ef til vill örlítið óttasleginn.

“Látið manninn standa á fætur og leysið af honum keðjuna, Guð er búinn að leysa hann,” staðhæfði Bill. Umsjónarmaðurinn hlýddi með tregðu. Hann leysti keðjuna af króknum og lyfti upp öxlum mannsins. Maðurinn þurfti ekki mikla hjálp. Hryggur hans kipptist við 12 sinnum eins og verið væri að rúlla honum sundur og að lokum stóð hann teinréttur fyrir framan 50.000 manns. Bill tók um nakið mitti mannsins og gekk með honum út á brún pallsins og síðan til baka að púltinu. Maðurinn brosti og veifaði áheyrendum til að staðfesta það, að hann hefði fengið yfirnáttúrulega lækningu.

Mannfjöldinn virtist titra og skjálfa eins og í jarðskjálfta. Bill greip tækifærið og spurði: “Hve mörg ykkar viljið nú taka við Jesú Kristi sem frelsara ykkar?”

Mörg þúsund manns réttu upp hönd sína. Ern Baxter sagði: “Bróðir Branham, ég held að þau hafi misskilið þig. Þau hljóta að hafa haldið að þú værir að spyrja hve margir vildu fá lækningu fyrir líkama sinn. Það er best að þú spyrjir aftur þessarar spurningar í gegnum túlkana.”

Þannig að Bill sagði í hljóðnemann: “Ég var ekki að spyrja ykkur hvort þið vilduð fá lækningu fyrir líkama ykkar. Ég spurði hvort þið vilduð taka við Jesú Kristi sem ykkar persónulega frelsara. Ef þið viljið það, rísið þá á fætur.”

Mörg þúsund manns stóðu upp. Bill sagði: “Áður en Jesús kemur inn í hjarta ykkar verðið þið fyrst að hafna falsguðum ykkar. Þið sem eruð með skurðgoð á ykkur, ég vil að þið brjótið þau samstundis.”

Rykmökkur steig upp frá leikvellingum þegar karlar og konur hentu leirgoðum sínum til jarðar. Fyrst bað Bill upphátt með þeim til frelsis, síðan bað hann fyrir öllum þeim sem voru sjúkir eða þjádír og þörfuðust lækningar. Mörg þúsund af þessu ný-kristnu einstaklingum hrópuðu upp yfir sig þegar þeir læknuðust. Daginn eftir á

hótelinu gat Fred Bosworth ekki hætt að tala um sunnudagskvöldssamkomuna. “Bróðir Branham, þegar fólkið fór, bjuggu menn til stóra hauga úr hækjunum þeirra, börunum, hjólastólunum og spelkunum. Ég stóð hjá og ég grét svo að hjarta mitt var næstum brostið. Á öllum þeim 40 árum, sem ég hef prédikað fagnaðarerindið og beðið fyrir sjúkum, hef ég aldrei séð neina samkomu sem stenst samanburð við þessa.”

Sidney Smith, borgarstjóri, sagði: “Bróðir Branham, komdu hingað og líttu út um gluggann. Þessir vörubílar eru hlaðnir hækjum og öðru sem fólkið skildi eftir.”

Þegar Bill leit út sá hann sjö stóra gripaflutningabíla aka framhjá. Mörg hundruð manns af þeim sem höfðu læknast gengu á eftir, allir kynþættir blönduðust saman og voru ekki lengur óvinir. Þeir héldust í hendur og sungu lagið úr Branham herferðunum: “*Trú, aðeins trú, trú aðeins trú. Allt er hér mögulegt, trú aðeins trú.*”

Borgarstjórinn sagði: “Við áætluðum að það hafi verið um 50.000 manns á samkomunni í gærkvöldi og alls um 100.000 manns, ef við teljum hinar tvær sunnudagssamkomurnar með. Í gærkvöldi hljóta þeir sem gáfu Jesú Kristi hjarta sitt að hafa verið meira en 30.000. Það er engin leið að vita hve mörg þúsund hafa fengið lækningu meina sinna.”

“Og ég svo veikur að ég gat varla staðið í fætturna,” bætti Bill við. “Við hefðum átt að fara beint til Durban frá Jóhannesarborg eins og engillinn sagði okkur að gera. Það ætti nú að vera öllum augljóst að Durban er staðurinn, þar sem Drottinn vill að við séum.”

Því miður var það ekki jafn augljóst mál fyrir öllum. Séra Schoeman tilkynnti að Ern Baxter, Bill og Billy Paul myndu fljúga til Salisbury í Rhodesíu á miðvikudagsmorgninum.

“Og...og fara frá Durban?” sagði Bill með vanþóknun í röddinni. “Af hverju? Hér er staðurinn þar sem Drottinn er að starfa.”

Schoeman kom með sömu gömlu tugguna: “Við erum bara að fylgja þeirri áætlun sem við gerðum fyrir mánuði síðan. Við erum búnir að bóka þig í Salisbury í tvo daga. Síðan förum við til Pretoría til að halda eina samkomu. Eftir það er áætlað að fara til Jóhannesarborgar, til að halda eina lokasamkomu, áður en þú flýgur aftur heim á leið. Ég skil ekki hvers vegna þú ert reiður. Þú ert búinn að halda samkomurnar þínar í Durban eins og þú vildir.”

“Hvað er langt til Salisbury í Rhodesíu?”

“Hún er um 1.000 kílómetra héðan í norðurátt.”

Bill gat varla skilið heimsku þessara manna. Hann benti á það sem var augljóst mál: “Það eru meira en 50.000 manns hérna í Durban, sem vilja hlusta á mig prédika. Margt af þessu fólki er búið að ganga fleiri kílómetra til að komast hingað. Nú ætlið þið skyndilega að láta mig ferðast 1.000 kílómetra vegalengd í burtu héðan og þú ert hissa á því að ég skuli vera reiður?”

“Mér þykir það leitt, bróðir Branham, en við lofuðum þessum bróður í Rhodesíu að þú myndir koma þangað og við verðum að standa við það sem við höfum sagt.”

Bill, sem var of veikburða og sjúkur til að mótmæla, lét undan og lauk við ferðina samkvæmt áætlun nefndarinnar. Í Salisbury prédikaði hann aðeins yfir 1.500 manns. Næstu tveir dagar í Rhodesíu voru honum óljósir í minningunni, eins og það hefði verið draumur. Síðan flaug hann aftur til Suður-Afríku, þar sem hann hélt eina samkomu í Pretoría og tvær til viðbótar í Jóhannesarborg. Meðan á síðustu samkomunni í Jóhannesarborg stóð, fannst honum hann vera að deyja. Samt hindraði hans eigin sjúkuleiki ekki greininguna né kraft Guðs. Á meðal þeirra mörgu sýna sem hann sá það kvöld, var sýn af konu meðal áheyrenda sem var blind. Hann benti á hana og hvatti hana til að taka við lækningu sinni. Hún sýndi því engin viðbrögð, en önnur

kona í sömu sætaröð stóð á fætur. Bill sneri sér að hinni konunni og sagði: “Ég veit að þú ert líka blind, en hvers vegna stóðst þú upp? Þú ert Gyðingur og trúir ekki að Jesús sé Kristur. Trúir þú að Jesús geti gefið þér sjónina?” Hún kinkaði kolli. “Ég get ekki beðið hann að verða græðara þinn fyrr en hann er orðinn Drottinn þinn og frelsari. Ef þú vilt taka við honum sem þínum Messíasi réttu þá upp hönd.” Hún rétti upp hönd og fékk sjón sína á ný.

Loks var kominn tími fyrir hann, að yfirgefa Suður-Afríku. Breski lækurinn, sem hafði rannsakað augu rangeygða drengsins í Durban, hitti Bill á flugvöllinum og sagði: “Mér finnst sem Guð sé að kalla mig til að vera lækningaatrúboði, bróðir Branham. Ég á það þér að þakka. Þakka þér fyrir að koma.” Þær þakkir mátti



Bróðir Fred F. Bosworth

margfalda með hundruðum þúsunda annarra. Það komu fréttir úr frumskóginum að það væri verið að skíra eitt þúsund manns í hverri viku. Kirkjur um alla Suður-Afríku voru að fyllast af fólki, sem var nýorðið spennt fyrir hinum raunverulega, lifandi og áþreifanlega Guði. Meðan á þessum tíu vikum í Suður-Afríku stóð, hafði hópurinn sem var með bróður Branham haldið 120 samkomur í 11 borgum og samtals höfðu sótt þær um 500.000 manns. Guð einn vissi hver hinn endanlegi sigur var, en Bill vissi dálítið um það, hvað þetta hafði kostað.

Fred Bosworth var samferða hinum út á flugvöllinn, enda þótt hann ætti ekki að fljúga burt þann daginn. Bosworth ætlaði að vera um kyrrt í Suður-Afríku í einn mánuð til viðbótar

og starfa með forstöðumönnum og trúboðum og hjálpa þeim að rót festa þá sem snúist höfðu til trúar á Krist.

Meðan Bill beið eftir að flugvélin hans lenti, titraði hann af sársauka í kviðarholinu. Hann velti því alvarlega fyrir sér, hvort hann myndi sjá Fred Bosworth á ný. Að lokum lenti flugvélin hans og var brátt reiðubúin til brottfarar. Það var kominn tími til að kveðja. Bill faðmaði vin sinn að sér og sagði: “Bróðir Bosworth, ég er 42 ára gamall og ég býst við að dagar mínir séu brátt taldir. Eins og Páll get ég sagt að ég hafi barist trúarinnar góðu baráttu, ég hef fullnað skeiðið og varðveitt trúna.”²³

“Vitleysa,” sagði Bosworth. “Þú ert bara stráklingur. Ég byrjaði ekki einu sinni að prédika fyrr en ég var orðinn fertugur. Nú er ég kominn yfir sjötugt og er enn í fullu fjöri. Bróðir Branham, þú ert bara búinn að ljúka náminu og hefur fengið skírteini.”

Bill var sammála um að hann hefði lokið náminu, en hann var ekki alveg eins viss um skírteinið. Honum fannst hann hafa fallið á lokaprófinu.

²³ 2. Tímóteusarbréf 4:7.

Kafli 60

Spá engilsins um batahorfur

1952

“**Bill Branham**, Guð veri þér náðugur,” hrópaði Sam Adair og leit upp úr skýrslunni. “Þú hefur smitast af amöbum í Afríku.” Þegar Sam Adair lauk við að lesa niðurstöður rannsókna, hristi hann leiður höfuðið. “Ég get ekkert gert fyrir þig, Bill. Ég verð að senda þig til sérfræðings.”

Eftir að fleiri rannsóknir höfðu verið framkvæmdar, úrskýrði Dr. Lukas fyrir Bill hinar grimmilegu staðreyndir. “Herra Branham, þessar amöbur eru sníklar. Þær berast á milli manna í sporum, sem eru lítið stærri en hvítar blóðfrumur. Líklega náðir þú þér í þetta úr einhverju sem þú borðaðir eða drakkst. Einkennin fara að koma fram fjórum til sex vikum eftir að sníkillinn fer inn í líkamann. Þitt tilfelli er það versta sem ég hef nokkurn tíma séð.”

Bill minntist þess að hann hafði fyrst fundið fyrir krömpum í kviðarholi í Port Elizabeth, fjórum vikum eftir að hann fór frá Jóhannesborg. Það þýddi að öllum líkindum það, að hann hefði fengið amöburnar í sig í Klerksdorp. Tímasetningin passaði. Ó, hefði hann aðeins haldið kyrru fyrir í Klerksdorp eins og engillinn hafði sagt honum að gera. Þá hefði þetta ekki komið fyrir.

Dr. Lukas hélt áfram: “Amöbur sem gera innrás í líkamann eru ein versta tegund sníkla sem til er og hundruð þúsunda sýkjast á hverju ári. Í flestum tilfellum liggja amöburnar í dvala. Þótt þessir sýktu einstaklingar séu smitberar og geti borið veikina áfram, þá verða þeir sjálfir ekki fyrir neinum áhrifum. Í öðrum tilfellum, eins og þínu, verða sníklarnir virkir. Við vitum ekki hvers vegna. Núna lifa þessar amöbur á slíminu í þörmum þínum. Við ætlum að reyna að ná stjórn á þeim þar, vegna þess að komist þær út úr þörmunum, þá fara þær í lifrina eða upp í heilann og þá verður vandinn meiri. Því miður eru þessir sníklar lítið næmir fyrir lyfjum. Ég ætla samt að byrja 60 daga lyfjameðferð á þér.”

Þegar hann var á læknastöðinni krafðist ein af rannsóknum þess, að hann drykki ákveðna blöndu af baríumdrykk. Læknirinn sem gerði þessa rannsókn sagði: “Herra Branham, ég heyri að þú sért trúboði.”

“Já, ég er trúboði. Ég var að koma frá Afríku.”

“Ég lærði líka til prests. Það tók mig fjögur ár að komast að því, að það er ekkert sérstakt við kristindóminn. Þannig að ég fór að læra um kenningar Múhameðs, Búdda, Konfúsíusar og margra annarra. Það kom mér á óvart að komast að því, að kristindómurinn er ekki einu trúarbrögðin, sem tala um meyfæðingu og frelsara. Ég ákvað að líklega væri ekkert vit í þessu öllu saman, svo ég henti öllu dótinu og núna er ég trúleysingi.”

Bill var þjáður í þörmunum og hugur hans var fullur ótta vegna ástands síns, svo að honum fannst hann ekki megna að rökræða við svo kláran mann. Hann bað í hljóði: “Drottinn Jesús, gefðu mér annað tækifæri þegar mér verður farið að líða betur.”

Eftir að hann var kominn heim og hafði sagt Medu frá hinum hræðilegu fréttum, sagði Meda: “Bill, manstu eftir frú Shane frá New Albany?”

“Er hún ekki taugaveiklaði sunnudagaskólakennarinn í kirkju bróður Johnson, sem ég bað fyrir, rétt áður en ég fór til Suður-Afríku?”

“Það er hún. Meðan þú varst í Afríku hringdi hún í mig á nokkra daga fresti. Síðan þú komst heim hringir hún á hverjum degi.”

“Hvernig líður henni?”

“Hræðilega illa. Hún er að verða svo slæm að hún getur ekki farið úr húsi. Hún vill að þú biðjir fyrir sér undir smurningunni, en hún heldur að hún geti ekki farið á samkomur.”

“Það skiptir ekki máli. Eins og útlitið er núna, getur eins verið að ég haldi aldrei aftur samkomur.”

“Ekki segja þetta, Bill. Hvað sem öðru líður þá vildi frú Shane að ég bæði þig um það, að næst þegar engill Drottins nálgast þig, þá verði hún fyrst á listanum til að hitta þig.”

“Það er alveg sjálfsagt,” sagði Bill annars hugar. Hann var að hugsa um það, að hann hafði ekki séð engil Drottins síðan daginn orlagaríka í Klerksdorp, þegar hann hafði samþykkt að halda sig við ferðaáætlun nefndarinnar, gagnstætt vilja Guðs. Hann hugsaði: “Ó, hve ég hef klúðrað lífi mínu.”

Bill lifði næstu vikur í mikilli þjáningu. Lyfið gerði ekkert gagn. Sársaukinn kvaldi hann svo mikið, að hann átti í erfiðleikum með að sofa. Nótt eftir nótt gekk hann um gólf á heimili sínu og grét og sárþændi: “Guð, vertu mér miskunnsamur. Ef það er ennþá einhver gæska í hjarta þínu gagnvart mér, þá vertu svo vænn að fyrirgefa mér. Ég mun aldrei aftur fara viljandi yfir þau mörk sem þú setur mér.”

Drottinn vildi ekki tala við hann, hvorki gegnum sýn né hið ritaða orð, jafnvel þótt Bill læsi stöðugt í Biblíunni sinni. Bill fannst hann hjálparvana og einangraður og hugur hann varð æ örvinglaðri. Ó, hvers vegna hafði hann verið svo heimskur að óhlýðnast beinni skipun frá Drottni? Dag eftir dag fór hann aftur í gegnum klípu sína í Afríku, velti fyrir sér aðstæðum, íhugaði ýmsar lausnir og reyndi að læra af mistökum sínum. Nú sá hann að stærstu mistök hans höfðu verið að eiga samskipti við Suður-Afríkunefndina, hóp af mönnum sem voru svo ósveigjanlegir að þeir beygðu sig ekki einu sinni þótt sjálfur Guð bæði þá að breyta áætlunum sínum. Síðan gerði Bill sér grein fyrir að hann hafði rekið sig á sama ósveigjanlega viðhorfið hjá kirkjudeildaprédikurum í Ameríku. Ef til vill var þetta ekki mönnunum að kenna heldur kerfinu. Sérhver kristin hreyfing, starfaði samkvæmt lista af fyrirfram ákveðnum kenningum og mannasetningum, sem oft urðu að kreddum og voru oft það hátt metnar að meðlimirnir gátu ekki séð Guðs Orð á neinn annan máta. Það væri í lagi ef þeir hefðu alltaf rétt fyrir sér. En hvað ef þeir hefðu nú rangt fyrir sér? Hvað ef Guð langaði til að opinbera þeim eitthvað meira og þeir gætu ekki tekið við því, vegna þess að það passaði ekki við kreddur þeirra? Í því tilfelli myndi þeirra eigin ósveigjanleiki leiða yfir þá dóm Guðs. Hvað ef kirkjudeildarkristindómur væri í raun hindrun fyrir Anda Guðs, í stað þess að vera honum hjálp?

Eftir mikla sjálfskönnun fannst Bill að seinni mistök sín, hefðu verið að vera of viðkvæmur fyrir gagnrýni. Þessi viðkvæmni stafaði af höfnun í æsku hans, þegar samfélagið hafði útilokað hann, vegna slæms orðspors fjölskyldu hans. Að gerast kristinn hafði fært honum þann kærleika og viðurkenningu, sem hann hafði farið á mis við sem drengur. En sumar af bernskusálarflækjum hans voru enn til staðar, þar með talin tilhneiging hans til að vera taugatrektur og viðkvæmni hans fyrir gagnrýni. Nú, þegar mörg þúsund manns kröfðust athygli hans, langaði hann til að þóknast öllum, sem var óframkvæmanlegt verkefni. Hann ákvað að héðan í frá, yrði hann aðeins að gera það sem Guð vildi að hann gerði, alveg sama hver gæti móðgast við framkvæmd þess. Hann myndi standa miklu betur að vígi, þótt hann ylli mönnum vonbrigðum, heldur en ef hann brygðist Drottni Jesú Kristi.

Því miður þá var ekki alltaf auðvelt að vita hvað það var, sem Drottinn vildi. Bill velti fyrir sér einu af þeim atriðum, sem hann hafði verið gagnrýndur fyrir í gegnum árin. Margir kristnir gagnrýndu hann fyrir, að hann bæði ekki fyrir nægilega mörgum á lækningaherferðum sínum. Mörg hundruð sjúkir einstaklingar komu á hverja

samkomu og allir vildu að hann bæði fyrir þeim persónulega. Vegna þess að hin yfirnáttúrulega greining tók svo mikið á hann, þá hafði Bill varla styrk til að biðja fyrir nema nokkrum tugum manna á hverju kvöldi, sem samkomur stóðu yfir. Margir gagnrýnendur sögðu að hann ætti að þjóna meira eins og Oral Roberts og aðrir lækningaprédikarar, sem létu menn fara í langa röð og gengu hratt meðfram henni og snertu einn og sérhvern og báðu örstuttrar bænar. Ef til vill höfðu þessir gagnrýnendur rétt fyrir sér. Ef til vill var aðferð hans of hægfare. Stundum barðist Bill í marga klukkutíma við að koma þessu öllu heim og saman. Hann velti því fyrir sér hvernig Guð vildi í raun og veru að hann skipulegði lækningasamkomurnar sínar. Á öðrum stundum fannst honum sem þessi spurning skipti í raun engu máli lengur, vegna þess að ef til vill myndi hann aldrei aftur prédika.

Árla morguns dag einn, fann Meda manninn sinn þar sem hann kraup á gólfinu. Hann hafði lagt höfuð sitt upp að sófanum og hann grét beisklega.

“Bill, hvað er að?”

“Elskan, ef þú bara vissir hvernig mér líður. Hér er ég aðeins fjörutíu og tveggja ára gamall og heilsa mín er horfin og þjónusta minni er lokið. Ég er skuldugur. Hvað get ég gert? Hvað ber framtíð mín í skauti sér? Það lítur út fyrir að það sé komið að leiðarlokum fyrir mig.”

“Ef til vill líður þér betur þegar þú hefur fengið þér eitthvað að borða,” stakk Meda upp á.

Bill hafði grátið svo mikið að augnalok hans höfðu bólгнаð upp og næstum því lokast. Meda leiddi hann að morgunverðarborðinu, þar sem hann nartaði í egg og ristað brauð. Upp á síðkastið hafði matarlyst hans minnkað mikið. Þar af leiðandi hafði hann misst mörg kíló og vó nú aðeins 55 kíló. Ástand hans fór hríðversnandi í stað þess að batna.

Um miðjan febrúar árið 1952 fór Bill aftur á læknastöðina, til að gangast undir fleiri rannsóknir. Lukas læknir hristi höfuðið þegar hann leit á niðurstöðurnar. “Séra Branham, ég er hræddur um að lyfið sem ég lét þig fá, virki ekki. Næst ætla ég að nota arsenik.”

“Arsenik? Er það ekki hættulegt?”

“Jú, ég verð að vera mjög varkár með skammtana. En ekki misskilja þetta, séra Branham, ástand þitt er mjög alvarlegt. Svona amöbur draga 40.000 manns til dauða á hverju ári. Þessar virku amöbur geta étið sig í gegnum þarmaveggina og komist inn í blóðrásina. Þaðan berast þær svo inn í lifrina og geta valdið lífshættulegum sjúkdómum. Stundum ber blóðið þær líka að öðrum hlutum líkamans og jafnvel upp í heilann. Þegar það gerist, veldur það sótthita og síðan dauða innan tíu klukkustunda.”

Bill fór heim enn örvinglaðri en áður. Hann tók nýja meðalið sitt samkvæmt tilvísuninni, en það eina sem það gerði, var að húð hans fékk á sig appelsínugulan lit.

Það var á þessu tímabili, sem vinur hans Sam Adair hringdi, til að greina honum frá óföllum sameiginlegs vinar þeirra. “Bill, þú veist að mamma Delberts dó fyrir nokkrum árum. Delbert er nú 17 ára og hann lenti í slæmum félagsskap. Nú er hann á sjúkrahúsinu að deyja úr sárásótt. Ég hef gefið honum allt það pensillín sem líkami hans þolir og það gerir ekkert gagn. Ég hélt þú myndir vilja vita af þessu.”

“Jafn veikir og Bill var sjálfur, þá tókst honum að safna nægum kröftum til að fara á sjúkrahúsið og heimsækja þennan góðvin fjölskyldunnar. Þegar hann gekk inn á stofu hans sagði Delbert: “Bróðir Branham, ég skammast mín fyrir að þú skulir þurfa að koma hingað.”

“Hversu slæmt er ástandið, Delbert?”

“Læknirinn sagði mér að ég skyldi semja frið við Guð.”

“Ég veit að móðir þín var kristin, hvað með þig?”

“Þegar ég var orðinn einn, sögðu strákarnir mér að það væri svalt að byrja að reykja, svo að ég gerði það. Síðan fór ég að drekka bjór þegar ég var í samkvæmum og fyrr en varði hafði þetta náð tökum á mér.”

“Það er ekki of seint að gefa Jesú Kristi hjarta þitt.”

“Mig...mig langar til þess,” stamaði drengurinn, “en ég er hræddur um að Guð muni ekki taka við mér vegna þess hve syndugur ég er.”

“Ó, jú, það mun hann gera,” fullvissaði Bill hann. “Það er ástæða þess að hann gaf líf sitt á krossinum, til að frelsa synduga menn.”

“Heldur þú að hann muni taka við mér með þennan sjúkdóm?”

“Það er ekki líkami þinn sem þú ert að gefa honum, það er sál þín.”

“Þá skal ég koma.”

Bill opnaði Biblíuna og las upphátt úr 14. kafla Jóhannesar, sem hefst á þessum orðum: *“Hjarta yðar skelfist ekki. Trúið á Guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru margar vistarverur. Væri ekki svo, hefði ég þá sagt yður, að ég færi burt að búa yður stað? Þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað, kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er. Veginn þangað, sem ég fer, þekkið þér. Tómas segir við hann: ‘Herra, vér vitum ekki, hvert þú ferð, hvernig getum vér þá þekkt veginn?’ Jesús segir við hann: ‘Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig.’ ”*

Bill lauk við kaflann, kraup niður og bað. Delbert lyfti höndum og sagði með ekkasögum: “Góði Guð, miskunna þig yfir sál mína. Ekki láta mig deyja sem syndara. Ég trúi af öllu hjarta að Orð þitt sé satt og nú kem ég til þín og tek við þér sem frelsara mínum.”

Bill stóð upp og klappaði Delbert á öxlina. “Nú skulum við ræða um guðlega lækningu.”

“Það skiptir ekki lengur máli hvort ég dey eða ekki.” Delbert lagði hönd á hjartastað. “Það hefur eitthvað gerst hérna inni og nú er ég ekki lengur hræddur við að deyja.”

“Já, Delbert, frelsunin er aðalatriðið. En sami Drottinn Jesús og frelsaði sál þína, getur líka leyst þig frá sjúkleika líkamans.” Bill lagði hendur á brjóstakassa unga mannsins og bað aftur.

Þegar Bill kom heim, hringdi hann í Sam Adair og sagði: “Læknir, hvers vegna gefur þú ekki Delbert eina sprautu til viðbótar af pensillíni.”

“Bill, ég er þegar búinn að gefa honum nóg af sýklalyfi. Ef það gerði eitthvert gagn væri það þegar búið að virka.”

“Myndi það skaða hann, að gefa honum aðra sprautu?”

“Nei.”

“Af hverju gefurðu honum þá ekki eina enn, sem greiða við mig?”

“Allt í lagi, en það mun ekki gera neitt gagn.”

Nokkrum dögum seinna hringdi Sam Adair, læknir, og sagði: “Síðasta sprautan dugði. Delbert mun komast yfir þetta.”

“Það er dásamlegt,” sagði Bill. Þegar hann lagði símtólið á var hann glaður vegna vinar síns, en sorgmæddur vegna sjálfs sín. “Drottinn,” bað hann, “þú læknaðir Delbert. Hvers vegna viltu ekki lækna mig?”

Í síðustu viku febrúar árið 1952 fór Bill aftur á læknastofu Dr. Lukasar. “Hvernig er útlitið núna,” spurði hann.”

Lukas lækni stökk ekki bros. “Í hvert skipti sem ég skoða þig, finn ég fleiri amöbur í líkama þínum. Séra Branham, ég vil ekki gera þig óttasleginn, en þú ert giftur maður og átt börn. Þú þarft að fullvissa þig um að málefni þín séu í lagi. Læknavísindin geta

ekkert gert fyrir þig. Ef þessir sníklar komast inn í blóðrás þína, munt þú fá háan hita. Það er nógu slæmt ef þær komast inn í lifrina, en komist þær að hjarta þínu eða heila, þá munt þú lifa í svona tíu klukkutíma til viðbótar og það er allt og sumt.”

Bill fór heim niðurbrotinn. Það kvöld gekk hann líka um gólf og bað og grét og sárþæði Guð um að auðsýna miskunn, en nú var hann enn örvinglaðri en áður. Á hálf tíma fresti eða svo athugaði hann líkamshitann, til að aðgæta hvort hann væri nokkuð að fá hita. Hvað myndi fjölskylda hans gera án hans? Það yrði sjálfsagt allt í lagi með Billy Paul, en hvað um litlu börnin hans? Rebekka yrði sex ára í mars og Sara yrði eins árs. Hvernig átti Meda að ala þessar litlu stúlkur upp alein?

Um klukkan ellefu lagðist Bill út af og sofnaði. Eitthvað vakti hann, klukkan þrjú um nóttina. Hann lá í myrkrinu og hlustaði á hljóðið í klukkunni við rúmið sitt. Skyndilega fann hann þennan léttu þrýsting, sem olli því að hann fékk gæsa. Engill Drottins var nærri. Bill beið spenntur. Síðan heyrði hann hina kunnuglegu rödd segja: *“Farðu til litla barnsins þíns og gefðu henni vatn að drekka.”*

Hann fór fram úr rúminu og í sloppinn sinn, síðan gekk hann niður ganginn að herbergi litlu stúlkunnar. Þar stóð Sara í rimlarúminu sínu og grét hásum rómi, andlit hennar var rautt og þrútið af áreynslunni. Hún hafði verið veik undanfarna daga og grátið svo mikið, að hún var búin að missa röddina. Bill tók hana í fangið, hélt á henni fram í eldhús og hellti vatni í glas fyrir hana. Hún drakk það allt saman. Bill hugsaði: “Er það ekki fallegt af Drottni mínum að gera þetta fyrir Söru. Jesús er svo blíður og umhyggjusamur.”

Í stað þess að leggja Söru aftur í rimlarúmið, lagði hann hana í eigið rúm við hlið Medu. Hún sofnaði samstundis. Bill fór aftur inn í herbergi Söru og lagðist niður í annað af tveimur rúmum, sem þar voru, en hann gat ekki sofnað. Hann velti þessu fyrir sér í óratíma: “Hvað ber framtíð mín í skauti sér? Ég býst við að innan skamms verði ég farinn héðan. Ég fæ hita og síðan verða það tíu tímar og þá er öllu lokið. Konan mín verður að ala upp þessar litlu stúlkur alein.” Hann grét upphátt. “Ó, Guð, get ég gert eitthvað í þessu?”

Lágt hljóð truflaði þögnina, lágvært hljóð sem varð æ hærra. Það hljómaði eins og þýrlvindur nálgaðist. Bill henti af sér rúmfötunum og settist á rúmstokkinn: “Góði Guð, ert þú að koma með friðþægingu fyrir þjón þinn, eða ertu kominn til að taka mig héðan?”

Nú birtist regnbogalitt ljós, sem iðaði og fór upp að loftinu. Út úr ljósinu steig engill Drottins. Hann var með hendur sínar krosslagðar á brjóstinu og í annarri hendi hélt hann á mörgum blaðsíðum af hvítum pappírsblöðum. Engillinn sagði: *“Það sem þú varst að velta fyrir þér í sambandi við framtíð þína...”*

“Já,” sagði Bill, “mig langar að vita hvað framtíð mín ber í skauti sér.”

“Engillinn varpaði nokkrum af blöðunum á jörðina. Bill sá að það voru skrifuð orð á hverja einustu blaðsíðu, en áður en hann gæti lesið þau, sagði engillinn: *“Líttu á þetta,”* og hann sýndi Bill blöðin sem eftir voru í hönd hans. Þau voru öll hrein og hvít án nokkurra ummerkja. Engillinn fleygði þessum blöðum upp í loftið. Skyndilega var ekkert þak lengur á herberginu. Blöðin liðu upp í næturhimininn og flugu hærra og hærra, þar til þau voru eins og fjarska litlir blettir á stærð við stjörnur, áður en þau hurfu handan við vetrarbrautina. Síðan þrugaði rödd af himni: *“Framtíð þín er björt.”*

Þegar Bill kom til sjálfs sín, sat hann enn á rúmstokknum. Herbergið var dimmt og hljótt. Honum fannst hann vera dofinn og ringlaður og bað: “Ó, Guð, hafi ég fundið náð í augum þínum, þá vertu svo vænn að segja mér það. Hvað með þessar amöbur? Mun ég sigrast á þessu. Drottinn, vertu svo vænn. Hafir þú fyrirgefið mér synd mína, viltu þá tala til mín í annað sinn.”

Aftur þyrlaðist þessi yfirnáttúrulega nærvera gegnum herbergið og engillinn steig út úr ljósinu. Þegar hann hóf upp raust sína, var röddin samúðarfull en samt ákveðin: “*Að því leyti sem þú varst að velta þessu fyrir þér með amöburnar, þá munu þær ekki kvelja þig framar.*”

Engillinn fór og skildi Bill eftir stórlega glaðan. Hann var læknaður. Læknaður! Guð hafði snert við líkama hans fyrir kraftaverk. Hann myndi fá að annast fjölskyldu sína eftir allt saman. Hann gat jafnvel snúið aftur inn í þjónustu sína. Þegar Bill minntist þjónustu sinnar, hugsaði hann með sér: “Ég hefði átt að spyrja engilinn meðan hann var þarna, hvernig ég á að biðja fyrir sjúkum.”

Allt í einu stóð engillinn aftur fyrir framan hann: Hvít klæði hans endurvörpuðu ljósinu, sem hringsólaði fyrir ofan höfuð hans.

Bill sagði: “Ýmsir hafa verið að gagnrýna samkomur mínar og þeir segja að Oral Roberts og aðrir prédikarar biðji fyrir meira en 500 manns á sama tíma og það tekur mig að biðja fyrir 15. Þú sagðir mér að fá fólkið til að trúá mér. Á ég að halda áfram á sama hátt og ég geri og bíða eftir sýninni? Eða ætti ég að biðja fyrir fólkinu í hraðröð eins og bróðir Bosworth segir að ég eigi að gera?”

“*Gerðu aðeins það sem þér finnst þú leiddur til að gera,*” svaraði hann. Síðan hvarf engillinn.

“Gera aðeins það sem mér finnst ég leiddur til að gera,” endurtók Bill. Það var mjög uppörvandi. Það var einmitt lexían sem hann hafði lært af mistökum sínum í Suður-Afríku.

Áður en langt um leið fann Bill aftur fyrir nærveru engilsins og heyrði hið kunnuglega hljóð, eins og vindur blési á eldsloga: *Hviss... hviss... hviss...* Kvöldið í kvöld var ólíkt öðrum heimsóknum hans. Venjulega færði engillinn honum aðeins ein skilaboð. Í kvöld birtist hann aftur og aftur.

Engillinn hreif Bill upp í anda og setti hann niður á einni af samkomunum í Durban. Hann stóð við norðurenda Greyvillevallarins og horfði til suðurs, nákvæmlega eins og hann hafði staðið þegar hann prédikaði þar fyrir nokkrum mánuðum síðan. Fólkið fyllti áhorfendastúkuna og völlinn, alveg eins og hann mundi að hafði verið. Um leið og hann var orðinn sannfærður um að þetta var sama samkoman, lyfti engillinn honum upp og bar hann í austur. Bill fylgdist með Durbandsamkomunni fjara út í blámann í vesturátt. Síðan setti engillinn hann niður mitt á meðal öðruvísi mannfjöldi. Þetta fólk var dökkt á húð og hár og grannvaxið. Margt af því var klætt í mittisskýlur og bar túrban á höfði. Bill gerði ráð fyrir að það væri frá Austur-Indlandi.

Hann heyrði hljóð fyrir ofan sig eins og hvininn í stórum rafali. Hann leit upp og sá annan engil stíga niður af himni, sem var klæddur í rauða skikkju og hélt á sterku leiftrandi ljósi í útréttri hendi. Mannfjöldinn fyrir neðan lyfti höndum og hrópaði Jesú Kristi lof. Engillinn jók styrkinn á ljóskastaranum og ljósið lýsti upp útjaðar mannfjöldans. Þá sá Bill að mannhafið breiddi úr sér, alla leið að nærliggjandi hæðum, sem voru þarna umhverfis. Þetta virtist hafsjór af fólki, eins langt og augað eygði. Engill Drottins sem stóð við hlið hans hrópaði: “*Það eru 300.000 manns á Branhamsamkomunni!*”

Bill var vankaður af kraftinum í þessari sýn og féll niður á gólfið á milli rúmanna tveggja. Þegar hann kom aftur til meðvitundar, sá hann dagsbirtuna flæða inn á milli gluggahleranna. Hann gerði sér grein fyrir að það hlaut að vera árla morguns, vegna þess að enn var allt hljótt í húsinu. Þá heyrði hann skrýtið hljóð. Það hljómaði eins og blaðsíður í bók blöktu í vindinum. Vandinn var aðeins sá, að þetta gat ekki verið vindurinn, vegna þess að glugginn var lokaður. Bill settist upp og brá við að sjá Biblíuna sína fljúga upp af náttborðinu, yfir herbergið og staðnæmast fyrir framan

hann. Hún var opin á Postulasögunni 27. kafla, þar sem Páll er að tala til áhafnar fangaskips síns, meðan hinn ógurlegi stormur gekk yfir. Þrik birtist á lofti og benti á versin, sem Bill las síðan: *“Góðir menn, þér hefðuð átt á hlýða mínu ráði og leggja ekki út frá Krít. Þá hefðuð þér komist hjá hrakningum þessum og tjóni. En nú hvet ég yður til að vera vonglaðir, því enginn yðar mun lífi týna, en skipið mun farast. Því að á þessari nóttu stóð hjá mér engill þess Guðs, sem ég þjóna, og mælti: ‘Óttast þú eigi Páll, fyrir keisarann átt þú að koma. Og sjá, Guð hefur gefið þér alla þá, sem þér eru samskipa.’ Verið því vonglaðir, góðir menn. Ég treysti Guði, að svo muni fara sem við mig hefur verið mælt.”*

Um leið og hann lauk við að lesa þennan hluta Ritningarinnar, fletti höndin sem hélt á bókinni upp á Jósúabók, fyrsta kafla og benti á vers 2 og síðan niður blaðsíðuna eftir því sem Bill las: *“Móse, þjónn minn, er andaður. Rís þú nú upp og far yfir ána Jórdan með allan þennan lýð, inn í landið, sem ég gef þeim, Ísraelsmönnum. Hvern þann stað, er þér stígið fæti á, mun ég gefa yður, eins og ég sagði Móse. Frá eyðimörkinni og Líbanon allt til fljótsins mikla, Efratfljótsins, allt land Hetíta, allt til hafsins mikla mót sólar setri skal land yðar ná. Enginn mun standast fyrir þér alla ævidaga þína. Svo sem ég var með Móse, svo mun ég og með þér vera. Ég mun eigi sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig. Ver þú hughraustur og öruggur, því að þú skalt skipta meðal þessa lýðs landi því, er ég sör feðrum þeirra að gefa þeim... Hefi ég ekki boðið þér: Ver þú hughraustur og öruggur? Lát eigi hugfallast og óttast eigi, því að Drottinn Guð þinn er með þér í öllu, sem þú tekur þér fyrir hendur.”*

Þegar Bill hafði lokið við að lesa allan fyrsta kafla Jósúabókar, rétti hann út höndina eftir Biblíunni sinni. Samstundis var hún aftur á náttborðinu, þar sem hann hafði skilið hana eftir.

Það var bankað á dyrnar. Meða spurði: “Má ég koma inn?”

“Þetta var skrátið,” hugsaði Bill, “því skyldi hún spyrja hvort hún megi koma inn?”

Kafli 61

Vitnin þrjú

1952

Meda Branham bankaði aftur á dyrnar. “Bill, er allt í lagi með þig?”

“Já,” svaraði hann, “komdu inn fyrir.”

Meda gekk inn í svefnherbergið og hélt á sofandi barni sínu. “Bill, eitthvað hefur gerst! Fyrir nokkrum klukkutímum varð ég að vakna, til að sinna Söru. Meðan ég var vakandi ætlaði ég að gå að þér, en þegar ég kom að þessari hurð þá fékk ég þá undarlegu tilfinningu að ég ætti ekki að opna dyrnar. Ég velti fyrir mér hvort þú værir kannski að sjá sýn, þannig að ég sat bara inni í stofu og vaggaði Söru þangað til núna.”

Bill leit á klukkuna. Hún var sex. Sýnin hafði varað í yfir þrjá klukkutíma! “Já, elskan, það var sýn. Engill Drottins er búinn að vera hér síðan klukkan þrjú í nótt. Guð er búinn að fyrirgefa mér og ég mun sigrast á þessum sníklum.”

“Ó, Bill,” hún með andköfum, “það eru stórkostlegar fréttir.” Nokkrum mínútum seinna breyttist spenningur hennar í spurningu: “Bill, gætir þú nokkuð hitt þessa taugaveikluðu konu frá New Albany í dag. Hún hefur grátbeðið mig að hringja í sig næst þegar smurningin kæmi yfir þig.”

“Auðvitað, vinan. Segðu henni að koma klukkan tíu. Fyrst þarf ég að fara í bankann og athuga með greiðsluna á skattinum okkar. Ég ætla líka að hringja í Lukas lækni og athuga hvort hann getur skoðað mig aftur.”

Meðan Meda fór til að hringja í frú Shane, settist Bill niður til að íhuga hvað þessi sýn gæti þýtt. Fyrsti Ritningarstaðurinn var auðveldur, vegna þess að hann samræmdist óhappaför hans til Suður-Afríku. Páll sagði þessum mönnum, að hefðu þeir aðeins hlustað á hann og verið kyrrir á Krít um veturinn, þá hefðu þeir ekki glatað skipi sínu. Augljóslega átti Páll líka í vandræðum með fólk sem trúði ekki að hann væri leiddur af Guði.

Páll þjáðist fyrir þessi mistök ásamt áhöfninni, en fyrir Guðs náð tapaði enginn lífi. Fyrir Bill var lexían augljós: Aldrei aftur myndi hann fylgja eftir hugmyndum samferðamanna sinna, ef Drottinn var að leiða hann einhverja aðra leið.

Að skilja hvernig fyrsti kafli Jósúabókar átti við hann, var dálítið meiri áskorun. “*Svo sem ég var með Móse, svo mun ég og með þér vera. Ég mun eigi sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig.*” Vissulega var þetta yfirlýsing frá Guði um stuðning hans við þjónustu Bill. En hver voru tengslin nákvæmlega á milli þjónustu Bill og þjónustu Jósúa? Var Guð að gefa honum tilskipun um að leiða kirkjuna inn í fyrirhugað andlegt land? Það hljómaði vissulega þannig. “*Því að þú skalt skipta meðal þessa lýðs landi því, er ég sör feðrum þeirra að gefa þeim.*” Jósúa leiddi ekki bara Ísraelsmenn í baráttu þeirra við að yfirtaka Kanaansland. Þegar bardögumum lauk þá skipti hann einnig landinu milli hinna tólf ættflokka og leiddi þá inn í arfleifð sína. Samkvæmt því sem postulinn Páll sagði, þá lofaði Guð kirkjunni andlegri arfleifð. “*En það segi ég, bræður, að hold og blóð getur eigi erfð Guðs ríki, eigi erfir heldur hið forgengilega óforgengileikann. Sjá, ég segi yður leyndardóm: Vér munum ekki allir sofna, en allir munum vér umbreytast, í einni svipan, á einu augabragði, við hinn síðasta lúður. Því lúðurinn mun gjalla og þá munu hinir dauðu upp rísa óforgengilegir og vér munum umbreytast. Þetta forgengilega á að íklæðast óforgengileikanum og þetta dauðlega að íklæðast ódauðleikanum.*”²⁴ Bill velti því

²⁴ 1.Korintubréf 15:50-53.

fyrir sér, hvort það væri verið að kalla hann til að leiða heiðingjakirkjuna²⁵ inn í sína andlegu arfleifð.

Hvað sem þessi sýn þýddi þá var augljóst að það voru nokkrar orrustur framundan, og Guð var að hvetja hann til að halda hugrakkur áfram veginn. “*Hefi ég ekki boðið þér: Ver þú hughraustur og öruggur? Lát eigi hugfallast og óttast eigi, því að Drottinn Guð þinn er með þér í öllu, sem þú tekur þér fyrir hendur.*” Bill tók upp pennann sinn og skrifaði stutta frásögn af sýninni á saurblað Biblíunnar sinnar, til þess að hann myndi alltaf muna eftir henni og hann hefði hana ávallt í farteskinu.”

Meðan þau voru að snæða morgunverð, leit tengdamóðir Bill inn til að spyrja: “Er allt í lagi hjá ykkur? Ég fór að vaskinum í morgun til að þvo upp diskana frá deginum áður. Mér fannst Drottinn segja við mig: “Farðu heim til Bill, eitthvað merkilegt hefur gerst.”

Eftir að Bill hafði sagt frá Broy frá hinum endurteknu vitjunum engilsins fyrr um morguninn, þá mundi Bill eftir dálitlu sem stendur í Biblíunni: *Framburður er gildur ef tveir eða þrír vottar bera.*²⁶ Hér var annað vitnið hans, sem staðfesti að það sem engillinn hafði sagt var sannleikur. Þegar morgunverði var lokið hringdi Bill í Lukas lækni: “Ég vildi gjarnan fá skoðun strax í dag.”

“Til hvers?”

“Ég er ekki lengur með þessar amöbur.”

“Jú, þú ert með þær. Þegar einhver er einu sinni kominn með þetta þá situr hann uppi með það, það sem eftir er ævi sinnar.”

Drottinn Jesús gerði dálítið fyrir mig í morgun. Ég vildi gjarnan að þú skoðaðir mig einu sinni enn.”

Lukas lækni hikaði: “Nú...ég skoðaði þig um daginn. Það er fullt af þessum sníkum í þörmum þínum. En ef þú vilt fá aðra skoðun, þá komdu til mín um eftirmiðdaginn í dag og ég skal líta aftur á þig.”

Bill fór í bankann rétt í þann mund sem hann opnaði. Viðskipti hans tóku ekki langan tíma. Á leiðinni út úr dyrunum fannst honum allt í einu, að hann ætti ekki að fara. Hann steig til hliðar í anddyrinu og bað í hljóði: “Drottinn Guð, hvað vilt þú að ég geri?” Hann stóð þarna eitt augnablik og hélt á skjalatöskunni sinni undir hendinni. Síðan hljómaði rödd í höfði hans: “Líttu á Bob Denison.”

Bob Denison, einn af gjaldkerum bankans var gamall kunningi hans. Bob stóð á bak við eina af gjaldkeralúgunum og laut höfði. Bill gekk til hans og sagði glaðlega: “Góðan daginn, Bobby, hvernig hefur þú það í dag?”

Þegar Bob leit upp, glitraði á tár í augum hans. “Bill, ég veit ekki hvernig þú átt eftir að taka þessu en klukkan þrjú í morgun vaknaði ég og mig dreymdi að ég ætti að segja þér frá vandamáli mínu. Nú ertu hingað kominn og ég vona að þér sé sama.”

“Það er allt í lagi, Bobby, haltu bara áfram.”

“Næstum því allt mitt fólk hefur dáið úr krabbameini og núna er ég kominn með öll einkenni þess. Ég hef verið alveg rosalega áhyggjufullur síðustu dagana.”

Bill tók hægri hendi Bobby í sína vinstri og hann fann hinar titrandi bylgjur sem stöfuðu frá krabbameininu. Hönd Bill bólgnadi og varð rauð. “Bobby, við skulum biðja þess að Drottinn Jesús Kristur snerti við líkama þínum.”

Eftir aðeins stutta bæn, hurfu bylgjurnar. Krabbameinið var farið. Bill hugsaði með sér: “Hér er þriðja vitnið mitt komið.”

Þegar hann kom aftur heim, var frú Shane þegar komin. Þar sem hún var of taugatrekt til að aka sjálf, höfðu tveir af vinum hennar komið með hana. Bill bað þá

²⁵ Þ.e. kirkja þeirra, sem ekki eiga Gyðinglegan uppruna.

²⁶ 5.Mósebók 19:15. Matteus 18:16.

að bíða í stofunni, meðan hann talaði við frú Shane í holinu. Maður sem var baptisti var líka kominn heim til Bill til að fá fyrirbæn. Bill hafði aldrei séð hann áður en hann þekkti hann af afspurn, vegna þess að hann var áður atvinnumaður í hafnabolta og spilaði með liði frá borginni Louisville í Kentucky. Nú var hann að deyja úr krabbameini í milta, sem var sjúkdómsástand sem læknavísindin höfðu enga lækningu á. Bill bað hann að bíða inni í svefnherbergi.

Bill fór inn á skrifstofu sína og þar var frú Shane. Hún gekk um gólf og neri saman höndum. Hann settist í stól. “Hvernig hefur þú það, frú Shane? Gerðu svo vel að fá þér sæti.”

Hún fleygði sér niður á stól og stamaði: “Bróðir Branham, er engill Drottins nærstaddur?”

“Já, systir, við erum í nærveru hans.”

“Gott. Nú getur þú rekið þennan illa anda út af mér. Mér finnst eins og jörðin geti opnast og gleypt mig á hverri stundu.”

“Bíddu aðeins, systir. Við verðum að athuga hvað það er, sem við erum að reka út. Við skulum fyrst tala saman.” Hann vildi beina huga hennar frá þessu málefni til að hún yrði rólegri. “Ég og þú skulum fara í dálítið ferðalag.”

“Nei”, öskraði hún, “ég get ekki farið í ferðalag.” Rödd hennar var hávær og taugatrekkt.

Bill reyndi að róa hana niður. “Slakaðu á. Ég var að tala um andlegt ferðalag. Við skulum ferðast til þess tíma þegar Guð skapaði karl og konu og setti þau í aldingarðinn Eden.” Hann talaði mjúklega til að róa taugar hennar. Brátt sá Bill lítinn svartan bíl aka hratt í loftinu fyrir ofan þau. Hann spurði: “Hefur þú einhvern tíma lent í bílslysi.”

“Nei, bróðir Branham. Af hverju spyrð þú mig að því?”

“Ó, ég sá dálítið.” Hann hélt áfram að tala. Brátt kom sýnin aftur og hún afhjúpaði hinn ógeðfellda sannleika. “Þú giftir þig í seinni heimstyrjöldinni og maðurinn þinn var sendur til Frakklands. Þú varðst einmana og byrjaðir að vera í kringum aðra menn. Kvöld eitt varst þú í bíltúr með ljóshærðum pilti og þú braust hjúskaparheit þitt. Á leiðinni til baka var bílinn næstum orðinn fyrir lest, þegar hann ók yfir járnbrautarteina.”

Frú Shane öskraði og hneig niður. Meda kom í skyndi inn í herbergið og spurði hvað væri að. Bill og Meda hjálpuðu konunni saman að rísa upp úr gólfinu og setjast í stól. Hún titraði óstjórnlega og sagði grátklökk: “Bróðir Branham, þú vogar þér ekki að segja neinum frá þessu.”

“Systir, í þessu felst vandamál þitt. Og þér mun aldrei batna þar til þú lagfærir þetta. Mér er sama hversu oft yrði beðið fyrir þér. Menn gætu hrópað og stappað eins og þeir mögulega geta og smurt þig með mörgum lítrum af olíu og það myndi ekki gera neitt gagn. Á meðan það er synd í lífi þínu, sem þú hefur ekki játað, hefur djöfulinn rétt til að vera þarna. Ef þú vilt verða heilbrigð verður þú að játa þessa synd fyrir eiginmanni þínum og gera upp málin.”

“Ég hef játað þetta, bróðir Branham. Ég játaði það fyrir Guði fyrir löngu síðan.”

“Þú syndgaðir ekki gegn Guði. Þú varst gift kona. Þú syndgaðir gegn hjúskaparheiti þínu.”

“Bróðir Branham, ég get ekki sagt manninum mínum frá þessu. Hann myndi örugglega fara frá mér.”

“Systir, þú veist að ég hef sagt þér sannleikann. Enginn veit um þessa synd fyrir utan þig, þennan ljóshærða dreng og Guð. Þú sagðir mér að þú hefðir gengið til sálfræðings í tíu ár. Hann gat ekki dregið þetta út úr þér. En þetta er vandamál þitt.

Það liggur grafið djúpt í undirmeðvitund þinni. Þú munt aldrei verða heilbrigð fyrr en þú segir manninum þínum frá þessu og hreinsar samvisku þína.”

“Ég get það ekki,” sagði hún með gráthljóð í röddinni. “Ég á þrjú börn. Það myndi sundra heimili okkar.”

“Það getur verið að heimilið sundrist hvort sem er, vegna þess að þú munt ekki halda út andlega mikið lengur. Það er best fyrir þig að fara til mannsins þíns og ræða málin.”

“Ég, ég get það bara ekki,” volaði hún, “ég get það bara ekki.”

Bill stóð á fætur. “Þú ræður því, systir. Ég er búinn að gera það sem ég get. Ég hef sagt þér hvað Guð segir um málið og þú veist að það er sannleikur. Það sem eftir fylgir er þitt mál. Nú verð ég að fara og hitta mann í næsta herbergi, sem er með krabbamein.”

Hún grátbað hann: “Ó, bróðir Branham, ekki fara frá mér.”

Skyndilega sá Bill mann standa við hliðina á frú Shane. Hann var hávaxinn og með snyrtilega greitt dökkt hár. Hann var í hvítum jakka og Bill sá orðin Chevrolet rituð á bakhlið hans. Bill sagði: “Vinnur ekki maðurinn þinn fyrir Chevrolet fyrirtækið?”

“Jú,” muldraði hún.

“Hann er hávaxinn maður dökkt hár, sem hann greiðir til hliðar.”

“Já, það er rétt.”

“Hann þarf að játa þessa sömu synd fyrir þér.”

Hendur hennar þutu upp að kinnum hennar. “Nei, ekki maðurinn minn, hann er djákni í kirkjunni.”

“Mér er sama hvað hlið hann sýnir á sér hið ytra. Guð sér hjarta hans. Meðan á stríðinu stóð og maðurinn þinn var í Englandi, tók hann sér stúlku og bjó með henni. En það er ekki allt. Fyrir aðeins þremur dögum laumaðist hann burt með dökkhærðri konu, sem vinnur á skrifstofunni hans. Hún var í bleikum kjól. Þau lögðu bílnum hjá tré. Það var grænn Chevrolet með Indiana skrásetningarnúmeri. Og einmitt þar var hann þér alveg jafn ótrúr og þú varst honum einu sinni.”

“Ég þekki þessa konu.” Hún var opinmynt af undrun. “Og ég þekki líka þennan bíl.”

“Það er best að þú farir til mannsins þíns og ræðir við hann um þessa hluti.”

Meðan Bill fór til að biðja fyrir manninum með krabbameinið, hringdi frú Shane í manninn sinn og bað hann að hitta sig niðri við veginn. Vinir hennar tveir keyrðu hana á staðinn og biðu þar til maðurinn hennar kom. Þegar hún var komin í framsætið við hlið mannsins síns, sagði hún hægt og rólega: “Ég veit að ég hef kostað þig mikil fjárútlát síðustu tíu árin, með því að ganga til sálfræðings í hverri einustu viku. En nú held ég að ég sé komin að rót vandamáls míns. Ég gerði eitt sinn dálítið, sem hefur ásótt mig æ síðan. Ég verð að segja þér hvað það er og ég vona að þú munir fyrirgefa mér.”

Þegar hún var búin að játa synd sína fór maðurinn hennar að verða gramur. Hún sagði: “Og fórst þú ekki eitthvað með ritara á skrifstofu þinni fyrir þremur dögum? Lögðuð þið ekki grænum Chevrolet undir tré og gerðuð nákvæmlega það sama og ég gerði?”

Hann leit varfærnislega á hana. “Við hvern hefur þú verið að tala?”

“Ég var að koma úr heimsókn hjá bróður Branham. Hann sagði mér þetta.”

Við þessa opinberun, hvarf hræsni hans eins og loft úr sprungnu dekki. “Elskan, þetta er satt. Ef þú vilt fyrirgefa mér þá skal ég fyrirgefa þér. Ég ætla að fara niður í kirkju og segja upp sem djákni og þú skalt hætta að kenna í sunnudagaskólanum. Við skulum fara að standa rétt gagnvart Drottni og ala börnin okkar upp á réttan hátt.”

Þau óku heim að heimili Branhamhjónanna og gengu upp að dyrunum, hönd í hönd. Bill hafði lokið við að biðja fyrir krabbameinssjúklingnum. (Maðurinn hafði fengið kraftaverkið sitt.) Bill sagði við Shanehjónin: “Ég er glaður að þið skylduð geta unnið úr þessu ykkar í milli. Nú getum við ákallað nafn Jesú og rekið þennan illa anda út.”

Nokkrum mínútum seinna, var frú Shane sem ný manneskja.

Síðar þetta sama síðdegi, mætti Bill á læknastöðina. Jafn upptekinn og Lukas læknir var, kom hann Bill samt að, inn á milli annarra sjúklinga. “Jæja, hvað er það sem þú varst að segja í morgun?”

“Ég er ekki lengur með þessar amöbur.”

“Séra Branham, það sem þú ert líklega að upplifa er tímabundin lausn frá einkennunum. Það gerist stundum. Við köllum það venjulega tímabundið hlé.”

“Nei, læknir góður, þetta er ekki tímabundið. Þetta er varanlegt. Ég er fullkomlega læknaður.”

“Komst þú með hægðaprufu fyrir mig?” Lukas læknir fór með prufuna yfir í rannsóknarstofu læknastöðvarinnar. Brátt kom hann til baka og sagði: “Mig langar til að skoða þig betur.” Þegar hann hafði lokið skoðuninni sagði hann: “Bróðir Branham, þessar amöbur eru enn til staðar, en þær eru ekki lengur virkar. Ég hef aldrei heyrt að þetta hafi gerst áður og ég hef ekki hugmynd um hvað það getur verið, sem svæfir þær.”

“Ég veit það,” sagði Bill af sannfæringu. “Drottinn Jesús læknaði mig um þrjúleytið í nótt.”

Læknirinn sagði: “Ég verð að skoða þig reglulega í þrjá mánuði, áður en ég get sagt að þú hafir ekki lengur þessar Amöbur.”

“Þú mátt skoða mig á hverjum degi ef þú vilt.”

Þegar Bill var að fara og fór í gegnum biðstofuna, sá hann samstarfsmann Lukas læknis standa í dyragátt skrifstofu sinnar. Hann var að tala við hjúkrunarkonu. “Herra Branham,” sagði læknirinn, og gekk til hans til að heilsa honum með handabandi. “Það er gott að sjá þig aftur.”

Bill bað í hljóði: “Drottinn, ef þú vilt að ég tali við hann um trúna, þá láttu hann brydda upp á umræðuefninu. Ég vil ekki þrýsta á hann með þetta.”

Læknirinn sagði: “Hvað finnst þér um þessa ættbálka þarna í Afríku? Eru þeir ekki að verða æ framfarasinnaðri?”

“Jú, ætli það ekki.”

Það eru margir frá Austur-Indlandi, sem hafa flutt þarna til Suður-Afríku, er ekki svo?”

“Það er rétt. Í Durban er um helmingur íbúanna frá Indlandi.”

“Ég hef lesið mikið um það. Þeir eru Hindúar, er það ekki?”

“Margir af þeim eru hindúar, en sumir eru Múslímar.”

“Þeir eru mjög klárir þessir Indverjar. Mér finnst í raun að Mahatma Gandhi hafi verið vitrastir maður sem uppi hefur verið.”

“Allir hafa rétt á sinni skoðun. En ég er ósammála þér. Ég held það hafa verið Jesús Kristur.”

“Ég er viss um að þér hefur ekki gengið vel að fá þessa Hindúa og Múslíma til að snúast til trúar, er það nokkuð?”

“Ó, vissulega. Það snerust 30.000 manns til trúar á einum degi.”

“Hvað þá!, hrökk út lækninum og hann missti sigarettuna sína í gólf. “30.000 sem snerust til trúar á einum degi?”

“Ef þú efast um þetta getur þú hringt í Sidney Smith, sem er borgarstjóri í Durban, og spurt hann. Þú munt komast að því að líklega er það of lág tala.”

“Ertu viss um að það hafi verið Hindúar?”

“Margir þeirra voru Hindúar. Þegar þeir sáu kraft Almáttugs Guðs starfa mitt á meðal þeirra, þá trúðu þeir að það væri Drottinn Jesús, alveg eins og ég hafði sagt þeim. Eg fylgdist með mörg hundruð hindúakonum þvo rauða blettinn af ennum sínum, þegar þær tóku við Kristi.”

Allir í biðstofunni virtust vera að hlusta á þetta samtal. Læknirinn steig á brennandi sígarettuna sem hann hafði misst á gólfíð. “Vá! Þú hlýtur að vera snillingur.”

“Nei, herra minn, ég lauk ekki einu sinni sjöunda bekk. Minn Drottinn er Jesús og hann er snillingurinn.”

“Ó, ég veit ekki,” sagði læknirinn. “Það er dálítið of djúpt í árina tekið fyrir mig.”

“Fyrirgefðu mér að tala svona beinskeytt við þig, læknir, en það er dálítið sem þig vanhagar um. Þú ert klár maður, fullur af þekkingu. En þekkingin mun aðeins gagnast þér að ákveðnu marki. Það voru tvö tré í aldingarðinum Eden. Annað þeirra var skilningstré og hitt var lífsins tré. Þegar Adam yfirgaf lífsins tré til að eta af ávöxtum skilningstrésins, þá aðskildi hann sig frá Skapara sínum. Síðan þá hefur maðurinn verið að eta af skilningstrénu og það er að gera út af við hann. Hann lærði að gera hluti úr málmi og hvað bjó hann til? Sverð og örvar. Síðan uppgötvaði hann byssupúðrið. Áður en mjög langt var liðið fann hann upp bifreiðina. Hún hefur drepíð fleiri en byssupúðrið. Nú er hann búinn að ná sér í kjarnorkusprengju.”

“En maðurinn myndi samt deyja enda þótt hann hefði ekki fundið upp neitt af þessu.”

“Nei, ekki ef hann hefði haldið sér við lífsins tré. Þá hefði hann lifað að eilífu. Dauðinn kom af því að hann yfirgaf lífsins tré fyrir skilningstréð. En maðurinn getur samt lifað að eilífu, ef hann snýr sér aftur að lífsins tré sem er Jesús Kristur.”

“Það veit ég nú ekki,” muldraði læknirinn.

“Ég er ekki á móti menntun” voru lokaorð Bill. “En vandamálið sem þið eigið við að stríða sem eruð með alla þessa menntun, er að þið reynið að rökleiða alla hluti. Þið klifrið upp skilningstréð eins hátt og þið komist, en þegar þið eruð komin það hátt að þið komist ekki hærra, þá hafnið þið öllu sem þið skiljið ekki. Það er allt í lagi með skilningstréð, en þegar þið eruð komnir upp í topp þess, ættuð þið að hoppa yfir í lífsins tré og halda áfram að klifra. Það er það sem trúin á Orð Guðs snýst um.”

Kafli 62

Hægribeygja við Michiganvatn 1952

Þrátt fyrir að einkennin hefðu horfið daginn sem hann læknaðist, gat William Branham ekki snúið samstundis til vinnu sinnar. Stríð hans við amöburnar hafði valdið því, að hann var veikburða og horaður. Það átti eftir að taka fjóra mánuði í viðbót, þar til honum fannst hann væri nægilega styrkur til að taka aftur upp hina stífu áætlun sína, þar sem ein lækningaherferðin fylgdi á eftir annarri.

Í apríl árið 1952 hringdi Fred Bosworth og hafði frá spennandi tilboði að segja. “Bróðir Branham, þeir í Baltimore eru að bjóða okkur sal með loftræstingu ókeypis allan júlímánuð. Salurinn er með sæti fyrir 10.000 manns. Fimm hundruð forstöðumenn hafa lofað að styðja samkomurnar fjárhagslega. Það eru Baptistar, Mepódistar og Kristileg hreyfing kaupsýslumanna (Full Gospel Businessmen), nefndu það bara. Fimm hundruð félagar í þeirri hreyfingu, vilja taka þátt í þessu. Þetta gerist ekki betra.”

“Ef Guð segir mér að fara þangað, þá er það staðurinn sem ég vil fara á. En hingað til, finnst mér ég ekki leiddur til að fara til Baltimore.”

Nokkrum dögum seinna hringdi Ern Baxter. “Menn eru að hafa samband alls staðar að úr landinu og vilja að þú komir. Margar borgir eru að biðja um þig: Hammond, Zion, Chicago, Battle Creek, Minneapolis og San Francisco. Ég gæti auðveldlega fyllt upp í samkomuáætlun þína fyrir árið 1952. Hvað ætlar þú þá að gera?”

“Á þessu augnabliki hef ég alls enga leiðsögn inn í það.”

Baxter kom með uppástungu: “Förum þá til Chicago. Það bíður þín stór áheyrendasalur þar.”

“Það hljómar eins og það gæti verið í lagi.”

“Á ég þá að tryggja okkur hann?”

Bill hikaði: “Nei, það er betra að bíða átekta enn um sinn.”

Um eftirmiðdaginn, fór Bill með konuna sína í himinsýningarhúsið. Þegar hann horfði á hinn tilbúna norðurhiminn líða eftir hvolfpakinu, talaði Heilagur andi til hans og sagði: “*Ekki fara til Chicago eins og er. Beygðu af leið og farðu til Hammond og Zion.*” Þegar Bill kom heim, hringdi hann í Ern Baxter og sagði honum að undirbúa samkomur í Hammond í Indíanafylki og Zion í Illinoisfylki.

Baxter sagði: “Það nægir fyrir júlímánuð. Hvert viltu fara eftir það?”

Bill sagðist ekki hafa neina leiðsögn Andans eftir að þeir hefðu farið til Zion. Ern Baxter andvarpaði. “Bróðir Branham, við verðum að hafa ákveðnar dagsetningar til að tryggja okkur þessa stóru áheyrendasali. Hvað með Battle Creek?”

“Ég held að það ætti að vera í lagi. Ég er að íhuga tvo staði eftir Zion: Battle Creek í Michiganfylki og Minneapolis í Minnesota. Ég hallast fremur að Battle Creek vegna þess að ég hef áður komið til Minnesota. En ekki gera neinar langtímaskuldbindingar.”

Án þess að Bill vissi, hringdi Ern Baxter í tengilið sinn í Battle Creek og gerði Bill skuldbundinn til að halda þar samkomuherferð, sem átti að hefjast 16. ágúst og standa í 14 daga þar á eftir.

Snemma næsta morgun dreymdi Bill að hann sæi jarðskriðu stefna á húsið þar sem hann og konan hans sváfu. Hann hraðaði sér örvæntingarfullur að koma Meðu til bjargar og náði henni út aðeins örfáum augnablikum áður en skriðan gjöreyddi

húsinu. Bill vaknaði í svitakófi. Hann slakaði á þegar hann sá konu sína sofa friðsælum svefni við hlið sér. Hann hugsaði með sér: “En hræðilegur draumur. Skyldi hann hafa einhverja merkingu.”

Þá sat hann allt í einu í bát sem sigldi á tæru, bláu vatni. Eins og dagur og nótt eru lík en samt ólík, eins líkjast sýnir draumum, en eru samt frábrugðnar. Draumar eru skuggar raunveruleikans, sem koma til manns þegar maður er með lokuð augu í djúpum svefni. Þeir skilja eftir sig áhrif sem erfitt er að muna. Sýn kemur þegar maður er með galopin augu. Hún skellur á skilningarvitunum eins og sólarljós og skilur eftir sig ýmsar myndir í huganum. Eftir því sem Bill vissi best, var hann raunverulega á báti úti á vatni, sem var það stórt að ströndin var eins og mjótt strík langt í fjarska. Hann heyrði hljóð eins og lítill mótör væri að nálgast. *Pútt-pútt-pútt*. Hann leit til baka og sá skuggalega veru hreyfa sig undir vatninu. Hún færði sig í áttina að stefninu á bátnum, en rétt áður en hún rakst á hann, breytti hún um stefnu og drattaðist burt. Síðan fór hún í hring og stefndi aftur á stefnið á bátnum, en sneri sér frá á síðustu stundu og fór til hægri. Bill hallaði sér út fyrir jaðar bátsins og vonaðist til að sjá hver þessi skrítna vera væri. Þess í stað sá hann veg undir vatninu, sem endaði í “T” gatnamótum. Önnur leiðin var til vinstri og hin til hægri. Nú heyrði hann engil Drottins segja: *“Þetta segir þér að beygja til vinstri.”*

Allt í einu var Bill aftur í svefnherberginu sínu. Hann sat glaðvakandi í rúminu. Hann var ringlaður. Hvað hafði gerst? Hann hafði dreymt um konu sína, og síðan... Hafði hann sofnað á ný og dreymt annan draum? Þetta virtist meira lifandi en draumur. Myndirnar voru mjög skýrar og greinilegar, eins og hann væri raunverulega úti á vatni. En ef þetta var sýn, hvað þýddi hún þá? Það virtist ekki vera neitt vit í þessu. Hann velti þessari reynslu fyrir sér í langan tíma og reyndi að skilja þetta. Að lokum gafst hann upp.

Eftir sjö mánaða hlé, sneri William Branham aftur til trúboðsþjónustu sinnar þann 13. júlí árið 1952. Starfið hófst með átta daga lækningaherferð í Hammond í Indianafylki. Að biðja fyrir sjúkum í Ameríku var öðruvísi en það hafði verið í Afríku, þar sem eitt kraftaverk gat gefið hundruðum manna innblástur til að treysta Kristi fyrir eigin lækningu. Verk hans hafði verið auðveldara í Afríku, vegna þess að engillinn hafði sagt honum, að ef hann gæti fengið fólkið til að trúa sér, myndi ekkert standa í vegi fyrir bænum hans, ekki einu sinni krabbamein. Að nota gjöfina var enn eins slítandi fyrir hann og að hlaupa maraþonhlaup. En í Afríku fannst honum hann alla vega hlaupa á þurri jörð. Að biðja fyrir sjúkum í Hammond, var eins og að hlaupa í vatni upp að hnjám. Fólkið virtist upp til hópa vera kalt og fálátt varðandi hina yfirnáttúrulegu greiningu. Enda þótt margt fólk hefði næga trú til að lækna, fann Bill efasemdir streyma frá áheyrendum eins og uppgufun frá illa lyktandi mýri. Þegar fyrirbærir hófust, steig kona fram sem leit út fyrir að vera heilbrigð og sterk. Bill sagði: “Vegna þess að þú ert fyrsti sjúklingurinn minn í kvöld, langar mig til að tala við þig eitt augnablik. Ég trúi að við séum ókunnug, ekki satt?”

“Jú.”

“Þú og ég höfum hvort um sig mannlegan anda. Þegar þessi smurning kemur yfir mig, er það líka andi. Það er engill Drottins, sem er sendiboði frá Guði. Það er hluti af Guði, eða eiginleiki frá Guði, gjöf Guðs, send til að blessa þig. Ef þú hefur anda vantrúar, þá getur hann ekki blessað þig. Ef andi þinn er viljugur, þá segir hann þér ef til vill eitthvað og blessar þig.”

“Nú, þú ert meðvituð um að eitthvað er um að vera. Það er nærvera Guðs, nærvera engils Drottins, sem stendur í aðeins örfárra sentímetra fjarlægð frá mér. Já, systir mín. Þú þjáist af höfuðverkjum. Nýlega sast þú í stól og varst að lesa, þegar eitt af

Þessum höfuðverkjaköstum kom yfir þig. Í sýninni sé ég þig halda um höfuðið. Ó, þú ert að lesa bókina mína.²⁷ Þú hugsaðir með þér: ‘Ef ég fer á samkomurnar og læt hann biðja fyrir mér, þá hætta þessi höfuðverkjaköst ef til vill. Það er kvensjúkdómur sem orsakar þessa höfuðverki. Ég veit að þér hefur verið sagt annað, en það er rangt. Læknirinn gerði mistök. Til að þú getir vitað að ég er spámaður Guðs, þá skal ég segja þér dálítið annað. Þú tilheyrir kirkju sem heitir Kristilega vísindakirkjan (*Christian Science*). Ég sé þið í lesstofu Kristilegu vísindakirkjunnar Er það rétt? Lyftu þá upp hönd.’”

Þegar hún rétti upp hönd sína, sá Bill ljósgeisla umlykja hana. Hann laut höfði og bað. Síðan opnaði hann augun og leit upp rétt tímanlega til að sjá engil Drottins svífa burt og færa sig yfir áhorfendur.

“Afsakið mig. Það er eitthvað um að vera. Ég er að fylgjast með sýn af einhverjum halda um höfuð sitt á sama hátt, en það er þeldökk kona.” Bill benti og talaði meðan hann sá sýnina með opnum augum. “Það er þessi kona þarna í gulu blússunni. Ert þú ekki með höfuðverki? Stattu á fætur ef það er rétt. Trúir þú á son Guðs, Jesú Krist? Í nafni Drottins Jesú Krists, bið ég um blessun Guðs yfir þig og þessir höfuðverkir fari frá þér og komi aldrei aftur.”

Bill sneri sér að áheyrendum og sagði: “Sérhver efasemdamaður hér inni ætti að skammast sín.”

Efasemdarmennirnir héldu samt áfram að vera vantrúaðir. Seinna komst Bill að því að annar trúboði hafði prédikað nýverið í Hammond og útgáfa þessa manns af guðlegri lækningu, hafði gert þetta fólk neikvætt gagnvart hugmyndinni. Marga grunaði að greiningin væri ekkert nema væri bragð og fyrirbænakortin væru notuð af þeirri ástæðu. Á þriðjudagskvöldinu útdeildi Billy Paul 100 bænakortum. En þegar Andinn steig niður, hvatti hann Bill til að hunsa þessi bænakort og biðja í staðinn þá sem ekki höfðu bænakort, að rétta upp hönd. Bill sá að fólk í nokkrum sætaröðum var ekki með fyrirbænakort. Hann bað þessar karla og konur að mynda fyrirbænaröð sér til hægri handar.

Fyrst í röðinni var gömul kona, sem staulaðist upp þrepinn upp á pallinn. Bill sagði: “Þú ert ekki með fyrirbænakort. Þú komst einfaldlega hingað í kvöld og settist niður og ert dálítið hissa að ég skildi kalla á þig. Ég er aðeins bróðir þinn. Ég sagði bróðir, af því þú ert kristin. Ég veit það, af því ég fann anda þinn bjóða mig velkominn. Ég er að tala við þig eins og Meistarinn við konuna við brunninn, þegar hann sagði: “Gef mér að drekka.” Hann vildi hefja samræður við hana, til að ná til anda hennar. Þegar ég næ til anda þíns, birtist mér sýn. Þá get ég aðeins sagt frá því sem ég sé. En ef ég get komist að því hvað er að þér, vilt þú þá trúa því að ég sé spámaður Guðs?”

“Ég sé að þú hefur átt erfitt undanfarið. Hlutir hafa gerst sem hafa hrist upp í þér. Það er ýmislegt að hjá þér. Þú ert blóðlítill, þú ert með kvensjúkdóm og þú hefur verið taugaveikluð í langan tíma. En það sem þú óttast mest er krabbamein. Þú ert hrædd um að það muni taka líf þitt og það mun gera það ef Guð miskunnar sig ekki yfir þig. Ef þetta er rétt, þá réttu upp hönd þína í átt til fólksins.”

Hún rétti upp hönd sína. Aftur horfðist Bill í augu við efasemdarmennina. “Þú sem heldur að ég sé svikari og að þetta sé hugsanalestur, eða ég lesi þessa hluti á fyrirbænasþjöldunum, skammast þú þín ekki núna? Guð mun eiga við þig fyrir það. Guð veri þinni syndugu sál miskunnsamur.” Hann sneri sér aftur að konunni, laut höfði og bað fyrir henni til lækningar í nafni Jesú Krists. “Nú, nú systir mín, farðu heim og gleymdu öllu um þetta krabbamein. Það verður allt í lagi með þig.”

²⁷ Hér er verið að vísa til bókarinnar *William Branham, maður sendur af Guði*, sem Gordon Lindsay skrifaði árið 1950.

Frá því augnabliki gufuðu allar efasemdir upp í heita júlínóttina. Það sem eftir var vikunnar starfaði Andi Guðs frjálst í Hammond. Bill var svo hrifinn af því hve trú áheyrenda hafði breyst til batnaðar, að á einni samkomunni gerði hann tilraun með að athuga hve mörgum hann gæti beðið fyrir á einu kvöldi. Hann vonaðist til að geta beðið fyrir 100 manns eða fleiri og að trú þeirra yrði nægilega sterk, þannig að fyrirbænin drægi hann ekki inn í sýn. Samt komu það margar sýnir, að eftir að 78 manns höfðu farið í gegnum fyrirbænaröðina, féll Bill saman af þreytu.

Næsta morgun, fannst honum hann nógu sterkur til að halda áfram með herferðina, en hann vissi betur en að reyna þetta mjög oft, vegna þess að líkami hans þoldi ekki álagið. Sýnirnar komu óbeðnar. Hann gat hvorki ýtt á að þær kæmu, né gat hann lokað á þær. Þegar nógu mikil trú togaði í gjöf hans, tók greiningin að flæða. Líkami hans gat borið þetta í um það bil hálf tíma hvert kvöld, en ekki lengur. Ef hann eyddi of miklum tíma í hinni víddinni, gæti það gert út af við hann, eins og það var næstum búíð að gera árið 1948. Hann var samt feginn að hafa gert þessa tilraun kvöldið áður. Núna vissi hann, að hann yrði að halda áfram að nota fyrirbænasþjöldin, til að takmarka fjölda þeirra sem beðið var fyrir á hverri samkomu. Ef áheyrendur gátu ekki trúað, eftir að hafa fylgst með hinni yfirnáttúrulegu greiningu í fyrirbænaröðinni, þá var ekkert meira sem Bill, (eða jafnvel Guð) gat gert fyrir þá.

Í ágúst hóf William Branham herferð sína í Battle Creek í Michigan, sem er lítil borg með um 40.000 íbúa á austurströnd Michiganvatns. Eftir nokkrar samkomur var hann undrandi. Gjöf Guðs starfaði fullkomlega, en alveg eins og í Hammond, virtust hinir kristnu ekki ná þýðingu hennar, svo að trúin var lítil. En ólíkt því sem gerðist í Hammond, þá gat Bill ekki bent á vandann. Ef til vill var hann bara spilltur af þeirri spennu sem hann hafði séð í Suður-Afríku. Hann sagði við Ern Baxter: “Það er eitthvað að. Ég veit ekki hvað það er, en mig langar til að komast að því. Síðdegis á morgun ætla ég inn í skóg til að biðja, þar til ég veit hvað er að.”

Næsta morgun ók hann á afskekktan stað við vatnið, þar sem hann gat beðið ótruflaður. Hann kraup á milli villivínviðarins undir tignarlegu eikartré og gleymdi sér brátt í bæn. Skyndilega var hann kominn út á vatnið á litlum mótorbát. Það heyrðust skellir frá mótörum – *pútt-pútt-pútt*, meðan báturinn stefndi í norður meðfram austurbakkanum. Síðan beygði báturinn til vinstri í átt að vesturbakkanum. Engill Drottins birtist við hlið hans og sagði: “*Afboðaðu samkomur þínar í Battle Creek og snúðu þér undireins til Minneapolis.*” Engillinn hvarf og augnabliki síðar var Bill aftur uppi á landi og kraup undir skuggsælu eikartrénu.

Nú skildi Bill sýnina sem hann hafði séð heima hjá sér í apríl. Þá hafði hann verið að biðja fyrir því, hvort hann ætti að fara til Battle Creek í Michigan eða Minneapolis í Minnesota. Hin tæru bláu vötn í fyrri sýn hans táknuðu Michiganvatn. Ef hann hefði haldið á korti af svæðinu, þá var Battle Creek hægra megin við Michiganvatn og Minneapolis var til vinstri. Guð hafði allan tímann viljað að hann beygði til vinstri, en einhverra hluta vegna, hafði hann ekki skilið það. Nú var hann í Battle Creek gagnstætt vilja Guðs. Verst af öllu var, að framkvæmdastjórinn hans hafði skipulagt tveggja vikna samkomuherferð og það voru enn átta dagar eftir af henni. Það yrði sársaukafullt að losa sig frá skuldbindingum sínum.

Um leið og Bill kom aftur til hótelsins, sagði hann framkvæmdastjóra sínum hvað hann myndi verða að gera. Þegar hann gerði sér loks grein fyrir því, að Bill var alvara, kallaði hann Floyd forstöðumann, sem sá um að skipuleggja samkomurnar í Battle Creek, á fund. Bill útskýrði sýn sína og hvað hann myndi verða að gera.

Floyd varð skiljanlega áhyggjufullur. “Bróðir Branham, ég trúi að Guð hafði viljað að við höldum þessar samkomur í Battle Creek.”

“Ég er ekki ósammála þér um það. Ég veit ekki af hverju ég náði ekki sýninni þegar ég var heima í apríl. En nú skil ég hana og ég verð að hlýða því sem Guð segir mér að gera.”

“Bróðir Branham,” sagði Ern Baxter. “Það eru fjórtán kirkjur sem vinna saman að þessari herferð. Við verðum að taka tillit til þeirra forstöðumanna sem eru samstarfsmenn okkar í verkefninu.”

“Það er rétt, við verðum að taka tillit...” Bill þagnaði. Hann fann fyrir nærveru engilsins. Skyndilega gerði hann sér grein fyrir að þetta var prófraun. Guð hafði leyft að hann skildi ekki sýnina, til að hann myndi lenda í þessum kringumstæðum, sem voru svipaðar því sem gerðist í Suður-Afríku. Guðspjónarnir vildu láta taka tillit til vissra hluta og framkvæmdastjórinn var þeim hliðhollur. En Guð hafði sagt honum að gera eitthvað annað. “Bræður,” sagði hann, “ég elska ykkur, en Heilagur andi segir mér að fara á staðinn hinum megin við vatnið og ég ætla að fara. Ég ætla ekki að gera sömu mistök og í Suður-Afríku með því að bíða þar til eitthvað gerist. Ég verð að vera hlýðinn Guði.”

“Bróðir Branham,” hnussaði í einum af hinum pirruðu prédikurum við borðið. “Þú segist vera bókstafstrúaður. Hvar fyrirfinnst eitthvað þessu líkt í heilagri Ritningu?”

“Það fyrirfinnst þar. Filippus var í vakningu í Samaría og Heilagur andi kallaði hann burt og leiddi hann út í eyðimörkina til eins manns. Sá maður fór með fagnaðarerindið til Eþíópíu.”²⁸

Séra Floyd rumdi. “Ég skil ekki hvers vegna Guð ætti að gera okkur mögulegt að skipuleggja samkomurnar og senda þig síðan, burt eftir að þú ert kominn hingað.”

“Bróðir Floyd, það sem Battle Creek þarfnast er gamaldags Heilags anda vakning, ekki lækningasamkomuherferð. Vakning myndi leiða fólkið aftur inn á hinn andlega veg. Þar sem búið er að skipuleggja samkomurnar, af hverju fáíð þið þá ekki vakningaprédikara í staðinn fyrir mig?”

“Nú, hinir kristnu myndu ef til vill vera skilningsríkir, en ég veit ekki um alla hina.”

Það var hljótt í herberginu um stund. Þá sá Bill hið yfirnáttúrulega ljós svífa fyrir ofan höfuð Floyds. Hann sagði: “Bróðir Floyd, þú varst einmitt að hugsa um það þegar spámaðurinn Jesaja fór til Hiskía konungs og sagði honum að Guð hefði heyrt bænir hans.”²⁹

Floyd varð hálfundrandi. “Bróðir Branham, þetta er alveg rétt.”

“Staðfesting,” sagði Bill, “Heilagur andi er hér til að sanna að þetta sé það eina rétta.”

“En hvernig vissir þú hvað ég var að hugsa?”

“Mundu að Biblían segir að Jesús hafi *skynjað hugsanir þeirra*. Þetta er sami Heilagi andi.”

Prédikararnir samþykktu með tregðu að fá vakningaprédikara til að prédika á þeim samkomum sem eftir voru. Eins erfitt og það var að valda stuðningsmönnum sínum vonbrigðum, fannst Bill gott að hann var að hlýða Drottni. Suður-Afríka var lexía sem hann myndi aldrei gleyma.

Um kvöldið, eftir að Bill hafði útskýrt fyrir áheyrendum sínum í Battle Creek hvers vegna hann færi svona skyndilega, sagði hann: “Ef til vill skiljið þið þetta ekki, en ég elska ykkur með ódauðlegum kristilegum kærleika og Guð veit að það er sannleikur. Ef ég vissi að það væri hans vilji, þá yrði ég um kyrrt í þessari borg næstu sex vikur,

²⁸ Postulasagan 8:26-39.

²⁹ 2. Konungabók 20:4-6.

þar til vakning brytist út í allri borginni. Ég er viljugur, en ég verð að vera sveigjanlegur í hendi Guðs og gera nákvæmlega það sem hann segir mér að gera.”

Kafli 63

Þegar kærleikurinn geislar

1953

Í febrúar árið 1953 hélt William Branham vikulanga lækningasamkomuherferð í Tallahassee í Flórída. Dag einn, þegar hann og konan hans og framkvæmdastjóri hans voru að borða hádegisverð á nærliggjandi veitingahúsi, veifaði brosandi sex ára telpa til hans utan við gluggann. Hann veifaði á móti. Brátt kom hún inn á veitingastaðinn og dró föður sinn á eftir sér. Þau námu staðar við borð Bill og stúlkan sagði: “Bróðir Branham, manstu eftir mér?”

“Nei, ég held ég geri það ekki.”

“Þegar þú baðst fyrir mér, læknaði Guð blinda augað mitt.”

Faðir hennar útskýrði málið. Á síðasta ári hafði dóttir hans slasast alvarlega á öðru auga. Læknir hennar sagði, að hún hefði enga von um að geta aftur séð með því auga. En faðirinn sagði: “Víst er von.” Hann tók dóttur sína af sjúkrahúsinu og bjó um hana í aftursæti bíls síns. Síðan óku þau til Indiana og stoppuðu aðeins til að borða og taka bensín. Þau komu til Jeffersonville á sunnudagskvöldi, þegar Bill var um það bil að ganga út úr kirkjunni. Bill bað fyrir stúlkunni og nú var hún heilbrigð.

“Hvort augað var blint?” spurði Bill.

“Þetta, nei ég meina hitt.” Hún benti fyrst á annað augað og síðan hitt. “Veistu hvað, ég man það ekki.”

Faðir hennar hló og sagði: “Það var þetta auga.”

Áður en hún fór, rétti litla stúlkan Bill umslag sem hann stakk í vasann og gleymdi síðan þangað til hann var kominn heim. Þegar hann opnaði það, var þar Valentínusarkort og hún hafði skrifað nafnið sitt undir indælt ljóð.

Í maí árið 1953, hélt Bill erfiða lækningasamkomuherferð í Jonesboro í Arkansas. Hann hélt sjö samkomur á sex dögum. Þá viku gerði prédikari í Jonesboro, háð að guðlegri lækningu í hinum vikulega útvarpsþætti sínum. Hann ákærði ekki bara William Branham fyrir að vera svikara, heldur skoraði hann líka á almenning: “Ég mun gefa þeim manni 1.000 dali, sem getur sannað að kraftaverkalækning hafi átt sér stað.”

Innan klukkustundar eftir að þættinum lauk, hringdu nokkrir tugir manna í framkvæmdastjóra Bill og buðust til að vera sönnunargagnnið, ef Bill vildi taka áskorun mannsins. Bill safnaði saman nokkrum mismunandi tilfellum og sagði: “Förum og náum í þessa 1.000 dali.” Maður nokkur tók lækninn sinn með sér, til að sanna að hann hefði eitt sinn verið að deyja úr krabbameini. Kona kom með nágranna sinn og lækninn sinn sem og læknaskýrslur til að sanna að hún hefði eytt tuttugu árum í hjólastól og þjást af liðagigt.

Þegar þau horfðust í augu við þennan prédikara, þrátt fyrir allar sannanir, þá reyndi maðurinn að koma sér hjá þessu. “Nú, aa, ég get ekki. Peningarnir eru ekki hér. Þeir eru í aðalstöðvum kirkjudeildar okkar í Texas.”

“Þá fljúgum við á morgun til Texas og náum í þá,” sagði Bill ákveðinn. “Ég ætla að leggja þessa peninga í sjóð fyrir trúboða.”

Því miður gat ekkert af fólkinu sem hafði tók á að sanna mál sitt, komið með honum til Texas, með svo stuttum fyrirvara. Svo presturinn í þessari kirkjudeild stakk upp á öðrum möguleika. “Þá förum við bara í höfuðstöðvar mínar. Ég tek stúlku og sker hana með rakvélablaði. Ef þú getur læknað sárið fyrir framan bræður mína, láta þeir þig fá 1.000 dali.”

“Það er eitthvað alvarlegt að hjá þér andlega,” sagði Bill og fann til ógeðs. “Hvernig gat kristinn maður stungið upp á einhverju álíka sjúklegu og þessu? Þetta hljómar eins og það sem þeir sögðu við Jesú: ‘Ef þú ert sonur Guðs þá stígðu niður af krossinum og við munum trúa þér.’”³⁰ Þetta er hið alkunna hróp hins vantrúaða: ‘Jesús sýndu okkur tákn,’³¹ þegar kraftaverk voru að gerast á hverjum einasta degi, sem þessir Farísear komu ekki til að sjá. Eða ef þeir sáu kraftaverk, þá sögðu þeir að það væri Beelsebúl, höfðingi djöflanna sem gerði þau. Svona hefur þetta alltaf verið. ‘Meistari, við munum trúa þér, ef þú ferð þangað sem við viljum að þú farir og gerir það sem við viljum að þú gerir.’ En Jesús var engin strengjabrúða Faríseanna. Hann var frjáls til að gera vilja föðurins. Og hann er það enn þann dag í dag.”

Í júní árið 1951 ferðaðist Bill til Connersville í Indíanafylki og hélt níu samkomur á einni viku. Eftir það, þar sem hann var orðinn þreyttur eftir margra mánaða samkomuherferðir um allt land, ætlaði hann að eyða því sem eftir var sumarsins með fjölskyldu sinni.

Auðvitað gat hann aldrei hvílst fullkomlega, þegar hann var heima. Fólk truflaði einkalíf hans án afláts. Bill hafði búið í þessu húsi við Ewing Lane í fimm ár og hann hafði aldrei borðað þar máltíð með gluggahlerana opna. Oft stóðu ókunnugir á veröndinni hans og biðu þess að sjá honum bregða fyrir, svo að þeir gætu sagt honum frá vandamálum sínum í þeirri von að geta beðið hann um ráð og fá hann til að biðja fyrir sér. Fólk kom á öllum tímum, jafnt á nóttu sem degi. Bill hafði stundum upplifað það, að yfir 30 bílum væri lagt við hús hans á sama tíma. Sumir bílanna voru sjúkrabílar. Þegar hann fór inn í eitthvert af herbergjunum, var það fyrsta sem hann gerði að loka gluggahlerunum, til að einhver fyrir utan myndi ekki koma auga á hann og annað hvort fara að banka á gluggann eða ganga óboðinn inn í húsið, til að ná tali af honum.

Bill gat ekki synjað neinum um fyrirbæn sem óskaði eftir því. Hann elskaði fólk og hann vissi að meirihluti fólksins var einlægt í hjarta sínu og þráði að verða heilbriggt eða eignast hugarró. Hann gat ekki sofið að nóttu, vitandi að móðir með veikt ungabarn væri búin að koma sér fyrir á lóðinni, eða að maður sem var að deyja úr krabbameini, svæfi í bílnum sínum við innkeyrsluna að húsinu og biði eftir að fá fyrirbæn. Hann varð að gera hvað hann gat, til að hjálpa þeim. Þannig að þegar þetta ókunnuga fólk birtist heima hjá honum, bað hann fyrir því í Jesú nafni. Sum kvöld, þegar hann var búinn að biðja fyrir síðasta einstaklingnum sem hafði komið í heimsókn, hafði hann ekki orku til að klæða sig úr fötunum áður en hann hné niður á rúmið.

Meira að segja einföld verkefni eins og að slá grasflötina, urðu erfið vegna þess hve gestkvæmt var. Í hvert sinn sem hann hóf verkið, kom einhver sem vildi fá fyrirbæn. Bill skipti um föt, bað fyrir og ráðlagði þeim sem kominn var, fór síðan aftur í vinnufötin sín og gat haldið örlítið áfram áður en sá næsti birtist. Dag eftir dag kom svo margt fólk sem vildi fá fyrirbæn, að Bill náði ekki á ljúka við að slá grasflötina sína. Stundum virtist þetta eins og að tapa í stríði. Þegar hann var búinn með flötina fyrir framan húsið, var flötin á bak við orðin eins og úthagi á nýjan leik.

Eitt síðdegidið, var dálítill friður fyrir gestum. Bill fór í vinnufötin sín, hraðaði sér á bak við hús og setti sláttuvélina í gang. Brátt var hann farinn að slá hið hávaxna gras, eins hratt og hann gat ýtt vélinni. Það leið ekki á löngu í sumarhitunum, þar til skyrtnan hans var orðin gegnvot af svita, svo hann fór úr henni og henti henni til hliðar. Það var fuglahús ofan á staur í grindverkinu kringum garðinn. Bill gleymdi að býflugur höfðu gert sér bú inni í fuglahúsinu. Í flýti sínum við að slá grasflötina, rak hann sláttuvélina

³⁰ Matteus 27:39-43

³¹ Matteus 12:38, 16:1. Markús 8:11. Lúkas 11:16.

svo harkalega í staurinn, að það hristi búið. Út flaug hersveit af býflugum. Þær voru reiðar og sóttust eftir hefnd. Þær umkringdu hann á augabragði og hringsóluðu í loftinu. Sumar þeirra voru reiðubúnar að stinga broddi sínum djúpt í hold hans. Bill vissi að hann var í alvarlegum vandræðum, vegna þess að svona mikill fjöldi af býflugum, gat stungið mann til bana. Síðan breyttist ótti hans skyndilega í kærleika. Hann hélt áfram að slá grasflötina og sagði: “Litlu býflugur, mér þykir leitt að ég skyldi trufla ykkur. Ég veit að Guð hefur gefið ykkur brodd sem vopn til að verja ykkur, en ég ætla ekki að gera ykkur neitt. Ég er Guðspjónn og ég verð að ljúka við að slá þessa grasflöt, til að ég geti farið aftur inn og beðið fyrir fleiri af börnum Guðs. Svo í nafni Jesú Krists, farið aftur inn í búið ykkar. Ég mun ekki trufla ykkur meira.”

Samstundis lyfti flugnagerið sér og fór beina leið aftur inn í búið sitt. Bill gerði hlé á vinnu sinni, til að fylgjast með í forundran. Þetta var það sama og hann hafði upplifað fyrir mörgum árum, þegar hann hafði horfst í augu við mannýga nautið. Kærleikur fyllti hjarta hans, sem umbreytti gangi náttúrunnar. Þetta var ekki mannlegur kærleikur, þetta var eitthvað dýpra, breiðara, fyllra. Þetta var það sem Biblían kallar *agape* eða guðlegan kærleika, hinn fullkomni kærleikur Guðs tjáður í gegnum mann. Hann velti fyrir sér, hvort þetta væri það sem spámaðurinn upplifði þegar honum var varpað í gryfjuna, þar sem voru hunguð ljón. Var það kærleikur sem hafði hindrað ljónin í að éta Daníel? ³² Kærleikurinn hafði vissulega breytt ásetningi býflugnanna. Hann gerðir sér grein fyrir því, að þar sem kærleikurinn er auðsýndur tekur náðin við.

Bill hélt áfram vinnu sinni. Einmitt í þann mund er hann var að ljúka við bakgarðinn, óku nokkrir bílar að og lögðu fyrir framan húsið. Það var kominn tími til að fara inn og biðja fyrir fleirum af börnum Guðs.

Seinna um daginn fór hann til aðgæta hvers vegna dætur hans væru að gráta. Þegar hann kom inn í eldhúsið lá Sara á gólfinu. Rebekka sat við borðið og Meda stóð við eldhúsvaskinn og horfði á allt óhreina leirtauið. Þær grétu allar þrjár.

Meda leit á eiginmann sinn og sagði: “Bill, ég er að verða vitlaus. Börnin hafa ekkert fengið að borða síðan í morgun. Það hefur verið svo margt fólk í húsinu, að ég hef ekki haft tíma til að vinna eldhúsverkin.”

Nú vissi Bill af hverju litlu stúlkurnar voru að gráta. Þær voru ekki aðeins svangar. Móðir þeirra skapaði taugatrekkt andrúmsloft. Hann vissi að hann myndi geta róað þær, ef honum tækist bara að skapa rétt andrúmsloft.

Bill tók utan um konuna sína og sagði sefandi: “Já, þetta verður stundum dálítið erfitt. En mundu að við erum að þjóna Drottni Jesú Kristi. Hugsaðu þér í morgun. Var ekki dásamlegt að sjá litla drenginn taka af sér spelkurnar og ganga eðlilega?” Í hjarta sínu bað hann: “Ó, Drottinn, hjálpa þú mér herna. Sendu nærveru þína og elsku til minnar kæru eiginkonu.” Hann sagði: “Meda, líklega kemur enginn annar um stund. Við skulum elda okkur eitthvað. Ég skal hjálpa þér.” Hann bretti upp á ermarnar og tók óhreina pönnu upp úr vaskinum.

“Nei, það gerir þú ekki. Ef til vill getur þú hjálpað mér að þvo upp, en þú getur ekki eldað.”

Hann brosti. “Hver getur ekki eldað? Ætlarðu að segja mér að þú hafir aldrei séð mig steikja kartöflur? Ég ólst upp við þær.”

Meda brosti út í annað munnvikið og var brátt eins og hún átti að sér, blíð og glaðlynd. Stuttu seinna hættu Rebekka og Sara að gráta. Andrúmsloftið hafði breyst.

³² Daníel 6:16-23.

Meðal hinna mörgu gesta hans þetta sumar var Dr. Morris Reedhead, sem var á þeim tíma yfirmaður Súdantrúboðsins (*Sudan missions*), sem var ein af stærstu trúboðshreyfingum Baptista í heiminum. Bill bauð Dr. Reedhead sæti í dagstofunni og Meda kom með tekönnu, sem hún skildi eftir á kaffiborðinu, en borðið var með glerplötu.

Dr. Reedhead kom sér strax að efninu, um ástæðu heimsóknar sinnar. “Bróðir Branham, ég ræddi nýverið við Múslimadreng sem var nýútskrifaður úr framhaldsskóla hér í Bandaríkjunum og var á leið heim til sín á Indlandi. Ég vildi ekki missa af tækifærinu að vitna fyrir Drottin, svo ég sagði við hann: “Af hverju afneitar þú ekki þínum dauða spámanni Múhameð og tekur við hinum upprisna Jesú?” Ungi maðurinn svaraði: “Góði maður, hvað getur Jesús þinn gert fyrir mig sem Múhameð getur ekki?” Ég sagði: “Jesús getur gefið þér eilíft líf.” Hann svaraði: “Múhameð lofaði mér eilífu lífi ef ég fylgi Kóraninum.” Ég sagði: “Jesús Kristur getur gefið þér fögnuð og frið.” Hann svaraði: “Múhameð hefur þegar gefið mér fögnuð og frið, ég þarf ekki meira af því frá Jesú.” Ég sagði: “Jesús Kristur lifir í dag. Múhameð hefur verið dáinn í margar aldir.” Hann svaraði: “Ef Jesús er á lífi þá sannaðu það. Hvar er hann?” Ég sagði: “Hann lifir í hjarta mínu.” Hann svaraði: “Múhameð lifir í mínu hjarta.”

“Þegar hér var komið sögu, var ég orðinn svo ringlaður að ég vissi ekki hvað ég átti að segja.” Ungi maðurinn skynjaði vandræði mín og sagði: “Sjáðu til, við Múslimar getum sett fram alveg jafn mikið af sálfræði og þið kristnir. Það er ein af ástæðum þess að Islam er í hópi fjölmennustu trúarbragða heimsins í dag. En ég skal viðurkenna eitt. Jesús lofaði ykkur fleiru en Múhameð lofaði okkur. Ég hef lesið það í Biblíunni ykkar, að Jesús sagðist vera með ykkur allt til enda veraldarinnar.³³ Og að þið mynduð líka vinna þau verk sem hann vann,³⁴ að reka út illa anda, lækna sjúka og álíka hluti. Sýndu mér kristna sem gera þessa sömu hluti og þá mun ég trúa því að Jesús lifi.” Ég sagði: “Þú ert að vitna í Markúsarguðspjall, 16. kafla. En sumum af þessum versum var bætt við seinna. Ef til vill eru þau ekki innblásin.” Hann sagði: “Hvers konar bók fylgið þið, ef sumt í henni er innblásið og annað ekki? Allur Kóraninn er innblásinn.”

“Herra Branham, mig rak í rogastans. Ég er kristinn fræðimaður. Ég hef svo margar doktorsgráður og heiðursnafnbætur, að ég gæti veggfóðrað vegginn hér með þeim. En þarna króaði ungur múslimi mig, með alla guðfræðina mína, af úti í horni. Ég breytti um umræðuefni. Þegar ég var seinna að velta fyrir mér þessu samtali, varð mér hugsað til þín og ákvað að fara í heimsókn til þín. Mig langar til að vita þetta: Hafa allir kennarar mínir í Biblíunni haft rangt fyrir sér?”

“Á vissan hátt, já. Menntun á rétt á sér. En, Dr. Reedhead, eilíft líf fæst ekki í gegnum menntun. Það fæst í gegnum endurfæðinguna. Jesús sagði: ‘Yður ber að fæðast að nýju.’”³⁵

“Áttu við að það að taka á móti Jesú sem Frelsara sínum, sé ekki það sama og að taka við Heilögum anda?”

“Það sagði Páll einmitt. Hann sagði við Efesusmenn: ‘Fenguð þér heilagan anda, er þér tókuð trú?’³⁶ Sjáðu til, þetta er eftir að þeir höfðu tekið á móti Jesú.”

“Bróðir Branham, ég er Baptisti, en ég hef komið á samkomur Hvítasunnumanna. Er eitthvað til í þessari Heilags anda upplifun sem þeir tala um?”

³³ Matteus 28:20

³⁴ Markús 16:17-18; Jóhannes 14:12

³⁵ Jóhannes 3:7

³⁶ Postulasagan 19:2

“Dr. Reedhead, það er mikið um blekkingar og ofstæki þarna úti. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að það er til ekta upplifun í Heilögum anda fyrir hinn trúaða. Heilagur andi sem féll á Hvítasunnudag, er enn hinn sami Jesús í dag. Og hann gefur sams konar kraft.”³⁷

Dr. Reedhead sagði: “Svona Baptista á milli, þá langar mig til að spyrja þig að dálitlu. Abraham trúði Guði og það var reiknað honum til réttlætis.³⁸ Hvað gat Abraham gert meira en að trúa Guði?”

“Það er satt,” samþykkti Bill, “en Guð gaf honum umskurnina sem vitnisburð og staðfestingu á því, að hann viðurkenndi trú Abrahams.³⁹ Það er sama hversu mikið og oft þú játar trú þína, þar til Guð gefur þér Heilagan anda, staðfestinguna, innsigli



William Branham, þegar verið var að gera kvikmyndina Spámaður 20. aldar

Guðs, hefur hann ekki enn viðurkennt trú þína. Efesusbréfið 4:30 segir: ‘Hryggið ekki Guðs heilaga anda, sem þér eruð innsiglaðir með til endurlausnardagsins.’”

Dr. Reedhead andaði djúpt að sér og spurði: “Hvernig get ég meðtekið Heilagan anda?”

“Það eina sem ég kann í því máli, bróðir, er að leggja hendur yfir þá sem leita Heilags anda.”

“Vildir þú leggja yfir mig hendur og biðja Guð að gefa mér Heilagan anda?”

“Ég skal gera það.”

Dr. Reedhead féll niður á kné sín svo hratt, að olnbogar hans brutu glerplötuna á kaffiborðinu. Bill var alveg sama, vegna þess að þarna í stofunni sinni fylgdist hann með þessum hálærða biblíufræðimanni taka við Heilögum anda Guðs.

Í ágúst árið 1953 fékk William Branham símtal frá Leroy Kopp, forstöðumanni Calvary Temple kirkjunnar í Los Angeles. Séra Kopp hafði verið ábyrgðarmaður fyrir nokkrar af samkomuherferðum Bill í Los Angeles, þar á meðal samkomunni þar sem Upshaw öldungadeildarþingmaður hafði gengið án hækja í fyrsta skipti í 66 ár. Nú vildi séra Kopp fá leyfi til að taka upp heimildarmynd um Bill og þjónustu hans, sem Kopp ætlaði að nefna: Spámaður 20. aldar. Bill samþykkti það.

Því var það einn ágústmorgun, að tveir vörubílar lögðu fyrir framan húsið hans Bill. Á hlið þeirra stóð: *Westminster Film Company, Hollywood, California*. Bill varð forvið á því, hversu mörg tæki þessir menn settu upp inni á heimili hans. Það voru lampar og hljóðnemar, myndavél á þrífæti og rafmagnssnúður lágu um allt gólf. Framleiðandinn vildi farða Medu fyrir myndatökuna, en Meda hafði aldrei notað farða á ævi sinni, svo hún neitaði því.

Myndin hófst á því að Leroy og Paul Kopp gengu framhjá hinum tilkomumiklu steinum, sem stóðu sitt hvoru megin við innkeyrsluna. Steinarnir höfðu útstæða boga, sem líktust arnarvængjum. Næst sýndi myndin framhliðina á heimili Bill og

³⁷ Postulasagan 2 kafli.

³⁸ Rómverjabréfið 4:3

³⁹ Rómverjabréfið 4:11

óvenjulegan innganginn, þar sem önnur hlið þaksins var tvöfalt lengri en hin. Þakið líktist því láréttri útgáfu af tölustafnum 7.

Bill heilsaði báðum mönnunum við dyrnar og bauð þeim inn í dagstofuna sína. Fyrir gluggunum voru græn gluggatjöld með blómamyndum í samræmi við grænan litinn á veggnum. Fyrir ofan arininn hékk olíumálverk af bjálkakofanum, þar sem Bill fæddist árið 1909. Á litlu borði stóð eintak af ljósmyndinni frá Houston í Texas, er sýndi engil Drottins sem lýsandi geislabaug fyrir ofan höfuð Bill. Kopp bræðurnir sátu á rauðum leðursófa. Bill sat í grænum hægindastól. Á milli þeirra var kaffiborðið, sem Dr. Reedhead hafði brotið þegar hann var að sækjast eftir skírn Heilags anda. Það var búið að setja nýja plötu á það.

Leroy Kopp hóf viðtalið á því að spyrja Bill um líf hans og þjónustu. Þótt Bill hefði nú talað opinberlega í meira en 20 ár og leið vel þegar hann prédikaði fyrir framan tugi þúsunda manna, þá var hann óvanur því að láta taka viðtal við sig, fyrir framan kvikmyndavél. Hann var dálítið stífur, þegar hann lýsti hinni óvenjulegu bernsku sinni, eins og handritið gerði ráð fyrir. Hann minntist á það, þegar hann var sjö ára gamall og engill talaði til hans úr þyrilvindi og sagði: *“Ekki reykja, drekka, eða saurga líkama þinn á nokkurn hátt, vegna þess að þú hefur verk að vinna þegar þú verður eldri”*. Hann lýsti því hvernig sami engill, vitjaði hans í mannlegri mynd árið 1946 og gaf honum tilskipun um að fara með gjöf guðlegrar lækningar út um allan heim. Honum var lofað tveimur táknum til að sanna köllun hans. Í fyrsta lagi voru það kraftaverk og lækningar og í öðru lagi opinberun leyndardóma í hjarta fólksins. Bill útskýrði hvernig engillinn notaði frásögur Biblíunnar til að útskýra þjónustu hans fyrir honum. Eins og frásöguna þegar Natanael hitti Jesús og varð hissa á því að Jesús vissi þegar af honum.⁴⁰ Og söguna þar sem Jesús talar við samversku konuna við brunninn og vissi hver vandi hennar var, án þess að hún segði honum það. Hún sagði: *“Herra, nú sé ég að þú ert spámaður... Ég veit, að Messías kemur - það er Kristur. Þegar hann kemur, mun hann kunngjöra oss allt.”* Jesús segir við hana: *“Ég er hann, ég sem við þig tala.”* Það var ekki fyrr en Jesús opinberaði þetta leyndarmál sem var hulið í hjarta hennar, að samverska konan bar kennsl á Jesú sem Messías, hinn fyrirheitna Frelsara Ísraels.⁴¹ Þegar hér var komið sögu, tók frásögnin í heimildarmyndinni óvænta stefnu. Eftir vandræðalega þögn sagði Bill: *“Varðandi samkomuherferðirnar sem þið hafið skipulagt í Ísrael, bróðir Kopp, þá myndi ég glaður þjóna Drottni okkar í Ísrael.”* Séra Kopp bætti við: *“Bróðir Branham, við höldum að margir Gyðingar muni trúa því að Jesús sé Messías, þegar þeir sjá kristinn mann uppfylla spádóminn í Jóel 2:28, sem segir frá því, að á síðustu dögum muni Drottinn úthella Anda sínum yfir allt hold. Synir hans og dætur muni spá og ungir menn sjá sýnir.”*

“Já, bróðir Kopp, ég trúi að þjónusta mín muni verða áhrifarík meðal Gyðinga, vegna þess að það segir svo í Nýja testamentinu: ‘Gyðingar heimta tákn, og Grikkir leita að speki.’”⁴²

Þessi stutta umræða, virðist úr samhengi í þessari heimildarmynd, ef menn þekkja ekki bakgrunninn. Árið 1950 hafði Bill haft samkomur í Stokkhólmi í Svíþjóð. Lewi Pethrus, sem var forstöðumaður stærstu hvítasunnukirkjunnar í Svíþjóð, varð fyrir svo miklum áhrifum af gjöf greiningarinnar í þjónustu Bill, að hann stakk upp á því, að Bill færi til Ísrael og sýndi Gyðingum kraft Jesú Krists. Bill velti hugmyndinni fyrir sér, en fylgdi henni ekki eftir.

Í millitíðinni hóf Lewi Pethrus trúboð í Ísrael. Næstu tvö árin, dreifði kirkja hans einni milljón Nýja testamenta, meðal Gyðinga í Palestínu. Þeir einbeittu sér að þeim

⁴⁰ Jóhannes 1:43-50

⁴¹ Jóhannes 4:3-26

⁴² 1. Korintubréf 1:22

sem voru nýkomnir til landsins. Þetta var í fyrsta skipti, sem flest þetta fólk, las um Jesú Krist. Margir Gyðingar sögðu við Lewi Pethrus: “Ef Jesús er Messías og hann er enn á lífi, þá leyfðu okkur að sjá hann gera tákn Messíasar og við munum trúa honum.” Aftur varð Lewi Pethrus hugsað til William Branham.

Um vorið árið 1953, hafði Lewi Pethrus samband við Miner Arganbright, sem var varaforseti *Full Gospel Businessmen* hreyfingarinnar. Hann stakk upp á því, að hreyfingin myndi standa undir kostnaði við lækningasamkomur með William Branham í Ísrael, til þess að nútímagyðingar gætu séð tákn Messíasar. Þessir tveir menn komu síðan til Bill með áætlun sína. Miner Arganbright var nýkominn frá Ísrael. Þar hafði hann rætt við marga af þeim Gyðingum, sem voru að koma til landsins, þegar þeir stigu út úr flugvélum sínum. Arganbright spurði gamlan mann: “Ertu að koma hingað til að þú getir dáið í Ísrael?” Gyðingurinn svaraði: “Nei, ég kem hingað til að sjá Messías.”

Að heyra þessa sögu, kveikti eld í hjarta Bill. Hann hugsaði: “Þetta passar fullkomlega fyrir mína þjónustu!” Í ágúst, meðan Leroy Kopp var að gera myndina, “Spámaður 20. aldar,” voru Pethrus og Arganbright að skipuleggja samkomuherferð með William Branham í Ísrael.

Eftir ummæli Bill um Ísrael, skipti heimildarmyndin yfir í að sýna frá samkomuherferðinni í Filadelfíukirkjunni í Chicago, 29. ágúst til 7. september árið 1953. Enda þótt kvikmyndin sýndi aðeins brot af fyrirbænaþjónustunni, voru þeir fimm einstaklingar, sem hann sést biðja fyrir, fulltrúar þeirra tugþúsunda manna sem hann hafði beðið fyrir síðustu sjö árin. Tveir einstaklingar meðal áheyrenda, fengu nákvæma sjúkdómsgreiningu. Síðan bað Bill fyrir konu í fyrirbænaröðinni, án þess að greina frá vandamáli hennar. Næstu konu greindi hann sem blóðlitla. Gagnrýnendur hefðu getað sagt, að hann hefði getið rétt upp á vandamáli hennar, vegna þess að hún var svo föl yfirlitum. En það hefði verið ómögulegt að geta upp á vandamáli næstu konu.

Miðaldra kona stóð frammi fyrir trúboðanum. Hún neri kvíðin saman höndum. Bill horfði beint í augu hennar og sagði: “Ég sé að þú ert mér algerlega ókunnug. Þú kemur frá annarri borg. Það hvíla mörg vandamál á hjarta þínu. Þú ert með vandamál fyrir hjartanu til að byrja með. Er þetta rétt?”

“Þetta er rétt,” svaraði hún.

“Það er mikið myrkur í kringum þig. Ég sé svartan skugga sem fylgir þér. Ó, það er lygi. (Hún kinkaði kolli og tók að titra af geðshræringu.) Einhver laug upp á þig og það var maður sem iðkar guðlega lækningu. Hann sagði að þú værir norn. Er það satt?”

“Já,” snökti hún og kinkaði kolli meðan hún huldi enn andlit sitt í höndum sér.

“Og það gekk talsvert á í kirkjunni þinni vegna þessa. Ekki satt? Og forstöðumaðurinn þinn er veikur núna. Hann er með lömunarveiki. Er það ekki rétt?”

“Jú, herra.”

“Systir, ekki láta það sem þetta fólk segir, hafa nein áhrif á þig. Fólkíð lýgur. Og það eina sem er að hjarta þínu, er að þú ert taugaspennt og það hefur áhrif á hjartað. Farðu heim í friði og Guð blessi þig. Það er allt í lagi með þig. Þú ert ekki norn.”

Meðan áheyrendur lofuðu Guð ákaft, sagði Bill: “Ég treysti því að Guð sé að blessa ykkur, þar til þið efist ekki lengur. Það væri synd fyrir ykkur að vera vantrúuð núna, eftir að Guð hefur sent son sinn og gert öll þessi undur og tákn. Hann sendi Biblíuna sína, sendi prédikarana, sendi gjafir sínar og þið vantroystið honum ennþá? Þá er ekkert eftir fyrir ykkur nema fyrirdæming, þegar endirinn kemur.”

“Það eina sem þessi greining á að gera er að gera Guð dýrðlegan, með því að opinbera Jesú Krist, því þegar hann gekk um á jörðinni gerði hann það sama. Og hann

sagði: ‘Ég fer burt en kem síðan aftur. Brátt sér heimurinn mig ekki framar (hinir vantrúuðu), en þér munuð sjá mig... (hverjir? — þeir trúuðu), því ég verð með yður alla daga allt til enda veraldarinnar.’⁴³ Þá er það synd að vera vantrúaður. ‘Far þú og syndga ekki framar (eða vertu ekki vantrúaður framar) svo að þig hendi eigi annað verra,’ sagði Jesús.⁴⁴ Það er að trúa eða að farast.”

“En Guð er náðugur og miskunnsamur. Þegar fólk tekur ekki við Orði hans, eru undur og tákn gefin inn í kirkjuna, eins og Jesús lofaði að hann myndi gera.⁴⁵ Og það er mín einlæga skoðun að Guð sé einmitt nú að ljúka sér af með heiðingjana og hann muni tafarlaust snúa sér til Gyðinganna. Heiðingjarnir verða skildir eftir með kreddur sínar og hefðir og hinar köldu formlegu kirkjudeildir. Hin sanna kirkja verður hrifin burt í burthrifningunni og fagnaðarerindið fer til Gyðinga. Amen. Amen þýðir: Verði svo.”

⁴³ Sbr. Jóhannes 14:3, 14:19, Matteus 28:20

⁴⁴ Sbr. Jóhannes 5:14, 8:11

⁴⁵ Sbr. Jóhannes 14:12, Markús 16:15-18

Kaflí 64

Ævilöng smurning

1953

Ókunnugir sem trufluðu einkalíf hans, var ekki eina álagið sem William Branham þurfti að horfast í augu við þetta sumar árið 1953. Nýlega hafði sonur hans tekið að gera uppreisn gegn hinu stranga kristilega uppeldi sínu. Eins og svo margir táningar, langaði Billy Paul að lifa sínu lífi, óháður takmörkum eða ábyrgð. Til allrar óhamingju var þetta viðhorf, að leiða hann inn á hættulegar brautir. Bill beið eftir réttu augnabliki, til að vekja máls á þessu við son sinn.

Eitt kvöldið þegar Bill var að biðja, sá hann sýn af syni sínum í samkvæmi þar sem áfengi var haft um hönd. Hann stökk út um glugga og var á leið til jarðar með höfuðið á undan sér, á stjórnlausum hraða. Óttasleginn hrópaði Bill: “Ó, Guð, ekki láta hann deyja. Hann er einkasonur minn.” Sýnin endaði snögglega, svo Bill hrökk við þegar hann kom til sjálfs sín og enni hans var rennblautt af svita. Hann bað: “Drottinn minn, gefðu að sonur minn deyi ekki á þennan hátt.”

Einhvern tíma eftir miðnætti læddist Billy Paul inn í húsið. Það var bjórlykt af andardrætti hans. Næsta morgun leyfði Bill syni sínum að sofa eins lengi og hann vildi. Þegar Billy Paul vaknaði um tíuleytið, var fyrsta hugsun hans að fara í heimsókn til vinar síns. Bill var að þvo bílinn sinn í innkeyrslunni, þegar Billy Paul arkaði út um dyrnar. Bill skrífaði fyrir vatnið í slöngunni og sagði. “Þú komst seint heim í gærkvöldi, ekki satt, sonur minn? Viltu að ég segi þér hvert þú fórst?”

“Nei takk,” svaraði Billy Paul. Hann vissi vel, að pabbi sinn gæti gert þetta.

“Þú ert á villigötum, Paul.”

“Pabbi, mig langar að sjá hvernig þetta er þarna úti.”

“Sonur minn, trúir þú að pabbi þinn elski þig?”

“Ég veit að þú gerir það.”

“Gott, vegna þess að það sem ég ætla að segja þér, segi ég þér í kærleika. Þú getur ekki lengur unnið á samkomum mínum, því það varpar slæmu ljósi á þjónustu mína. Ekki bara það. Þú getur ekki lifað svona og búið hérna áfram.”

“Pabbi, mig langaði hvort eð er að fara að heiman. Mig langar til að sjá um hvað heimurinn snýst.”

“Ekki gera það, Paul. Syndin mun leiða þig lengra en þig langar til að fara og halda í þig lengur en þú vilt vera um kyrrt. Ef þú leyfir henni það, þá tekur syndin völdin í lífi þínu og það gæti endað með að kosta þig miklu meira en þú vilt greiða.”

“Pabbi, ég vil fara.”

“Gerðu mér greiða áður en þú ferð. Réttu út hendurnar, svona.” Bill rétti hendurnar út til hliðanna. Billy Paul gerði eins og pabbi hans sagði honum. “Snúðu þér nú við og líttu á skuggann á veggnum á bak við þig. Skuggi þinn myndar kross. Tveir vegir skerast við miðju krossins. Annar vegurinn liggur til himna en hinn liggur til helvítis. Þú getur ekki gengið þá báða á sama tíma. Í dag stendur þú á krossgötum. Ég get sagt þér hvor leiðin er rétt, en þú verður sjálfur að velja. En ef þú ferð ranga veginn, þá mun Guð snúa þér við einhvers staðar á leiðinni. Ég geri tilkall til þín undir táknið.⁴⁶ Ef til vill verður leiðin til baka erfið, en þetta er þín ákvörðun.”

Billy Paul valdi ranga veginn.

Nokkrum dögum seinna, kom Dr. Pilai, erkibiskup Öldungakirkjunnar í Indlandi við hjá Bill, til að reyna að fá hann til að samþykkja að halda lækningasamkomur á

⁴⁶ 2. Mósebók 12:13

Indlandi. Bill og Meda voru á leiðinni til New Albany, með stelpurnar sínar til tannlæknis, svo Bill bauð erkibiskupnum að slást í för með þeim. Meðan Meda fór með stelpurnar til tannlæknisins, sátu Bill og Dr. Pilai í bílnum og ræddu uppástungu erkibiskupsins. Skyndilega fannst Bill að hann ætti að fara út úr bílnum. Hann hunsaði tilfinninguna. Þá heyrði hann rödd hvísla: *“Farðu strax út úr bílnum.”* Nú vissi hann að Drottinn vildi tala við hann einslega. Bill afsakaði sig, fór út og gekk niður götuna. Bráðlega sagði engill Drottins við hann: *“Farðu heim eins fljótt og þú getur. Billy Paul er í vanda staddur.”*

Þegar Bill kom heim, stóð tengdamóðir hans á veröndinni og snökti hástöfum: *“Billy Paul er á sjúkrahúsi og hann er að deyja.”* Bill róaði hana nægilega til að hann gæti fengið að heyra um hvað málið snerist. Billy Paul hafði búið hjá henni. Daginn áður, hafði hann farið að veiða og dottið í ána. Pennan morgun hafði hann kvartað um eymsli í hálsi, svo frú Broy hvatti hann til að fara til Adair læknis. Læknirinn sprautaði hann með pensillíni, án þess að vita að Billy Paul var með mjög mikið ofnæmi fyrir lyfinu. Stuttu eftir að sýklalyfið var komið inn í blóðrásina, hætti hjarta hans að slá. Adair læknir kom því aftur í gang með sprautu af adrenalíni, en ofnæmisviðbrögðin héldu áfram. Sjúkrabíll flutti Billy Paul á sjúkrahús, þar sem læknar börðust nú fyrir lífi hans.

Þegar Bill kom á sjúkrahúsið, hljóp hann upp á neyðarmóttökuna og hitti Adair lækni á ganginum. Adair sagði: *“Ég vissi ekki að hann væri með ofnæmi fyrir pensillíni. Ég hef gefið honum það áður og hann sýndi engin viðbrögð. En hann gerði það í þetta skipti. Við höfum sprautað hann þrisvar sinnum með adrenalíni, en púlsinn hægir bara meir og meir á sér. Mér þykir það leitt Bill, líklega er ég búinn að drepa drenginn þinn.”*

“Læknir, þú ert vinur minn. Ég veit að þú hefur gert þitt besta til að bjarga honum. Má ég fá að sjá hann.”

“Það er slanga tengd við hann og hann er meðvitundarlaus, en gerðu svo vel.”

Bill gekk inn á neyðarmóttökuna og lokaði hurðinni á eftir sér. Billy Paul lá á bakinu. Plastslanga var þrædd gegnum nef hans. Líkami hans var þrútin og húð hans var dauðablá á litinn, nema húðin umhverfis augu hans, sem var svört. Munnur hans var opinn og neðri kjálkinn slakur. Lífbúnaðurinn hvæsti og urgaði í bakgrunninum.

Bill fór niður á hnén og bað örvæntingarfullur: *“Kæri Guð, læknavísindin segja að sonur minn sé dáinn, en ég bið þig að vera miskunnsamur og láta hann ekki deyja.”*

Nokkrar mínútur liðu og síðan sá hann sömu sýn og nokkrum dögum áður, aðeins með dálitlum breytingum. Hann sá Billy Paul hoppa út um gluggann, sá hann á niðurleið með höfuðið á undan. En í þetta skiptið sá hann kröftuga handleggi teygja sig fram, grípa hann og lyfta honum aftur inn um gluggann. Síðan heyrði hann Billy Paul segja: *“Pabbi, hvar er ég?”* Það var ekki hluti af sýninni.

Bill stóð upp og stóð fyrir framan rúmið. *“Þú ert á sjúkrahúsi, Paul. Hafðu engar áhyggjur. Það er allt í lagi núna.”*

Nokkrum mínútum seinna kallaði Bill á hjúkrunarkonuna. Billy Paul óskaði eftir að slangan yrði tekin úr nefi hans. Þegar hjúkrunarkonan tók púlsinn á drengnum, var hann eðlilegur.

Til allrar óhamingju iðraðist Billy Paul ekki, þrátt fyrir þessa reynslu af því að vera nærri dáinn. Eftir að hann var útskrifaður af sjúkrahúsinu, tók hann aftur upp fyrri lífsmáta. Hann sótti heim billjardleiksali, drakk, reykti, spilaði póker og veðjaði. Það átti eftir að þurfa miklu kröftugri lexíu til að sýna honum rétta veginn. Það leið ekki á löngu, þar til hún sótti hann heim.

13. desember árið 1953 myndi Billy Paul verða átján ára. Í október fór Bill með fjölskyldu sína í frí til Colorado. Þar sem Billy Paul bjó einn og var ekki í sambandi

við foreldra sína, vissu hvorki Bill né Meda, að sonur hans átti við slæman heilsufarslegan vanda að stríða, þegar þau fóru í frið. Billy Paul var með innvortis blæðingar. Hann hunsaði einkennin eins lengi og hann þorði og fór ekki til læknis, fyrr en hann var orðinn kengboginn af verkjum í maganum. Brenner læknir, lagði hann samstundis inn á sjúkrahús.

Ástand Billy Paul var alvarlegt. Hann var kominn með sár í þörmunum, sem orsökuðust líklega af áfenginu sem hann hafði verið að drekka svo mikið af. Blæðingarnar orsökuðu mikla áhættu fyrir heilsu hans. En það sem verra var, örvefur hafði tekið að myndast yfir eitt sárið og hindraði blóðflæði að þörmum hans og eyðilagði vefi. Og hann var kominn með þarmadrep. Brenner læknir varaði hann við þessari hættu og sagði honum að það yrði að leiða þarmana út um kviðinn fljótlega. Annars myndi hann deyja.

Billy Paul hikaði við. Hann langaði mjög til að koma skilaboðum til föður síns. Hann hugsaði með sér að aðeins ef faðir hans gæti beðið fyrir honum, myndi allt verða í lagi. Hann hafði séð þetta gerast á lækningasamkomum föður síns og heima. Kraftaverk eftir kraftaverk hafði átt sér stað í óteljandi skipti. Af hverju ætti það ekki að geta gerst hjá honum? Vissulega myndi það gerast, ef faðir hans væri til staðar til að biðja. En enginn vissi nákvæmlega hvar faðir hans var eða hvenær hans væri von. Eftir nokkra daga töf, sagði Brenner læknir að nú mætti ekki fresta aðgerðinni lengur, án þess að tefla öryggi hans í hættu. Líf Billy Paul var í húfi. Hikandi skrifaði frú Broy undir leyfi fyrir herra Brenner, til að gera uppskurð á Billy Paul.

Morguninn eftir meðan Billy Paul beið taugatrekktur eftir uppskurði sínum, harmaði hann örlög sín. Eftir innan við klukkutíma myndi Brenner læknir fjarlægja hluta af þörmum hans og leiða endann út í gegnum gat á kviðnum. Þar yrði festur plastpoki sem Billy myndi bera á sér. Hann yrði dæmdur til að ganga með þennan poka, það sem eftir væri ævi sinnar. Hann íhugaði það sem faðir hans hafði sagt honum: “Á endanum mun syndin kosta þig miklu meira en þú ert viljugur til að borga.” Æ, hvers vegna hafði hann snúið baki við Drottni Jesú Kristi?

Hann fann að hönd var lögð á öxl hans og hann heyrði rödd föður síns: “Sæll Billy Paul.”

Hann fann til mikils léttis. “Pabbi, ég hef reynt svo mikið að ná í þig. Hvar hefurðu verið?”

“Ég var í frí með fjölskyldunni í Colorado. Paul, manstu eftir kvöldinu í Vandalia í Illinois, þegar Guð leyfði þér að sjá engil sinn?”

Billy Paul minntist hins hringsólandi eldsloga sem hafði orðið að mannsmynd. Engillinn hafði staðið í einu horni hótélherbergisins með krosslagðar hendur. Hversu vel minntist hann ekki andlits hans, svo strangs og svo máttugs. “Ég gæti aldrei gleymt þessu kvöldi, pabbi.”

“Þessi sami engill vitjaði mín í Klettafjöllum Colorado og sagði: ‘Farðu strax til Billy. Hann er í vandræðum.’ Sonur minn, vegur syndarans er erfiður.”

“Biddu fyrir mér, pabbi.”

Bill hristi höfuðið. “Nei, ekki núna, sonur minn. Það var ekki ég sem syndgaði, þú syndgaðir. Fyrst verður þú að biðja Guð að fyrirgefa þér. Ef þú ert reiðubúinn til að gera Jesú Krist að Drottni þínum, þá trúi ég að hann muni lækna þig.”

Þarna í sjúkrarúmi sínu, sneri Billy Paul við, fór aftur að krossgötunum og í þetta skiptið valdi hann réttan veg, þann sem leiðir til eilífs lífs. Eftir það bað faðir hans fyrir lækningu hans.

Þegar Brenner læknir kom til að líta á sjúkling sinn fyrir aðgerðina, bað Bill hann að skoða Billy Paul einu sinni enn. Eftir fjölmargar rannsóknir, sagði Brenner læknir:

“Séra Branham, ég skil þetta ekki. Syni þínum er hætt að blæða og ég finn engin merki um sýkingu. Það er eins og kraftaverk hafi átt sér stað.”

“Og þú veist ekki um það sem er allra best. Billy Paul hafði yfirgefið Drottin Jesú Krist, en í dag sneri hann aftur. Það er mesta kraftaverkið af öllum.”

Í nóvember árið 1953 hélt Bill níu daga lækningasamkomuherferð í Owensboro í Kentucky. 29. nóvember hóf hann síðan langa samkomuherferð í bænum Palm Beach í Flórída. Meðan hann var í Palm Beach hringdi Gordon Lindsey, til að spyrja hann hvort hann vildi tala á móti Voice of Healing í Chicago föstudagskvöldið 11. desember. Bill hafði áætlað að vera í Palm Beach til 15. desember, en vegna þess að hann hafði lofað Gordon Lindsey (og líka Joseph Matteson-Boze), að hann myndi tala á mótinu hjá Voice of Healing í Chicago, ákvað hann að stytta herferð sína í Flórída. Um leið og hann var búinn að tala við Lindsey, hringdi hann í Matteson-Boze til að láta hann vita hvenær hann yrði kominn til Chicago. Þar sem hann átti aðeins að tala eitt kvöld á mótinu, spurði Matteson-Boze hvort hann vildi prédika á laugardagskvöldinu og sunnudagsmorgninum í Filadelfíukirkjunni í Chicago. Bill sagðist glaður myndi gera það.

Hann lauk samkomunum í West Palm Beach kvöldið 6. desember. Sama kvöld héldu hann og Billy Paul, sem nú var aftur farinn að hjálpa honum á samkomunum, heimleiðis. Þeir skiptust á um að keyra alla nóttina og næsta dag, og komu heim klukkan þrjú að nóttu til. Þegar Bill var að búa sig undir að fara í rúmið, kom engill Drottins inn í svefnherbergið hans og sagði: “*Það er eitthvað að í Chicago.*”

Bill spurði: “Er það í sambandi við Filadelfíukirkjuna?”

“Nei,” sagði engillinn og opnaði sýn. Bill sá Gordon Lindsey, ritstjóra Voice of Healing tímaritsins, snúa sér að öðrum manni og segja: “Farðu og segðu bróður Branham þetta. En ekki láta hann vita að ég hafi neitt með það að gera.” Þegar sýnin dó út, sagði engillinn: “*Þessi maður mun koma til þín á mótinu og fara með þig út af samkomunni.*”

Engillinn hvarf áður en Bill gat spurt hann neins. Hann velti fyrir sér hvað þetta þýddi.

Þann 11. desember mætti Bill á ráðstefnu Voice of Healing, 45 mínútum áður en hann átti að tala. Maður að nafni Velmar Gardner kom til hans, tók undir handlegg hans og hraðaði sér með hann gegnum anddyrið inn í hliðarherbergi. Gardner virtist óðfús að loka dyrunum. Brátt kom annar maður inn í herbergið og kynnti sig sem séra Hall frá Voice of Healing tímaritinu. Bill bar kennsl á séra Hall, sem manninn sem Gordon Lindsey hafði talað við í sýninni.

Séra Hall mælti alvarlegum rómi: “Bróðir Branham, við heyrðum að þú ætlaðir að tala í Filadelfíukirkjunni annað kvöld og á sunnudaginn. Voice of Healing er búinn að ákveða, að ef þú prédikar fyrir Joseph Matteson-Boze, munum við ekki leyfa þér að tala á mótinu í kvöld.”

“Hvað er að því að prédika fyrir bróður Boze?”

“Nú, sumum af kirkjunum í Chicago líkar ekki við hann. Og til að varðveita eininguna á þessu móti, urðum við að taka þessa ákvörðun.”

“Hvað áttu við með við?”

“Stjórnarnefnd Voice of Healing. Gordon Lindsey hafði ekkert með það að gera.”

Bill vissi betur. Nú skildi hann um hvað málið snerist. Það var stjórnmaláðefur af þessu. Voice of Healing samtökin og einhverjar af kirkjunum í Chicago voru að reyna að þrýsta á hann, að laga sig að þeirra hugmyndum. Hefði hann ekki gengið í gegnum þann storm í Suður-Afríku, hefði hann líklega látið undan síga fyrir þessum þrýstingi

núna. Hann mundi hvað engillinn hafði sagt honum, kvöldið sem hann læknaðist af amöbunum: “Gerðu það sem þér finnst þú leiddur til.”

“Ég lofaði bróður Boze síðasta sumar, að halda að minnsta kosti eina samkomu fyrir hann, meðan þetta mót stæði yfir og ég ætla að halda loforð mitt.”

“Þá getur þú ekki talað í kvöld.”

“Það er allt í lagi mín vegna. Ég fer þá bara inn og fylgist með samkomunni.”

Bill stóð upp og opnaði dyrnar. Áður en hann gat komist í tveggja skrefa fjarlægð frá herberginu, gripu Gardner og Hall um handlegg hans og hröðuðu honum gegnum anddyrið í átt að útgöngudyrnum. Dyrnar að ráðstefnusalnum voru opnar og Bill heyrði einhvern tilkynna: “Okkur þykir leitt að tilkynna ykkur að bróðir Branham mun ekki vera á mælendaskrá í kvöld. Bróðir hans er veikur, svo að hann gat ekki komið.”

Þetta var snjallt bragð, vegna þess að það var sannleikskorn í því. Bróðir Bill, Howard, var veikur. Ekki alls fyrir löngu hafði Drottinn sýnt Bill sýn af föður þeirra, Charles, þar sem hann steig niður af himni og merkti gröfina þar sem Howard yrði grafinn. En Bill vissi ekki hvenær bróðir hans myndi deyja, né höfðu veikindi Howard áhrif á ferð hans til Chicago á nokkurn hátt.

Þetta var önnur lexía í því hvernig kirkjupólitík gat haft áhrif á þjónustu hans, sama hvað hann reyndi mikið að halda sig fyrir utan það. Og hann hafði reynt. Það var ekki aðeins að allar herferðir hans væru samkirkjulegar, heldur prédikaði hann viljandi mjög einfaldar prédikanir til að forðast að móðga neina af þjónum hinna mismunandi kirkjudeilda, sem studdu samkomuherferðir hans. Hann prédikaði alltaf um hjálpræðið og lækningu gegnum dauða, greftrun og upprisú Krists. Þetta var efni sem flestar kirkjudeildir gátu alla vega nálgast það að vera sammála um. Þegar hann fann byrði fyrir því að prédika eitthvað fram yfir þetta, gerði hann það í heimakirkju sinni í Jeffersonville í Indianafylki.

En í alþjóðlegri þjónustu eins og þessari, var ómögulegt að þóknast öllum og það var líka erfitt að forðast gildir kirkjupólitíkur. Reynsla hans á ráðstefnu Voice of Healing, sýndi honum það á sársaukafullan máta.

Um leið og William Branham kom heim frá Chicago, var honum sagt að George Wright væri að deyja. Án þess að taka sér tíma til að taka upp úr töskunum, fór Bill upp í bílinn sinn og hélt til Milltown. George Wright hafði verið vinur hans alveg frá fyrstu dögum þjónustu hans. Gegnum árin hafði Bill eytt mörgum ánægjulegum stundum á búgarði WRIGHTHJÓNANNA. Hann hafði þrammað þar um skógivaxnar hæðirnar á íkornaveiðum. Þeir höfðu neytt margra góðra máltíða saman og rætt ýmsar biblíulegar spurningar, við eldhúsborð hjónanna. Þeir höfðu lent í ýmsum ævintýrum saman. George hafði meira að segja verið viðstaddur, þegar Georgia Carter hafði læknað af berklum, eftir að hafa eytt níu árum í rúminu. Þegar Bill beygði niður sveitavegin sem lá að búgarði Wright hjónanna, var hann þegar farinn að fá heimþrá.

George Wright var svo glaður að sjá Bill, að hann reyndi að tala of hratt og fékk hóstakast og spýtti blóði. “Ó, bróðir Branham. Við reyndum að ná í þig í Chicago. Fékkstu símskeytið frá okkur?”

“Nei, bróðir George, það komst aldrei í mínar hendur. Hvernig er ástand þitt?”

“Það tóku að myndast blóðtappar í fótleggjum mínum, sem síðan bárust upp í hnén. Það kom sérfræðingur frá Louisville til að rannsaka mig. Hann sagði að ég ætti ekki nema þrjá eða fjóra daga eftir ólifaða. Hann sagði að þegar þessir blóðtappar losnuðu myndu, þeir annað hvort berast upp í heilann og ég verða lamaður, eða þá fara í hjartað og þá dæi ég samstundis.”

Bill beygði sig yfir rúmið og sárþændi Guð um að leyfa George að lifa. Hann dvaldi á búgarðinum í nokkra daga og hélt áfram að biðja fyrir sínum gamla vini. Snemma á hverjum morgni, tók hann byssuna sína og þrammaði upp snævi þaktar skógivaxnar hæðirnar á bak við húsið, til að veiða kanínur. Þegar hann sneri til baka þriðja morguninn sem hann hafði dvalið þarna, sá hann að tíu bílum hafði verið lagt við húsagarðinn. Hann vissi hvað það þýddi. Það hafði borist út hvar hann væri staddur og fólk var komið til að fá fyrirbæn. Hann gæti ekki dvalið þarna lengur samvisku sinnar vegna. Frú Wright þurfti ekki á því að halda að það væri fullt af ókunnugu fólki í kringum hana á erfiðri stundu eins og þessari.

Meðan hann var að pakka niður fötunum sínum, hringdi Meda í hann. “Bill, þú verður að koma heim undireins. Frú Baker, Gyðingaekkjarn, sem vinnur að kristnu trúboðsstarfi hér í bænum, vill að þú biðjir fyrir dóttur sinni.”

Hann þekkti dóttur frú Baker. Hún átti dreng með klumbufót, sem hafði læknað eftir að Bill hafði beðið fyrir honum. Hann þekkti frú Baker af afspurn, vegna þess að það var stundum minnst á hana í dagblöðunum. Hún var áður heittrúaður Gyðingur, en snerist til kristinnar trúar. Hún fór í Moody biblíuskólann í Chicago, útskrifaðist með háa einkunn, flutti til Louisville í Kentucky og hafði í mörg ár stundað trúboð á meðal Gyðinga á þeim slóðum.

“Ég var að hugsa um að halda af stað héðan hvort eð er,” sagði Bill. “Hvað er að hjá dóttur frú Baker?”

“Hún er nýbúin að eignast barn og það komu upp einhverjir fylgikvillar. Frú Baker kallaði það “*septicemia*”. Ég held að það kallist blóðeitrun. Það er allt í lagi með barnið, en móðirin unga er í alvarlegu ástandi. Hún er á Baptistasjúkrahúsinu.”

“Ég kem þar við áður en ég kem heim,” sagði Bill.

Shelby Wright, hinn fertugi sonur George, hélt á ferðatösku Bill út í bílinn hans. Honum var lagt við stórt pílviðartré fyrir framan húsagarðinn. Shelby sagði: “Bróðir Branham, ég veit að þú hefur verið að reyna að gefa mömmu von, en hvað heldur þú virkilega í sambandi við pabba? Kemur hann til með að deyja?”

“Já, Shelby, ég trúi að pabbi þinn muni deyja. Hann er 72 ára gamall. Guð lofaði honum aðeins 70 árum.⁴⁷ Ég hef beðið Guð um að hlífa honum, en Guð hefur ekki svarað mér einu orði í því sambandi. Ég býst við að Guð muni nú taka hann heim.”

“Ó, ég veit að pabbi er reiðubúinn að fara. En veistu hvað truflar mig mest? Í mörg ár hefur pabbi vitnað fyrir öllum í kringum Milltown að Guð sé græðari. Nú hæðast sumir að honum og segja að sé Guð slíkur græðari, af hverju leysi hann þá ekki einfaldlega upp þessa blóðtappa? Og maðurinn sem hlær hæst er forstöðumaður Church of God.”

Síðdegis kom Bill við á Baptistasjúkrahúsinu. Frú Baker stóð á ganginum fyrir framan herbergi dóttur sinnar og var að deila við aðra konu og kaþólskan prest. Þegar Bill kom þarna að, sagði hin konan við frú Baker: “En hún er tengdadóttir mín og ég vil ekki að hún fari til helvítis. Ég vil að presturinn minn smyrji hana hinstu smurningu.”

“Bíddu aðeins,” greip Bill fram í. “Þið ættuð að leyfa mér að fara inn á undan. Ég er bróðir Branham og ég er kominn til að smyrja þessa stúlku til lífs.” Nú komst tengdamóðirin fyrst í verulegt uppnám. Bill stakk upp á því að þær létu eiginmann hennar ráða.

Eiginmaðurinn, sem var á þrítugsaldri, vildi svo sannarlega miklu frekar að Bill smyrði konu sína smurningu til lífs. Möglandi steig tengdamamman til hliðar svo að Bill gæti komist framhjá.

⁴⁷ Sálmur 90:10.

Móðirin unga var í dái og sál hennar sveif á milli lífs og dauða. Bill kraup við rúm hennar og eyddi tíu mínútum í að biðja Jesú Krist að vera miskunnsaman og leyfa henni að lifa. Loks stóð hann upp, þerraði tár af hvarmi sér og tók frakkann sinn og hattinn. Áður en hann gæti komist af stað, birtist eldstólpinn yfir rúmi ungu móðurinnar. Samstundis dró ljósið hann inn í sýn. Hann sá þessa sömu ungu móður standa í eldhúsinu og hræra í súpupotti. Hún leit á háværan lítinn dreng og sagði: “Uss, ungbarnið er sofandi.” Síðan vék sýnin frá honum.

Bill brosti öruggur og fór fram á ganginn. Þar stóðu eiginmaðurinn, lækurinn, presturinn og ömmurnar tvær, öll í einum hóp. Bill sagði við eiginmanninn: “Ég er með góðar fréttir fyrir þig: ‘Svo segir Drottinn, það verður allt í lagi með konuna þína.’ Í kvöld mun henni versna, en frá og með morgundeginum mun henni fara að batna. Innan 36 klukkustunda, verður hún orðin nógu góð til að fara heim. Ef ekki þá er ég falsspámaður.”

Meðan frú Baker og sonur hennar fögnuðu, leit presturinn undrandi á lækurinn, sem hristi höfuðið og gekk burt. Tengdamóðirin var með ólundarsvip og hreytti út úr sér: “Sonur minn, er ekki nóg komið af þessari vitleysu? Það er kominn tími til að presturinn smyrji hana hinstu smurningu.”

Eiginmaðurinn ungi vildi ekki leyfa prestinum að fara inn. Hann sagði við tengdamóður sína: “Manstu þegar eldri drengurinn minn fæddist og var með klumbufót? Ég fór með hann heim til bróður Branham til að fá fyrirbæn. Bróðir Branham sá sýn og sagði að áður en sólarhringur væri liðinn, myndu fætur barnsins vera orðnir heilir. Næsta morgun hlupum við að vöggu hans og það var alveg eins og bróðir Branham hafði sagt að það myndi verða. Ef bróðir Branham segir: ‘Svo segir Drottinn, áður en 36 klukkustundir verða liðnar fari konan mín heim alheilbrigð,’ þá segi ég bara bless. Ég fer heim að gera húsið reiðubúið fyrir hana.”

Þegar Bill var að yfirgefa Baptistasjúkrahúsið, mætti Charlie McDowell honum á tröppunum og sárbaendi hann um að aka með sér til Frankfurt í Kentucky til að biðja fyrir móður sinni. Læknar voru nýbúnir að gera uppskurð vegna krabbameins á hinni 61 árs gömlu konu. Þeir fundu svo mikið af illkynja æxlum innan í henni að þeir höfðu ekki einu sinni fyrir því að sauma hana saman. Þeir settu bara plástur yfir skurðinn, vegna þess að hún myndi hvort eð er deyja innan nokkurra klukkustunda.

Það var komin nótt, þegar Charlie McDowell og Bill komu til Frankfurt. Á sjúkrahúsinu lagði Bill einfaldlega hendur yfir frú McDowell og bað um lækningu hennar í nafni Jesú Krists. Eftir það fóru þeir og komu heim um klukkan fimm um morguninn. Það svaf ókunnugt fólk við dyr hans og var að bíða eftir honum. Hlýðinn bað hann fyrir öllum og lét síðan fallast örþreyttur í rúmið.

Nokkrum tímum seinna, vaknaði hann við að sólin skein inn um gluggann. Klukkan var níu á mánudagsmorgninum 28. desember 1953. Hann fór í sloppinn sinn utanyfir náttfötin og gekk niður ganginn áleiðis að baðherberginu. Þegar hann gekk framhjá stofunni, var hann hissa á að sjá aðlaðandi konu standa þar. Hann sagði: “Góðan daginn, frú. Hvað ertu að gera hérna?”

Hún talaði ekki við hann. Þess í stað leit hún við og talaði við einhvern í eldhúsinu. Bill leit inn til að aðgæta hver það væri. Það var þá sem hann áttaði sig á að þetta væri sýn, vegna þess að eldhúsið var ekki hans eldhús. Frú McDowell stóð þar, hallaði sér upp að eldhússkáp og var að tala í símann. Bill hugsaði með sjálfum sér: “Þetta er konan sem ég bað fyrir í gærkvöldi.”

Á því augnabliki heyrði hann óvenjulegt hljóð á bak við sig. Undrandi, sneri hann sér við til að aðgæta hvað það gæti verið. Þarna stóð pílviðartré. Gular leirklessur féllu af himni og það heyrðist, *plopp!, plopp!*, meðan leirinn fyllti holu við rætur trésins. Það var eitthvað kunnuglegt við greinarnar á þessu tré. Jú, þetta var tréð sem stóð við

húsið hans George Wright. Hann heyrði engil Drottins segja eitthvað um grafir, en hann heyrði það ekki vel, svo hann bað Guð að endurtaka sýnina. Skyndilega stóð hann á bak við púltið í kirkju sinni í Jeffersonville. George Wright kom inn um aðaldyrnar, gekk niður ganginn og heilsaði Bill með handabandi. Engillinn sagði: *“Svo segir Drottinn, George Wright mun grafa grafir þeirra sem hlógu að honum.”* Nú skildi Bill að það yrði allt í lagi með George Wright.

Eftir morgunmat hringdi hann í Charlie McDowell til að segja honum að móðir hans myndi snúa heim af sjúkrahúsinu. Síðan hringdi hann í Wriighthjónin.

Shelby svaraði í símann: “Bróðir Branham, pabbi er næstum því lamaður í dag.”

“Það er alveg sama. Það verður allt í lagi með hann. Farðu og segðu pabba þínum að ég sé með ‘Svo segir Drottinn’ fyrir hann. Hann mun grafa grafir fólksins sem hló að honum.”

Bróðir Branham, vissir þú að pabbi vinnur stundum í kirkjugarðinum við að grafa grafir?”

“Nei, Shelby, ég vissi það ekki.” En nú þegar hann vissi þetta, þá varð sýnin skiljanlegri.

Smátt og smátt urðu sýnirnar að raunveruleika. Frú McDowell leið þegar betur. Læknirinn skoðaði hana aftur og honum brá við þegar hann fann ekkert krabbamein. Í raun var allt starfslið sjúkrahússins furðu lostið út af þessu tilfelli. Viku eftir að beðið hafði verið fyrir henni, fór hún heim og tók upp sín daglegu störf. Á hverjum degi naut hún þess að eiga langt símtal við dóttur sína, alveg eins og Bill hafði séð hana gera í sýninni.

Tveimur dögum eftir að Bill sagði við George Wright: “Svo segir Drottinn,” eyddust blóðtapparnir í hnjám hans og ollu engum skaða. Eftir það, komst hann fljótt aftur til góðrar heilsu. Einn sunnudagsmorguninn opnaði hann dyrnar að kirkjunni hjá bróður Branham, gekk niður ganginn og heilsaði Bill með handabandi, alveg eins og Bill hafði séð hann gera í sýninni. Hvað varðar þá sem höfðu gert grín að honum meðan hann lá veikur, vegna þess að hann hafði vitnað um að Jesús Kristur væri græðari, þá sá hann fimm þeirra fara í gröfina á innan við ári, þar á meðal var forstöðumaður Church of God. George Wright lifði fram á níraðisaldur.

Hvað varðar ungu konuna með blóðeitrunina, þá var blóð hennar laust við eiturefni þegar það var rannsakað næsta morgun. Morguninn þar á eftir fór hún heim með nýfætt barn sitt. Frú Baker var syngjandi glöð. Í trúboðsstarfi sínu vitnaði hún einlæglega um það, hvernig Jesús Kristur hafði læknað dóttur hennar. Brátt hætti kristna hreyfingin sem studdi hana, að veita henni fjárhagslegan stuðning. Einn af leiðtogum hennar útskýrði það: “Við höfum ekkert í móti William Branham, en við viljum ekki að hreyfing okkar blandist í ágreininginn í kringum guðlega lækningu.”

Þegar Bill heyrði þetta sagði hann: “Þá eru þeir ekki lengur í áætlun Guðs. Tákn og undur munu alltaf staðfesta áætlun Guðs. Á meðan heimurinn er til, verður alltaf yfirnáttúrulegur Guð til staðar, til að hafa stjórn á hlutunum og hann hefur alltaf einhvern sem hann getur notað. Í kvöld á hann kirkju út um allan heim. Það er margt í kirkju hans sem þyrfti að lagfæra. Ég get ekki gert það. Enginn maður getur gert það. Það er verkefni Guðs. Hann mun sjá um þetta. Það er sama hversu mörg verkefni eða áætlanir mennirnir gera og vinna, það mun allt bregðast. Guð mun sjálfur búa til sína áætlun. Eftir því sem ég kemst næst, er áætlun hans sú að menn láti skírast í nafni Jesú Krists og láti leiðast af Heilögum anda, lausir við fyrirdæmingu.”

Kafli 65

Út úr Egyptalandi 1954

William Branham ætlaði sér að fara utanlands aftur 23. febrúar árið 1954. Þegar kominn var 1. febrúar, höfðu skipuleggjendur hans samt ekki náð að ganga frá ferðaáætluninni. Það virtist tryggt með samkomurnar í Ísrael og á Indlandi, en það var spurning með Suður-Afríku. Einhverjir af meðlimum Þjóðarnefndarinnar virtust hika við. Í janúar kom síðan dálítið óvænt fyrir, sem fékk Bill til að breyta áætlunum sínum.

Dag einn kom fullur bíll af fólki heim til hans, sem óskaði eftir fyrirbæn. Hann lét þau koma sér fyrir í stofunni, fór síðan að ná í eitthvað og sá annan mann standa í dyragættinni. Í fyrstu gerði hann ráð fyrir að þetta væri einhver úr sama hópnum, einhver sem hefði verið seinn að koma sér út úr bílnum. Það sem hann furðaði sig á, var hvernig þessi maður var klæddur. Hann leit út eins og Síkharnir frá Austur-Indlandi, sem Bill hafði séð í Durban í Suður-Afríku. Svart hár hans og dökkur húðlitur var í mótsögn við hvítan túrbanninn, sem hann vafði um höfuð sér.

Maðurinn stóð í dyragættinni og laut höfði. Bill gekk til hans og heilsaði honum glaðlega: “Góðan daginn, herra minn.”

Maðurinn lyfti höfði og sagði: “Bróðir Branham, ekki fara utan fyrr en í september.”

Bill hafði ekki búist við þessu svari og vissi ekki hvað hann átti að segja. Hann sneri sér við og benti með hendinni og sagði: “Viltu ekki koma inn fyrir?” Þegar hann leit við var maðurinn farinn. Hann hafði einfaldlega gúfað upp. Bill stóð forviða eftir í dyragættinni.

Fleiri bílar komu á eftir þeim fyrsta og það var komið miðnætti áður en hann hafði lokið við að biðja fyrir öllu fólkinu þennan dag. Hann fór í rúmið um eitt leytið, en vaknaði nokkrum tímum seinna. Hann hafði dreymt að hann ætti ekki að fara til Indlands fyrr en í september. Hann vakti Medu og sagði henni frá draumnum, fór síðan aftur að sofa og dreymdi sama drauminn aftur. Næsta morgun hringdi hann í annan af framkvæmdastjórum sínum og sagði honum að breyta ferðaáætluninni, þannig að hann færi af stað í september í samræmi við sýn hans og drauma.

Þar sem ferðir hans til Afríku, Mið-Austurlanda og Asíu höfðu nú verið afboðaðar, fylltu framkvæmdastjórar hans upp í áætlun hans með samkomum í Bandaríkjunum. Fyrstu þrjá mánuði ársins 1954, hélt Bill samkomur í borgunum Wood River í Illinois, Hot Springs í Arkansas og Shreveport í Louisiana. Eftir þetta hélt hann átta daga samkomuherferð í borginni Phoenix í Arizona. Síðan færði hann sig allt til Carlsbad í Nýju-Mexíkó, áður en hann sneri aftur austur til Columbus í Ohio, þar sem hann hélt risavaxna samkomu á stórum leikvangi. (Þessi samkoma var haldin í samvinnu við 400 forstöðumenn og söfnuði þeirra.) Í lok mars hélt hann heim til að halda samkomur í Louisville í Kentucky og Jeffersonville í Indiana.

Í apríl tók Bill sér hlé frá vinnu, en eins og venjulega tryggði það honum ekki að hann fengi hvíld. Veikt og þurfandi fólk leitaði til hans nótt sem nýtan dag. Eitt laugardagssíðdegi, þegar mikið hafði verið að gera og aðeins fáir gestir voru eftir, sagði Bill við Medu: “Ef einhverjir fleiri koma, þá segðu þeim bara að koma til kirkju í fyrramálið og ég muni biðja fyrir þeim þar. Ég er að verða svo þreyttur elskan. Ég get varla stigið í fætuna.”

Eftir að allir gestirnir voru farnir, fór Bill með Medu í bíltúr. Hann hafði engan sérstakan ákvörðunarstað í huga. Hann langaði bara til að komast burt frá húsinu, svo að hann gæti slakað á. Hann ók í suðurátt frá New Albany, eftir þjóðvegi sem hlykkjaðist ýmist umhverfis eða yfir hæðirnar. Þarna var fagurt útsýni yfir sveitina í kring, sambland af kornökum og skóglendi. Loks komu þau að stað, þar sem vegurinn hlykkjaðist eftir hamrabrun.

Þar sem hann var að stýra bíl sínum í fyrstu beygjunni, sá hann engil Drottins eins og hvíta þoku fyrir augum sér. Framrúðan varð algerlega hvít á litinn. Hann ók áfram nokkra kílómetra og stýrði bíl sínum blindandi, meðan hann horfði á eitthvað gerast í 10 þúsund kílómetra fjarlægð. Meðal hélt áfram að tala við hann, meðan hún horfði á hið undurfagra landslag fyrir neðan hæðina. Eftir fimm mínútur varð henni litið á mann sinn, til að athuga hvers vegna hann svaraði henni ekki. Um leið og hún sá starandi augnaráð hans, vissi hún að hann væri kominn inn í sýn. “Bill,” sagði hún með andköfum.

Bill kom undireins aftur til meðvitundar og stöðvaði bílinn við vegkantinn. “Elskan, ég verð að biðja fyrir bróður Bosworth núna. Ég sá hann fara út úr lest í Suður-Afríku og hníga niður. Ég sá menn setja hann upp á börur. Núna er hann á sjúkrahúsi, alvarlega veikur. Ég verð að biðja fyrir honum samstundis.” Hann gekk smáspöl upp í skógivaxna hæðina, kraup niður og bað.

Á sunnudagskvöldinu, eftir samkomu hringdi einn af fjórum sínum í húsinu. Bill svaraði. Símaforður hjá Western Union símafélaginu sagði: “Herra Branham, ég er með símskeyti fyrir þig frá Durban í Suður-Afríku. Það er frá Dr. Yeager. Hann segir: ‘Biddu strax fyrir séra Bosworth. Hann fékk áfall þegar hann steig út úr lest. Er á sjúkrahúsi. Búist er við að hann deyi.’”

Næsta dag, náði Bill loks símasambandi við Durban. Þá var Fred Bosworth ekki aðeins læknaður, hann var þegar farinn af sjúkrahúsinu til að halda áfram störfum sínum.

Séra Bosworth, hafði nú ferðast um Suður-Afríku í meira en mánuð og reynt að skipuleggja fleiri herferðir með bróður Branham, þar í landi. Hingað til hafði það verið eins og að skrapa demant. Megnið af kristnu fólki í Suður-Afríku, vildi að William Branham kæmi þangað aftur og héldi fleiri lækningasamkomur, en margir kirkjuleiðtogarnir vildu það ekki. Þjóðarnefnd kirknanna í Suður-Afríku hafði ákvörðunarrétt í málinu. Ákveðnir valdamiklir meðlimir nefndarinnar, töldu að hin áberandi og umtalaða þjónusta William Branham, drægi úr starfsmöguleikum fátækra forstöðumanna í landinu. Bosworth var orðinn gamall í hettunni og þetta hljómaði fyrir honum eins og léleg afsökun, sem væri notuð til að fela afbrýðisemi þeirra.

Eftir margra vikna umræður, neitaði Þjóðarnefndin loks að útvega William Branham landvistarleyfi. Aftur var þjónusta hans hindruð af kirkjupólitík og það var ekki í síðasta skipti.

Í september árið 1954 hóf William Branham þriðju utanlandsferð sína, með því að fljúga frá New York til Lissabon í Portúgal, þar sem Baron Von Blomberg beið eftir honum. Baron Von Blomberg var þýskur aðalsmaður, vel menntaður (hann talaði sjö tungumál) og hafði ferðast víða. Árið 1950 hitti Von Blomberg, Bill í Finnlandi og varð fyrir miklum áhrifum af hinum yfirnáttúrulega krafti Krists, sem sýndi sig svo berlega í þjónustu Bill. Þar sem baróninn hafði sambönd út um allan heim, þar á meðal við þjóðarleiðtoga og aðra pólitíska leiðtoga, hafði Von Blomberg boðist til að skipuleggja þessa ferð. Eftir fyrsta áfangann í Portúgal, var áætlað að Bill sækti heim Ítalíu, Egyptaland og Ísrael. Síðan myndi hann fljúga til Arabíu og að lokum til Indlands.

Í Lissabon átti Bill að snæða kvöldverð með forsetanum og meðlimum ríkisstjórnar hans. En baróninn hafði ekki getað skipulagt neina herferð í Portúgal, vegna þess að kaþólska kirkjan notfærði sér sín venjulegu stjórn málaalegu ítök, til að koma í veg fyrir að hann gæti tryggt sér stóra áheyrendasali. Bill varð að láta sér nægja að halda tvær samkomur í Hvítasunnukirkju í útjaðri borgarinnar. En það var bjart yfir þessum tveimur samkomum, því þær loguðu af kraftaverkum, sem gáfu tóninn fyrir það sem eftir var af ferðinni.

Von Blomberg barón og Bill yfirgáfu Portúgal og flugu til Ítalíu. Í Róm skoðaði Bill neðanjarðarsvartholið, þar sem postulinn Páll hafði setið sem fangi, vegna trúar sinnar. Hann starði inn í kaldan og ömurlegan fangaklefan og hjarta Bill fylltist af elsku til Páls, þessa hugrakka sendiboða, sem flutti heiðingjunum fagnaðarerindið. Honum var hafnað af heiminum og hann var misskilinn, jafnvel af hinum kristnu á sínum tíma. Þrátt fyrir alla þessa baráttu, vék hann aldrei frá köllun sinni. Páll vissi að hann átti mesta fjársjóð í heiminum, góðu fréttirnar um að Jesús Kristur væri risinn upp frá dauðum, til að gefa eilíft líf öllum þeim sem vildu trúa á hann, bæði Gyðingum og heiðingjum. Vegna þess að Páll var staðfastur í köllun sinni, nutu allir kristnir menn gegnum aldirnar góðs af því. Bill fannst þetta vera mikil lexía sem hann gæti notað sinni eigin þjónustu.

Annan daginn í Róm, átti hann að hitta páfann klukkan þrjú síðdegis. Von Blomberg barón sagði honum hvernig hann myndi þurfa að koma fram. Hvernig hann yrði að krjúpa niður á annað hnéð, síðan myndi páfinn rétta út höndina og Bill ætti að kyssa á hring hans og ávarpa páfann: “Yðar heilagleiki,” eða “Heilagi faðir.”

Bill hristi höfuðið. “Þetta gengur ekki upp. Afboðaðu áheyrnina. Ég get ávarpað mann séra eða lækni, eða notað hvaða annan titil sem hann vill, en ekki heilagi faðir. Jesús sagði: ‘Ekki kalla neinn mann föður nema Guð.’⁴⁸ Þegar kemur að því að tilbiðja, þá er það aðeins einn sem ég tilbið og það er Jesús Kristur.”

Svo í stað þess að hitta páfann, fór Bill í skoðunarferð um aðsetur hans. Vatíkanið er alveg einstakt og sjálfstætt ríki, staðsett í hjarta Rómaborgar. Enda þótt ríkið nái aðeins yfir 1/2 ferkílómetra, er það miðstöð Rómversk-kaþólsku kirkjunnar og áhrif hennar ná til hverrar einustu þjóðar á jarðríki. Bill varð forviða yfir hinu mikla ríkidæmi og glæsibrag í Péturskirkjunni, Vatíkangarðinum og skrifstofuhöll “hans heilagleika”. Auðæfin sem þessar byggingar rúmuðu voru undraverð. Bill heimsótti Vatíkansafnið og sá þar mikilfenglega þrefalda kórónu (þrjár kórónur hver upp af annarri), sem táknaði yfirráð páfans yfir himnaríki, hreinsunareldinum og helvíti. Latnesk áletrun hljómaði svo: VICARIUS FILI DEI. Sem þýðir ‘Staðgengill Krists,’ eða ‘Í stað Guðs sonar’. Hvílíkur munur á ríkidæmi Vatíkansins og hinu ömurlega fangelsi, þar sem Páll postuli eyddi síðasta æviári sínu. Þetta var sláandi dæmi um það, að auðæfi jafngilda ekki sannleika. Bill hugsaði með sér: “Fagnaðarerindið glitrar ekki, það ljómar.”

Í garði skammt frá Vatikaninu, var kristinn trúboði að halda vakningarsamkomur í stóru tjaldi. Bill gekk þar að, til að aðgæta hvað um væri að vera. Eftir að Bill hafði kynnt sig, steig trúboðinn þakklátur til hliðar og afhenti samkomuna hinum heimsfræga Bandaríkjamanni. Þarna í skugga Vatíkansins, prédikaði Bill Orð Guðs og bað fyrir sjúkum. Guð sá um kraftaverkin.

Frá Róm flaug Bill til Kaíró í Egyptalandi, þar sem hann eyddi heilum degi í skoðunarferð. Hann skoðaði Sfinxinn og pýramídana og sá með eigin augum að pýramídan mikla vantaði toppsteinninn. Honum virtist það táknrænt vegna þess að Biblían talar um Jesús sem hyrningarstein (toppstein).⁴⁹ Það er aðeins eitt form til, þar

⁴⁸ Matteus 23:9

⁴⁹ Sálmur 118:22, Matteus 21:42, Lúkas 20:17, Postulasagan 4:11 og 1. Pétursbréf 2:7.

sem hyrningarsteinninn og toppsteinninn eru eins í lögun og það er pýramíðinn. Bill trúði því, að einhvern tíma í sögunni, hefði Guð leyft að þessi risastóra bygging yrði byggð, sem vitnisburður um hans stórkostlegu fyrirætlanir og að bráðlega myndi hinn eini sanni Toppsteinn að lokum koma á sinn rétta stað.

Um kvöldið snæddi hann með Farouk konungi Egyptalands. Morguninn eftir þar sem Bill beið eftir flugvélinni, sem myndi flytja hann til Jerúsalem, varð hann æ spenntari. Bráðlega myndi hann vera kominn til Ísrael, lands spámanna Biblíunnar, fæðingarstaðar Jesú, heimilis hinna blinduðu Gyðinga, sem voru margir hverjir enn að bíða Messíasar. Það var búið að skipuleggja samkomu í Jerúsalem, þetta sama síðdegi. Enda þótt flestir Gyðingar álíti að kristindómurinn sé röng kenning, bjóst Levi Pethrus samt við því, að um 5.000 Gyðingar myndu sækja samkomuna, sakir þess hve þjónusta Bill var í eðli sínu óvenjuleg. Auglýsingaplaköt sem höfðu verið sett upp um alla Jerúsalem, gáfu í skyn tengsl milli “gjafar greiningar” og “tákn Messíasar.”

Bill trúði að þetta væri fullkomið andrúmsloft fyrir þjónustu hans. Heittrúaðir Gyðingar virtu spámennina sína. Í lögmáli Móse var sagt frá því hvað gerir spámann að sönnum spámanni. Í fyrsta lagi myndi hann sjá sýnir. Í öðru lagi myndi nákvæmni spádóma hans vera 100 prósent.⁵⁰ Bill ímyndaði sér hvernig það myndi verða, þegar hann kallaði fólkíð fram til fyrirbæna í Jerúsalem og greiningin hæfist. Vissulega myndu þessir Gyðingar þekkja tákn síns eigin Messíasar. Hann sá fyrir sér allan áheyrendahópinn taka við Heilögum anda, alveg eins og lærisveinarnir 120 gerðu á hvítasunnudag.⁵¹ Ef það gerðist, væri tíma heiðingjanna lokið. Jesús sagði: “*Ög Jerúsalem verður fótum troðin af heiðingjum, þar til tímar heiðingjanna eru liðnir.*”⁵² Um leið og Ísrael tekur við fagnaðarerindi Jesú Krists, verður heiðingjabrúðurin hrifin burtu til fundar við brúðguma sinn, meðan heiminum er varpað inn í hörmungar þrengingarinnar miklu. Þá hafa Gyðingar 3½ ár til að prédika fagnaðarerindi Jesú Krists, áður en lokaorrustan hefst. Í Opinberunarbókinni kemur fram, að um leið og síðustu orrustunni er lokið við Harmagedón, mun sólin rísa yfir þúsundaráriki friðar og fullkomnunar.⁵³ Bill gat varla dulið eftirvæntingu sína. Þetta síðdegi myndi hann prédika mikilvægustu ræðu ævi sinnar. Flugvélin var lent, en það voru ennþá þrjátíu mínútur þar til farþegar áttu að fara um borð, svo hann gekk í áttina að gjafabúð. Hann tók upp lítinn fil sem var útskorinn úr íbenholtviði og með tennur úr ekta filabeini. Hann var að íhuga að kaupa filinn handa Adair lækni, þegar hann heyrði einhvern segja: “*Ekki fara.*” Hann leit í kringum sig, en enginn veitti honum neina athygli. “Ef til vill var ég bara að ímynda mér þetta,” hugsaði hann og gekk í áttina að afgreiðsluborðinu. Þá heyrði hann röddina greinilega aftur: “*Ekki fara. Þetta er ekki rétti tíminn.*”

Það var alveg öruggt að þetta var rödd engilsins, en hann trúði varla því sem hann heyrði. Það var búið að skipuleggja samkomurnar. Flugvélin beið eftir honum. Hvað þýddi þetta? Hann yfirgaf hina yfirfullu flugstöð og gekk bak við flugskýli á vellinum, til að vera einn. Þar bað hann: “Himneski faðir, eftir aðeins örfáa klukkutíma verð ég í Palestínu og stend fyrir framan blinduðu börnin þín. Ég mun skora á þessa Gyðinga að trúa tákn Messíasar. Þegar þeir gera sér grein fyrir, að það ert þú sem framkvæmir greininguna, munu þeir taka við skírn Heilags anda, það er alveg áreiðanlegt. Er það ekki það sem þú vilt?”

⁵⁰ 4. Mósebók 12:6 og 5. Mósebók 18:15-22.

⁵¹ Postulasagan 2. kafli.

⁵² Lúkas 21:24.

⁵³ Opinberunarbókin 16:16; 20:1-3.

Engill Drottins birtist honum í loftinu eins og hvít, björt þoka í eyðimerkurloftslaginu. Bill hrökk til baka upp að flugskýlinu. Heilagur andi sagði: *“Haltu þig frá Palestínu. Það er ekki þinn staður. Tíminn er ekki kominn. Mælir synda heiðingjanna er enn ekki fullur. Það þarf að tína betur saman.”*

Hvít og björt þokan gufaði upp í kæfandi eyðimerkurhitanum, en Bill var einn eftir og tók andköf. Hvað átti hann að gera núna? Það myndi ekki verða auðvelt að afboða samkomur hans í Ísrael með svona stuttum fyrirvara. Ef til vill, myndi hann vekja bitrar tilfinningar meðal þeirra, sem höfðu unnið svo ötullega að því, að koma honum inn í Palestínu. En hann gat ekki gleymt hinni sársaukafullu reynslu í Suður-Afríku. Hann var ákveðinn í að gera það sem Heilagur andi sagði honum, hverjar sem afleiðingarnar kynnu að verða.

Hann fór aftur inn í flugvallarbygginguna og lét breyta ákvörðunarstaðnum á miðanum sínum, frá því að vera Jerúsalem í Ísrael yfir í Aþenu í Grikklandi. Þar með fékk Von Blomberg barón það óþægilega verkefni, að fljúga til Ísrael og afboða samkomuna, sem hafði átt að vera síðar um daginn. Baróninn myndi hitta hann á ný í Saudi-Arabíu, þar sem gert var ráð fyrir að Bill myndi snæða kvöldverð með konunginum.

Í Grikklandi, heimsótti Bill rústirnar af musteri Aresar, hins gríska þrumu og stríðsguðs. Rómverjar þekktu hann sem Mars. Þarna hafði Páll postuli prédíkað fagnaðarerindið fyrir hina fornu Aþenubúa.⁵⁴ Í hótélherbergi sínu þetta kvöld, las Bill í Biblíunni og reyndi að skilja það sem Drottinn hafði sagt honum í Egyptalandi. Honum fannst hann hafa skilið þjónustu sína fram að þessu. Augljóslega hafði hann misskilið eitthvað. En hvað?

Heilagur andi sagði: *“Haltu þig frá Palestínu. Það er ekki þinn staður”* Svo hann hafði þá haft rangt fyrir sér með það, að hann gæti sýnt nútíma Ísraelsmönnum tákn Messíasar þeirra. Það var mjög eðlilegur misskilningur. Árið 1933 hafði Drottinn sagt við hann: *“Eins og Jóhannes skírari var sendur til að vera fyrirrennari fyrri komu Krists, eins ert þú sendur með boðskap sem verður fyrirrennari seinni komu hans.”* Jóhannes skírari kynnti Jesú fyrir Gyðingum. Síðan staðfesti Jesú sjálfan sig, með því að sýna tákn Messíasar: Að þekkja framtíð og fortíð fólks, sem hann hafði aldrei hitt áður og opinbera leyndar hugsanir þess.⁵⁵

Síðustu fimm árin, hafði Bill verið að sýna Messíasartáknið á samkomum sínum. Þegar smurningin steig niður og sýnirnar birtust, gat hann greint fortíð, framtíð og leyndar hugsanir í huga fólksins. Greiningin var alltaf fullkomin, vegna þess að það var ekki hann sem að framkvæmdi hana. Jesús Kristur gaf sérhverja sýn og gerði sérhvert kraftaverk. Bill var eins og hljóðnemi, sem er tengdur við magnara. Hljóðneminn er þögull þar til einhver talar í hann. Guð var að tala og hans Heilagi andi magnaði upp gjöf greiningar hans, þar til kristnir menn um allan heim heyrðu um hana. Vegna þess að Drottinn hafði sagt Bill að þjónusta hans myndi vera lík þjónustu Jóhannesar skírara, hafði það aðeins verið rökrænt hjá honum að álykta, að hann ætti að fara til Ísrael og sýna Gyðingum þetta tákn Messíasar.

Nú sá Bill að hann hafði ekki tekið einfalda staðreynd með í reikninginn. Biblían talar ekki um tvær komur Jesús Krists. Hún talar um þrjár. Fyrsta koma hans átti sér stað fyrir næstum því 2.000 árum. Kringum árið 30 e.Kr., kynnti Jóhannes skírari Jesú fyrir Gyðingum sem þeirra Messías, Frelsara þeirra. Þegar Ísrael hafnaði Jesú og þeir krossfestu hann, gaf það heiðingjunum möguleika á að frelsast.⁵⁶ Jesús lofaði að hann

⁵⁴ Postulasagan 17:22.

⁵⁵ Matteus 12:25, 21:1-7, Markús 14:12-16, Lúkas 2:34-35, Jóhannes 1:5, 2:24-25, 5:19, 10:37.

Postulasagan 13:8.

⁵⁶ Rómverjabréfið 11:11,15,25,30.

myndi koma aftur, í þetta skiptið til heiðingjakirkjunnar. Hann myndi birta henni sjálfan sig og hrífa burt til sín heiðingjabrúðina. Þetta kannast kristnir menn við sem burthrifninguna.⁵⁷ Biblían segir að í þetta sinn muni Jesús koma sem þjófur á nóttu.⁵⁸ Þegar það gerist, mun enginn vita neitt um það, nema brúður hans. Eftir þetta mun Jesús snúa sér aftur til Gyðinga.. Þriðja koma hans, mun gera heiminum bylt við. “Og hvert auga mun sjá hann, jafnvel þeir sem stungu hann.”⁵⁹ Í það skiptið munu Gyðingar taka við Jesú sem sínum Messíasi.

Svo ef það var ekki hlutverk Bill, að kynna Messías fyrir Ísrael dagsins í dag, hvert var þá hlutverk hans? Hann rannsakaði Ritningarnar í leit að svari. Lykillinn virtist vera að finna í Lúkasi 1:17, í þeirri staðreynd að “andi Elía” var það sem hvatti Jóhannes skírara áfram. “Andi Elía,” var í raun Heilagur andi, sem starfaði í gegnum einstakling með persónuleika líkan Elía. Guð þarfnadist þess, að Jóhannes hefði anda Elía til að Jóhannes yrði þess megnugur að framkvæma þau erfiðu verkefni sem þjónusta hans krafðist af honum. Bill fletti upp á 1. Konungabók 17. kafla og las aftur söguna um Elía, til þess að hann gæti borið líf og þjónustu Elía, saman við líf og þjónustu Jóhannesar.

Í 2. Konungabók 2. kafla, las hann um síðasta daginn í lífi Elía hér á jörð. Guð birtist sem brennandi eldur og hreif Elía burt í hvirfilvindi, meðan Elísa, sem var lærisveinn Elía, fylgdist með. Á því augnabliki kom tvöfaldur skammtur af smurningu Elía yfir Elísa, sem tafarlaust tók upp skikkju Elía, sló með henni á ána Jórdan og sagði: “Hvar er Guð Elía?” Áin skipti sér og Elísa gekk yfir hana þurrum fótum. Einmitt þarna sýndi Guð mannkyninu, að andinn sem veitti Elía innblástur, gat yfirfærst á annan spámann. Á meðan Elísa lifði gerði hann tvöfalt fleiri kraftaverk en Elía. Það sannaði að hann hafði raunverulega hlotið tvöfaldan skammt af anda Elía. Elísa gat meira að segja greint í gegnum sýn. Það sýndi hann þegar hann sagði konungi Ísraels, hvað konungur Sýrlands sagði í svefnherbergi sínu.⁶⁰

Bill fletti upp á Malakí 4. kafla, síðasta kafla Gamla testamentisins. Þar las hann: “Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir er guðleysi fremja, munu þá vera sem hálmleggir, og dagurinn sem kemur mun kveikja í þeim — segir Drottinn allsherjar — svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur... Sjá, ég sendi yður Elía spámann, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur.” Flestir fræðimenn Biblíunnar kenndu að Malakí 4:5 ætti við Jóhannes skírara, vegna þess að engillinn Gabríel sagði að Jóhannes myndi hafa anda Elía, og Jesús gaf í skyn að Jóhannes væri Elía.⁶¹ En þessir kennarar höfðu ekki fullkomlega rétt fyrir sér. Það var rangt að álíta að Malakí 4:5 ætti eingöngu við Jóhannes skírara. Þegar Gyðingar spurðu Jóhannes hvort hann væri Elía, þá sagði Jóhannes berum orðum að hann væri það ekki.⁶² Í stað þess auðkenndi hann sig með Jesaja 40:3: “Heyr, kallað er: ‘Greiðið götu Drottins í eyðimörkinni.’”⁶³ Jóhannes auðkenndi sig með Malakí 3:1: “Sjá, ég sendi sendiboða minn, og hann mun greiða veginn fyrir mér.”

Við hvern átti Malakí þá þegar hann spáði: “Sjá, ég sendi yður Elía spámann, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur?” Þetta hlaut að vera einn af þeim ritningastöðum, sem hafði fleiri en eina merkingu — eins og Hósea 11:1, þar sem

⁵⁷ 1. Korintubréf 15:51-54. 1. Þessaloníkubréf 4:15-17.

⁵⁸ Matteus 24:42-44. 1. Þessaloníkubréf 5:2,11. 2. Pétursbréf 3:9-10.

⁵⁹ Opinberunarbókin 1:7.

⁶⁰ 1. Konungabók 6:12.

⁶¹ Matteus 17:12-13; Lúkas 1:17.

⁶² Jóhannes 1:21.

⁶³ Matteus 3:3; Markús 1:3; Jóhannes 1:23.

stendur: “Þegar Ísrael var ungur, fékk ég ást á honum, og frá Egyptalandi kallaði ég son minn.” Hósea átti við þá tíma, þegar Guð sendi Móse til Egyptalands, til að bjarga börnum Ísraels úr þrældómi. En Matteus sagði að Hósea 11:1 væri líka spádómur, sem gekk í uppfyllingu þegar María og Jósef, sem höfðu flúið til Egyptalands undan Heródesi konungi, komu með barnið Jesú frá Egyptalandi og fóru aftur með hann til Ísrael eftir að Heródes konungur var dáinn.⁶⁴ Malakí 4:5 var líka með samsetta merkingu og talaði um fleiri en eina komu Elía. Í Matteusi 17. kafla, spurðu lærisveinarnir Jesú: “Hví segja fræðimennirnir, að Elía eigi fyrst að koma? Hann svaraði: ‘**Víst kemur Elía og færir allt í lag.** En ég segi yður: Elía er þegar kominn, og menn þekktu hann ekki, heldur gjörðu honum allt sem þeir vildu. Eins mun og Mannssonurinn písir þola af hendi þeirra.’ Þá skildu lærisveinarnir, að hann hafði talað við þá um Jóhannes skírara.” Þegar Jesús sagði þetta, var Jóhannes skírari þegar látinn, svo þegar Jesús sagði að Elía myndi koma, átti hann við atburð í framtíðinni.

Þar sem komur Krists yrðu samtals þrjár og fyrsta koma hans var boðuð af spámannlegum sendiboða með anda Elía, þá var rökrænt að álykta að við aðra og þriðju komu hans, myndi einnig vera fyrirrennari með anda Elía. Andi Elía myndi birtast fimm sinnum í allt. Fyrst í Elía, síðan í Elísa, í þriðja skiptið í Jóhannesi skírara, í fjórða skiptið í spámannlegum sendiboða við endalok tíma heiðingjanna, og í fimmta sinn í spámanni í Ísrael endatímans.

Af hverju var andi Elía svo sérstakur, að Guð ákvað að nota hann margoft í sinni miklu áætlun? Þegar Bill bar saman ævi Elía og Jóhannesar skírara, fann hann mörg sameiginleg einkenni. Báðir voru þeir hrjúfir einstaklingar, sem elskuðu eyðimörkina og gátu þolað harðræði. Báðir höfðu þeir hugrekki til að tala gegn hinni andlegu spillingu allt í kringum þá. Elía horfði beint framan í Akab konung og sagði. “Eigi hefi ég valdið Ísrael skaða, heldur þú og ætt þín, þar sem þér hafið virt boð Drottins að vettugi og þú elt Baalana. En send þú nú og stefn til mín öllum Ísrael á Karmelfjalli, svo og þeim fjögur hundruð og fimmtíu Baalsspámönnum og þeim fjögur hundruð Aséruspámönnum, er eta við borð Jesebelar.”⁶⁵ Jóhannes leit á Faríseana og Saddúkeana og sagði: “Þér nöðru kyn, hver kenndi yður að flýja komandi reiði? Berið þá ávöxt samboðinn iðruninni!” Hvorki Elía né Jóhannes létu freistast af peningum, valdi, frægð eða konum. Báðir mennirnir fordæmdu siðleysi. Elía fordæmdi skurðgoðadýrkun Jesebelar⁶⁶ og Jóhannes skírari áminnti Heródes konung fyrir að lifa í hórdómi með konu bróður síns.⁶⁷

Bæði Elía og Jóhannes höfðu sín takmörk. Eftir sigur Elía á Karmelfjalli, flýði hann reiði Jesebelar og faldi sig í eyðimörkinni. Á ferð sinni varð hann svo þunglyndur, að hann bað Guð að taka líf sitt.⁶⁸ Jóhannes gekk líka í gegnum tímabil þunglyndis. Þegar hann var í fangelsi varð hann svo örvinglaður, að hann sendi menn til Jesú til að spyrja: “Ert þú sá sem koma skal eða eigum við að vænta annars?”⁶⁹ Það uppörvaði Bill að sjá þessa bresti. Það sýndi honum að það sem Elía, Elísa og Jóhannes skírari gerðu, var afleiðing af því að Guð starfaði í gegnum þá. Þeir gátu ekki reitt sig á eigin styrk. Það minnti hann á, hvernig Drottinn sagði við Pál: “Náð mín nægir þér; því að mátturinn fullkomnast í veikleika.”⁷⁰

⁶⁴ Matteus 2:12-15.

⁶⁵ 1.Konungabók 18:18-19.

⁶⁶ 1.Konungabók 21:17-23; 2. Konungabók 9:36.

⁶⁷ Matteus 14:3-4.

⁶⁸ 1.Konungabók 19:1-4.

⁶⁹ Matteus 11:3; Lúkas 7:9.

⁷⁰ 2. Korintubréf 12:9-10

Enda þótt Elía og Jóhannes væru báðir spámenn, var þeim hafnað af flestum trúarleiðtogum síns tíma. Eflaust voru þessir leiðtogar afbrýðisamir út í Elía og Jóhannes, vegna þess að hvorugur þeirra kom í gegnum hefðbundnar, trúarlegar boðleiðir. Elía, Elísa og Jóhannes voru ekki tengdir neinni hreyfingu. Það gaf þeim frelsi til að prédika boðskap sinn, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því hvað einhver annar myndi hugsa. Allir þessir þrír menn, prédikuðu Orð Guðs óttalaust og án málamiðlana. Það var þessi andi sem Guð vildi hafa yfir spámönnum sínum og sérstaklega þessum mönnum, sem áttu að vera fyrirrennarar Krists. Aðeins andi Elía var nógu harðsnúinn til að standast mótstöðuna og búa Drottni altygjaðan lýð.

Á flugvellinum sagði Heilagur andi við hann: “Þetta er ekki þinn staður. Tíminn er ekki kominn. Mælir synda heiðingjanna er enn ekki fullur. Það þarf að tína betur saman.” En tími Ísraels hlaut að koma, alveg eins örugglega og sólin rís á morgnana til að dreifa myrkrinu. Eftir að hafa varað Ísrael við eyðingunni á endatímanum stendur í Malakí 4:2: “*En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun réttlætissólin upp renna með græðslu undir vængjum sínum,*” Opinberunarbókin 1:7 segir um Jesú Krist: “*Sjá, hann kemur í skýjunum og hvert auga mun sjá hann, jafnvel þeir, sem stungu hann,*” (“*Þeir,*” eru Gyðingararnir.) Í Sakaríá 12:9-11, er þessu einnig spáð. Postulinn Páll talar um það í Rómverjabréfinu 11:25-27. Gyðingar munu að lokum taka við Jesú Kristi sem frelsara sínum, og það verður spámaður með anda Elía, sem mun kynna Ísrael á ný fyrir Messíasi. Bill virtist það vera svo, að hinn fimmti og síðasti Elía væri annar af vottunum tveimur í Opinberunarbókinni 11:3-11, vegna þess að annar þessara votta hafði vald til að stöðva regnið og sá eini fyrir utan hann, sem hafði valdið þurrki var Elía.⁷¹

Þegar Gyðingar taka loks við sínum Messíasi, verður tími heiðingjanna liðinn. Þá verður reiði Guðs úthellt yfir þá heiðingja, sem tóku ekki við Kristi.⁷² Eins hræðilega og þetta kann að hljóma, verður þetta að gerast áður en Jesús Kristur getur ríkt í friðsömu og fullkomnu ríki.

Bill vissi ekki hvenær þetta myndi gerast, en hann vissi að Guð var að bíða eftir tvennu. Fyrst var hann að bíða þess að syndir heiðingjanna kæmust upp á visst stig. Heilagur andi sagði: “*Mælir synda heiðingjanna er enn ekki fullur.*” Jesús sagði að Jerúsalem yrði fótum troðin af heiðingjum, þar til tímar heiðingjanna væru liðnir.⁷³ Guð sagði eitt sinn eitthvað svipað við Abraham varðandi óvini hans Amorítana. Hann sagði að hann myndi ekki dæma Amoríta þar til mælir synda þeirra væri fullur.⁷⁴ Á þeim tímum réðu Amorítar yfir miklu af Kanaanslandi, (Ísrael). Jafnvel á tímum Abrahams voru Amorítar syndum hlaðin og siðlaus þjóð. Þegar Guð eyddi þeim, voru trúarbrögð þeirra komin neðar almennri skurðgoðadýrkun. Þeir höfðu tekið upp andsæringar, skækjulífnað í andlegum tilgangi og barnafórnir. Bill sá að heimur nútímaheiðingja var á leiðinni inn í slíkt, jafnvel það að ástunda barnafórnir. Voru fóstureyðingar ekki ein mynd af barnafórn? Gátu nútíma ríkisstjórnir orðið svo siðlausar, að lögleiða slátrun á ófæddum börnum?

Það næsta sem Guð var að bíða eftir, var frelsun allra barna sinna. Þegar síðasti sonur hans eða dóttir hlýtur skírni Heilags anda, á því augnabliki verður heiðingjakirkjan burthrifin upp í hærri vídd. Þá lokast dyr hjálpræðisins fyrir heiðingjunum og Opinberunarbókin 22:11 gengur í uppfyllingu: “*Hinn ranglāti haldi áfram að fremja ranglæti og hinn saurugi saurgi sig áfram og hinn réttlāti stundi áfram réttlæti og hinn heilagi helgisti áfram.*”

⁷¹ 1.Konungabók 17:11.

⁷² Malakí 4:1; Matteus 24:21; Opinberunarbókin 2:22;7:14.

⁷³ Lúkas 21:24.

⁷⁴ 1. Mósebók 15:13-16.

Bill lokaði Biblíunni sinni, viss um að hann skildi nú betur ritningarlega stöðu sinnar eigin þjónustu hvað varðaði Ísrael. Áður hafði hann álitid að um fjórar komur anda Elía væri að ræða. Nú sá hann að þær hlytu að vera fimm. Hans eigin þjónusta hafði ekkert að gera með Ísrael. Hann var kallaður til að prédika fagnaðarerindið til heiðingjanna og hann myndi halda áfram að gera það, ásamt því að biðja fyrir sjúkum og prédika frelsun í Jesú nafni. Að finna einn hér og annan þar sem vildi hlusta. Alltaf að tína saman, ná í sálir eins og korn fyrir Meistarann og búa Drottni altygjaðan lýð.

Kafli 66

Uppgjör á Indlandi

1954

William Branham yfirgaf Grikkland og flaug til Riyadh, höfuðborgar Saudi-Arabíu, þar sem hann hitti Von Blomberg barón og snæddi kvöldverð með Saud konungi. Saudi-Arabía er strangtrúað múslimaland, þar sem eru lög gegn kristindómi, svo þar var ekki hægt að halda neinar samkomur. Hann hélt áfram áleiðis til Indlands og lenti í Bombay fjórðu vikuna í september árið 1954. Fjöldi kristinna trúboða og kirkjuleiðtoga, kom til að taka á móti honum.

Erkibiskup Meþódistkirkjunnar á Indlandi sagði við hann: “Herra Branham, ég vona að þú sért ekki kominn hingað sem venjulegur trúboði. Við vitum meira um Biblíuna en þið Ameríkanarnir. Þegar allt kemur til alls, þá er hún austurlensk bók. Heilagur Tómas prédikaði fagnaðarerindið hér fyrir 1900 árum. En við heyrðum að Guð hefði gefið þér gjöf, sem gerir Biblíuna lifandi á ný. Við viljum fá að sjá það.”

“Vissulega,” sagði Bill. “Mig langar til að sýna ykkur að Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.”

Enda þótt honum hefði verið sagt að Bombay væri yfirfull af fátæku fólki, var hann ekki viðbúinn því stöðuga iði sem hér var alls staðar. Fólk sem stjakaði hvert við öðru á gangastéttunum, fólk sem fyllti göturnar, svo leigubíllinn hans varð að þeyta hornið og sveigja framhjá sumu af þessu fólki. Svart hár og dökkt hörund var ríkjandi. Sumt af þessu fólki, leit jafnvel út fyrir að vera dekkra en negrarnir í Afríku. Allt þetta fólk var grannvaxið og ekkert af því var í skóm. Margar kvennanna voru klæddar í hinn hefðbundna sari, meðan sumir karlanna gengu aðeins í lendaskýlu. Það var mikill fjölbreytileiki. Tulkur Bill benti honum á mismunandi þjóðarbrot. Þarna var svartskeggjaður sikhi með túrban og langan hníf sem hann bar beltinu. Þarna var bengalskur munkur klæddur í appelsínugulan kyrtil. Múslimskir súfar með hökutopp, klæddir hvítan fatnað. Þarna var Tamílmaður að sunnan er leiddi dvergsvín í bandi sem var fest í eyrað á svíninu. Fakír sat með hendur og fætur í jógastellingu. Parsi, sem var eldsdýrkandi, beygði sig fyrir framan lítið altari á gangstéttinni. Þarna var jáin trúarmaður með klút fyrir munnum til að varna því að hann glepti skordýr, sem hann taldi að jafngilti morði. Fyrir utan þetta fólk, sá Bill fjöldann allan af betlurum, fakírum, munkum og sölumönnum. Kjúklingar, geitur og heilagar kýr rápuðu laus um göturnar.

Sóðaskapurinn á götunum var ógeðslegur. Rusli var hlaðið upp alls staðar. Það rotnaði og úldnaði í hitanum og rakanum og fæddi af sér flugur, kakkalakka, rottur, sjúkdóma og örvinglan. Byggingarnar, sem voru allt að tíu hæða háar, litu út fyrir að geta hrunið hvenær sem var. Trúboði sagði Bill, að þessar ótraustu byggingar hýstu þéttasta samsöfnuð af fólki á jörðinni. Sums staðar í Bombay bjó mannfjöldinn svo þétt, að um 80.000 manns voru á hverjum ferkílómetra.

Bill hafði sjálfur verið alinn upp í fátækt, og hann hafði séð mikla fátækt meðal svarta fólksins í Suðurríkjunum og í Afríku, samt hafði hann aldrei séð fólk jafn blásnautt og þessa betlara, sem réttu fram blikkbollann sinn, í þeirri vona að fá eina rúpiu til að kaupa hálf pund af hrísgrjónum, nægan mat í þrjá daga. Heilu fjölskyldurnar, sem áttu sér engan samastað, höfðu tjaldað á gangstéttunum. Þau áttu sér þar stað sem þau álitu *sinn* og fótgangandi vegfarendur stigu yfir þau, meðan þau sváfu. Kristni trúboðinn útskýrði fyrir Bill, að Indland hefði fengið frelsi frá

yfirráðum Stóra-Bretlands nokkrum árum áður. Skyndilegur missir á fjárhagsstuðningi frá Bretlandi, hafði skilið þetta stóra land eftir gjaldþrota. Að framleiða nægan mat, til að fæða allar þessar 400 milljónir manna, var mikil áskorun fyrir ríkisstjórn Indlands. Hungrið nagaði milljónir Indverja innvortis á hverjum degi. Bill sá það á augum þeirra, sérstaklega á holdsveika manninum sem hélt á krúsinni sinni milli tveggja hvítra stubba, sem eitt sinn voru hendur og drengnum með filaveiki sem dró á eftir sér risastóran fót, sem líktist trjábol.

Eftir að hann hafði innritað sig á Taj Mahal hótelið, var farið með Bill í kvöldverð með borgarstjóra Bombay og öðrum ráðamönnum, þar á meðal forsætisráðherra Indlands, Jawaharial Nehru — vel menntuðum manni, sem talaði óaðfinnanlega ensku. Meðan þeir mötuðust, leit Nehru á gest sinn og sagði: “Herra Branham, mér sýnist að þú sért eitthvað lasinn.”

Bill leit á skálina sína með kindarfæti, sem var soðinn með hrísgrjónum og kryddaður með ólífuolíu. Þetta var svo bragðdauft að honum lá við uppköstum. Hann svaraði kurteislega: “Ég held það sé bara maturinn, hann er dálítið frábrugðinn því sem ég á að venjast.” Nehru var ekki sannfærður. Þegar Bill kom aftur á hótelið beið einkalæknir Nehru eftir honum, til að rannsaka hann. Allt leit út fyrir að vera í lagi þar til læknirinn athugaði blóðþrýstinginn. “Herra Branham, finnst þér þú vera mjög þreyttur?”

“Já, herra, mér líður þannig. Af hverju? Hvað er að mér?”

“Blóðþrýstingur þinn er hættulega lágur. Hann er í raun svo lágur, að ég skil ekki að þú skulir enn vera á lífi. Ég ráðlegg þér að fara heim til Ameríku eins fljótt og auðið er og fá lækninn þinn til að líta á þig.”

“Ég á að halda tvær samkomur hérna í Bombay,” svaraði hann þreytulega. “Eftir það get ég farið beint heim.”

Næsta kvöld, fóru þeir sem kostuðu ferð hans, með hann í stóra Biskupakirkju, þar sem halda átti fyrstu samkomuna. Ríkisstjórnin vildi ekki leyfa honum að halda samkomur undir berum himni, vegna þess að hún gat ekki tryggt öryggi hans. Í janúar sama ár, hafði kventrúboði frá Ameríku, frú Dowd, komið til Indlands og haldið nokkrar útsamkomur. Hún auglýsti sig sem kristna konu sem prédikaði um guðlega lækningu. En hún lagði of mikla áherslu á peninga. Þegar hún reyndi að taka fórn meðal þessa fátæka fólks, brutust út óeirðir. Frú Dowd varð meðvitundarlaus eftir að hafa fengið múrstein í höfuðið og tveir einstaklingar voru stungnir til bana. Minningin um þessar hrakfarir, dvaldi í huga ráðamanna borgarinnar. (Nú vissi Bill hvers vegna Drottinn hafði sagt honum að fresta för sinni þar til í september.)

Biskupakirkjan, þar sem hann átti halda samkomur sínar var risastór. Nokkur þúsund manns gátu rúmast í helgidóminum og það var pláss fyrir tuttugu sinnum fleiri á kirkjulóðinni. Þar að auki voru settir upp hátalarar um allt hverfið, svo að þeir sem kæmust ekki inn, gætu hlustað á samkomuna. Mörg hundruð forstöðumenn og trúboðar í Bombay og nágrenni, voru í samstarfi um þessar samkomur. Þessi staðreynd ásamt því að William Branham var þekktur um allan heim, hafði dregið að sér mannsöfnuð, sem borgarstjórinn áleit að væri um 500.000 karlar, konur og börn. Það var engin leið til að vita þetta fyrir víst, en Bill vissi að það voru að minnsta kosti 300.000 manns þarna, vegna þess að engillinn hafði sagt honum það í febrúar árið 1952.

Þetta kvöld útskýrði Bill fyrir áheyrendum sínum hvernig Jesús Kristur, sonur Guðs er hinn sami nú og hann var fyrir 1900 árum. Ef hann dó og reis upp frá dauðum og er lifandi í dag, þá getum við búist við því að hann starfi eins í dag og hann gerði þá. Þegar kom tími fyrir fyrirbænaþjónustuna, var engin leið að útbýta bænaspjöldum í svona miklum mannfjölda, svo Bill bað fæina trúboða að safna saman nokkrum

slæmum tilfellum og láta fólkið fara í röð. Fólkið steig fram eitt af öðru og Bill sagði því hvert það var og hvert vandamál þess væri og það síðan fyrir einstaklingnum. Hann gat ekki borið fram nöfnin, svo hann stafaði þau staf fyrir staf og hvert smáatriði var rétt. En þessi yfírnáttúrulega þekking, sneri ekki áheyrendum sem voru vanir því að sjá indverska töframenn hafa í frammi óútskýranleg brögð. Þá leiddi móðir nokkur, son sinn upp þrepin til trúboðans. Gegnum túlk útskýrði hún að sonur sinn væri fæddur heyrnarlaus og mállaus. Mannfjöldinn þagnaði, beið og hlustaði. Fólkið var búið að hlusta á þennan Ameríkana stæra sig af krafti Guðs síns. Nú myndi það sjá, hvort Jesús gæti virkilega gert, það sem þessi Ameríkani sagði að hann gæti gert.

Bill bað: “Drottinn, þú lofaðir hinum kristna trúaða, að ef við myndum biðja um eitthvað í nafni sonar þíns þá myndi það verða honum gefið, ef það væri í þínum vilja. Til að þetta fólk mætti vita, að þú ert hinn eini og sanni lifandi Guð, þá bið ég þess að þessi dauði og dumbi andi yfirgefi barnið á þessari stundu, í nafni Jesú Krists.”

Bill steig á bak við drenginn og klappaði saman höndunum. Drengnum brá við og hann hrökk í kút. Barnið sneri sér við til að horfa á Bill og sagði fyrsta hljóðið, sem nokkru sinni hafði komið frá því. Hljóðneminn nam þessi hljóð og magnaði, þannig að mörg þúsund manns heyrðu. Það kom mikill klišur af spenningi frá áheyrendaskaranum, sem ekki vildi deyja út. Þetta olli því að það varð að ljúka samkomunni fyrr en nokkur hafði búist við. En það var búið að gera allt reiðubúið fyrir alveg einstakt lokaatriði. Það sem meira er, hinn mikli mannfjöldi sem mætti á samkomuna, vakti forvitni leiðtoga annarra trúarbragða Indlands og þeir óskuðu eftir því að fá að hitta hinn ameríska trúboða. Næsta dag, var farið með Bill í hof Jáinista, þar sem hópur andlegra leiðtoga myndi spyrja hann út úr. Þetta voru fulltrúar yfir tólf af hinum mismundandi trúarbrögðum Indlands: Hindúisma, Taóisma, Jáinisma, Konfúsíanismi, Brahmantrú, Síkha, fylgjenda Sóróasters og fleiri. Allir þessir menn voru á móti kristindómi, og sérhver af leiðtogunum spurði Bill út úr eða gagnrýndi. Jáinmunkur spurði: “Ef Ameríka er kristin þjóð, hvers vegna vörpuðu þeir þá sprengjum á Japan og myrtu 100.000 almenna borgara?” Múslímaprestur bætti við: “Og hvers vegna leyfa þeir konunum að afklæða sig og ganga um úti á götu, allt af því naktar?” Bill svaraði, að það lifðu ekki allir í Ameríku, samkvæmt meginreglum Jesú Krists. Brahanaprestur spurði: “Ef Jesús var svona heilagur maður, hvers vegna þurfti hann þá að deyja?”

Bill svaraði: “Jesús var ekki venjulegur maður. Guð sjálfur steig niður í mynd Jesú Krists, til að deyja fyrir mannkynið svo að maðurinn gæti lifað eilíflega. Eina skilyrðið sem Guð setti, var að maðurinn tryði á það sem Jesús gerði.”

Búddamunkur spurði: “Hvernig getur dauði Jesú tekið burt syndir og gefið okkur líf?”

Vegna þess að á Indlandi var mikið um skordýr, notaði Bill samlíkingu sem þessir menn gætu skilið. “Syndin er eins og banvæn býfluga. Að lokum stingur hún sérhvermann og veldur dauða hans. En dauðinn er í holdinu, ekki í sálinni. Eftir að býflugan hefur stungið, skilur hún broddinn eftir, þannig að hún getur ekki stungið lengur. Guð varð að koma í holdi til að taka burt brodd dauðans. Það er einmitt það sem Jesús gerði. Jesús lét dauðann stinga sig, og rændi þannig dauðann valdi sínu. Nú getur sá maður sem vill trúa á það sem Jesús gerði, lifað eilíflega. Og Jesús sannaði það með því að rísa upp frá dauðum.”

Síkhi ögraði honum: “Ef Jesús reis upp frá dauðum, hvers vegna getum við þá ekki séð hann?”

Bill svaraði: “Ég veit að Jesús Kristur hefur verið kynntur fyrir ykkur með Biblíukenningum, bæklingum, skólum, sjúkrahúsum og munaðarleysingjahælum. Ég styð alla þessa hluti, en samt hefur Kristur ekki verið að fullu kynntur fyrir ykkur. Ef

þið viljið koma á samkomuna mína í kvöld, munið þið sjá Jesú Kristi kynntan til sögunnar í sínum yfirnáttúrlega krafti.”

Þótt merkilegt kunni að virðast, þá samþykktu þeir að mæta.

Þetta kvöld tók það bílalest Bill tvær klukkustundir, þótt hún væri umkringd af hópi lögreglumanna, að brjóta sér leið gegnum mannfjöldann og hleypa honum út við Biskupakirkjuna. Þegar Bill var kominn inn, kom það honum á óvart að sjá lögreglumenn standa á fjórum fyrstu sætaröðunum. Næsta sætaröð við lögreglumennina, var fyllt af þeim trúarlegu leiðtogum, sem hann hafði talað við fyrr um daginn í Jaínamusterinu.

Kirkjan var troðfull og í henni voru þúsundir manna. Fyrir utan þjappaði allt að hálf milljón manna sér upp að hátölurunum, til að heyra það sem ameríski trúboðinn hafði að segja. Í ræðu sinni útskýrði Bill, hvers vegna Jesús Kristur dó og reis upp frá dauðum. Hann notaði aftur táknmyndina um býfluguna, sem missir brodd sinn þegar hún stingur. Loks var kominn tími fyrir Jesú Krist, að opinbera sig í krafti. Eftir að nokkrir einstaklingar, með vandamál í innri líffærum höfðu komið fram til fyrirbæna, kom maður með eitthvað sem sást utan frá, eitthvað sem allir gátu séð. Billy Paul leiddi blindan mann gegnum röðina, þar sem lögregluþjónarnir voru og upp þrepin til pabba síns. Bill horfði með meðaumkun á þennan horaða mann, sem aðeins var klæddur lendaskýlu. Augu hans voru eins hvít og skyrtan hans Bill. Brátt sá hann þennan mann lyftast upp og verða að sýn. Hann varð æ yngri, þar til kom að þeim degi þegar hann gat ennþá séð. Fjölskyldumeðlimir birtust. Síðan sá hann þennan mann tilbiðja sólina af svo mikilli einlægni, að hann horfði á hana allan daginn þar til sjónhimnan var gereyðilögð af útfjólubláum geislum sólarinnar. Nú var hann betlari. Sýninni lauk án merkis um kraftaverk.

Bill talaði við betlarann gegnum túlk sinn, meðan hljóðkerfið bar orð hans til um milljón manns. “Þú ert giftur maður og þú átt tvö börn, hvort tveggja drengi. Þú heitir...ah ...” Hann gat ekki borið fram nafn hans svo að hann stafaði það. “Þú ert mjög trúrækinn maður, mjög einlægur. Þú tilbiður sólina. Fyrir tuttugu árum starðir þú á sólina allan daginn, sem olli því að þú varðst blindur. Er þetta satt?”

Betlarinn játaði að þetta væri satt. Þar sem sýnin hafði ekki tilgreint að maðurinn myndi lækna, ætlaði Bill að biðja fyrir honum og halda síðan áfram og biðja fyrir næsta einstakling. Skyndilega kom sýnin aftur. Þarna var það! Bill sá sjálfan sig leggja hendur yfir augu blinda mannsins og hann sá hvað myndi gerast næst. Öryggið flæddi í gegnum hann. Það voru ekki til nógu margir djöflar í helvíti til að stöðva það núna. Sýnirnar brugðust aldrei. Þær gátu ekki brugðist því að þær voru: ‘Svo segir Drottinn.’

Bill benti í áttina að trúarleiðtogum Bombay, sem sátu á fremsta bekk, og sagði: “Herrar mínir, sem eruð leiðtogar trúarbragða Indlands, þið sögðuð mér fyrr í dag hversu miklir guðir ykkar eru og hversu ómerkilegur Guð hinna kristnu er. Nú langar mig til að spyrja ykkur, hvað ykkar guðir geta gert fyrir þennan mann. Ég veit að þið mynduð segja að hann hefði verið að tilbiðja rangan hlut og þið mynduð reyna að snúa honum til ykkar vegar. Þið búddistar mynduð gera hann að búddista, Múslimarnir að múslima. Það sama er í gangi í Ameríku. Mepódistar vilja að kaþólskir verði Mepódistar, Baptistar vilja að Mepódistar verði Baptistar og Hvítasunnumenn vilja að þeir verði allir Hvítasunnumenn. Þetta er bara sálfræði, að breyta hugmyndum þeirra frá einni skoðun í aðra. En vissulega getur sá Guð sem gaf þessum manni sjón, gefið honum sjónina aftur. Svo hvaða guð er ekta? Ef einhver af þeim guðum, sem á sér fulltrúa hér inni, getur læknað þennan mann, viljið þið þá öll samþykkja að tilbiðja þann guð og hann einan? Ef þið viljið það, þá réttið upp hönd.”

Hafsjór af höndum fóru á loft, bæði inni í byggingunni og fyrir utan.

“Herrar mínir, leiðtogar trúarbragða heimsins, hér kemur ykkar tækifæri. Geta einhverjir af ykkar guðum gefið þessum manni aftur sjón sína? Ef einhver af trúarbrögðum ykkar eru ekta, þá skora ég á ykkur að stíga fram og sanna það.”

Það varð eins hljótt í salnum og á bókasafni. Fyrir utan þöggðu foreldrar niður í börnum sínum, til að missa ekki af því sem myndi gerast. Bill leið eins og spámanninum Elía, þegar hann stóð upp á Karmelfjalli og skoraði á hina 400 presta Baals að koma í lokauppgjör.⁷⁵ Trúarleiðtogar Bombay bærðu ekki á sér. “Prestarnir ykkar og munkarnir eru frekar þögulir.” storkaði Bill. “Af hverju koma þeir ekki hingað upp og lækna þennan mann?” Enginn svaraði. “Af því þeir geta það ekki, sú er ástæðan. Ég get það ekki heldur, en Kristur getur það. Jesús getur ekki aðeins gefið þessum manni eilíft líf, hann getur sannað það með því að gefa honum aftur sjónina. Hann sýndi mér sýn þar sem það gerðist, svo ef það gerist ekki, þá er ég falsspámaður og þið hafið rétt til að reka mig burt úr Indlandi. En ef það gerist, ber ykkur skylda til að taka við og trúa á hinn upprisna Jesú Krist. Viljið þið gera það?”

Aftur fóru handleggir á loft alls staðar.

Bill lagði aðra höndina yfir augu betlarans og bað: “Himneski faðir, ég veit þú gefur þessum manni sjónina, vegna þess að þú sýndir mér það í sýn. Ég hef fengið alla hér til að lofa að taka við þér sem sínum persónulega Frelsara ef þú gerir þetta. Guð, þú sem skapaðir himin og jörð og reistir Jesú Krist upp frá dauðum, gerðu það kunnugt í dag að þú ert Guð. Ég bið þess í nafni Jesú Krists.”

Um leið og hann tók höndina frá andliti betlarans, hrópaði hann eitthvað á sínu máli sem olli því að mannfjöldinn varð að hvirfilbyl hávaða og hreyfingar. Hann gat séð! Fagnandi faðmaði betlarinn Bill að sér, hljóp síðan yfir sviðið og faðmaði að sér lögreglumann, sneri sér síðan við og faðmaði að sér borgarstjórann í Bombay, meðan hann hrópaði allan tíman: “Ég sé! Ég sé!”

Lögreglumennirnir þjöppuðu saman röðum sínum til að halda aftur af áheyrendum en það var gagnslaust. Mannfjöldinn hraðaði sér fram á við eins og öldur í átt að sjávarströndu, feður með holdsveiki og mæður með veik börn, vildu öll fá að snerta ameríska trúboðann. Lögreglan gat ekki stöðvað ölduna. Þeir flýttu sér með Bill og Billy Paul í áttina að útgönguleið meðan örvæntingarfullt fólk reyndi að grípa í Bill úr hinni áttinni. Honum rétt tókst að komast í skjól í bifreið, sem beið hans og hafði aðeins misst skóna sína og vasana á jakkanum, í allri þessari ringulreið gripandi handa.

Morguninn eftir, stóð Bill við hótélgluggann sinn og starði niður á götuna fyrir utan. Gatan leit út eins og mauraþúfa, svört höfuð voru á iði í allar áttir. Hjólavagnar dregnir af mönnum þræddu sér leið gegnum mannfjöldann, sölumenn seldu vörur sínar við hlið betlara sem grátbáðu um meðaumkun, svo þeir gætu borðað í einn dag til viðbótar. Þessi sjón truflaði Bill svo mikið að hann gat ekki borðað morgunmatinn sinn. Hann hugsaði með sér: “Þetta eru manneskjur og þær eiga eins mikinn rétt á að borða og Sara mín og Rebekka.” Hann tók appelsínurnar og brauðið sem var í herberginu, fór niður á götuna og gaf það þeim sem var mest þurfandi. Það myndaðist þröng í kringum hann, útréttar betlandi hendur. Þegar maturinn var búinn tæmdi hann vasa sína og gaf hverja einustu rúpiu sem var eftir af trúboðssjóði hans. Þá var ekkert eftir og betlarar umkringdu hann enn og töluðu til hans á máli, sem hann skildi ekki. En hann skildi svip þeirra og örvæntingin á þessum andlitum olli Bill kvöl í hjarta, sérstaklega þegar hann sá unga móður, á andliti hennar voru ör eftir bólur, eftirstöðvar einhvers sjúkdóms, annar handleggurinn hélt um samanskroppið ungabarn hennar, hin höndin grátbað Bill að gefa sér eitthvað til að hún gæti gefið sveltandi barni sínu að

⁷⁵ 1.Konungabók 18.

borða. Hann átti ekkert meira til að gefa. Hann fór aftur inn á hótélherbergið kvalinn á hjarta og þungt í huga. Þetta sama síðdegi hélt hann heimleiðis.



William Branham þjónar á Indlandi

Kafli 67

Eitthvað ásækir hann

1954

Þegar William Branham kom heim frá Indlandi, eyddi hann fimm dögum í rúminu. Honum fannst hann svo þreyttur, að hann gat varla hreyft sig og samt átti hann erfitt með svefn. Þetta var að hluta til vegna ellefu klukkustunda tímamismunar milli Jeffersonville og Bombay, sem olli því að líkama hans fannst að dagur væri nótt. En lágur blóðþrýstingur og þandar taugar, áttu líka þátt í þessum lasleika. Það sem var verst af öllu, að hugarástand hans var jafn langt niðri og blóðþrýstingurinn.

Hann hafði mikið að velta fyrir sér, burtséð frá hinni lélegu heilsu. Ern Baxter hafði sagt upp sem skipuleggjandi samkoma hans og herinn var búinn að senda Billy Paul herkvaðningu. En verra en þetta hvort tveggja samanlagt, var sú tilfinning að það væri eitthvað að í sambandi við þjónustu hans. Hún hafði ekki þau áhrif, sem hún ætti að hafa. Árið 1946 hafði engillinn sagt við hann: *“Eins og Móse voru gefin tvö tákn til að sanna að hann væri sendur af Guði, eins verða þér gefin tvö tákn.”* Annað af táknunum sem Móse sýndi, var kraftaverkalækning. Hann setti hönd sína sem var með holdsveikisárum inn fyrir kyrtil sinn og dró hana síðan út og þá var hún orðin eðlileg. En Móse þurfti bara að sýna þetta tákn einu sinni. Eftir það fylgdu Ísraelsmenn honum alla leið að fyrirheitna landinu.

Í dag var Guð að benda fólki á andlegt fyrirheitið land. Hann var að reyna að leiða fólkið frá manngerðri guðfræði, inn í skilning á Jesú Kristi, sem uppfyllingunni á áætlun Guðs. Alveg eins og Ísraelsmenn komust að sínu fyrirheitna landi, með því að ganga þurru fótum gegnum Rauðahafið, eins gátu menn í dag náð til síns fyrirheitna lands, fyrir yfirnáttúrulega upplifun skírnar í Heilögum anda. Jesús átti við þetta land þegar hann sagði: *“Elía kemur vissulega og færir allt í lag.”* Pétur átti við þetta í Postulasögunni 3. kafla, þegar hann sagði: *“Gjörið því iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði afmáðar. Þá munu koma endurlífgunartímar frá augliti Drottins, og hann mun senda Krist, sem yður er fyrirhugaður, sem er Jesús. Hann á að vera í himninum allt til þess tíma, þegar Guð endurreisir alla hluti...”*

Bill trúði því að “endurreisnartímar” væru þegar komnir. Og honum fannst að þjónusta sín hefði átt að leiða hina kristnu kirkju inn í sitt andlega fyrirheitna land. Í átta ár hafði hann farið um Ameríku, Evrópu, Afríku og Asíu, sannað nærveru Jesú og sýnt fólkinu kraft Krists. Af þeim þúsundum af sýnum sem hann hafði séð, hafði ekki ein einasta reynst röng, ekki ein einasta. Fullkomnun kom aðeins frá Guði. Hvers vegna sáu ekki hinar kristnu kirkjudeildir, að Messías var mitt á meðal þeirra? Þetta var tákn sem hafði ekki verið á jörðinni í 1900 ár. Það hefði átt að vekja athygli þeirra jafnmikið og vetnissprengja. Þetta tákn samtengt því að Ísrael var orðin þjóð, hefði átt að segja hverjum einasta trúuðum manni, að endirinn væri nærri. Það hefði átt að fá hina kristnu til að leita Guðs í örvæntingu eftir skírn Heilags anda. Það hefði átt að kveikja í þeim brennandi þrá eftir Orði Guðs. Það hefði átt að fá alla kirkjudeildarleiðtoga til að sleppa ágreiningi sínum og koma saman sem einn stór her, að berjast fyrir málefnum Krists. Í stuttu máli, þá hefði þetta Messíasartákn átt að skekja rætur hins kristna samfélags og endurbyggja það í mynd Jesú Krists, Orðsins.

Hvers vegna gerðust þessir hlutir ekki? Eftir átta ár af því að horfa á Jesús Krist mitt á meðal sín, voru flestir kristnir ennþá hálfvolgir. Þeir sátu stífir og hertir í kirkjudeildunum sínum, ánægðir með sinn félagsskap og trúboðsáætlanir, ánægðir

með að láta leiðtoga sína segja sér hverju þeir áttu að trúa. Hvar var hin dýrðlega kirkja án bletts eða hrukku, sem Páll talaði um?⁷⁶ Hvar var kirkjan sem var búin sem brúður er skartar fyrir manni sínum, sem talað er um í Opinberunarbókinni?⁷⁷ Hvar var kærleikurinn, trúarþorstinn, ákafinn og trú hinna sanntrúðu?

Bill fannst allur kjarkur farinn úr sér, eins og ský fyllt af kæfandi ryki væri umhverfis hann. Engillinn hafði sagt honum: *“Þú munt færa þjóðum heimsins gjöf guðlegrar lækningar.”* En engillinn hafði ekki sagt honum, hvernig hann átti að fara að því. Né hafði engillinn greint frá því í smáatriðum, hvernig hann átti að nota táknin tvö, sem honum höfðu verið gefin, til að sanna að hann væri sendur af Guði. Bill velti fyrir sér, hvort hann hefði misnotað hina spádómlegu gjöf sína, með því að beina of miklu af henni að guðlegri lækningu. Eftir allt saman, þá voru Oral Roberts, Tommy Hicks, Tommy Osborn og fleiri að fá viðunandi útkomu á lækningaherferðum sínum, án þess að nýta sér yfirnáttúrulega greiningu. Ef Bill myndi kannski beina gjöf sinni á algerlega spámannlegar brautir og nota áhrif sín til að láta fólk verða staðfast í Orði Guðs, myndi þjónusta hans ef til vill hafa varanleg áhrif á hið kristna samfélag.

Síðustu átta árin, hafði Bill aðallega prédikað stuttar ræður, sagt sögur úr Biblíunni og frá persónulegri reynslu til að trú áheyrenda gæti vaxið, svo að þeir gætu trúað á lækningu sína meðan á fyrirbænaþjónustunni stóð. Vegna þess að fólk úr öllum kirkjudeildum sótti samkomur hans, takmarkaði Bill kennslu sína við örfáar grundvallarkenningar eins og hjálpræðið, trú og guðlega lækningu, til að það væru minni líkur á að hann stuðaði fólkið. Því meira sem hann hugsaði um það, fann hann að þetta yrði að breytast. Hann þurfti að leiða fólkið lengra. Hann varð að kenna því muninn á sannleika og villu, muninn á biblíulegum kenningum og mannaþingum. Hann gerði sér grein fyrir, að hann myndi móðga einhverja, ef til vill myndi hann móðga fullt af fólki. Hjá því yrði ekki komist. Ef þjónusta hans ætti að hafa varanleg áhrif á hina kristnu kirkju, yrði hann að kenna dýpri kenningu, sama hvern það myndi stuða. Guð hafði blessað hann, með áhrifum um allan heim. Hann langaði til að nota áhrif sín til að kristnir yrðu staðfastir í Orði Guðs. Þá myndu þeir ekki þurfa að sjá kraftaverk, til að trú þeirra færi á flug eins og örninn á vængjum Anda Guðs.

En fyrst varð Bill að ná tökum á sjálfum sér á ný. Hin stöðuga byrði af þjónustu hans, sérstaklega álagið á honum þegar hann var að greina vandamál, hafði enn á ný þreytt hann að því marki, að taugar hans voru ofþandar og þær gætu auðveldlega brostið. Einstaklingur getur ekki þolað þrýsting nema upp að vissu marki, án þess að brotna niður. Bill þarfnaðist þess, að komast í burtu um stund, til að endurnýja krafta sína. Til allrar hamingju var nú október, mánuðurinn sem hann tók alltaf frá til að fara til veiða. Innan skamms myndi hann vera í útilegu hátt upp í Klettafjöllum í Colorado, langt í burtu frá þrýstingi fjöldans í kringum hann. Þar gæti hann drukkið í sig fegurð rennandi lækja og hreinsað til í huga sínum í fersku fjallalofinu. Þar gæti hann átt samfélag við skapara sinn að vild sinni og fundið fyrir friði. Slíkar upplifanir endurnærðu hann. Það sem eftir var ársins, hvenær sem þrýstingurinn af þjónustunni varð of mikill, lokaði hann oft augunum og sá í huganum einhvern af þeim fögru fjalladölum sem hann hafði heimsótt, og reyndi að endurupplifa þann frið sem hann hafði fundið þar.

Í bágingum sínum núna, þar sem hann lá allan daginn í rúminu, hugsaði Bill um þann tíma þegar hann fór til veiða í Kanada árið 1952. Hann tjaldaði lengst norður í Bresku Kólumbíu, að minnsta kosti 150 kílómetra frá næsta malbikaða vegi. Hann hafði farið á hestbaki um djúpa dali, sem lágu milli stórskorinna fjalla. Dag einn sá hann för eftir stóran grábjörn. Hann ætlaði ekki að skjóta hann. Hann langaði bara til

⁷⁶ Efesusbréfið 5:27.

⁷⁷ Opinberunarbókin 21:2;9-11.

að komast nógu nálægt, til að taka nokkrar góðar ljósmyndir. Allt síðdeggið fylgdi hann slóð bjarnarins gegnum þéttan lágskóg og hætti ekki fyrr en rökkrið gerði það ómögulegt að rekja slóðina. Það var löng ferð á hesti aftur heim í búðirnar. Skinið frá fullu tungli baðaði skóginn og gaf hestinum hans næga birtu, til að feta sig áfram. Á einum stað lá stígurinn yfir fjallshrygg og niður fjallshlíð og áfram gegnum svæði þar sem skógareldur hafði kviknað fyrir löngu og drepíð trén, án þess þó að þau brynnu alveg niður. Nú stóðu hin dauðu tré, há og bein í tunglsljósinu, eins og mörg hundruð hvítir legsteinar á stangli um fjallshlíðina. Þegar Bill var kominn hálfa leið yfir brunasvæðið, hvessti og vindurinn nauðaði í dauðum óeftirgefanlegum greinum og myndaði kveinandi hljóð líkt og andar fornra indíánastríðsmanna. Þetta var draugalegasti staður sem hann hafði nokkru sinni séð.

Hann stöðvaði hest sinn á hæð. Meðan hann horfði yfir tunglsskinsbjartan grafreit dauðra trjáa, hugsaði hann um það sem spámaðurinn Jóel hafði skrifað: *“Það sem nagarinn leifði, það át átvargurinn, það sem átvargurinn leifði, upp át flysjarinn, og það sem flysjarinn leifði, upp át jarðvargurinn.”*⁷⁸ Hin draugalega fjallshlíð minnti Bill á margar af þeim köldu formlegu kirkjum, sem hann hafði séð. Þótt Heilagur andi geystist yfir þær eins og sterkviðri, var samt kominn svo mikil dauðastirðnun í þær að þær andvörpuðu bara. “Dagar kraftaverkanna eru liðnir. Þetta passar ekki inn í skipulag okkar. Það er ekkert til lengur sem heitir guðleg lækning, eða spámenn, eða sýnir eða skírn Heilags anda, eða gjafir Andans.”

Bill hugsaði með sér: “Drottinn minn, hvers vegna léstu mig nema staðar á þessari hæð? Er einhver lexía hér sem þú vilt að ég læri?” Hann leit niður og tók eftir því að gróskusöm grenitré voru að gægjast upp úr lágskóginum. Þessir ungu sprotar sveigðust fram og aftur í vindinum. Skyndilega hrópaði Bill: “Þau líta út eins og þau séu að upplífa Heilagsanda vakningu.” Þetta var lexían hans. Upp úr ösku þessara köldu formlegu kirkna, lofaði Guð að reisa upp nýja uppskeru af kristnu fólki, sem myndi trúa Orði Guðs í öllum sínum krafti.

Daginn eftir, las hann það sem eftir var af spádómi Jóels: *“Óttast eigi, land! Fagna og gleðst, því að Drottinn hefir unnið stórvirki.... Láfarnir verða fullir af korni, og vínberjalögurinn og olían flóa út af þrónum. Ég bæti yður upp árin, er átvargurinn, flysjarinn, jarðvargurinn og nagarinn átu, - minn mikli her, er ég sendi móti yður. Þér skuluð eta og mettir verða og vegsama nafn Drottins, Guðs yðar, sem dásamlega hefir við yður gjört... En síðar meir mun ég úthella anda mínum yfir allt hold. Sýnir yðar og dætur yðar munu spá, gamalmenni yðar mun drauma dreyma, ungmenni yðar munu sjá sjónir... Og ég mun láta tákn verða á himni og á jörðu: blóð, eld og reykjarstróka. Sólin mun snúast í myrkur og tunglið í blóð, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur. Og hver sem ákallar nafn Drottins, mun frelsast.”*⁷⁹

Við lok október árið 1954, eftir að hafa verið nokkrar vikur við veiðar í fjöllum í Colorado, sneri William Branham aftur heim, endurnærður á líkama, en ennþá órólegur í anda. Honum fannst eins og hann ætti að vera að gera eitthvað meira, en hann vissi ekki hvað það var. Ef til vill var hann aðeins óþreyjufullur, eftir að byrja að kenna dýpri kenningar á samkomuherferðum sínum.

Sunnudaginn 24. október árið 1954, þegar hann var að prédika í heimakirkju sinni í Jeffersonville sagði Bill: “Mörg ykkar hafið fylgst með mér prédika fagnaðarerindið frá því ég var ungur maður. Og ég hef ekki vikið frá því fagnaðarerindi sem ég byrjaði með. Ég kenni ennþá það sama, vegna þess að mér var ekki gefið það í Biblíuskóla, né kenndi mér það nokkur maður. Það kom fyrir biblíulega opinberun. Það er alveg

⁷⁸ Jóel 1:4.

⁷⁹ Jóel 2:21-32

rétt. Þess vegna veit ég að það kemur frá Guði og ég hef haldið mig við fagnaðarerindið. Fyrir mörgum árum prédikaði ég niðurdýfingarskírni í nafni Jesú Krists. Ég prédikaði hreinsun mannlegrar sálar fyrir blóð Jesú Krists gegnum helgun. Ég prédikaði skírni Heilags anda, sem staðfestingu eða innsíglun á lýð Guðs inn í Guðs ríki. Þið vitið að það er rétt. Ég kenndi um guðlega lækningu. Ég kenndi um endurkomu Jesú Krists. Ég kenndi um fótþvott og brauðsbrotningu, sem sakramenti kirkjunnar. Ég kenndi um helgun frammi fyrir Drottni. Ég kenndi alla þessa hluti frá upphafi.”

“Ég kenndi líka, að það að tala í tungum, er ekki sönnun skírnar í Heilögum anda. Söngur, hróp, tungutal, þessi tákn geta verið til staðar, en eru samt ekki óvefengjanleg sönnun. Það er aðeins einn sem getur sagt til um, hvort Heilagur andi er yfir einstaklingi og það er Guð sjálfur. Hann er dómarinn. Ég hef séð fólk syngja, dansa, hrópa og tala í tungum, en ávöxtur þess sýndi að það átti ekki heilagan anda.”

Þetta voru sumar af þeim kenningum sem hann vildi kenna á lækningasamkomum sínum. Með því að leggja meiri áherslu á slík grundvallarsannindi, vonaðist hann til að áhrifin af þjónustu hans yrðu meiri og viðvarandi.

Síðasta samkomuherferð Bill árið 1954, átti að hefjast á föstudagskvöldi 3. desember árið 1954 í Binghamton í New York. Hann kom til Binghamton einum degi fyrr og kom sér fyrir á hótélherbergi sínu. Föstudagsmorguninn vaknaði hann klukkan sjö. Billy Paul var ennþá sofandi.⁸⁰ Bill fór hljóðlega fram úr rúminu og horfði á borgina út um gluggann sinn. Hann sá umferðina dofna og hverfa síðan, er hann var dreginn inn í sýn.

Í sýn sinni, var hann að halda útisamkomu, en hann gat ekki sagt hvar. Fólkið í fyrirbænaröðinni var með svart hár og rauðleita húð eins og amerískir indíánar. Það var kvöld. Fólkið hrópaði og lofaði Guð fyrir að lækna sig. Bill sá konu nokkra koma fram, sem hélt á sokkapari í annarri hendi og hálsbindi í hinni. Bill hugsaði með sér að þetta væri skrýtið. Síðan hvarf sýnin og hann var aftur í hótélherberginu í Binghamton.

Hann náði í minnisbókina sína og skrifaði sýnina niður. Það voru allmörg ár, síðan hann hafði byrjað að skrifa sýnirnar niður. Auðvitað þurfti hann ekki að skrifa niður sýnirnar sem hann sá meðan á fyrirbænum stóð. Æ fleiri af samkomum hans, voru nú teknar upp á segulband, sem þýddi að hann gat rifjað þessar sýnir upp, með því að hlusta á það sem hann sagði undir smurningunni. En sýnirnar sem hann sá á milli samkoma skrifaði hann niður, til þess að hann myndi ekki gleyma þeim. Þessi sérstaka sýn í Binghamton sýndi vel, hvers vegna það var góð hugmynd. Eftir því sem lengra leið á samkomuherferðina og greiningin margfaldaðist, dofnaði föstudagssýnin í minni hans, þar til hún var nærri horfin... eða svo gott sem.

Tveimur vikum síðar í Jeffersonville, sagði Bill við sína eigin kirkju: “Næsta samkomuherferð mín hefst 12. janúar í Chicago. Fyrst í Fíladelfíukirkjunni og síðan

⁸⁰ Áður en Billy Paul fór í lækni skoðun sína vegna herkvaðningarinnar, sagði faðir hans við hann: “Hafðu engar áhyggjur sonur minn. Þú munt ekki þurfa að þjóna í hernum, vegna þess að Guð hefur kallað þig til að vinna með mér.”

Eftir lækni skoðunina, var lækni sem spurði Billy Paul: “Hversu lengi hefur þú verið með þetta hjartavandamál.” Billy Paul svaraði: “Ég vissi ekki að ég væri með hjartavandamál.”

Herlæknarnir vöruðu hann við þessu hjartavandamáli. Samkvæmt niðurstöðum þeirra var hjarta hans í nægilega slæmu ástandi til að þeir gætu gefið honum vottorð upp á varanlega lausn frá herþjónustu. Billy Paul fór heim þann dag og hafði áhyggjur af því að hann gæti dáið hvenær sem var. Þegar hann sagði föður sínum frá þessu, hló Bill og sagði: “Ég sagði þér að þú myndir ekki þurfa að fara í herinn vegna þess að Guð hefur kallað þig til að vinna með mér. Farðu nú niður í bæ og láttu Adair lækni skoða hjarta þitt.”

Sam Adair tók hjartalínurit af Billy Paul og sannfærði hann um, að það væri ekkert að hjarta hans.

færum við okkur yfir í stærri áheyrendasa, l einhvers staðar í borginni. Eftir það held ég í vestur til Phoenix, eins og Drottinn leiðir.”

“Ég er í mikill þörf fyrir það að þið biðjið fyrir mér. Ekki fyrir heilsu minni. Fyrir Guðs náð er ég við góða heilsu í dag, eftir því sem ég best veit. Ég er mjög ánægður og þakklátur fyrir það. En ég er í þörf fyrir andlega leiðsögn. Mér finnst stöðugt að ég sé ómögulegur. Eitthvað ásækir mig og segir: “Ó, þú ert alveg afspyrnu lélegur.” Ef til vill er það svo, en ég vil gera það besta sem ég get, með það sem ég hef. Ég þrái meiri leiðsögn Heilags anda, að hann láti mig vita, hvað sé rétt hjá mér að gera. Þegar maður er orðinn 45 ára — ef ég næ því einhvern tíma að vera á besta aldri fyrir Drottin, þá sýnist mér að það sé einmitt núna — vegna þess að við 45 ára aldur eru barnalegir hlutir farnir frá manni. Maður verður gráhærður, stöðugri og mildari. Það er sá tími í lífinu, þegar maður ætti að vera rótfastur og sterkur og upp á sitt allra besta. Ef ég einhvern tíma mun vita hvað ég hef, þá ætti það að vera núna. Og ég er svo þakklátur fyrir það, sem Guð hefur sýnt mér í Ritningunni.”

“En einhvern vegin er ég ekki alveg ánægður ennþá. Mig hungrar eftir meiru af Guði. Mér finnst eins og það sé eitthvað, sem ég ætti að vera að gera og mér takist bara ekki að gera það rétt. Mér finnst eins og ég ætti að vera að gera eitthvað annað þarna úti. Ég er næstum búinn að snerta á því einhvers staðar, en samt ekki alveg. Það væri gott, ef ég aðeins gæti komist á þann stað.”

Síðasta dag ársins 1954, á gamlársmiddags-samkomu í kirkjunni sinni, sagði Bill: “Í kvöld er ég þakklátur fyrir að vita að hinn mikli Jehóvah Guð, sem eitt sinn þrugaði á Síonfjalli, sem stóð eitt sinn á öðru fjalli og kenndi sælubóðin, sem reisti menn upp frá dauðum, Hann er hér á meðal okkar í kvöld. Hann er sá sami nú og Hann var þá. Og að hugsa sér að Guð himinsins skuli auðmýkja sig svo, að stíga niður og eiga samfélag við fólk eins og okkur, sem eigum ekki mikið af gæðum þessa heims. ...Hann elskaði mig svo mikið að hann steig niður og frelsaði mig fyrir náð. Ég átti það ekki skilið, en hann fyrirhugaði mig til að frelsast áður en heimurinn var grundvallaður. Og hann gerði það sama fyrir hvern einasta karl eða konu, sem hefur frelsast. Hann gerði það sama fyrir þau. Ó, hvað það er undursamlegt.”

“Það er einlæg þrá hjarta míns (ef Guð vill heyra bæn mína), að þetta verði besta ár sem ég hef á ævi minni lifað. Ég hef nú unnið yfir hálfa milljón sálna fyrir Krist. Ég vonast til að talan komist upp í milljón á næsta ári, vegna þess að ég vonast til (ef Drottinn vill) að fara aftur af stað í ferðir utanlands, um leið og tök verða á því fjárhagslega.”

“Ég veit að dagarnir líða og tíminn er að renna út. Rökkrið er að falla á vinir og ég vil að við gerum okkar allra besta, vegna þess að þetta eina skiptið sem ég og þið, dauðlegir menn höfum til umráða. Þetta er eini tíminn í allri eilífðinni, sem við erum þeirra forréttinda aðnjótandi, að vinna einhvern fyrir Krist. Gerum okkar besta. Nýtum hverja stund Guði til dýrðar. Það er ætlun mín á komandi ári. Með Guðs hjálp og bænum ykkar mun það takast.”

Þjónusta hans átti eftir að breytast stórfenglega, en alls ekki á þann hátt sem hann hélt.

